mönnum sínum þangat at fara, bið koma Ranzeon af Vízstur,⁶ hann
er ágæztr⁷ af mínum vinum, Huga af Langbarðalandi, Peuin⁸ ok
Marter af Bonifatius borg ok Huga af Moren, ok Milon hertoga af
Pul, ok Maurum af Mundio, Gimen ok Toteam,⁹ Drefi¹⁰ konung af
Petturs¹¹ borg, Herburt sterka af Burgoins¹² ok Vildimer¹³ bróður
hans, Bjarnarð¹⁴ jarl af Markun¹⁵ ok Huga bróðurson hans, Vilhjálmm
jarl af Clerimunt¹⁶ ok Estvendil¹⁷ jarl. Bið þá [svá koma¹⁸ með
liði ok vápnum, sem þeir skuli 7 vetr¹⁹ samt berjast. Erkibyskup
[spurði, hvert þeir skyldu koma? Til Eiss segir hann. Þá²⁰ spurði
Karlamagnús, hvern hann skyldi senda til Bretlands. En Basin
bauzt²¹ at fara. Þá nefnir Karlamagnús höfðingja til ferðarinnar:
fyrstan Geddon af Brettollia, ok Jui²² son hans, ok Theobaldus
bræðrungr²³ hans, ok Hoel jarl af Hontes,²⁴ [Heimir hertogi²⁵ af
Angels, Jofreyr jarl af Suz ok Valtir jarl af Beis²⁶ borg, Rozer jarl
af Andror,²⁷ [Bernarðr af Gunels²⁸ bæ, Tebun af Mansel, ok Baldu-
uini frændi²⁹ hans, Roser af Orliens, Vaduin af Beðuers, Guazer
af Terus ok Venelun, Hugi hertogi,³⁰ Folkvarðr³¹ af Pirapout, Rozer
af Nido, Sebert af Brittollia, Rozalin af Bialfer ok Rikarðr gamli³²
af Norðmandis ok jarl af Akrsborg, Saer hertogi³³ af Romania ok
Konstantius af Dullo, Varin af Poer ok Beluin jarl af Flæmingjalandi,
Jngelrafn af Rødenborg, Tankemar Veisus³⁴ ok Tanier bróðir hans,
ok Vazier af Holandi, Reimbaldr fríski ok Løðver af Uterkr,³⁵
Folkuini³⁶ af Testanbrand, Geirarðr af Homedia, Rozer jarl ok Geirarðr
jarl af Drefia, Rensalin jarl af Rasel³⁷ ok Herfi hertogi af Kolni,

1) [um örugt bezt at binda(!) b. 2) [kórónast láta b. 3) At b. 4) [nógr
tími b. 5) mín b. 6) Vizir b. 7) ágætastr b. 8) Peum b. 9) Roceam b.
10) Drefa b. 11) Petra b. 12) Burgonia b. 13) Vallimar b. 14) Bjarna b.
15) Malkun b. 16) Olerimunt b. 17) Ostoendis b. 18) [hér koma b.
19) ár í b. 20) [tilf. b. 21) bauð b. 22) Jun b. 23) Theobaldum
bræðrung b. 24) Hantes b. 25) [Hænin hertoga b. 26) Boris b.
27) Andros b. 28) [Bernard af Gimels b. 29) Baldvina frænda b.
30) Huga hertoga b. 31) Folkvarð b. 32) Richarð gamla b. 33) hert-
oga b. 34) Veisn b. 35) Utrekt b. 36) Folkvarð b. 37) Tasel b.

Hollonin¹ jarl af Jmlla,² ok Bartholemeus jarl ok Gillibert jarl af Kasena, Vazalin jarl af Trekt, ok Herman jarl af Los, Renfrei af Tunger ok Helldri bróðir hans, Reiner jarl af [Brusalz af Lofagio, hertoginn³ af Lens, Friðmundr⁴ ok Talmer bróðir⁵ hans, Markis⁶ af Tabar, Vazalin af Flecken⁷ ok Folkvin jarl af Krestest, Jofreyr jarl af Thuns⁸ ok Vigardr jarl af Dyrbo, Reinir af Fialli ok Erpes⁹ jarl af Eysu,¹⁰ Balduini¹¹ jarl af Vino, Arnulfus af Blancea, Sæuini¹² jarl af Dara¹³ ok Fulbert jarl af Tangber,¹⁴ Philippus af Misera [frændi hans, Rodbert¹⁵ af Klerimunt ok Lambert af Munfort, Reimundr¹⁶ af Tolosa, Rikarðr¹⁷ jarl af Provinzia, Geirarðr gamli af Rosilia ok Fremund gamli af Rauðafjalli, Engiler af Gastun,¹⁸ [Jfori ok Jvi, Boui hinn skegglaus¹⁹ ok Landres hertogi af Anzeis, Varun jarl af Means, Segbert af Salernisborg ok Anzeals af Hoenborg, Jsenbarðr²⁰ af Trifers.²¹

7. Karlamagnús bað nú erkibyskup gera bréf ok nefna alla þessa menn, ok svá at Milon páfi skyldi erkibyskupa ok ljóðbyskupa²² láta þangat koma ok alla Rómverja sterkliga búna, þvíat ek þarf nú liðveizlu þeirra, ok ef guð vill mik hefja, þá skal ek hefja helga kristni ok efla fátæka byskupstóla, ok klerka hans [þá er hann vill²³ skal ek gera kappa mína ok kapalína í Vallandi. Karlamagnús bað²⁴ setja kveðju á öll bréfin ok vináttumál²⁵ mikil, ok bið [at þeir komi allir²⁶ til mínu at öðrum hvítasunnudegi, svá búinn hverr sem bezt má at liði, vápnum ok klæðum, ok vil ek þá vera kórónaðr [til konungs.²⁷ En erkibyskup gerði bréfin svá sem hann bað, ok setti nöfnin öll á. En þá er ger váru bréfin, bað erkibyskup hann innsigla, ok váru innsigluð öll með innsigli dróttningar ok fingrgulli Namluns. Tók erkibyskup síðan þau er hann skyldi hafa með sér ok geymdi, en Basin þau sem honum heyrðu til. Þá bauzt²⁸ Namlun at fara til Saxlands, en Karlamagnús vildi þat eigi. Þa bauð [Drefja at fara,²⁹ en hann kvað þá heima skyldu vera báða at varðveita systir hans, en [ek veit³⁰ eigi, sagði hann, hvern ek skal þangat senda. En Hatun bað hann senda eptir Gerardi af Numaiia, hann er góðr riddari ok vitr³¹ maðr ok vin þinn. En Namlun kvað því³² vel ráðit, ok svá var gert, ok kom hann. Eptir þat sendi dróttning Jaduneh

1) Hervin b. 2) Juilla b. 3) [Brusial. hertogann b. 4) Fridmund b. 5) bróður b. 6) Marskes b. 7) Fleskin b. 8) Chims b. 9) Apes b. 10) Eisu b. 11) Baldvina b. 12) Sævina b. 13) Vara b. 14) Langber b. 15) [ok Rodbert frændi hans b. 16) Reimund b. 17) Rikarð b. 18) Gaskun b. 19) [Jva ok Jvore, Bova hinn skegglaus b. 20) Jsenbarð b. 21) Trivers b. 22) lýðbyskupa b. 23) [mgl. b. 24) hann tilf. b. 25) vináttuorð b. 26) [þá koma alla b. 27) [ok til konungs vígðr b. 28) bauð b. 29) [saal. b; Dref B. 30) [þó veit ek b. 31) trúr b. 32) þat b.

rennara til Puleis¹ borgar með bréfum. Fór hann ok fram kom, fann [hertogann heima² ok fékk honum bréfit. En hann lét³ Vilbald kapalín sinn ráða. En þat hljóðaði svá: Karl Pippins son ok Berta dróttning senda kveðju guðs ok sína Frera erkibyskupi ok Herfa⁴ bróður hans frændum sínum með vináttu. Sú er bæn vár, at þér komit sem skjótast á várn fund [ok verit oss at liði meðr 2 þúsundum, ok svá bünnum sem móti heiðnum lýð skuli berjast.⁵ Lifit í guðs friði. Hertoginn tók þessu vel, en Freri erkibyskup talaði svá: [Senniliga eigu vér koma,⁶ sem Karl beiðir; hann sendir oss orð um 2 þúsundir manna, en vér skulum koma með þremr. En jarlinn sagði, at hann skyldi hafa 40 manna lendra vel búna;⁷ liverr þeirra skal hafa annat tveggja val á hendi eða gáshauk eða sparhauk eða af bestum fuglum⁸ þrímutaðum, oðrhunda fagra, smárakka ok fljóta⁹ villisvína hunda. Þá mælti erkibyskup: Ek skal hafa¹⁰ meðr mér 2 byskupa ok 5 ábóta, 15 klerka, ok skulu allir vera fríðir menn ok fagrir, ok halft annat þúshundrat riddara ok alla þjóna þeirra, ok alla hestasveina mína ok [fjóra tigi¹¹ kertisveina, ok skutilsveina ok¹² vínbyrta ok garðvörðu, ok skal ek hafa allan kostnað sjálf, svá at Karl skal eigi kosta eitt¹³ hestverð. En hertoginn sagði: Vel hefir þú til fundit, ek skal ok hafa hálf annat þúshundrat riddara með alvæpni ok hestum, ok alla þjóna þeirra ok hestasveina ok byrta ok constafla ok bogmenn 10 ok alla veiðimenn mína ok öll kyn af hundum mínum, ok fim leikara þá sem skemta skulu hirðinni ok oss. Ok eptir þetta bjoggu þeir ferð sína, eptir því sem þeir höfðu¹⁴ nú ráð fyrir gert, báðu síðan lifa í guðs friði húsfrúr sínar ok heimamenn, lyptu síðan ferð sínni í veg ok riðu brott, létu nú þeyta lúðra sína, ok fylgðu þeim á leiðina 10 þúsundir riddarar, en af ábótum ok munkum, klerkum ok ungum mönnum ok gömlum, kunni engi at telja. En þá er þeir váru komnir fjórar mílur brott af¹⁵ borginni, stöðvaði hertoginn hestana ok bað lýðinn¹⁶ aptr snúa, en sendi hestasveina þeirra¹⁷ at taka þeim herbergi. Erkibyskup sté niðr af sínum hesti ok tók stolam ok kross ok blezaði lýðinn áðr aptr hyrfi, en þeir herbergðu¹⁸ í Mystrs borg. En snemma um morgininu eptir söng erkibyskup messu ok fór síðan til Peituborgar, ok var þar fyrir Karlamagnús ok móðir hans ok alt lið þeirra. En þá var Rozer¹⁹ erkibyskup farinn til Rómam, Basin til Bretlands, en Geirarðr²⁰ til Saxlands ok Flæmingjalands.

1) Paleis b. 2) [saal. b; hann B. 3) hét b. 4) hertoga tilf. b. 5) [með tvær þúsundir riddara ok verðit oss at liði, ok verit svá bünir sem berjast skuli móti heiðnum lýð b. 6) [Samliga eignum vér gera b. 7) [bu(i)mma b. 8) haukum b. 9) fleiri b. 10) tilf. b. 11) [mgl. b. 12) 40 tilf. b. 13) einn(!) b. 14) hafa b. 15) frá b. 16) þá b. 17) sína fyrir b. 18) herbergjuðust b. 19) tilf. b. 20) Girarð b.

8. Herfi hertogi ok erkibyskup herbergðust¹ sœmiliga í Peituborg um náttina, ok alt lið þeirra. En um morgininn eptir hlýddu þeir messu, ok bauð hertoginn ok erkibyskupinn öllum sínum mönnum, at þeir skyldu sœmiliga þjóna Karlamagnúsi, ok géngu síðan til þeirrar hallar, sem² hann sat í ok Berta dróttning móðir hans ok fjöldi liðs þeirra, kvöddu þeir³ hertoginn ok erkibyskupinn Karlamagnús sœmiliga ok⁴ dróttningina, ok varð þar meðr þeim mikill fagnafundr. En dróttning tók í hönd erkibyskupi, en Karlamagnús⁵ í hönd hertoganum, ok settust niðr í svefnhöllinni. En Hatun ok Videlun, Namlun ok Drefia ok byskup af Mystr ok herra Valtir byskup af Jntreitt,⁶ ok þeir sem kómu af Saxlandi með erkibyskupi af Kolni, 5 ábótar ok 15 klerkar, géngu allir inn í höllina meðr þeim. Þá mælti erkibyskup: Karlamagnús ok dróttning hafa sent orð, at vér skylim honum at liði verða með 2 þúsundir manna, en vér erum nú komnir með þrjár yðr til sœmdar, ok viljum vér yðr þjóna með öllum várum styrk, fyrir því at þú ert rétt konungr⁷ yfir þínum lýð. En dróttning þakkaði honum alla þá sœmd ok virðing, sem þeir veittu Karlamagnúsi hennar syni: En sú er bœn mín til yðar, segir hon, at þér séð honum heilráðir, þvíat þess þarf hann mest. Þá stóðu þeir upp báðir Herfi hertogi ok erkibyskup ok géngu til handa Karlamagnúsi, ok allir þeir menn er inni váru gerðust hans menn, en síðan géngu þeir út í höllina, þar sem riddararnir váru. Ok stóð Karlamagnús upp⁸ á einu borði ok fagnaði öllum lýð, er þar var kominn, ok þakkaði þeim öllum góðvilja, er honum sýndu hann. En síðan mælti hann við þá alla saman: Ek vil at þér vitið, at ek em bæði skírðr ok byskupaðr, ok heiti ek nú Karlamagnús; nú vil ek at þér gangit allir senn til handa mér. Ok svá gerðu þeir. Hét hann þeim [þar í móti⁹ sínu trausti ok vináttu, meðan hans ríki stæði. Síðan bað hann þá ganga til herbergja sinna, er þeir váru móðir. En Herfi hertogi ok erkibyskup, Videlun ok Hatun, Namlun ok Drefia, Villhjálmur byskup, ok Valter byskup af Nasten dvöldust eptir meðr Karlamagnúsi. Dróttning Berta tók þá í hönd Karlamagnúsi ok leiddi hann á eintal. ok mælti síðan við hann: Ek veit eigi, kvað hon, hví þat sætir; [þat var nú fyrir hálfum mánaði, at faðir þinn andaðist Pippin konungr, ok síðan¹⁰ hefir mér verit ekki létt, stundum varmt, stundum kalt, néytt lítt matar ok mungáts, hvárt sem þat er sakir andláts hans ok [harma þeirra¹¹ er ek hefi af brotthvarfi þínu eða af öðru. Karlamagnús svaraði: Móðir mín, sagði hann, ver eigi úglöð, þvíat engill guðs kom til mín, sá

1) herbergjuðust b. 2) er b. 3) saal. b; hann B. 4) svá tilf. b. 5) konungrinn b. 6) Jntrent b. 7) keisari b. 8) uppi b. 9) tilf. b. 10) [at þenna hálfan mánað, síðan Pppin konungr faðir þinn andaðist b. 11) [harms þess b.

er mér sagði, at þú mundir meybarn fæða, ok sagði hann, at sú mæer skyldi Adaliz heita, ok man þat vera¹ þér sýn huggan, ok vil ek, at vit segim þat vinum okkrum. Ok svá gerði hann, en þeir þökkuðu guði.

9. Eptir þetta leitaði hann ráðs við þá, hversu hann skyldi breyta sínu ráði, ok sagði þeim sín vandræði, þau er hann átti viðr at sjá. Erkibyskup spurði, hvaðan hann frétti² þessa lutí. En hann svaraði, at Reinfrei sagði honum sjálf. Þá spurði Valtir byskup, hvar hann sagði honum. J höll sinni, sagði hann, um nótt er ek var genginn at stela ok vit³ Basin; hann tók byrði af fé hans, en ek tók hest hans ok blóð er rann af nefi konu hans ok munni; en⁴ hann laust hana fyrir þat at⁵ hon tók⁶ orðum fyrir mik, ok hefi ek hér glófann, [sem í fór⁷ blóðit. Ok [er ek fór brott, sá hann á, þó⁸ at hann vissi eigi, hverr væri.⁹ Erkibyskup spurði,¹⁰ ef hann hefði [at geyma hestinn. Já, sagði hann, geymdr er hann; Drefia konungr lét taka hann¹¹ í sína varðveizlu, en Herfi hertogi bað Karlamagnús senda eptir liði, en hann kvazt svá gert hafa, ok sagði honum, at Rozer¹² erkibyskup fór til Róms eptir páfanum ok Rómverjum, en Basin¹³ til Bretlands, en Geirarðr til Saxlands ok Flæmingjalandis eptir höfðingjum mínum,¹⁴ er ek ætla at hér skyli¹⁵ koma á¹⁶ hvítasunnudegi. En Freri¹⁷ erkibyskup spurði, hví hann trúði Basin svá vel þjóf þeim. En Namlun sagði hann vera kurteisan mann ok mikinn skörung, ok með [hans viti ok ráði með guðs miskunn er hann¹⁸ þessa víss orðinn, ok [hann er¹⁹ hans maðr.

10. Þat var einn dag, at Herfi hertogi talar við Karlamagnús: Vér skulum²⁰ til Eiss ok styrkja hana með kastalum ok torghúsum ok borgarveggjum, ok erum vér²¹ þá nær Rómaborg at fregna hvat títt er, þvíat eigi er betra lið í ríki þínu, ok munu þá landsmenn flytja þann veg vín ok mat ok [alt þat²² er nauðsynligt er. En Karlamagnús bað móður sína fara meðr sér. Ok bjoggust þau ok fóru á þriðja deginum með öllu.²³ Dróttning bauð Bartholomeo greifa at varðveita borg sína eptir. En Drefia fór með hestinn leyniliga um náttina til borgarinnar Prumeth, ok bað Rodbert bróður sinn svá geyma hestinn,²⁴ at engi yrði varr við. En Hatun jarl fór heim ok Videlun at varðveita turna sína ok aðra fjárluti, ok bjoggu ferð sína í tíma til

1) verða *b.* 2) *saal. b.*; spyrði *B.* 3) *saal. b.*; vitar (? vit tveir) *B.* 4) þá er *b.* 5) er *b.* 6) svaraði *b.* 7) [ok í *b.* 8) *rett. f.* þatt *B.* 9) [sá hann á, er ek fór brott, ok vissi þó eigi hverr var *b.* 10) þá *tilf. b.* 11) [*saal. b.*; blóðit at geyma. Já, sagði hann; Drefia konungr lét tak(a) hestinn *B.* 12) *tilf. b.* 13) fór *tilf. b.* 14) í mínu ríki *b.* 15) skulu *b.* 16) at öðrum *b.* 17) *tilf. b.* 18) [guðs miskunn er hann fyrir haus vit ok ráð *b.* 19) [er nú *b.* 20) fara *tilf. b.* 21) *tilf. b.* 22) [*saal. b.*; í öllu því *B.* 23) liði sínu *tilf. b.* 24) hann *b.*

Karlamagnús bæði með riddarum ok bogmönnum ok þjónostumönnum, [trésmiðum ok járnsmiðum, flytjandi spjót¹ ok sverð, brynjur ok hjálma ok skjöldu, korn ok kjöt, vín ok klæði, ok þá reiðu aðra er þeir þurftu at hafa. Síðan sendu þeir eptir riddarum sínum, svá at þeir höfðu nær þremr hundruðum báðir. Þá báðu þeir konur sínar varðveita jörðum sínum ok svá öðrum fjárlutum með umsjón¹ vina sinna þeirra sem heima váru.³ Ok blésu [jarls menn⁴ í horn sín ok lúðra, ok létu eigi fyrr en þeir kómu á fund Karlamagnús, en borgarmenn fylgðu þeim á leið til vatns þess er Ermasteis⁵ heitir, ok fóru yfir vatnit ok svá um mitt landit til Ardens⁶ borgar ok sendu Gothsvin fyrir at búa⁷ þeim herbergi. En sem þeir kómu til borgarinnar, þá váru þar⁸ Karlamagnús ok dróttning fyrir ok lið þeirra. Lét [Karlamagnús þá senda eptir systur hans. Fór þá Namlun ok 50 riddara með honum ok sótti jungfrúrnar, ok fóru þær⁹ til fundar við móður sína ok bróður, ok varð meðr þeim mikill fagnafundur, [svá at Karlamagnús ok móðir hans géngu út á móti¹⁰ þeim ok kystu þær meðr miklum fagnaði, ok dvöldust¹¹ þar öll samt um náttina. Karlamagnús mælti við Gilem systur sína, at hon skyldi varðveita glófann hans, ok hon tók við¹² ok hélt í hendi sinni, ok spurði hvat í væri, [ok þótti henni þetta vera kynligt.¹³ En hann kvað hana vísa mundu verða þess síðar; ok hon læsti hann í silfrkistli sínum, ok fékk dóttur Videluns jarls at varðveita lykilinn, ok bað hana fá sér, þá er þær kæmi til Eiss. Um morgininn eptir, er þau váru klædd, géngu þau til kirkju, ok söng erkibyskup sjálf messu ok¹⁴ tók kross sinn ok blezaði alt fólkit. Karlamagnús kallaði þá til sín Namlun ok Drefiu ok alla þjónostumenn, ok bað þá fara fyrir í Eiss at búa þeim tjöld ok herbergi ok [mæla við Macharium¹⁵ brytja ok Vinant, at þeir búi ærnar vistir liðinu.¹⁶ Ok þeir fóru fyrir með 300 manna, ok gerðu alt sem þeim var boðit.

11. Um morgininn kom Karlamagnús í Eiss meðr lið sitt alt, en þat váru 10 þúsundir riddara, var þar vel fyrir búizt ok ríkuliga; [átta daga bjoggu þeir til¹⁷ herbergi sín. En Karlamagnús fór á veiðar ok reið um heraðit at sjást um, ok sýndist mjök skemtiligt ok kvazt þar skyldu opt¹⁸ vera. Síðan sendi hann eptir trésmiðum ok stein-smiðum þeim er hagir¹⁹ váru, ok þar kómu 300 smiða meðr öllum sínum smiðartólum.²⁰ Þá mælti Karlamagnús við Vinant ok Macharium,

1) [saal. b; trésmiða ok járnsmiða flytjandi þar með *B.* 2) umsjó b. 3) eptir tilf. b. 4) [þeir nú b. 5) Mustela b. 6) Ardenam b. 7) taka b. 8) þau b. 9) [hann þá Namlun sækja systr sínar, ok 200 riddara með þeim. Kómu þá jungfrúrnar b. 10) [géngu þau Karlamagnús ok dróttning út í móti b. 11) þau tilf. b. 12) með b. 13) [mgl. b. 14) hann b. 15) [segja svá Machario b. 16) lýðnum b. 17) [saal. b; Um morgininn bjoggu þeir *B.* 18) jafnan b. 19) hagastir b. 20) saal. b; smiðartólum *B.*

at þeir skyldu láta höggva perutré þau öll, er þeir fundu,¹ ok flytja þangat öll í vögnum; ok allan þann [bezta við er vér fám² flytit til vár; ek skal láta reisa eina stóra höll. Síðan spurði hann ráðgjafa sína, hvar höllin skyldi standa. En Namlun bað setja³ við vatnit, kvað þar vænst⁴ at gera⁵ herbergi upp með berginu ok ánni, en kirkjuna í skóginum, en á hægra veg borg mikla, en á vinstra veg herbergi þau er ríkir menn skulu⁶ í vera,⁷ er jafnan váru með honum. Ok svá lét hann gera. Ok þá er kirkjan var alger, fór erkibyskupinn til með kennimönnum ok vígði hana til dýrðar heilagri Maríu, ok hann fyrirgef af guðs hálfu öllum þeim mönnum er at kirkjuvígslunni váru, ok hverr⁸ þar kæmi meðr trú innan næstu 12 mánaða, allar syndir [er þeir hefði⁹ gert síðan þeir váru skírdir. En hverr sá klerkr er þar var skyldi syngja hvern dag öllu kristnu fólki til hjálpar á þeim 12 mánaðum Credo ok Pater noster ok 7 psálma, ok sungu Tedeum. En síðan fal hann á hendi Karlamagnúsi ok dróttningu kirkjustöðuna, at þau haldi uppi¹⁰ ok bæti; síðan kallaði hann þá sjálfsetta í bann er þangat kæmi með svikum. Eptir þat fóru þeir þangat sem höllin skyldi standa, ok blezaði erkibyskup hallarstaðinn ok garðsefnit ok skóginn ok vatnit.

12. Svá er sagt at nú væri saman komit¹¹ í Eiss svá mikit grjótt ok viðr, at smiðir ok verkmennt allir hefði¹² (í) nóg at¹³ gera. Karlamagnús skipaði þeim öllum starfa; stóðu þá menn í miklu starfi. Svá er sagt at kirkjan væri af engu öðru ger en marmaragrjótti, þökt með mersing ok silfr ok blý, víða gylt þar er bæta þótti. Karlamagnús sá á, ok þótti kirkjan lítil ístöðu, ok bað til guðs at hann léti vaxa, svá at hirð hans öll mætti rúmliga inni vera at biðja sér miskunnar, ok svá varð með guðs vilja. Síðan héldu þeir á smíð sinni, ok lét Karlamagnús gera 12 herbergi harðla sœmilig. Svá er sagt, at þar væri einn harðla vænn grasdallr, ok þar lét hann gera laug, svá at vera mátti hvárt sem vildi köld eða heit, ok um marmaraveggi. Hann bað smiðina vel gera ok sagðist þeim lúka mundu leiguna því betri.

13. Þá er Reinfreir ok bróðir hans Heldri spurðu, at Karlamagnús lét svá sœmiliga lúsa í Eiss, fóru þeir þangat með 100 manna at sjást um, ok riðu til landtjalds Karlamagnús ok heilsuðu honum. En hann bað hjálpa þeim guð, eptir því sem þeir væri haus trúir vinir, ok spurði ef þeir væri hans menn. En þeir sögðu svá vera. Hann mælti þá: Ek skal vígjast undir kórónu hér í Eiss at hvítasunnudegi,

¹) fyndi b. ²) [við sem beztan kann fá, ok b. ³) standa b. ⁴) gott vera b. ⁵) önnur tilf. b. ⁶) skyldu b. ⁷) þeir tilf. b. ⁸) þeim er b. ⁹) [þær sem þeir höfðu b. ¹⁰) upp b. ¹¹) saal. b; komnir B. ¹²) höfðu b. ¹³) Her indfaller en større Lucne i B, der er udfyldt efter b.

ok vil ek at þit séð hér þá báðir, þvíat engir menn eru ríkari en þit í mínu ríki. Reinfreir stóð þá, hugsaði sik ok svaraði engu. En Namlun¹ leit til Herfa hertoga, ok hvárr til annars. Karlamagnús mælti: Hafit enga öfund til mín, þvíat allan yðarn illvilja má ek ambana. En Heldri svaraði: Herra, koma skulum vit ok gera svá alla luti sem þér bjóðit. Síðan tóku þeir orlof ok fóru í brott.

14. Nú er komit at þeim tíma, er dróttningin skyldi barn fæða, ok með guðs vilja fæddi hon meybarn vænt. Þat var sagt Karlamagnúsi, kom hann til at sjá barnit, ok með honum erkibyskupinn ok Herfi hertogi ok öll hirðin. Þökkudu nú allir samt mjúkliga guði. Erkibyskup skírði barnit, en Videlun jarl ok ein harðla sæmilig frá ýeittu því guðsifjar, ok var sú mæer nefnd Adaliz.

15. Rozer erkibyskup er nú kominn til Rómaborgar til páfans, ok bar honum kveðju Karlamagnús ok dróttningar. Hann segir honum alla atburði, þá sem fram fóru um háttu Karlamagnús, ok fékk honum bréfit, en páfinn las ok kvazt svá mundu gera sem þau beiddu. Hann sendi bréf sín 12 lendum mönnum í Rómaborg ok bað þá búast vel ok tigulega með honum at fara at kóróna Karlamagnús í Eiss á hvítasunnudag, ok þar til nefndi hann 6 þúsundir riddara, legata, lýðbyskupa, ábóta ok einkannliga eardinales ok erkibyskupa, ok biðr þá komna vera alla í Eiss áðr hann kemr þar. Þeir gerðu allir svá sem páfinn bauð. Tók þá Rozer erkibyskup orlof af páfanum í brott at fara; en páfinn tók stólam ok kross ok blezaði hann með guðs blezan ok heilags Petri postola, en erkibyskup kysti hönd hans ok fór til herbergis ok bjóst síðan brott.

16. Nú er at segja af ferðum Basin. Hann kom til Bretlands ok fann þar Geddonem mikinn höfðingja ok fékk honum bréf ok innsigli konungs ok dróttningar, en hann fékk til ferðarinnar 6 jarla ok sik hinn 7da. Erkibyskup fór einn með honum ok 12 aðrir byskupar, eptir því sem páfinn hafði skipat, ok 15 þúsundir riddara, sem Karlamagnús hafði boðit í bréfum sínum með Basin. Síðan tók hann leyfi ok fór þaðan til Gajadum ok fann Godfrei meistara í Vallandi; hann athendi bréfin öllum höfðingjum sem honum var boðit. Ok svá hjoggust þeir hverr eptir sínum mætti, nema Varner af Pirapunt. hann brást sjúkr af ráðum Folkvarðs, ok Rozer af Rikon ok Vazalin af Breftollia.

17. Geirarðr af Numaia er nú kominn til Flæmingjalands² til Baldvina [Serens í Arraz borg, ok fann hann þar,³ ok bar honum kveðju Karlamagnús ok dróttningar, [svá sem vin sínum skyldi,⁴ at

¹) Dette Navn skrives overalt Naflun i B og b, men er rettet overensstemmende med Skrivemaaden i A og a. ²) Her begynder A, som nu lægges til Grund. ³) [mgl. b. ⁴) [ok bað b.

hann skyldi koma þangat til vígslu hans með þeirri ást sem hann hafði [við Pippin konung¹ föður hans, [er honum gipti systur sína. Ok fékk honum ritit, en Fremundr kapalín hans réð. Hann svaraði, at hann skyldi fara, en fjölmennari en honum var boðit, ok kvezt mundu² hafa 3 byskupa ok 10 ábóta eptir boði páfans ok 50³ þúsunda riddara: Karlamagnús er bróðurson konu minnar, ok vil ek [honum feginn⁴ þjóna. Ek á tvá sonu hans frændr, Örnolf⁵ ok Baldvina, [þeir skulu mér fylgja ok honum þjóna, ok af hans valdi munu þeir ríkir verða.⁶ Sendi síðan 2 riddara með riti ok innsigli sínu til jarlsins af [Buluina, ok jarlsins af Gines ok jarlsins af Palsborg,⁷ ok Roðbert af Perun ok Bertrams⁸ af Henaug⁹ [ok til¹⁰ byskupa ok ábóta af sínu ríki, at þeir fari ríkuliga, sem Karlamagnús hefir þeim boð sent. Geirarðr tók leyfi ok fór til Saxlands eptir öðrum höfðingjum, svá sem honum var boðit, ok fékk sitt rit¹¹ hverjum. Ok [var þá er saman kom í Eiss alt liðit 400 þúsunda riddara¹² fyrir utan lið páfans. En Geirarðr fór heim til [Numaia ok bjóst þaðan kurteisliga¹³ ok fékk 20 þúsundir riddara ok fór til Eiss ok kom mánaði fyrr en¹⁴ annat liðit.

18.¹⁵ Maðr er nefndr Eim af Galiz, einn góðr maðr, hann fór á fund Karlamagnús, þegar hann frá at hann skyldi vera kórónaðr. Hann fór til Eiss með 60 riddara. Moysa heitir á sú er á veg hans var, þar var ekki vað á ok engi brú ok engi farkostr; þá urðu þeir

1) [til Pippins konungs b. 2) [þá er hann gipti honum systur sína ok fékk honum ríki. Geirarðr fékk honum bréfit, en hann lét kapalín sinn lesa. Ok þá er hann vissi hvat á bréfinu var, þá sagði hann svá: Guð veit, at ek skal koma fjölmennari en hann hefir orð til sent, ek skal b. 3) 4 b. 4) [gjarna honum b. 5) Arnulf b. 6) [saal. b; ok verða þeir ríkir af hans valdi A. 7) [Palsborg b. 8) Bertum b. 9) Henog b. 10) [tilf. b. 11) bréf b. 12) [váru þá er allir kvámu saman í Eirs talit 6 þúsundir 100 ok 10 riddarar b. 13) [Numas eptir sínu liði b. 14) alt tilf. b. 15) *Da dette Capitel lyder noget afvigende i b, trykkes det fuldstændig nedenunder efter denne Codex.*

18. Reimbaldr fríska tók sér 40 riddara ok fór til Karlamagnús í Eirs. En Heimar af Galizu einn góðr maðr bjóst með gáshauka ok sparhauka rétta götu í Eirs. Moisa heitir á ein mikil, á henni var engi brú ok ekki vað ok engi farskostr, því urðu þeir at fara af leið sinni, ok mœttust þeir Reimbaldr ok Heimar, þar sem þeir skyldu yfir fara ána. Þá mælti Heimar við Reimbald: Þú maðr, lát mik fyrri yfir fara ána. Reimbaldr svarar: Hvat manni ertu þess, at ek muna þik láta fyrri yfir fara? Sá maðr er ek, segir Eimar, at ek man ráða hálfri stöngu við þik. Reimbaldr segir at hann mundi eigi fara at öllu úreyndu. En Eimar bað hann víkja aptr nökkut með lið sitt, ok ek man svá gera, ok gefum ríum gott, ok sé riddarar okkrir kyrrir, en vit ríðumst at tveir. Reimbaldr snóri þá aptr hesti sínum um tvau ördrög. Báðir

at fara langt af leið sinni it ytra. Þar mættu þeir þeim manni er Reinbaldr fríski hét. En er þeir fundust, spurði Reinbaldr formann þeirra at nafni. Eim svaraði: Sá einn em ek, at ek mun ráða hálfri stöngu við þik. Reinbaldr kvað hann eigi mundu fyrr ríða sína leið en þeir hefði áðr reynt með sér, hvárr annan bæri afli. Þá mælti Eim at hann skyldi ríða aptr nakkvat með lið sitt, ok ek mun ok svá gera, ok gefum rúm, ok sé riddarar okkrir kyrrir, en vit ríðumst at ok freistum hvárr okkarr meira má, eignist sá okkarr annan sem meira má. Reinbaldr hvarf aptr um tvau örskot, báðir váru þeir vel vápnáðir ok lustu hesta sína sporum ok ríðust at, lagði hvárr í annars skjöld, svá sköptin géngu í sundr; þá drógu þeir sverðin or slíðrum, ok hjó hvárr í höfuð öðrum, svá í hjálmunum nam staðar. Þá er Reinbaldr sá at Eim var slíkr riddari, þá gerðist honum vingan við hann, ok dróst á bak aptr fjóra tigi feta, ok spurði hvat hann hét. Hann svarar: Ek heiti Eim af Galiza, ok lát mik ríða yfir ána, ek vil vera þinn vin ok mínir riddarar. Þvíat ek vil fara á fund Karlamagnús til Eiss. Reinbaldr svarar: Ek vil ok þangat fara. Eim mælti, at þeir skyldu sverjast í bræðralag; þeir gerðu svá, lögðu niðr vápn sín ok settust niðr ok røddust við. Síðan fóru þeir til Eis, ok sendu tvá riddara fyrir til Karlamagnús at taka þeim herbergi. Hann sendi þá til Namluns ok Drefiu til herbergis, ok þeir herbergðu þá vel ok tiguliga. Síðan fóru þeir á fund Karlamagnús ok fylgði Namlun þeim til landtjalda hans, ok bað at hann skyldi taka við þeim ok tigna þá. Hann gerði svá, en þeir géngu til handa honum, hann kvezt slíka sæmd þeirra gera skyldu, sem hann féngi ráðgjafa sinna ráð til. Síðan tóku þeir leyfi ok fóru til herbergis síns.

19. Milun páfi sendi [fyrir menn sína á fund Karlamagnús¹ at taka sér herbergi, en [hann vísaði þeim til Namluns ok Drefiu. Þeir tóku honum fagran völl til herbergis ok Dreia konungi af Peitrs þar

¹) [2 byskupa fyrir til Eirs b.

váru þeir vápnáðir vel. Lustu þeir síðan hesta sína sporum ok ríðust at, lagði hvárr til annars, svá at spjótsköptin géngu í sundr. En er Reimbaldr sá, at Eimar var slíkr riddari, þá mælti hann vináttuliga með hann ok spurði hvat hann hét. Hann sagðist heita Eimar af Galizuborg, ok spurði í móti hvat hann hét. Ek heitir Reimbaldr hinn fríski, sagði hann. Þá mælti Eimar, at þeir skyldu gerast félagar ok sverjast í fóstbræðralag, ok svá gerðu þeir. Fóru síðan til Eirs ok sendu vini sína 2 at taka þeim herbergi. En Karlamagnús sendi þá til Namluns ok Drefiu til herbergis, ok þeir herbergðu þá vel ok tiguliga. Síðan fóru þeir til Karlamagnús ok Namlun með þeim ok gerðust hans menn. Síðan tóku þeir leyfi ok géngu aptr til herbergis síns.

í hjá, ok nú ferr páfinu með honum ok þeir af Veskunia¹ ok alt lið þat er af þeirri hálfu² kom; þar næst³ Geddon af Brettania ok [hans liði, þá Baldvina Serins ok öllum Flæmingjum ok Söxum ok þeirra liði, þá Rikarðr gamli af Norðmandi ok öllu hans liði.⁴ En Namlun vísaði [hverjum í sinn stað sem vera skyldi.⁵ Þá kom Renfrei ok Heldri⁶ ok þeir tólf félagar⁷ ok 100 þúsunda riddara.⁸ Namlun skipaði þeim öllum í miðjan völlum,⁹ en þeir héldu [sinni ætlan, at þeir skyldu því fram koma sem þeir vildu.¹⁰

20. Nú er öllu liðinu skipat ok [er æfar mart.¹¹ Þar kómu landsmenn til markaðar¹² með allskonar vistum, svá at eigi skorti. Um¹³ nóttina hvíldi Karlamagnús alt til dags, þá stóð hann upp ok fór til hallar sinnar, hon var þá fullger, ok lét setja ara á höllina mikinn með þeirri jarteigu, at Valland er hæst í keisara ríki. Ok þau tólf hús eru öll ger er hann bauð: í einu er dróttningar herbergi, í öðru er Herfi hertugi af Kolne, í þriðja Videlun af Bealver, í fjórða Hatun¹⁴ af Alimania, í fimta Balduini Serins, í sétta Dreia konungr af Peites, í 7da Geddon af Brettania, í átta Geofrey af Aldegio, í níunda Rikarðr gamli af Norðmandi, í 10da Rozer erkibyskup, í 11ta Milun páfi; en Karlamagnús¹⁵ sjálf í höllinni miklu, ok með honum Namlun ok Drefia, Reinbaldr fríski, Eim af Galiza, Geirarðr af Numiaia. Um aptan kom Basin ok fór til Karlamagnús, þvíat hann var hans maðr. Þá bauð Karlamagnús öllum járnsmiðum sínum, at þeir skyldu gera haug af stáli, at sveinar skyldi reyna sverð sín í. Þeir færðu þangat tvá stafi af marmarasteini ok lögðu umhverfis, tóku síðan stál ok báru þar á ok brutu smátt ok lögðu milli stafanna. Síðan færðu þeir þangat vagna 10 hlaðna af kolum ok tóku eldingarsteina ok lögðu umhverfis ok báru til eld ok lögðu í, tóku síðan 20 blástrbelgi ok lögðu umhverfis ok blésu, ok varð þar mikill eldr, ok tók alt stálit at vella ok rann í einu haug fyrir gardinum sem inn skyldi ganga í höllina. Þá mælti hann við menn sína, at þeir skyldi varðveita höllina, svá at engi kæmi inn fyrir utan hans leyfi. Síðan sendi hann eptir pávanum ok öllum hinum mestum höfðingjum, ok bað þá koma til heilræðis við sik ok móður sína.

¹) [Karlamagnús bauð Namlun ok Drefiu at taka pávanum ok hans hoffólki vænan herbergisstað. Þeir gerðu svá, ok völdu þar til einn fagran völl, ok þar í hjá var Drefi konungr af Pells ok þeir af Valkuma b. ²) *saal. b.*; álfa A. ³) [þá kom b. ⁴) [alt lið af þeirri hálfu, Rikarðr gamli af Norðmandi ok alt hans lið, síðan Baldvini ok allir Flæmingjar ok Saxar allir b. ⁵) [þeim öllum í þá staði sem þeim váru fyrirbúin b. ⁶) bróðir hans *tílf. b.* ⁷) kompánar b. ⁸) með þeim *tílf. b.* ⁹) herinu b. ¹⁰) [hinu sömu sinni ætlan at svíkja konunginn b. ¹¹) [var harðla mikit b. ¹²) marknaðar b. ¹³) *Her indfat er en Lacune i b.* ¹⁴) Otun A, *her og senere.* ¹⁵) *saal. rett.*; kom A.

Ok þá er þeir kómu þar, kystust þau öll, ok varð þar fagnafundr mikill.

21. Þá mælti Karlamagnús: Góðir vinir, segir hann, mikla sæmd hafit þér mína gerva í hingatkvámu yðvarri. Nú vil ek segja yðr leynda hluti: hér eru þeir menn komnir er líf mitt vilja hafa á morgin, þeir er ríkir eru af föður míns veldi. Þáfinn spurði, hverir þeir væri. En hann nefndi þá alla. Þá sigudi þáfinn sik ok spurði, hversu hann yrði þess víss. Hann sagði honum, at þeir höfðu svarizt saman, ok skyldi hverr þeirra hafa tvíeggjadan kníf af stáli gervan í ermi sinni, er þeir kæmi þar at drepa mik með; nú vil ek at þér ráðit mér heilt. Geofrey af Andegio mælti, at Namlun skyldi taka þá alla í þá höndina, er knífurinn var í, ok leiða í klefa einn, ok beri knífana fram fyrir þik. síðan haf við ráð vina þinna, hversu þú skalt gera. Þetta var svá gert sem hann réð. Síðan sendi hann menn at segja öllum lýð, at hann skyldi til konungs vígja um morguninn eptir, ok lét frið setja allra manna millum; en ef nökkurr stæli þar eða gerði aðra illsku, þá væri hann aldri svá ríkr, at hann skyldi eigi uppi hanga eða höfuð af höggva. Þá svarðu allir eida, at þeir skyldi þenna frið vel at öllum hlutum halda.

22. Um morguninn eptir var Karlamagnús dubbaðr til riddara. Þáfinn skrýddi hann með góðum klæðum, sem bezt samdi; Dreia konungr af Peitrs dubbaði hann til riddara ok færði hann í brynju ok setti hjálm á höfuð honum ok gyrði hann sverði, ok hengdi skjöld blán á háls honum. Þá tók hann hest einn mikium rabít ok setti hann þar á, ok sýndist hann öllum mikill á hestinum, ok þökkudu gudi, at svá lítill maðr sem Píppin konungr var skyldi eiga svá mikinn son sem Karlamagnús var. Þá mælti Dreia konungr: Nú ertu riddari, sagði hann, guð haldi þik nú vel. Síðan gerði (hann) 100 riddara annarra ungra með honum. Síðan skrýddist þáfinn til messu ok allir lærðir menn hans; síðan tók hann kross sinn ok signdi alla riddarana með vápnum á hestum sínum ok mælti við Karlamagnús, at hann skyldi halda vel guðs lög. Karlamagnús tók spjót sitt ok skaut í brott ok mælti við Geofrey af Andegio, at hann skyldi varðveita merkisburð hans jafnan í móti heiðingjum ok styðja kristindóm. Geddeon af Bretolia fékk hann skjöld sinn. Hatun jarl tók brynju hans, Baldvini Serious tók sverð hans, Videlun af Bealver fékk hann hjálm sinn. Dróttning gerði Namlun ríkan jarl með lofi Karlamagnús. Þá vígði þáfinn konungsklæðin ok kórónu af Franz, ok færðu Karlamagnús í. Ríkarðr gamli af Norðmandi ok Hugi hertogi af Paris géngu á sína hönd honum hvárr. Karlamagnús ofraði 40 þorpa inni helgu Maríu til upphalds kapellu sinni í Eiss.

Síðan offraði hann páfanum höfuð sitt ok hyggju ok allan sik ok þar með helgum anda at halda kristindóm ok guðs lög. Síðan leiddu þeir hann til sætis. Dreia konungr sat fyrir honum ok Herfi hertogi af Kolne, en páfinn sjálf säng messu, Rozer erkibyskup af Triuers las pistil, Freri erkibyskup las guðspjall, ok váru báðir skryðdir, ok Bjarnarðr af Romeis ok erkibyskup af Reins báru kertistikur, en erkibyskupar ok ljóðbyskupar, kardinálar, legátar, ábótar ok allir klerkar sungu vel ok figuliga. Konungrinn offraði ok 7 hundruð þúsunda riddara hans, ok var allmikil offerenda at messu páfans. J messunni gékk páfinn á kór upp ok fjórir tigur af lærðum mönnum hans hinum ágætustum, en allir menn aðrir þeir sem inni váru sátu hljóðsamir. Páfinn mælti þetta ok mart annat vitrliga: Ek býð yðr öllum í guðs nafni ok heilags anda ok sancte Marie,¹ at þér [séð hlýðnir Karlamagnúsi konungi ok haldit hann vel,² þvíat hann er rétttr keisari um allan heim. [Ok blezaði þá alla³ ok fyrirgaf þeim allar syndir er þeir höfðu⁴ gert síðan þeir váru skírðir, ok⁵ með rétttrú trú váru þangat komnir, ok öllum þeim er þar kæmi fyrir trú sakir innau tólf mánaða. Síðan þannsetti hann alla þá er með illum vilja eða svikum váru þangat komnir ok eigi vildu Karlamagnúsi konungi tryggir vera, ok kastaði þrysvar kertinu or hendi sér loganda, gékk síðan til altaris ok säng messu þar til er lokit var. Síðan fór hann or messufötum ok tók í hönd Karlamagnúsi konungi ok leiddi hann til altaris.⁶ Freri erkibyskup af Kolne tók kórónu af höfði honum ok hirði ok öll kórónuklæði, [ok lagði yfir hann hvít skinn;⁷ géngu síðan þinn í höllina ok stigu upp yfir borð til matar síns. Páfinu signdi matinn. Síðan gékk konungr í hviluhöllina, er hann var mettr, ok ríkismenn hans með, ok lét varðveita höllina.⁸

23. Nú váru menn greiddir⁹ til at taka þá svikarana [æ sem þeir kæmi inn.¹⁰ [Fyrst kom¹¹ Renfrei ok Heldri, Namlun ok Makarias tóku þá báða ok knífa þeirra; þá kom Jsinbarðr ok Askalin,¹² þá tók¹³ Drefia ok Basin. [Síðan váru menn til fengnir at taka þá

¹) *Her begynder utter B.* ²) [haldit hlýðni við Karlamagnús konung *B.*

³) [Síðan blezaði hann allan lýð *B.* ⁴) hefði *B.* ⁵) öllum þeim er *B.*

⁶) [var sungin út messa, ok eptir þat afklæðist herra páfinn messuklæðnum, ok allir aðrir hans þjónostumenn, ok var Karlamagnús þá leiddur til sætis af sjálfum páfanum *B.* ⁷) [mgl. *B.* ⁸) [til borða. Páfinn sjálf blezaði mat ok drykk, átu síðan ok drukku með mikilli skemtan. Ok er borð váru upptekin, þá gékk Karlamagnús konungr ok páfinn ok allir aðrir í svefnhöllina *B.*

⁹) fengnir *B.* ¹⁰) [svá hvern sem inn kæmi *B;* *her begynder utter b.* ¹¹) [Fyrstir af svikarum géngu inn *B, b.*

¹²) *Andeals B; Anzeals b.* ¹³) tóku þeir *B, b.*

höndum alla,¹ ok leiddu þá fyrir konung² ok lið hans ok tóku or ermum þeirra knífa tvíeggjaða ok sýndu, ok [vissu eigi³ hverju svara skyldu. Þá mælti Namlun: Hér megit þér sjá svikarana ok knífa þeirra [með þeim,⁴ er þeir vildu drepa Karlamagnús konung með. Renfrei kvað hann ljúga. Karlamagnús svarar: Ek skal reyna yðr, sagði hann, ok lét kalla systur sína Gelem.⁵ Hon fékk honum glófann með blóðinu. Þá spurði [Karlamagnús Renfrei⁶ ef⁷ hann kendi blóðit. Renfrei kvað hann undarliga mæla. Karlamagnús svarar: Undarligar hefir þú gert, þetta er blóð konu þinnar. Hann kvazt aldri hafa sét blóð hennar. Karlamagnús mælti: Renfrei, sagði hann, [kemr þér eigi í hug þá⁸ er þú látt heima í hvílu þinni í Tungr, er þú kvezt⁹ skyldu drepa mik at jólum með þessum knífum, ok bróðir þinn¹⁰ Heldri ok þessir 10, er hér [eru með¹¹ þér, ok alla hirð mína, ok fara síðan [til Tuugrs ok vera þar vígðr til konungs; ok skyldir þú vera keisari,¹² en Heldri bróðir þinn¹³ hertugi í Megez¹⁴ ok Bealver. En konu þinni þótti illa ok bað þik nefna þá féлага þína, er þér réðu þetta, en þú nefndir þá alla sem nú eru hér. Hon [bað þik hætta þeirri¹⁵ illsku, en þú vart reiðr ok laust hana, svá blæddi. [en ek var þar ok¹⁶ lét ek blóðit í glófa minn. En Renfrei kvað konu sína hafa svikit sík. En Karlamagnús sór, at hann laug,¹⁷ þvíat ek var þar, þá er Basin tók fé þitt ok sverð, en ek tók [blóðit ok¹⁸ hest þinu. Renfrei svaraði: Skömm hugða ek [at þér mundi¹⁹ þikkja at stela. Karlamagnús bað Drefiu taka²⁰ hestinn. Hann gerði svá. Þá spurði Karlamagnús, ef Renfrei kendi hestinn. Hann gekk þá í gegn öllu. [Herfi hertugi bað kasta þeim í myrkvastofu ok hengja um morguninn. Namlun kvað þú hafa mikit hð í hirðinni, ok sagði þá eigi lausa skyldu fara. Karlamagnús spurði. hverr þeim vildi varðveita. En Baldvini Serius ok Dreia konungr af Peitrs ok Geddeon af Brettannia kváðust mundu taka þá á sitt vald. Eptir þat fór Herfi hertugi til með lið þeirra allra²¹

¹) [Þá kom Segbert ok Tankimar, þá tók Reinbaldr ok Eimar: þá kom Tanir ok Jngilrafn. þá tók Videlun ok Hatun: en Rozer af Jrikun ok Folkvarð þá tók Herfi hertogi ok Geirarðr: þá kom Rozer af Orlanæis ok Vadalín. þá tók Baldvini ok Vinant *B. b.* ²) keisarann *b.* ³) [vissi engi þeirra *B. b.* ⁴) [mgl. *b.* ⁵) Gilem *B. b.* ⁶) [tilf. *B. b.* ⁷) hvárt *B. b.* ⁸) [mantu nökkut til þess *B. b.* ⁹) sagðist *B. b.* ¹⁰) *saal. B. b;* hans *A.* ¹¹) [standa nú hjá *B. b.* ¹²) [heim í Tungr ok láta taka þik til keisara *B. b.* ¹³) skyldi vera *tilf. B. b.* ¹⁴) Meginzu *B.* ¹⁵) [latti þik slíkrar *B. b.* ¹⁶) [ok lant hon fram af hvílunni meðan, en ek *B. b.* ¹⁷) eigi *tilf. B.* þat *tilf. b.* ¹⁸) [mgl. *B. b.* ¹⁹) [þér mundu *B.* ²⁰) leiða fram *B. b.* ²¹) [Var þeim þá öllum kastat í myrkvastofu. Nallun kvað þá hafa mikit lið í hirðinni. ok bað hann Karlamagnús, at því mundi eigi lausa slegit. En Karlamagnús bað þá Baldvina ok Drefiu konung ok Geddon taka þá með sínu liði, ok Herfi hertogi fór með þeim *B. b.*

ok tók hvern þeirra í sínu herbergi,¹ þvíat þá kendi hann þá alla. En þeir hugðu at þeim væri leiks, ok spurðu hví þeir tæki þá. Herfi sagði, [at lávarðr þeirra var tekinn, sakir þess at þér hafit svikit² Karlamagnús konung. En þeim þótti illa at þeir vissu þat eigi fyrr, ok mundu þeir þá eigi láta takast.

24. Um morguninn gékk³ páfínn ok Karlamagnús konungr til kirkju ok lið þeirra, ok [lét hann legáta sinn syngja messu, góðan mann ok trúfastan, er hét Gilia ok var fœðingi í Provinceia.⁴ En páfínn gaf þeim⁵ blezan, ok géngu síðan [inn í höllina.⁶ Þá gaf Karlamagnús konungr höfðingjum sínum jarðir ok aðra fjárhluti ok þakkaði þeim sinn góðvilja. Páfínn [mælti mörg vináttumál⁷ við Karlamagnús konung ok setti hann í hásæti⁸ sitt ok bað hann vel varðveita kristin lög. [Síðan talaði Karlamagnús konungr eintal við páfann ok alla aðra ina stærstu höfðingja, þá er þar váru kœnnir, ok bað þá heilræðis, hversu hann skyldi fara við þá svikarana, sagðist þá sét hafa alla, at þeir höfðu hér knífana er þeir vildu hann af lífi taka með, heyrðut ér at þeir géngu í móti illsku sinni, ok megu þér sjá hér nú knífana, dœmit þeim nú af því réttan dóm. En allir svaruðu, at þeir vildu at hann sjálfr dœmdi, eptir því sem þín eru sannendi til. Þá nefndi hann til einn höfðingja af liði sínu með 400 riddara at hengja þá tólf. Þeir bundu hendr þeirra á bak apr með hjartarleðrs þveng ok leiddu þá sem þjófa,⁹ at þeir skyldu eigi í braut hlaupa. Þá kom Karlamagnúsi konungi í hug, at konu Reinfreis þótti illa ráð þeirra, ok [bað þá hálshöggva en eigi¹⁰ hengja. Þeir gerðu svá, ok létu þá liggja þar alla eptir, géngu í brott síðan ok apr til konungs.¹¹ Þá spurði Karlamagnús¹² hvat gera skyldi við [þá er þeim hefði fylgt.¹³ Namlun¹⁴ mælti, at hann skyldi láta varðveita þá.¹⁵

1) rúmi *B, b.* 2) [lávarða þeirra tekna fyrir svik við *B, b.* 3) eptir géngu Naflun *B, b.* 4) [söng legátinn messu, góðr maðr ok trúfastr *B, b.* 5) lýðum *B, b.* 6) [heim til hallar *B, b.* 7) [talaði mörgum scemd-arorðum *B, b.* 8) sæti *B, b.* 9) [En Karlamagnús þakkaði herra Miloni páfa ok öllum öðrum höfðingjum sína þangatkomu, ok bað menn ráð til gefa, hversu gera skyldi við svikarana. En jarlinn af Flæmingjalandi svaraði, at fyrir þat at allir höfðu sét knífana, þá er þeir vildu svikja Karlamagnús með, ok svá heyrðu allir, at þeir géngu með illsku sinni, ok dœmit nú rett af þeim (þá dœmit þeim nú réttan dóm *b.* En þá ceptu allir senn á Karlamagnús konung, at hann skyldi dœma réttiliga (dœma þá eptir maklegleikum *b.* En hann bað leyfis til, ok því játuðu allir. Karlamagnús nefndi þá til fjóra höfðingja með fjórum hundradum riddara at hengja þá 12 svikara, ok váru þá bundnar hendr þeirra á bak apr ok leiddir sem þjófar *B, b.* 10) *saal. rett.; einn A.* 11) [fyrir hennar sakir bað hann hálshöggva þá, ok var svá gert *B.* 12) Naflun *b.* 13) [lið þeirra *B.* 14) Karlamagnús *b.* 15) ok svá var gert *tif. B, b.*

25. Karlamagnús kallaði Basin ok fékk honum glófa sinn af hægri hendi ok mælti: Þú skalt hafa Tungrs¹ ok konu Renfreis ok jarldom ok fé hans alt. Basin gékk fram ok tók glófanu² ok kysti fót³ hans. Rozeri erkibyskupi gaf hann Triversborg, en páfinn [sjálfþakkaði honum ölmosu þá er hann gerði kristinni.⁴ Namlun gaf hann Ozborg⁵ ok Salenborg⁶ ok alt fylkit með ok [20 þúsundir riddara í sínu veldi. Hann tók gjöfina ok gékk til fótár hans, ok Videlun faðir hans ok jarlinn af Alimania, Reinbaldr fríski, Eim af Galiza, Basin jarl, Dreia prófastr, ok 300 riddara, allir⁷ fyrir ástar sakir við Namlun, ok gerðist konungr glaðr við. Namlun bað konunginn gefa sér fjallit milli Muso⁸ ok Sambr at gera kastala í, ok er Franz at ríkari. Hann gaf honum ok skóginn með, ok [hann gaf honum Foma ok skóginn allan ok Faumana með. Ek skal gera þér, sagði Karlamagnús, 3 kastala í millum Moysa ok Ardena. Namlun gaf þeim nafn sitt með leyfi Karlamagnús Namluni til virðingar. Karlamagnús gaf honum spjót ok hvít merki ok með jarlsdóm, ok kallaði kastalann Namrus. Þá mælti Karlamagnús: Sér þú nú at mér er ást á þér? Hann þakkaði honum, ok bað hann gefa sér þá menn er hann hélt í þrisund af hans laudi, þvíat þeir eru enskis verðir af illráðum. Hann gerði svá. Basin gaf hann sína menn, Rozere erkibyskupi gaf hann sína menn. Þeir þökkuðu honum ok tóku þá út or myrkvastofunni ok létu þá sverja eida Karlamagnúsi konungi. Eim af Galiza gerði hann konstabl sinn ok lét hann varðveita knífa þeirra svikaranna, hann lét ok alla aðra ganga or myrkvastofunni á sitt vald.⁹

26.¹⁰ Reinbaldr fríski hóf bónorð sitt ok bað Gelem systur Karlamagnús konungs. En sakir þess at konungi var áðr kunnikt bæði ætt hans ok atferð, þá var þat af tekit, at hon var honum gift með miklu landi er Veisa heitir, þat hafði átt Tangemar, ok

1) Tungrborg *B. b.* 2) með glófanum *b.* 3) hönd *B. b.* 4) [þakkaði honum vel ok allir aðrir *B. b.* 5) Orzborg *B;* Oezborg *b.* 6) Salenamborg *B. b.* 7) [skaltu hafa, kvað hann, 20 þúsundir riddara í þínu veldi. En hann gékk til ok kysti hönd hans ok þakkaði honum gjöfina. ok þar með Videlun hertogi faðir hans ok allr lyðr af Allimania ok Reinaldr fríski ok Eimir (Eimar *b*) af Galizu ok Basin jarl af Tungrs ok 300 riddarar *B. b.* 8) Musus *B;* Musu *b.* 9) [bað hann gera kastala 3 millum Moia ok Ardenam. ok síðan gerði Namlun kastala þann er Namrus er nefndr. Þá bað Namlun Karlamagnús gefa sér þá menn. er hann hafði í þrisund, ef þeir eru engis af valdir svikræðum við yðr. En hann gaf honum þegar. ok svá gaf hann Basin þá menn. er Reinfrei höfðu þjónat. Þökkuðu þeir honum báðir ok leystu þá af myrkvastofu. ok sóru konungi eidd, at þeir höfðu í engum svikræðum verit við hann *B. b.* 10) *Da Capp. 26—30 lyde noget afvigende i B og b, gives de nedenfor fuldstændig efter disse.*

alla hans eigu ok eigu bróður hans Tamers, ok fjóra jarldóma með öllu ríki ok alt Lingeraf, ok alt landit frá Flæmingjalandi til Danmerkr, ok þrjú spjót með hvítum merkjum. Karlamagnús bað páfann fá sér klerka sína nökkura til kapalína. Hann gaf honum Gilliam góðan mann ok trúfastan, hann var legatus af Rómaborg, annan Turpin bróður Hatuns jarls, hann skyldi vera kanziler konungs; tvá menn gaf (hann) til at þjóna at kapellu hans, annarr hét Vibald, en annarr Balduini. Ok þakkaði Karlamagnús konungr honum vel. Þá mælti hann við Freri erkibyskup, at hann skyldi setja kanunka til kapellu hans svá marga sem þarf. Hann skipaði þar til 40 kanunka ok fjóra presta. Karlamagnús konungr gerði munklífi ok nunnusetr, ok hvártveggja auðigt at fé. Síðan dubbaði hann til riddara 80 sveina, þá sem farit höfðu með Freri erkibyskupi ok Herfa hertuga. Þá kaus Karlamagnús konungr eptir hjá sér Bofa inn skegglausa, Jforia ok Jvin, Engeler af Vaskunia, Bæring af Hatun, Gefin ok Gerer, Samson ok Anselin,

26. Karlamagnús keisari kallaði þá enn til sín alla höfðingja sína ok hóf svá sína ræðu: Góðir herrar, sagði hann, ek á tver systr fyrir at sjá, ok nú vil ek gipta aðra með yðru ráði röskum. manni Reinaldi¹ fríska. Öllum þeim þótti þetta vel ráðit. Síðan gipti hann Belisem systur sína Reinaldi fríska með miklu ríki ok eignum, þvíat þau skyldu eignast öll þau ríki sem Tankemar ok Tamar² bróðir hans höfðu átt ok 4 jarldóma með öllu ríkinu ok allt Lingerafn. En þetta ríki var alt af Flæmingjalandi til Danmerkr. Ok hér meðr gaf hann honum 3 spjót með hvítum merkjum. Ok þá gerði (hann) Eimi af Galizu constafn sinn, ok lét hann geyma knífa þeirra svikaranna. Síðan váru þeir allir leystir af myrkvastofunni sem meðr svikarum höfðu verit, ok sóru þeir allir Karlamagnúsi eiða, at þeir skyldu honum vera dyggir³ ok trúir.

Herra Millon páfi fékk nökkura klerka sína Karlamagnúsi til fylgdar ok sœmiligrar þjónustu: var einn af þeim Gileas góðr maðr ok réttlátr, hann var legatus af Rómaborg, skyldi hann vera kapalín keisarans; annarr var Turpin bróðir Hatuns jarls, hann skyldi geyma innsigli hans ok hafa bréfa-gerðir, ok því má vel nefna hann konungsins kanceler. Tvá aðra klerka gaf pávinn honum at þjóna í kapellu hans. Síðan skipaði Karlamagnús með herra páfans ráði ok erkibyskupa samþykki fjóra tigi kanunka til kapellunnar, þvíat þat sýndist þeim vel nægjast. Svá lét hann ok setja svartmunkaklaustr í öðrum stað ok nunnuklaustr í þriðja stað. Sveina þá alla sem kómu af Kolni með hertogenum ok erkibyskupinum gerði hann at riddarum, en þeir váru nær 80. En þessa kjöri hann meðr sér at hafa: Bofa hinn skegglausa, Jvora ok Jva, Engiler af Gastun,⁴ Bæring ok⁵ Hatun, Gerin ok⁵ Geres, Samson ok⁵ Anzilin, Valltara af Akarð ok Hoel, Geofrey ok Hatun, Guenelun af Kastalundum ok Arnald ok Berarð, Oduin ok Vasker. Tólf riddara af þessum hafði hann jafnan með sér, þvíat þeir váru góðir drengir. En Videlun ok Naflun, Hatun ok Reinald fríska, Turpin ok Giliam hafði hann sér at ráðgjöfum. 7 hundruð riddara hafði hann dagliga með sér ok umfram þjónastumenn í sínum herbergjum. Ok nú hefir hann sýst⁶ sér lið, sem hann vill hafa.

1) Reimbaldi b. 2) Tanir b. 3) hollir b. 4) Gascun b. 5) af b. 6) valit b.

Valter af Terins, Akarð af Mesines, Hoel af Naauaz, Geofrey af Orliens, Hatun af Kampaneis, Venelun af Kastalandum, Arned af Bollandi, Beirarðr af Peduers, Odun af Marke. Vaker af Kornelia. Þessa 20 riddara hafði hann jafnan með sér, þvíat þeir váru góðir drengir. Videlun, Namlun, Hatun, Reinbald fríska, Turpin, Gilliam, þá hafði hann sér at ráðgjöfum. Sjan hundruð riddara hafði hann með sér hvern dag, þá tók hann sér þjónustumenn at hafa í herbergjum sínum. Rodbert bróður Dreiu gerði hann meistara yfir hest-asveina sína. Nú hefir hann sýst sér alt lið sem hann þarf.

27. Síðan bauð hann öllum höfðingjum, er þar váru komnir, at halda frið í landi hans; þar með bað hann páfann ok alt lið hans, at þeir skyldu vera í Rómaborg á tólf mánaða fresti ok sagðist þá vildu vera vígðr til keisara. Hann hét því þegar. Síðan þakkaði hann þeim öllum þangatkvámu sína, ok gaf þeim leyfi at fara heim hverjum til síns ríkis. Páfinn tók þá stólu sína ok fingrull ok kross ok blezaði þá alla ok bað þá alla vera hlýðna Karlamagnúsi konungi, ok fór brott eptir þat hverr til síns lands. En Karlamagnús konungr dvaldist eptir ok fyldi kirkjurerð sína til þess er lokit var. Namlun fór heim at styrkja kastala sína ok varðveita land sitt. Eim af Galiza fór í Jrikun með 300 riddara at varðveita kastalann ok alt fylkit, ok Hugi hertugi af Paris fór með honum aprt í sitt land, en Eim fór til Jrikun með liði sínu.

28. Nú hefir Varner af Pirafunt fregit, at Karlamagnús var til konungs tekinn ok hann hafði drepa látit þá er mót honum váru, þá kom honum í hug, at hann þóttist mikit mega ok vera sterkr maðr ok eiga marga kastala ok sterka ok þrjár borgir Reins ok Loun ok Anuens, ok hann var höfðingi af öllum þeim löndum, er um þær borgir eru. Hann heyrði sagt, at konungr hefði tekit Jrikun, ok

27. Öllum sínum höfðingjum bauð hann frið at halda hverjum við annan um alt sitt ríki. Síðan birti hann herra páfanum, at á 12 mánaða fresti ætlaði hann sér til Rómaborgar at vígjast¹ þar til keisara, ok herra páfinn hét honum þar at vera meðr allan sinn skara. Ok eptir þat þakkaði hann mikilliga páfanum ok öllum öðrum sína þangatkvámu ok gaf þeim öllum leyfi at fara í sitt ríki. En herra páfinn stóð upp ok blezaði [þá alla² ok bað þá hlýðna vera Karlamagnúsi konungi. Fóru síðan heim í sitt ríki. En Karlamagnús dvaldist eptir ok lét gera kirkjuna til fulls; en Naslun fór heim at styrkja kastala sína ok geyma ríki sín,³ en Eimir⁴ af Galizu fór í Jrikun með 300 riddara ok með honum Hugi hertogi.

28. Nú hefir Varner af Pirapont fregit, at Karlamagnús er vígðr ok hann hefir drepit þá alla sem í móti honum stóðu, ok þóttist hann vera gildir fyrir sér ok mikill kappi, þvíat hann átti marga kastala sterka ok þrjár borgir mjök fjölmennar. Hann heyrði þá sagt, at Karlamagnús hafði látið taka Jrikun

1) láta taka sik 6 2) [allan lýð 6. 3) sitt 6. 4) Eimar 6.

erendi ok segja svá, at þeir vilja við yðr skiljast utan þér fáið yðr dróttningu sem fyrst, því at landit stendr erfingjalaust, ef þér kunnit frá at falla. Þá svarar konungrinn Hugon: Ek mundi víst þat ráð taka, ef ek vissi at¹ frú Olif væri dauð. Svikarinn sór um at hon var löngu dauð. En ek vil at þér vitit, at ek á eina dóttur. hon hefir ágætt fóstr, [hon er harðla fögr² jungfrú er nökkurn tíma var sköpuð af holdi ok blóði, hon heitir Aglavia; gefi guð henni skömm, segir bókin; ek hefi undir minni hendi 15 [riddara land,³ ok svá mikitt gull ok silfr at ek veit eigi sjálfr.⁴ Vil ek, minn herra. þetta gefa alt með minni dóttur. Svá gat hinn illi Milon um talit⁵ fyrir konunginum, at hann hlýðir á ok samþykkir [þessu úráði.⁶ festir hana ok heim leiðir úforsynju. Allir þeir er við hana töludu géngu með illum orskurð frá henni, ok er hon⁷ kom til stadarins, lögðu allir illa blessan á hana. Nú lætr Milon búa til brudlaups⁸ þess hins versta, er frá hefir verit sagt, því at allir þeir er þangat kómu váru mikiliga skemdir, ok er at kveldi kom géngu konungr ok dróttning í sína sæng, ekki eptir því sem guðs lög buðu heldr eptir ráðum hins illa Milons. Þar þóttust allir oflengi dveljast at því brúðkaupi, ok varð því hverr feginn,⁹ er fyrr kom heim til sinna heimkynna.

11. Konungr ok dróttning váru litla stund [áðr ásamt¹⁰ en þeim varð sonar audit, ok var sá engi [at þat lofaði eða vel þætti¹¹ í konungs húsi. Sjá sveinn var til kirkju borinn ok skírðr ok kalladr Malalandres at nafni. Þat þótti öllum skaði, at sú skræfa vóx skjótt ok þróadist, ok er hann var missaris¹² gamall, görðist hann undarliga kyndugr, hann skreid aptr ok fram með stokkum ok beit í fœtr mönnum ok leggi. ok svá sem hann var ellri. var hann æ því verri, við ríkra manna sonu, vildi hann eigi dagliga berjast, en við fátækra manna sonu vildi hann jafnan ilt eiga, ef hann mætti¹³ því fram¹⁴ koma. Jafnan kunnir hann at klóast¹⁵ um ok svá at bíta, alt þat er hann sá með sínum augum þá vildi hann¹⁶ eiga. svá vandist [sjá skræfa¹⁷ lítt í öllum lutum. Nú vaxa þeir báðir upp konungs synir í hans gardi Landres ok Malalandres, ok líðr svá fram nökkura tíma.¹⁸ Ok þat bar til einn dag, sem opt kunnir til bera, at Hugon konungr sat í höllinni¹⁹ með sínum riddarum, en Milon trúðr gengr aptr ok fram at gleðja fólkit. ok var hann spurðr, hvárr af konungs sonum væri rösvari eða ellri. Milon segir Landres ellra en Malalandres sinn dótturson rösvara. Milon heyrir at Landres

¹) tilf. b. ²) [ok er hin fegrsta b. ³) [hundruð riddara b. ⁴) markatal á tilf. b. ⁵) talat b. ⁶) [þetta úráði(!) b. ⁷) hann(!) b. ⁸) brúðkaups b. ⁹) fegnari b. ¹⁰) [saman áðr b. ¹¹) [er þat kallaði vel eðr lofaði b. ¹²) misseris b. ¹³) mátti b. ¹⁴) við b. ¹⁵) klórast b. ¹⁶) sjá skræfa b. ¹⁷) [hann b. ¹⁸) nökkurn b. ¹⁹) höll sinni b.

er meir lofaðr í öllum lutum en hans dótturson, ok eirir honum þat illa. Ok¹ einn dag gengr hann til konungs ok mælir: Hversu lengi vili þér þenna blámanns son uppfæða á yðrum garði? Svá hjálpi mér guð, at hann var aldri af yðr getinn, ok ræð ek af því at þér látit hann brott frá yðr, þér megit vel glaðir² vera, meðan Malalandres yðvarr son lifir. Svá gat sá hinn vándi níðingr talat fyrir konunginum, at hann biðr Landres son sinn í brott verða or sinni augsyn ok eigi aptr koma. Ok er hann heyrir þessi orð föður síns, varð hann mjök hryggr ok gengr út af höllinni, hugsandi hvert² hann skyldi fara. Hann minnst nú á sína fóstrmóður, þá er hann hafði fóstrat fyrr. Hon var ein gömul kona vitr ok margkunnig, hon [var kölluð³ Siliven at nafni, átti hon einn garð ok gótz mikit, var sá garðr nálægr konungs halliuni. Hann snýr þangat nú ferðinni ok fram komandi til sinnar fóstrmóður heilsar hann upp á hana með þessum orðum: Guð geymi yðvar, Siliven mín fóstrmóðir. Ek vil yðr kunnigt gera, at konungrinn faðir minn hefir mik frá sér rekit ok fyrirboðit mér optar í sína augsyn at koma. Ok er hon heyrði þetta, mælti hon: Þú ert velkominn Landres, segir hon, minn fóstrson, ok alt þat gott sem ek má, skal ek þér veita, ok því yrðag⁴ fegnust, at þinn þroski yrði sem mestr ok þik mætti margt gott henda. Landres dvaldist þar nú um 7 ár full,⁵ ok görði Siliven alla luti [eptir því,⁶ sem honum mátti bezt líka. Ok einn morgin er Landres snemma uppi ok ætlaði at skemta sér at riddaraskap, því at hann kunni hann⁷ harðla vel, ok er hann var út kominn, mætti honum Siliven hans fóstrmóðir. Hon hēilsaði honum⁸ fagrliga ok mælti: Ljúfi fóstrson Landres, þú ert fagr maðr ungr⁹ ok vitr ok hinn frídasti, er [nökkut sinn¹⁰. sá manns auga, gjarna vilda ek gott til þín vita [ok hvat manna þú mant verða.¹¹ Ek man segja þér tíðendi: á morgun skal vera leikr undir kastala föður þíns, þar skulu¹² saman koma margir ungir menn. Þeir hafa einn svöpp¹³ at leika með, ok sá sem rekit¹⁴ fær þryssvar í samt þenna svöpp,¹⁵ svá at engi náí í milli, hann berr þrís ok heiðr af öllum. Ok þar skaltu Landres¹⁶ til fara ok reyna, hvert hjarta þú hefir eðr hraustleik. Ok er Landres heyrði þetta, mælti hann [svá: Hjálpi¹⁷ mér guð, fóstrmóðir, at ek skal á morgin koma til þessa leiks ok reyna mik.

12. Nú leið dagr, en nóttin kom, ok ferr hann í sína sæng at sofa. Ok er dagriun kom, reis hann upp í sín klæði ok býr sik

1) þvíat tilf. b. 2) saal. b; hvart B. 3) [hét b. 4) yrða ek b. 5) mgl. b. 6) [mgl. b. 7) þat b. 8) hann b. 9) saal. b; iungr B. 10) [nökkurn tíma b. 11) [mgl. b. 12) munu b. 13) böll b. 14) tékit b. 15) böll b. 16) mgl. b. 17) [: Svá hjálpi b.

til leiksins. Ok er hann var búinn, gengr hann til sínna fóstarmóður ok gaf henni góðan dag, ok mælti síðan: Kæra fóstarmóðir, segir hann, ek vil nú fara til leiks þess er þér sögðut mér frá í gær, man ek koma þegar aptr er ek má. Hon gekk þá brott frá honum litla stund, ok [þegar kom hon¹ aptr ok bað hann bíða sín. Hann snerist² þá við henni. Hon mælti þá: Svá vil ek þrífast, Landres, segir hon, at þú skalt hafa erendi mitt til leiks þessa. Hon hefir þá upp sína hægri hönd ok setr þann pústr undir hans vanga,³ at hann hugði sín bæði⁴ augu út mundu springa, svá var hann mikill. Hon mælti: Til þess gaf ek þér, Landres, segir hon, þessa minning, at ek býðr þér í nafni guðs ok frú sanete Marie, at þú takir aldri pústr af karlmanni né konu utan föður þínum ok móður. En ef nökkurr annarr⁵ dirfist þvílíks⁶ at gera, þá gjalt⁷ grimliga ok gör þat í mína minning. Landres ferr nú heiman frá sinni fóstarmóður ok léttir eigi fyrr en hann kemr undir kastala föður síns á þá völlu sem þar váru. Hann sér þar fyrir sér marga sveina leikandi meðr [einum digrum sveppi.⁸ Landres stígr niðr af sínum hesti ok bindr hann viðr eitt tré, gengr síðan fram til leiksins ok þröngvist fram á meðal⁹ manna, ok kemr þar nú sem mest var þröngin um svöppinn,¹⁰ ok eigi léttir Landres fyrr en hann kemr höndum á svöpp¹¹ þenna ok berr út frá þeim. Ok er hann hafði þetta gört, kastar hann annau tíma inn í miðja þröngina ok hleypr eptir sjálfir ok getr enn náð [annat sinn.¹² Þá mælti Landres: Hefða ek brott haft svöppinn¹³ fyrsta sinn,¹⁴ er ek fékk hann, mætti þér hafa sagt, at ek hefða rangliga unnit þenna leik, því at ek er úkunnigr yðr flestum öllum, en nu hefir ek unnit leikinn tveim sinnum; því vil ek honum enn inn¹⁵ kasta millum allra yðvar, ok ef ek fær hann [fengit hit¹⁶ þriðja sinn hér út frá yðr, þá viti þér allir, at ek hefir unnit leikinn meðr réttu en eigi með falsi. Nú kastar Landres þriðja sinn inn þessum sveppi,¹⁷ þar sem mest var þröngin, ok á lítilli stundu getr hann honum náð ok út borit frá þeim, ok varð nú harðla gláðr. Ok svá sem Landres er útkominn af mannþrönginni, mætir honum Malalandres bróðir hans ok þótti illa er¹⁸ hann gat tekit böllinn, [ok hefir¹⁹ upp sína hægri hönd ok slær Landres bróður sinn svá gildan pústr, at honum þótti syngja at eyrunum. Hann mintist þá hvat fóstarmóðir hans hafði mælt við hann ok gört, áðr hann fór heiman, ok nú hefir Landres upp sína

1) [kom skjótt b. 2) mintist b. 3) kinnbein b. 4) mgl. b. 5) tilf. b. 6) slíkt b. 7) þat tilf. b. 8) rett. for svöppi B; [einn digran böll b. 9) milli b. 10) böllinn b. 11) böll b. 12) [annan tíma b. 13) böllinn b. 14) tíma b. 15) saal. b; nú B. 16) [unnit í b. 17) rett. for svoppi B; bolli b. 18) vera at b. 19) [hann hefir b.

hægri hönd ok slær Malalandres svá hart, at [alt hans kinnarbein¹ klofnar í sundr, ok svá sterkr var sá pústr, at mestr þori tannanna er í hans höfði váru, féllu niðr á jörðina. Ok þá mælti Landres: Þat veit guð, bróðir, segir hann, at þessi pústr er ek gaf þér, er verðr við hina þrjá er þú gæft mér.

13. Konungrinn ok hans riddarar stóðu upp í kastalanum ok sá ofan til leiksins, ok þótti vera hin mesta skemtán. Þar var ok hinn bannsetti Milon hjá konunginum ok sér á þeirra viðrskipti bræðranna, ok hann mælti² til konungs: Herrar, segir hann, sjá þér, at yðvarr hjákonuson sló yðvarn eiginkonuson, nú látit kalla þá báða fyrir yðr sveinana, síðan látit taka þann vánda mann, er yðvarn son sló, ok setja í myrkvastofu. Konungrinn lætr kalla Landres ok með honum aðra sveina,³ ok er hann kom inn, mælti konungrinn til sveina sinna: Upp skjótt, segir hann, ok takit þenna níðing ok leggit í bönd, síðan kastit honum í myrkvastofu. Þá mæltu sumir, at hann skyldi taka, en sumir mæltu í móti, at hann skyldi pína. Landres mælti þá, er bæði var vitr ok fagr: Þat veit guð Marfu son, ef þér talit þat lengr faðir, segir hann, at ek skuli fara í myrkvastofu, at fyrr skal ek taka þér í skegg svá hart, at í minni hendi skal þat eptir dveljast ok [í brott⁴ fylgja svörðrinn. Ok því næst gengr Landres út um dyrr, svá at engi maðr þorði hendr á honum at festa. Lét þá faðir hans segja honum [annat sinn,⁵ at hann skyldi eigi optar í hans augskýna koma. Ferr nú Landres brot þaðan ok til sinnar fóstrmóður, heilsar henni vel ok sagði: Eigi þori ek lengr hér at vera, því at faðir minn er mér reiðr, ok vil ek eigi at þú verðir þess gjaldandi, ef hann spyr at ek dveljumst hér. Sveinninn tekr nú boga sinn ok örvar í hönd sér ok kyssir síðan fóstru sína. En hon var mikiliga harmandi hans vesöld ok biðr hann nú vel fara, iðugliga grátandi ok dróttin biðjandi, at hann vísaði honum þangat sem honum væri mestr fagnaðr í. Sveinninn gengr nú brott á skóg ok ferr nú aptr ok fram um skóginum ok finnr engan mann ok enga bygð, ok í þeim klæðum sem hann gékk á daginn í þeim lá hann á nóttina. [Eina íþrótt hafði þessi ungi maðr, þá sem ek vil nökkut af segja, hann⁶ kúni vel skjóta fugla til matar sér. En þá er hann skyldi þessa matar neyta, þá hafði hann engan eld at steikja fyrir sik. Nú þó at hungriinu gengr fast at honum, þá vildi hann þó eigi hrátt eta, því at hann hafði því eigi vanizt. Hann mæltist þá við einnsaman: Hvat skal ek nú at hafast, ljúfari væri mér nú ein fylli⁷ matar ok drykkjar en alt þat gull sem liggir í míns feðr garði. Heyr mik nú, dróttinn

1) [hans kinnbein b. 2) þá tilf. b. 3) sveinana b. 4) [þar með skal b.

5) [mgl. b. 6) [þessi ungi maðr b. 7) fyllr b.

minn almáttigr, ok leys mik af þessum vanda, ok lát mik eigi lengr pínast, heldr vísaðu¹ mér í nökkurn þann stað, at ek megi hjálpast af þessum hungri. Sveinninn gengr nú [brott ok² fram í skóginn. Hann kemr þá fram í³ háfan skóg, ok mátti þar sjá langt ífrá sér, því at þar var einn slétt völlr undir niðri. Ok er hann kemr undir eitt hátt tré, heldr hann upp hægri hendi fyrir augu sér, því at sólin skein [á móti⁴ honum. Hann sér þá fram á völlinn fyrir sik, hvar sátu fjórir dvergar ok mötuðust. [ok er hann hafði þat sét,⁵ varð hann harðla glaðr, því at hann vænti sér þar af nökkurs bata. Stillir nú fram sem hógligast [tré undan tré,⁶ ok nemr stað skamt frá þeim. Hann heyrir þá einn dverginn mæla til annarra kompána sinna: Etit fast, mínir vinir, því at af þessu handklæði má ek gefa oss allan þann bezta kost er vér kunnum beidast,⁷ ok or várum potti allan þann drykk sem vér viljum beztan hafa. Landres mælti þá: Þessir lutir eru mér nú allnytsamligir, dróttinn minn, segir hann, at hafa ok eiga. Hugsar nú, at annathvært skal hann hafa nógan mat eðr skjótan dauða fyrir þessum dvergum. Herðir nú hug sinn ok hleypr sem harðast fram[. Sem hann kemr⁸ at dvergunum, grípr hann sinni hendi hvárt handklæðit ok pottinn. Ok er dvergarnir líta hann þar kominn [svá skjótt⁹ sér á úvart, urðu þeir svá hræddir, at hverr hljóp í sína holu, ok flýðu brott af auglitu Landres.

14. Svá sem Landres hafði náð sögðum potti ok handklæði, þá vissi hann görla hvat hann skyldi at hafast. Settist hann þá niðr¹⁰ ok lagði fram fyrir sik handklæðit; [allr sá matr¹¹ er hann vildi hafa ok hann til lysti var honum¹² til reiðu á því handklæði. svá ok eigi síðr [allr sá drykkir er¹³ hann vildi hafa var honum til reiðu í þeim potti. Þikkist hann nú hafa vel sýst¹⁴ ok er harðla glaðr í hjartanu. Ok er hann er vel mettr ok drykkjaðr, brýtr hann saman handklæðit sem bezt ok knýtir í skyrtublaði sínu, en pottinn bindr hann undir beltí sér, fyrir því at hann man hans optar þurfa. Ok er hann ætlaði brott at ganga, kómu út af sínu inni tveir dvergar ok æptu á hann: Heyrðu Landres, fagr maðr ok vitr, gef oss aptr handklæði vart ok pott, fyrir því at þú ert nú fullvel mettr ok drykkjaðr. Nei, segir Landres, [viti guð,¹⁵ at þér fáit hvárki af mér þetta handklæði né pott, ef ek má ráða. Þá segir annarr dverggrinn til annars: Ljúfi bróðir, segir hann, látum hann fara veg sinn, því at ek hefir enn önnur 2 handklæði ok aðra tvá potta. En ek veit, segir dverggrinn, at hann kemr skjótt til þeirrar

1) vísa þú b. 2) [mgl. b. 3) einn tilf. b. 4) [í augu b. 5) [við þar b. 6) undan trénu b. 7) beiða b. 8) [mgl. b. 9) [mgl. b. 10) á völlinn tilf. b. 11) [saal. b; allan þann mat B. 12) saal. b: hann B. 13) [saal. b; allan þann drykk sem B. 14) sýslat b. 15) [guð veit b.

ljúfastu konu er nökkurn tíma var fœdd. Hver er sú? sagði annarr dvergr. Hon heitir frú Olif, segir hann, þin tryggasta kona ok er móðir Landres. Ok er sveinninn heyrði þetta nafn, vissi hann er hann vóx upp heima móður sína svá nefnda, en þat vissi hann aldri,¹ at hon sæti í styrkri² myrkvastofu. Landres mælti þá: Þér er kunnigt Jesu Kriste, at ek vissi þat eigi fyrr, at mín móðir [væri svá nauðugliga stödd, at hon [væri í nökkurri³ myrkvastofu. Nú biðr ek þik, dróttinn minn, sakir þíns heilaga nafns, at þú vísir mér til hennar í dag ok til þess sama húss, er hon er í⁴ sett. Landres gengr nú or þeim stað ok í þann mikla skóg, válkast þar nú aprt ok fram. Hann kom þar niðr⁵ um síðir, sem hann leit einn myrkvann stað ok þar finnr hann eitt hús af steini gört ok lími, slíkt sá hann aldri fyrr jafumyrkt.⁶ Hann gengr umhverfis húsit ok hygggr görla at ok finnr engar dyrr á því, svá var þat sterkliga aprt byrgt. Hann sér at hér er ekki opit á utan einn lítill glugggr,⁷ hann sér í þessum sama glugg síja einn lítinn fugl ok syngja harðla fagrt, svá at lysti á at heyra. Þetta hafði verit öll hennar gleði [er hon hafði haft,⁸ síðan hon var sett í þetta hús. Landres bendir nú boga sinn ok ætlar at slá fuglinn. Hann skýtr inn í glugginn, er á var húsinu, ok kom á brjóst móður hans kólfrinn svá hart, at hon kvað við ok æpti: [Jesus Kristr miskunna mér, segir hon,⁹ eðr hverr er þessi er mik skær svá sárliga, at aldri fékk ek slíkt skot. Ofhengi hefir ek nú verit í þessum skógi, at¹⁰ maðr skal hafa mik fyrir skotspán, ok skýtr at mér með boga ok kólfi. Ok er Landres heyrði þessi orð, mælti hann til hennar: Hvat manna¹¹ ertu, er hér liggir inni? Þú mant lifa hér við lítinn mat [þæði fœðslu ok drykkjar.¹² En ef þú ert kominn af nökkurri góðri ætt, þá kasta út kólfi mínum. Ok þá mælti frúin: Ek biðr at þú segir mér fyrir þína kurteisi, hverr þú ert eðr hveðrar ættar, ok ef þu segir mér,¹³ þá vil ek senda þér út kólfinn. Landres mælti þá: Þú biðr mik fyrir kurteisis sakir¹⁴ segja þér hvaðan ek er, en ek vil¹⁵ því eigi leyna. Ek er af húsi hertogans Hugons, er á dalinn Munon, ok af hans herskap flýða ek hingat. Ljúfi maðr, segir frúin, ef þú ert af þess hertoga húsi, þá bið ek, at þú segir mér, ef son hans lifir, sá er Landres heitir, ok at þú heilsir hann¹⁶ fullkomliga af minni hálfu, því at hann er minn eiginn son, ok seg honum, ef ek mætti jafuvel frjáls vera ok liðug ganga sem hann, skyldag¹⁷ sjá hann með mínum augum. Þá segir Landres: Svá vil ek vera utan allra

¹) eigi b. ²) mgl. b. ³) [sæti í b. ⁴) inn b. ⁵) fram b. ⁶) saal. b; jammikit B. ⁷) ok tilf. b. ⁸) [mgl. b. ⁹) [ok mælti: Jesus Kristr miskunna þú mér b. ¹⁰) er b. ¹¹) manni b. ¹²) [ok drykk b. ¹³) þat tilf. b. ¹⁴) at tilf. b. ¹⁵) þik tilf. b. ¹⁶) honum b. ¹⁷) skyldi ek b.

skemda, at ek vil eigi mínu nafni leyna fyrir þér. Menn kalla mik Landres son Hugons konungs. Frúin mælti: Fullvel mætta ek kenna þik, ef þú værir minn son, fyrir því at þá er mér var hér inn kastat, var lamit brúnarbein hans¹ af hinum vanda Miloni. Ok svá sem Landres heyrði þetta, [ok skildi at hon² var hans móðir, er þar var inni í þessu húsi, hugsar hann um hvat hann skal til taka eðr hversu hann skyldi³ henni þaðan í brott koma; því at hann hafði hvárki járn né sleggju eðr þau önnur tól, at steinsmíði mætti fyrirkoma. Hann gengr þá út, í skóginn ok leitast um, ef hann mætti finna þat tré er linore⁴ kallast, en þat er svá hart sem [hit hardasta járn.⁵ Gengr hann nú í einn myrkvan stað ok finnr skjótt þetta sama tré ok gerir þat til feginðsamliga með sínum knífi, gengr síðan aptr til hússins er móðir hans sat í, ræðr þegar til ok þakkar sem hann getr fastast vegginn, þar til er hann kemr or einum steini,⁶ ok síðan hvern⁷ eptir annan, þar til at hann gat sét móður sína ok í nóg var ljóst í myrkvastofunni. Ok nú er hann vildi inn ganga, sér hann marga orma ok pöddur ok önnur eitrkykvendi í húsínu hjá móður sinni, at⁸ hann þorði at síðr inn at ganga, at hann [þorði varla⁹ sjá sína móður sakir þessarra eitrkykvenda, er umhverfis hana lágu. Hon mælti þá til Landres: Ljúfi son, ver ekki¹⁰ hræddr fyrir þessum eitrkykvendum, [þau vilja¹¹ þér engan skaða gera, [því at þessir ormar er hér eru, bæði langir ok smáir,¹² ok önnur eitrkykvendi er hingat váru til mín send mér til skaða, þá er ek var í þetta hús sett,¹³ nú [skaltu vita¹⁴ fyrir víst, at guð hefir veitt mér svá mikla miskunn [af þessum kvikendum, at um daga hafa þau¹⁵ kropit út í gras sér at mat, en um nætr hafa þau lagzt umhverfis mik ok hulit¹⁶ minn líkama frá öllum kulda, ok ef þessir ormar hefði hér eigi verit, munda ek fyrir löngu dauð. Dróttningin stóð þá upp ok gengr til sonar síns ok kyssir hann ok mælti: Landres, segir hon. vel ertu kominn minn¹⁷ son; hvat hefir þú hér gört í þessum¹⁸ skógi, er þú ferr svá einnsaman utan [nökkurs sveins.¹⁹ Landres svarar: Mín kæra móðir, ek vil eigi leyna þik, hvat því veldr. Faðir minn hefir útlægt mik af sinni auglýn, ok því þorig²⁰ eigi þar at vera. Frúin mælti: Ljúfi son, segir hon, gjarna vilda ek nú fá mat²¹ ok drykk, ef til væri. Mín kæra móðir, segir hann, þat má ek²² með guðs lofi veita þér, því at ek gat

¹) *mgl. b.* ²) [skildi hann at þessi *b.* ³) mætti *b.* ⁴) *livore b.* ⁵) [stál *b.* ⁶) *steininum b.* ⁷) *hverjum b.* ⁸) *mgl. b.* ⁹) [treysti varla at *b.* ¹⁰) eigi *b.* ¹¹) [þvíat þau munu *b.* ¹²) *rett. f. smare B.* ¹³) [ok þá er ek var í þetta hús sett, váru þau hingat send mér til meins *b.* ¹⁴) [vit þat *b.* ¹⁵) [at þessi kvikindi hafa um daga *b.* ¹⁶) varðveitt *b.* ¹⁷) eigin *tilf. b.* ¹⁸) þykka *tilf. b.* ¹⁹) [nökkurn svein *b.* ²⁰) þorir ek *b.* ²¹) vist *b.* ²²) nú *tilf. b.*

fengit í dag af dvergum nökkurum eitt handklæði ok þar meðr einn pott, er yðr skal¹ fullvel fæða. Leggr hann þá fram handklæðit ok svá pottinn fyrir sína móður frú Olif, ok² allra handa kostur meðr vænasta drykk [var þar³ til reiðu, ok harðla sœmiliga matgört. Ok er frúin var vel mett ok drykkjuð, talar hon við Landres son sinn: Nú vantar mik klæði, sonr minn, segir hon. Móðir mín, segir hann, ek skal fá þér minn kyrtill ok syrkot, ok öll mín klæði önnur vil ek þér fá nema skyrtu ok [svá brækr,⁴ þat skal ek eptir hafa. Megi þér hér af gera yðr klæði, ok fá betri [þá er⁵ guð vill. Ok er⁶ frúin hafði meðr tekit⁷ nefndum klæðum, þá mælti hon: Sonr minn, segir hon,⁸ lifir Siliven þín fóstur? Já, guð veit, [segir hann,⁹ hon lifir vist ok hefir gört mér margt gott, ok hjá henni hefir ek verit um mörg ár. Minn góði son, segir frúin, far nú aptr sem tíðast til þinnar fósturmóður ok heilsa hana sem best minna vegna, ok seg henni at ek [em lifandi¹⁰ ok bið hana kenna þér [nökkur góð¹¹ ráð af¹² þessi álygi, er vér erum í stödd. En ek man [hér við hafast,¹³ meðan þú ferr sem verða má. Gjarna vil ek, segir Landres, alt þat gera eptir yðrum vilja. Hann leggr nú eptir hjá móður sinni hvártveggja handklæði ok pott, ok bað hana vel lifa. Síðan tekr hann boga sinn ok gengr brot ok léttir eigi fyrr en hann kemr aptr til sinnar fósturmóður, heilsar henni¹⁴ þegar með blíðum orðum. Ok er hon sá hann, varð hon harla fegin ok glöð við hans kvámu, ok þá mælti Landres: Olif mín sœta móðir bað mik heilsa þik mikiliga af sinni hálfu, svá bað hon ok at þú skyldir nökkut ráð á leggja, at hon mætti frelsast af þeirri ljótu lygi, er hon hefir fyrir vordit, ok at þat¹⁵ mætti af þvást um síðir. Kæri fósturson, segir hon, þegi þú skjótt, ok ger þik eigi galinn, svá má ek heil vera, at þú minnir mik á þá sorg, sem ek hefir mesta beðit á mínum lífdögum, fyrir því at fyrir mörgum árum var hon dauð. Fósturmóðir, segir Landres, ek segir þér með sannendum, at hon lifir ok er heil, en ef þú trúir mér eigi, far ok sjá hana með þínum augum. Fósturson minn, segir Siliven, af því at þú segir þetta með svá miklum sannindum, þá vil ek trúa þér,¹⁶ ok ek skal góð ráð á leggja¹⁷ sem framast kann ek.

15. Nú skaltu búa þína ferð sem skjótast til Karlamagnúsar¹⁸ konungs móðurbróður þíns, því at nú er dauðr¹⁹ Pippin konungur móðurfaðir þinn, ok létt nú eigi fyrr en þú finnr Karlamagnús, ok seg honum at þín móðir frú Olif lifir ok þú hefir hana fundit, seg

1) kann b. 2) var þá tilf. b. 3) [þar þegar b. 4) [linbrækr b. 5) [þegar b. 6) saal. b; ef B. 7) tilf. b. 8) hvárt tilf. b. 9) [tilf. b. 10) [líti b. 11) [nökkut gott b. 12) móti b. 13) [saal. b; hefast B. 14) hana b. 15) tilf. b. 16) því b. 17) með þér tilf. b. 18) Karlam. b. 19) andaðr b.

honum ok grein á öllu hvat fram hefir farit síðan. Ek skal gefa þér eitt fagrt ers, þar til¹ góð klæði ok góð² vápn, at þú megir þitt erendi gera vel ok skjótt. Ok sem Landres er búinn, tekr hann sitt ers ok biðr vel lifa fósturmóður sína, ok ríðr þar til er hann kemr í einn villiskóg syngjandi ok gleðjandi sik mikiliga. Ok er hann kom fram á eitt fagrt láð hjá einu stöðuvatni, sér hann [fram fyrir sik³ sitja einn pílagrím, ok sýnist honum [at vera líkr Jórsalafara,⁴ því at palmr⁵ hans lá þar hjá honum. Pílagrímur sjá mataðist, ok er Landres kom fram at honum, mælti pílagrímurinn: Fagr sveinn, sagði hann, stíg niðr af þínu ersi ok sit hjá mér, ok snæðum báðir samt, en ers þitt má vel bíta meðan. Landres hugði alt þetta prettalaust⁶ ok sté niðr af sínu ersi ok settist hjá pílagrímnum sakir þess at hann var ekki⁷ mettr ok þó lystugr.⁸ Nú er Landres skyldi til matar tåka,⁹ var þessi pílagrímur allr í brott af hans auglýn, svá¹⁰ allr matrinn ok hans góða ers, er þar hafði staðit hjá honum. Eigi síðr var¹¹ í brottu öll hans klæði, ok svá nökr sat hann eptir á vellinum sem móðir bar hann í heiminn. Þá mælti Landres: Nú hefir mik þá mestu skömm hent, sem nökkuru tíma hefir [mann hent,¹² ok ef nú kæmi til mín einn vændismaðr ok hefði lurk í hendi, [hann mætti¹³ reka mik um alt land, fyrir því at ek hefir engi¹⁴ klæði né vápn. Nú meðr¹⁵ því at Landres hafði lítit til at taka, þá sneri hann aptr til fósturmóður sinnar, því at þar af hafði hann jafnan huggan fengit. Hann [stendr þá upp ok snýr aptr ok kemr heim¹⁶ til hennar nú nökkviðr. en áðr hafði hann ríðit brott scemiliga klæddr ok á fögrum hesti. Ok er hann ferr at garði, sitr Siliven úti í dyrum¹⁷ ok sér Landres kominn sinn fósterson. Hon talar til hans: Gef þér ekki um, fóstri minn, því ek veit þetta miklu gör en þú, hverr þik hefir gabbat. ok svá alla atburði.¹⁸ Nú bið ek¹⁹ þik eins hlutar ok haf þat jafnan í þínu minni, lát aldri vin þinn eðr frænda, ef þér þikkir hann góðr, fastandi frá þér fara, [fyrir því þat má þik eigi gabba þá.²⁰ En þessi fýla er þik gabbaði²¹ var þín stjúpmodir, sú er [í nóg kann mart²² í kyndugskap, gefi guð henni skömm. Nú vil ek gefa þér eitt ers gott, þat sem þér skal vel duga í allar þrautir, ok þar með góð klæði ok góð vápn, sverð at gyrða þik meðr. er Mímungur heitir, en ersit heitir Klemingur. Nú ef þú ríðr á stræti eðr annan veg, ok

1) með *b.* 2) scemilig *b.* 3) [mgl. *b.* 4) [hann vera Jórsalafari *b.* 5) *saal. b.* palmar *B.* 6) vera *tilf. b.* 7) eigi *b.* 8) matlystugr *b.* 9) fara *b.* 10) ok *tilf. b.* 11) váru ok *b.* 12) [maðr fengit *b.* 13) [þá mætti hann *b.* 14) hvárki *b.* 15) fyrir *b.* 16) [kemr *b.* 17) durum *b.* 18) þar um *tilf. b.* 19) *tilf. b.* 20) [því at þá má hann eigi fyrir þat gabba *b.* 21) dáraði *b.* 22) [kann nógu margt *b.*

vill nökkurr léttr maðr [við þik tala eðr¹ þik dvelja, þá tak í beisl þitt ok snú ersi þínu, svá at þú megir sjá hvat² kyndugum meistaramanni [þat man vera,³ ok ef ers vill gnaga beislit fast með sínum tönnum, gá þess sem bezt, ok lát þat hlaupa sem vill, en drag sverðit or skálpinum, ok ef sú vanda vættr sér þat, sú er þér vill mein gera, [allr hennar kraptr man⁴ at engu verða. Nú tekr Landres með því góða ersi ok þeim fögrum klæðum, er fóstra hans gaf honum, ok ríðr brott annat sinn harla glaðr. Hann kemr um síðir fram á einn mó, þar var⁵ eitt djúpt vatn, hann⁶ sér standa eina kirkju lítla hjá þessu vatni ok kór fagran af görfan, einn gamall karl gengr út af kirkju á móti honum í svörtum slagningi. Hann mælti til Landres: Viltu taka af ersi þínu ok létta þér svá at ganga í kirkju ok hafa⁷ messu, ekki man þér at verr⁸ til takast um þína ferð. Sem Landres hafði heyrt orð þess gamla manns, tekr hann í beisl sitt ok hleypr fram at kirkju sem hann gat mest, ok er hann hugðist at kirkju kominn á sínu góða ersi, var hann kominn heldr fram í einn stríðan straum ok djúpan, svá at þaðan hefði hann aldri til lands komizt, ef eigi hefði hans ers svá sterkt ok frækít verit. Ok er hann kom á land, er horfin kirkja ok svá karlinn, ok ekki sá hann þar þá utan sléttan völl. Hann ríðr nú brott þaðan ok kemr um síðir á fagra völlu, hann mætir flokki riddara ok finnr þar fagra skjöldu lagða niðr á völlinn. Riddararnir buðu honum⁹ þar at vera, en þeir riðu at honum or öllum áttum, sumir fóru at honum austan,¹⁰ sumir vestan, sumir norðan, ok um síðir kom einn gamall karl móti honum, ok var hann í svörtum búningi. Hann sat á hesti svörtum ok öll hans vápn váru svört, hann bar í sinni hendi eitt digrt tré ok langt. Sá gamli karl mælti til Landres: Svá séðu heill, turna þínu ersi til mín¹¹ ok halt eitt dust¹² með¹³ mik, þá mantu¹⁴ reyna hverr reystimaðr þú mant verða eptir okkart viðskipti.¹⁵ Landres tekr nú þegar í sitt beisl ok snýr sínu ersi at þeim gamla karli at sjá hvat [kyndugum meistaramanni¹⁶ hann væri. Ersit tekr nú þegar tönnum beislit, hleypr sem skjótast at karlinum gamla;¹⁷ því at þessi skrœfa var yfrit klók ok kunni hólzti¹⁸ mart, bregðst hon or þeirri mannligri líkneskju, er áðr var hon í, ok varð nú at einum digrum ormi, ok hafði svá ætlat at drepa Landres. En¹⁹ því at hans ers var svá gamalt í sínum vitrleik, ok guð hafði sent honum þat til hjálpar móti þessum görningum, steddjar ersit sem fastast á

1) [mgl. b. 2) saal. b; hvar B. 3) [sjá er b. 4) [þá mun(n) allir hennar kraptr b. 5) saal. b; fra B. 6) saal. b; hjá B. 7) hlýða b. 8) tilf. b. 9) allir tilf. b. 10) saal. b; utan B. 11) saal. b; þín B. 12) dyst b. 13) við b. 14) máttu b. 15) tilf. b. 16) [saal. b; kyndugr meistari at B. 17) ok af tilf. b. 18) hellzti b. 19) af tilf. b.

orminn ok lemr í sundr öll hans bein með sínum fótum. Ok þá hafði þessi bannsetta kona ekki annat efni en heim at krjúpa vesaliga, sem [verðugt var,¹ til sinna herbergja, ok² þá kallar hon á Milon föður sinn ok Malalandres son sinn ok mælti við þá: Ek hefir at segja ykkur mikil tíðendi ok ill, því at ek er svívirðliga³ leikin af Landresi, sem nú megi þit⁴ sjá, ok mikit ilt man hann oss gera öllum, ok hugsa um þat faðir, at þú megir halda lífinu, því at Landres er nú farinn at finna Karlamagnús konung frænda⁵ sinn ok alla sína beztu frændr, af⁶ því gerum ráð⁷ at hann verði drepinn⁸ þá er hann vitjar hingat, ok gangit báðir móti honum á stræti ok látit hann eigi fram komast. Gakk þú faðir þá framan at honum ok halt beislinu fast, ok lát sem þú vilir tala við hann, en Malalandres gangi at aptan ok höggi⁹ svá snart, at Landres standi aldri síðan upp. Látum nu þessar skræfur með talast þat er þeim líkar, en víkjum til Landres þar sem hann gerir sín erendi.

16. Nú ríðr Landres þar til er hann finnr Karlamagnús konung móðurbróður¹⁰ sinn, ok tekr konungrinn sœmiliga við honum. Segir Landres frænda sínum Karlamagnúsi öll sín erendi. En hann kallar til sín marga góða menn ok mikils háttar, birtandi þeim þau tíðendi, sem Landres frændi hans hafði honum flutt,¹¹ at frú Olif lifir. Ok er menn heyrðu þetta, þökkudu þeir mikiliga guði sína heilaga miskunn, ok báðu nú konunginn gott ráð á leggja með sínum frænda. Karlamagnús konungr játtaði því ok mælti svá: Landres frændi minn man eiga¹² litla dvöl hjá oss at sinni ok skal ríða snemma í morgin heim til föður síns ok birta honum mína þarkvámu. en vær skolum ríða litlu síðar allir samt til [Hugons konungs.¹³ Þegar um morgininn er ljóst var, stóð Landres upp ok klæddist ok bjóst til brottreiðar. Ok þegar hann var mettr ok búinn at öllu tekr hann orlof af Karlamagnúsi keisara, þiggjandi af honum sœmiligar gjafar. Stfgr hann síðan upp á sitt góða ers ok ríðr brott af gardinum, margir sœmiligir menn fylgdu honum í veg ok skildust svá með hann. En Landres ríðr nú sem fljótast má hann ok léttir eigi fyrr en hann kemr heim í staðinn, þar at ríðandi sem þeir standa fyrir frændr Milon ok Malalandres á stræti. Ok er Landres kom at þeim, gengr Milon trúðr at honum ok tekr í beisl hans ok segist vilja tala með hann, en Malalandres gengr at aptan með hvössu sverði ok ætlar at höggva hann. Nú var sem fyrr, at þat góða ers, er guð hafði sent honum, hóf upp sína báða foetr eptri ok sló Malalandres

1) [var þó langt b. 2) er hon kom heim tilf. b. 3) svá sárliga b. 4) saal. b: þér B. 5) móðurbróður sinn b. 6) ok b. 7) um tilf. b. 8) tilf. b. 9) höggvi b. 10) frænda b. 11) sagt b. 12) hér tilf. b. 13) [mágs míns b.

svá hart í hans höfuð, at haussinn brotnaði, en heilinn or hans höfði lá á fótum ersins. Ok er Milon sá þetta, lét hann laust heislit, ok varð svá hræddr, at hann hljóp¹ í sín herbergi. En Landres eptir þessa atburði hleypir fram eptir strætinu ok mætir þar næst sinui stjúpmóður, hefir² upp sverðit ok slær af henni höfuðit, ok mælti: Guð veit, segir hann, at aldri optar skaltu mik svíkja.

17. Karlamagnús keisari kemr nú³ meðr sinn skara. Heilsar Landres konunginum sœmiliga ok ganga síðan til hallarinnar, ok þar mætir Karlamagnús Hugon mági sínum með nökkurum riddarum. Ok er þeir fundust, heilsar hvárr öðrum blíðliga ok bauð Hugon hertogi Karlamagnúsi þar dveljast svá lengi sem honum gott þætti, géngu nú síðan inn í höllina báðir samt með sínum mönnum. Ok svá sem þeir váru inn komnir, fundu þeir þar sitjandi Milon trúð á einum stóli á hallargóllinu, ok þegar hann sá Landres, kallar hann hárrí röddu ok mælti: Miskunna mér Landres ok drep mik eigi í guðs nafni ok frú sanete Marie. Þá mælti Landres: Milon, segir hann, ek játtar þat guði, at þú skalt grið hafa fyrir mér ok öllum öðrum daglangt. En þat vil ek, at þú segir at⁴ öllum áheyrandum, hversu til hefir borit um þá miklu álygi, er mín móðir hefir af þér fengit, eðr⁵ hversu þat byrjaðist í fyrstu. Ok þá gáfu allir menn hljóð í höllinni, ok⁶ Milon hóf upp sanna sögu ok sagði alt. [svá sem⁷ farit, hafði í fyrstu, hversu hann vildi lokka dróttningu til saurlifnaðar við sik, ok hver andsvör hon gaf þar í mót; því næst frá því at⁸ hann sveik hana í drykk, ok þá hversu hann lagði blámanninn í sæng hjá henni. Ok er hann hafði upptalt allan sinn vándskap, þann er sá leiðr svikari hafði gört við dróttninguna, þá bað Karlamagnús alla þá menn er inni váru um þat dœma, hvat við þenna vanda svikara skyldi gera. Sumir báðu brenna hann, sumir heugja, sumir hálshöggva, sumir báðu at hann væri dreginn kvíkr í sundr, en allir samþykktu þat at hann skyldi hinn versta dauða þola, er finnast mætti. Þá mælti Landres: Góðir herrar, ek vil at Milon hafi engan þenna dauðdaga er þér hafit enn um rætt, hvárki af mér né öðrum mönnum, heldr vil ek at hann hafi þann sama dóm, er hann gaf minni móður, ok skal flytja hann í [þá sömu myrkvastofu⁹ er mín móðir hefir í setit, er honum gott eðr ilt, í þá sömu¹⁰ skal hann fara ok þar sitja sjau vetr eðr betr, ef hann man¹¹ svá lengi lifa, síðan skal hann festa upp á gálga. Ok þetta samþykktu allir, er inni váru. Var nú¹² Milon leiddr í hörð járn ok færðr síðan til [myrkvastofu þeirrar er var 12 mílur brott frá staðnum,¹² ok er þeir

¹) heim tilf. b. ²) hefir b. ³) ríðandi tilf. b. ⁴) fyrir b. ⁵) ok b. ⁶) en b.

⁷) [hve b. ⁸) er b. ⁹) [þat sama hús b. ¹⁰) myrkvastofu tilf. b. ¹¹) má b.

¹²) [myrkvastofunnar b.

koma þar, finna þeir [þar hina tryggva¹ konu frú Olif, svá vel hafða² sem þann³ tíma er hon kom þar edr betr. Þeir taka nú þá hina [tryggva konu⁴ dróttning Olif vel ok sœmiliga, ok þökkudu guði mikiliga sem vert var, at þeir máttu finna hana heila ok úskadda⁵ fyrir svá mörgum eitrykvendum sem þar váru. Þeir tóku þá Milun trúð ok setja hann í myrkvastofu ok byrgja síðan aprt sem fastast. Ok áðr þeir⁶ fóru í brott frá myrkvastofunni, heyrðu þeir Milon œpa hörmuliga ok segja, at þá lögðu⁷ eitrykvendin at honum ok átu hold hans niðr at beini, ok lýkr þar nú frá Miloni at segja.

18. Þeir taka nú þá tryggu dróttningu ok fœra hana heim með mikilli gleði til konungs herbergja þess er hennar⁸ fékk í fyrstu meyar. Ok er frúin kom í garðinn, gengr konungr sjálfr móti henni ok allir hans menn meðr mikilli blíðu, ok er þau frúin ok konungr fundust, mælti hann:⁹ Olif, segir kann, svá feginn verðr ek þér, sem ek mætti þá verða, er guð sjálfr kæmi, ok mikiliga eigu mið honum at þakka, at hann hefir okkr leyst or þvílkum vanda, því at eigi munu dæmi til finnast, at svá hafi mönnum verit fyrr gört sem okkr báðum. Ok þá svarar frúin: Lof sé guði allsvöldugum,¹⁰ at hann hefir mik leyst. En eigi fór yðr þat herraliga, at þér trúðut framar svikaranum en mér, ok [hefði dróttinn minn eigi framar sýnt mér¹¹ miskunn en þú, væra ek löngu dauð, hefir nú ok Landres son minn með guðs vilja rekit minna harma. Nú vil ek, at [þat viti¹² herra Karlamagnús minn kæri bróðir ok minn ljúfi son Landres ok allir aðrir, þeir sem heyra mitt mál, at ek ætlar at ráðast í klaustr ok þjóna þar guði, meðan ek lifir, ok launa [þar guði þat¹³ frelsi sem hann hefir mér gefit af þeirri lygi.¹⁴ sem á mik var login, gera¹⁵ slíkar ölmusur sem guð skýtr mér í hug. Fór þat ok svá til, at frú Olif gékk í nunnuklaustr ok endaði þar fagrlega sína æfi. En Karlamagnús konungr fór heim í sitt ríki með sœmd ok sóma gœdd góðum gjöfum. En Hugon konungr andaðist litlu síðar, ok tók Landres ríki eptir hann ok stýrði vel ok lengi ok þótti ágætasti höfðingi, ok lýkr hér nú þessarri frásögu¹⁶ [meðr þeim formála, at Jesus Krístr signi þanu er skrifaði ok svá þann er sagði ok alla þá sem heyrðu ok sjá ok gaman vilja sér hér af fá.¹⁷

1) [þá hina tryggva b. 2) til reika b. 3) fyrstan b. 4) [tryggva b. 5) úsakaða b. 6) menn b. 7) lögðust b. 8) saal. b: ha R. 9) svá til hennar tilf. b. 10) allsmektugum b. 11) [ef dróttinn minn hefði eigi sýnt mér meiri b. 12) [þér viti b. 13) [honum svá fyrir b. 14) álygi b. 15) ok tilf. b. 16) frásögn b. 17) [mgl. b.

DRÖÐI PARTR KARLAMAGNUS SÖGU AF ODDGEIRI DANSKA.



Hú skal segja nökkura stund frá viðskiptum þeirra Karl-
amagnús konungs ok Oddgeirs danska.¹ Jofrey faðir Odd-
geirs danska var [óvinsæll við Karlamagnús konung,²
fyrir því at hann hafði opt bundit sætt við hann ok hverru
tíma rofit; en [it síðasta sinn³ kom þat í sættargerð þeirra,⁴
at Karlamagnús konungr skyldi hafa Oddgeir son hans í gisl-
ingu.⁵ En Jofrey hafði litla ást á syni sínum fyrir sakir
[stjúpmóður hans, ok játti hann af því blíðliga.⁶ En jafn-
skjótt sem Oddgeir var í brott fariun, lét faðir hans taka
menn Karlamagnús konungs ok drepa⁷ suma en suma hengja, ok
alt þat sem hann mátti Karlamagnúsi konungi til skemdar gera,
[þá gerði hann.⁸

2. Nú stóð Karlamagnús konungr upp⁹ einn morgun ok gékk
til kirkju ins helga Ordines¹⁰ ok hlýðir messu. En síðan gékk hann
í [kastala sinn¹¹ ok lét kalla til sín Oddgeir danska ok Guenelun¹²
gæzlumann hans [ok alla ina ríkustu menn sína.¹³ Síðan mælti hann
við Oddgeir: Jlla hefir¹⁴ faðir þinn¹⁵ gört við mik ok við menn
mína; nú skalt þú þess gjalda, bæði láta hendr ok fœtr ok alla
limu þína. Oddgeir svaraði:¹⁶ Með guðs vilja ok [þínum þá muntu
betr gera en nú er heitið, fyrir því at þú veizt at þér¹⁷ er lítilræði

1) *A tilf. her:* Oddgeir átti son er Baldvini hét, þann mann er vænstr
hefir verit á öllu Fraklandi ok vinsælastr á meðan hann lifði: *hvilket*
mgl. i B og b. 2) [hinn mesti úvin Karlamagnús *B, b.* 3) [at síðarstu
B, b. 4) á milli *tilf. B, b.* 5) gisling *B, b.* 6) [konu sinnar stjúpmóður
Oddgeirs, ok játtaði af því blíðliga, at son hans sæti í gislingunni *B, b.*
7) höggva *B, b.* 8) [*tilf. B, b.* 9) snemma *tilf. B, b.* 10) Andomari
B, b. 11) [sína málstofu með sínum vildarmönnum *B, b.* 12) Guin. *B;*
Gilimer *b.* 13) [*mgl. B, b.* 14) Jeofreyr *tilf. B.* 15) enn *tilf. B, b.*
16) máli konungs *tilf. B, b.* 17) [yðrum herradómi munu þér betr gera
en þér heitið nú, fyrir því at yðr *B, b.*

í at spilla mér. En faðir minn sendi mik því í þessa gisling, at hann hefir litla ást á mér, ok er þat alt [fyrir sakir Belisent¹ stjúpmóður minnar. En síðan hét Oddgeir á göfugmenni konungs sér til liðveizlu,² ok biðr þá árna sér gríða ok líknar³ af konungi. En þeir játtuðu⁴ því blíðliga, ok féllu á þeirri stundu tólf jarlar [til fóta konungi⁵ ok báðu allir Oddgeiri miskunnar.⁶ En konungr [sór við skegg sitt,⁷ þótt alt veraldar gull væri á mót⁸ boðit, þá [skyldi hann eigi gríð fá.⁹

3. Á þeirri stundu kómu inn farandi¹⁰ tveir riddarar vænir ok harðligir, þeir váru sendimenn¹¹ af Rómaborg. En konungr kendi þá þegar ok heilsaði þeim ok spurði þá tíðenda. En þeir sögðu¹² mörg ok mikil: Ammiral konungr af Babilon hefir sezt í Rómaborg, segja þeir, ok engi er sú¹³ höfuðkirkja né kapella, at eigi [hafi hann niðr látit brjóta.¹⁴ Við þessa tíðendasögn úgladdist mjök Karlamagnús konungr ok kallar til sín jarla tvá, Sölmund ok Reiner¹⁵ ok fékk Oddgeir danska þeim í hendr til varðveizlu, ok bað þá fara til Rómaborgar at stefna saman göfugmenni,¹⁶ ok reisa upp stóra stólpa á hinu hæsta fjalli er þar væri, ok skal þar við hengja Oddgeir, ok svarði¹⁷ við hinn helga Dionisium lávarð sinn, at [hann skyldi vara annan við at forgisla son sinn.¹⁸

4. Eptir þetta [lét Karlamagnús konungr bera fram innsigli sín ok gera rit ok jartegnir¹⁹ um öll þau fylki. frá borgarliði því er Orient heitir ok til Kormilie,²⁰ ok frá Mundufjalli til [borgar þeirrar er Leutiza heitir, svá mælandi:²¹ Siti engi maðr [eptir sá²² er vápnnum má valda, hvárki ungr né gamall. En þá er þetta lið var komit alt til Parísar á fund Karlamagnús konungs, ok svá búit at vápnnum sem [til bardaga væri: Karlamagnús konungr fann þar Elon inn bæverska. hann var af landi því er Nautol hét, ok jarl Simon ok²³ 20 þásundir hermanna; þá spurði Karlamagnús konungr hvárt þeir vildi verða honum at liði eða eigi. En þeir mæltu²⁴ sem eins manns munn. ok kváðust allir honum liðveizlu veita skyldu ok sögðust ok aldri honum bregðast skyldu: því at vér erum þínir menn allir.

1) [sakir öfundar ok illra orða Belisentar *B. b.* 2) dugnaðar *B. b.* 3) miskunnar *B. b.* 4) honum *tílf. B. b.* 5) [fram fyrir Karlamagnús (konunginn *b*) *B. b.* 6) friðar *B. b.* 7) [vann eið *B. b.* 8) honum *tílf. b.* 9) [féngi hann eigi gríð því heldr *B. b.* 10) fyrir konunginn *tílf. B. b.* 11) sendir *B. b.* 12) kváðust segja *B. b.* 13) sá staðr *B. b.* 14) [sé niðr brotin *B. b.* 15) Remund *B. b.* 16) múg ok margmenni *B. b.* 17) sór *B. b.* 18) [svá skyldi hann leiða öðrum at forgisla sina sonu *B. b.* 19) [váru bréf gör ok innsigluð ok send *B. b.* 20) Kormialr *B; Konniale b.* 21) [hinnar miklu borgar er Letiza heitir, ok *B. b.* 22) [sá heima *B. b.* 23) [þá skyldi þegar til bardaga búast. Þá var þar kominn Elon konungr hinn beverski er réð landi því er Navtes er kallað ok Simon jarl meðr *B. b.* 24) allir *tílf. B. b.*

En síðan létu¹ þeir út af Paris úvígjan her,² ok tóku eigi fyrr náttstað en í borg þeirri er Losena³ heitir, þessum megin Mundíufjalls. Þar tók Karlamagnús konungr. náttstað með 20 þúsundir hermanna, en lið hans dreifðist víða um landit ok gerði sér herbúðir ok laufskála.

5. Þá hugði konungr at fjallinu, ok þótti honum [ógurligt yfirfarar fyrir⁴ sakir bjarga ok háleika, frosts snæfa⁵ ok jökla. Síðan kallaði hann á guð himneskan ok mælti svá: Faðir dýrðar, [ertu ey ok ey⁶ vart ok vera munt, hjálp þú mér⁷ at ek mega komast yfir fjall þetta, [er ek em svá hugsjúkr um.⁸ En guð heyrði bæn hans ok vissi [hvat hann þurfti,⁹ ok sendi honum skjótt mikla hjálp ok góðan leiðtoga. Í miðjan herinn kom hlaupandi¹⁰ einn hjörtr hvítr sem snjár,¹¹ ok hafði fjóra¹² geisla á höfði sér at augsjánda¹³ öllum herinum; en síðan rann hann í fjallit upp. En Karlamagnús konungr vissi þegar, at [þeim mundi þat til hjálpar sent. Lét konungr þegar¹⁴ taka upp landtjöld sín ok búðir, lét ok klyfja hesta sína ok múla, ok bjuggust þá til ferðar¹⁵ yfir fjallit. Síðan fóru þeir um fjallit 6 daga alla samfasta,¹⁶ ok týndu hvárki hestum né múlum, skjaldsveinum né embættismönnum,¹⁷ ok er eigi náttstaðar¹⁸ þeirra fyrr getið en¹⁹ fyrir sunnan fjallit.

6. Nú hefir Karlamagnús konungr látit slá landtjöldum sínum, ok alt lið hans, ok drakk²⁰ vín gott ok gladdi [svá alt lið sitt.²¹ Þá kallar hann til sín Oddgeir gisla²² sinn; [en er þeir færðu hann konungi, sem varðveittu hann, konungr mælti þá:²³ Jlla hefir faðir þinn gört við mik, segir hann, en þó skaltu í gríðum vera, til þess er [ek kem heim²⁴ til Parísar. Síðan glöddust allir menn við [þau orð, er konungr mælti við Oddgeir, at hann²⁵ skyldi þiggja líf sitt af honum. [Í þessu bili²⁶ kom farandi einn ungr maðr, er Alori hét [af borg þeirri er Biterna heitir;²⁷ hann mælti skjótt, þegar at²⁸ hann sá konunginu, ok talaði á þessa lund[: Tíðendi mikil ok ill eru yðr at segja, herra, segir hann, at um alt Rómaborgar ríki máttu finna heiðinu lýð; Ammiral·höfuðkonungr ok Danamuð son

1) leiddu *B, b.* 2) þenna hinn mikla *B, b.* 3) *Latina B; Lucina b.*

4) [óyfirfæriligt *B, b.* 5) snjófa *B, b.* 6) [er jafnan *B, b.* 7) nú *tilf. B, b.* 8) [því at ek (em) mjög óttafenginn um at ek megi framkomast *B, b.* 9) [görla hvers hann þurfti við *B, b.* 10) bráðliga *B.* 11) snjór *B.* 12) 7 *B, b.* 13) ásýnda *B, b.* 14) [þessi hjörtr mundi vera þeirra (hans *b*) leiðtogi ok lét *B, b.* 15) at fara *tilf. B, b.* 16) samfast *B, b.*

17) þjónustumönnum *b.* 18) náttstaða *B, b.* 19) þeir váru *tilf. B.*

20) drekka þá (nótt *tilf. b*) *B, b.* 21) [hann svá menn sína *B, b.* 22) *saal. ogsaa B; gisl b.* 23) [ok mælti til hans *B, b.* 24) [vér komum apr *B, b.*

25) [þessi orð keisarans, at Oddgeir *B, b.* 26) [En á þessi stundu *B, b.*

27) [*ngl. B, b.* 28) *ngl. B, b.*

hans hafa sezt¹ í ríki þitt ok hafa tekit giska um alt Púlsland. En er konungr heyrði orð hans, þá úgladdist hann mjök við, ok hét þegar á lið sitt, ok bað þá² búast hvatliga til herfarar. En þeir herklæddust þegar með góðum brynjum ok allskonar vápnum. Þar mátti sjá margskonar gersimar saman [komnar, ok snerust til Lungbarðalands.³

7. Nú ríða Frankismenn frækuliga ok harðliga ok léttu eigi fyrr en þeir kómu til borgar þeirrar er Frustra⁴ heitir. En þar kemr í móti Karlamagnúsi⁵ Milon páfi, ok hafði með sér helgan dóm Pétrs postula ok marga aðra. En konungr ok [alt lið hans hnu⁶ honum ok þökkudu honum vel þangatkvámu sína. Milun páfi sagði Karlamagnúsi þau tíðendi, at heiðingjar höfðu eytt mikinn hlut af laundi hans. Konungr svaraði: Guð hefni þeim,⁷ ok hefna skal ek þeim, ef ek má. Nú kallar konungr til sín höfðingja þá er svá heita: [Solmundr ok Reiner,⁸ Fremund hertuga, Nemes hertuga, Jofrey af Bordela,⁹ Rikarð af Mens,¹⁰ [Guenelun valska;¹¹ þessir eru mestir höfðingjar í [liði hans allra hertuga.¹² Góðir menn, segir Karlamagnús konungr, vér skulum búast¹³ at móti heiðnum lýð, ok skal ek sjálf vera [höfðingi ok leggja mitt líf í ábyrgð.¹⁴ Nemes hertugi mælti þá: Herra, segir hann, lé¹⁵ mér Oddgeir danska, gisl þinn, at bera vápn mín ok vera skjaldsveinn minn í dag, því at Guadamunt¹⁶ systurson minn er sjúkr ok má eigi fylgja mér. Konungr svaraði: Hann er forgisl minn, ok er glæpr í ef hann hleypr frá mér. Nemes hertugi svaraði: Ek skal ábyrgjast hann trú minni ok öllu því ríki er [horfir til handa mér.¹⁷ Svá skal vera, segir konungr. Síðan mælti Nemes hertugi[: Oddgeir,¹⁸ bú þik, [síðan skaltu fylgja¹⁹ mér. En er Oddgeir heyrði orð hans, þá gladdist hann mjök við ok [taladi síðan²⁰ á þessa lund: Lofaðr sér þú, faðir himneskr, er [ey ok ey²¹ vart ok vera munt án enda, at [mál mitt er svá til enda²² komit, at ek skal nú vera í fylgd með góðum mönnum ok [konungi sjálfum í herför.²³ En ek skal því heita. sem ek skal efna. at [hvargi er²⁴ vér komum saman ok heiðingjar, at²⁵

1) [til hans: Um alt Rómariki, herra, segir hann. máttu (muntu *b*) finna heiðinn lýð, er konungrinn Amiral ok Danamunt son hans hafa sent (sezt *b*) *B. b.* 2) menn *b.* 3) [safnaðar, ok snörust þeir þá síðan til Langbarðalands *B. b.* 4) Sustra *B. b.* 5) keisaranum *B. b.* 6) [allir aðrir lutu *B. b.* 7) þess *B.* 8) [Sölmund ok Remund *B. b.* 9) Borddal *B. b.* 10) Mars *B. b.* 11) [Guarin hinn vaska *B. b.* 12) [hirð hans *B. b.* 13) ok fara tilf. *B. b.* 14) [höfuðsmaðr ok leggja líkama miun í hættu *B. b.* 15) *saal. ogs. b:* ljá *B.* 16) Guaramund *b.* 17) [mér til heyrir *B. b.* 18) [við Oddgeir: *B. b.* 19) [því at þú skalt vera í ferð með *B. b.* 20) [mæltist við einnsaman *B. b.* 21) [jafnan *B. b.* 22) [mínu- máli er nú svá til leiðar *B. b.* 23) [með keisaranum sjálfum í her fara *b.* 24) [hvar sem *B. b.* 25) ok *B. b.*

meðan ek hefi eitt hár á höfði eða hestr [minn lifir,¹ at engi skal frammar í fylkingu en ek. Nú er konungr búinn ok alt lið hans, ok ríða þeir mikinn hluta dags svá, at þeir verða ekki varir við heiðinn lýð.

8. Nú skulu þér heyra ofmetnuð heiðinna manna. Son Amiral höfuðkonungs af Babilon, sá er Danamund enn frækni hét, hann ríðr af Rómaborg með 20 þúsundir riddara; þeir inir sömu hafa [tekit mikit af ríki Karlamagnús konungs bæði konur ok börn ok meyjar.² Þetta hit auna fólk kallar á guð³ sér til hjálpar. ok biðr þess at Karlamagnús konungr skuli koma at leysa [þat af píslum heiðinna⁴ manna. Nú kemr maðr til konungs, sá er hann hafði á njósn sendan, ok mælti á þessa lund: Örugt segi ek þér, herra, segir hann, at heiðnir menn eru [í landi þínu ok eru búnir at halda í móti þér orrostu.⁵ Þá spurði konungr Nemes hertuga ok aðra höfðingja, hversu [háttu skyldi.⁶ En Nemes hertugi svarar fyrstr [allra höfðingja⁷ ok mælti hárru röddu: Vér skulum búast til bardaga skjótt ok á þat eina⁸ hyggja at [höggva stórt⁹ ok at gera blóðgar báðar¹⁰ hendr til axlar upp, ok láta heiðna menn engan bilbug á oss fá.¹¹ Alori [sá sem fyrr var getið bauzt¹² at bera merki Karlamagnús konungs í orrostu, en hann játti honum,¹³ ok er því¹⁴ illa ráðit, fyrir því at engi er meiri regimaðr í allri [landeign konungs,¹⁵ fyrir sakir hans eru Frankismenn spiltir¹⁶ ok á margva vegu illa haldnir.

9. Nú sjá heiðnir menn lið Karlamagnús konungs ok merki hans í dæld¹⁷ einni á hægri hönd sér ok 20 þúsundir riddara vápnaða¹⁸ í hjá. En Danamund konungs son inn heiðni mælir við her sinn: Hér kenni ek merki Karlamagnús konungs, sækjum nú fram sem ákafligast,¹⁹ ok vinni hverr²⁰ þat sem má. Nú mátti þar sjá mörg merki bæði rauð ok blá ok með allskonar litum, ok mundu Frankismenn þann dag hafa²¹ sigr, ef eigi [yldi ragskapr Alora.²²

10. Frankismenn ríða nú með her sinn [í móti heiðnum mönnum, ok svá þeir at móti.²³ Þar mátti sjá mörg högg með sverðum

1) [lifir undir mér *B.* 2) [eytt mikinn luta af landi Karlamagnús konungs ok tekit mikit man (mart manna *b*) bæði karla ok konur, unga sem gamla *B.* *b.* 3) almátkan *tílf. B. b.* 4) [þá frá píslum vándra *B.* *b.* 5) [eigi langt héðan ok eru nú búnir at heyja orrostu á mót þér *B.* *b.* 6) [þá skyldi með fara *B.* *b.* 7) [máli hans *B.* *b.* 8) eitt *B.* *b.* 9) [veita heiðingjum stór högg *B.* *b.* 10) várar *b.* 11) sjá *B.* *b.* 12) [hét einn rikismaðr (ríkr maðr *b*) af liði konungs, hann býzt til *B.* *b.* 13) því *B.* *b.* 14) þat *b.* 15) [fylgð konungs *B.* *b.* 16) ok ósæmdir *tílf. B.* *b.* 17) lægð *B.* *b.* 18) alvápnáðra *B.* *mgl. b.* 19) kappligast *B.* 20) maðr *B.* *b.* 21) vinna fagan *B.* *b.* 22) [væri Alori í ferð *B.* *b.* 23) [á móti heiðingjum, en heiðnir menn á móti þeim *B.* *b.*

ok einkanliga með góðfúsú hjarta. at heilagr Dionisius þiggi af guði þeirra manna sálum aflausn synda, sem fallit höfðu in Hispaniis fyrir vápnnum heidngja. Ok eptir bæn¹ algörva sofnar keisarinn, ok þegar birtist honum heilagr Dionisius talandi svá til hans meðr blíðum orðum: Karole, segir hann, heyrð er bæn þín. því at ek hefir þegit af guði fyrir meðalgöngu vinar þíns Jacobi. at allir þeir sem þínum áminningum hlýða ok fallit hafa á þessum tímum in Hispania² ok falla munu, skolu öðlast fyrirgefning allra sinna misverka meiri sem minni. Eptir þetta hverir Dionisius á brott, en keisarinn vaknar þakkir gerandi almáttkum guði. ok þegar um morgininn eptir birtir hann vitranina. En allir heyrandi menn lofa allsvaldanda guð fyrir þvílka miskunn. Síðan lætr keisarinn reisa eina kirkju í París til dýrðar Jacobo. Eptir þat gert ferr keisarinn brott af París til Aquisgranum, í hverjum stað hann sat optast. þá er hann var heima í Franz. því lætr hann þar reisa eina kirkju harðla mikla með frídasta kosti er fá kunni til heiðrs ok æru virðuligrar guðs móður jafnan meyjar sanete Marie. Í þessum stað lætr keisarinn upp smíða aðra kirkju til virðingar³ Jacobo postula, [þriðja kirkja⁴ Jacobi smíðast við borg Tholosam. fjórðu kirkju lætr Karlamagnús uppreisa til soemdar⁵ Jacobo miðil borgar Azam ok staðar hins heilaga Johannis er kallast Sordue. hjá þeirri kirkju liggir eitt stræti er nefnist⁶ Via Jacobita. Hér með gerir hann víða klausir guði til lofs ok heilögum Jacobo. Nú sem Karlamagnús keisari starfar þvílíkt fyrir íblástr heilags anda sér ok öðrum til sáluhjálp. skal heyra þessu næst hvat annarr höfðingi af úlíkum anda uppkveiktr vinnr sér til frægðar.

5. Á þessum tíma var yfir Affrica sá heiðinn konungr er hét Agulandus mikill ok sterkr. Hann átti sér eina frú stórrar ættar, eptir því sem þvílíkum konungi byrjaði. hon var vitr kona, kurteis ok harðla væn. svá at engi mátti fríðari finnast í öllu ríki Affrice. Þau Agulandus áttu einn son er hét Janund. hann var ungr maðr fullr af drambi ok metnaði. stinnr ok sterkr. harðr ok vápnðjarfr. sem síðar mun birtast. Agulandus konungr var stórliga ríkr, svá at einum heiðnum konungi byrjaði eigi meira ríki at eignast, því at meir en tuttugu kórónaðir konungar váru undir hann skattgildir. ok réðu þó sumir af þeim mörgum ríkjum. Þeir höfðingjar er í þenna⁷ tíma ríktu í Affrica váru margir frændr Agulandi mjök nánir, sumir hans heimuligstu vinir. Margar þjóðir útöluligar géngu undir hans ríkdóm,⁸ þótt hér nefni fár, þat er at skilja: Saraceni. Mauri, Moabite, Ethiopes, Nardi, Affricani. Perse; ok svá segja vitringar

¹) bænina b. ²) Hispaniis b. ³) dýrðar b. ⁴) [saal. b; þriðju kirkju B.

⁵) dýrðar b. ⁶) kallast b. ⁷) þann b. ⁸) ríkdómi b.

heiðingja at þótt enn fljótasti múll til tekinn af Jórsalalandi færi út sumarfullum¹ dagleiðum muni hann eigi fá hans ríki umkringt. Jamund son Agulandi var manna mestr, fríðr sýnum, vel á sik kominn, ok sakir þeirrar elsku er Agulandus hafði á syni sínum gaf hann honum kórónu ok veitir honum til þjónastu marga höfðingja, en [skyldi ríki taka eigi fyrr til stjórnar² en eptir hann dauðan.

6. Nú sem Jamund hefir þvílíka sœmd fengit, digrast hann undir höndum ok samnar saman sér til fylgðar unga menn ok úráðna, hverra félagskap Jamund sækir ok þeirra ráðum gjarna hlýðir, er³ hvárki kunnu honum góð ráð né sér sjálfum. Því ferr hann nú mörgu fram, er Agulando þikkir mjök í móti, því at þá menn tekr hann undir sína vináttu, sem fyrir fulla sök rákust brott af⁴ föður hans þjónastu. En sakir þeirrar ástar er Agulandus hefir á syni sínum ok þess mikla ótta er af honum stendr, þorir engi [nökkut til leggja⁵ hans framferða. Því stendr svá búit hans mál, þar til er Agulandus fréttir þat sannliga, hversu Karlamagnús keisari hefir frelst Hispanias með styrkri hendi af Saracenis, hvaðan⁶ af hann reiðist ákafliga ok kallar saman alla spekinga ok mest háttar menn í einn stað, ok talar svá sem hér má heyra: Góðir höfðingjar, segir hann, ek trúi öllum yðr kunnigt orðit, at þat vart skattland er kallast Hispania ok várar þjóðir hafa langa tíma haldit, er nú undan gengit váru valdi fyrir ofmikinn uppgang kristinna manna; því at svá er sannliga flutt, at sá þeirra höfðingi er Karlamagnús heitir hafi dirft til þeirrar úvináttu við oss ok guði vára at herja upp á Hispanias, ok drepit niðr mennina, eytt borgirnar, hofin niðr brotit, guðina sundr lamit ok allri þeirra ságan görsamliga fyrirkomit, en alt land undirokat þann sið er mínu hjarta er mjök úþekkr. Nú þá er ek heyrði þvílíka hluti, óttast⁷ nökkut minn hugr, því at ek veit eigi svá görla hvat yðr sýnist ráðligast, en þess vilda ek nú víss verða. Því næst stendr upp einn konungr Ulien at nafni, hann var þykkr⁸ ok sterkligr ok í sínum framburði mjök ákafr ok fljótr til reiði, ef nökkut gerðist honum í móti, digraðist hann af miklum ríkdóm ok stórri ætt, því at hann var systurson Agulandi, hvar fyrir hann talar djarfliga ok segir svá: Agulande,⁹ eigi byrjar yðr svá ríkuun konungi mikils at virða þótt látækasta land Hispania hafi undan gengit yðvarri tign, fyrir þat¹⁰ at svá skjótt sem þér vilit má þat aptr vinna, ok hvat aunnat af eigu kristinna manna sem þér kjósit, ok margir af yðrum köppum munu þikkjast betri riddarar en ek, ok veit þat Makon, at engi skal svá mikill í Frankismauna liði, at eigi gangi

¹) til sjáfar fullum b. ²) [eigi skyldi hann ríki taka til stjórnar fyrr b.

³) saal. b.; ok B. ⁴) or b. ⁵) [til at leggja nökkut b. ⁶) saal. b.;

hveðan B. ⁷) óttaðist b. ⁸) digr b. ⁹) mgl. b. ¹⁰) því b.

ek djarfliga í móti tveimr eða þremr. Óttizt ekki.¹ herra, at leiða yðvarn her til Hispanias, ek játti yðr senniliga, at alt þeirra megn skal eigi meira standast en þessi litla hálmvisk. er ek saman þröngi minni þykku hendi. Svá talar hinn drambvísi Ulien. er úgörla veit hvat hann segir. Agulandus svarar: Vel talar þú, Ulien frændi. ok svá mun beint vera: framarla má ek treysta þínum riddaraskap ok annarra kappa minna. Ok meðr því at Jamund son minn er höfðingligr maðr, byrjar honum héðan af at halda miklu ríki. en ek vil með engu móti mínu veldi sundr skipta. þá ætla ek vinna eigi at eins Hispanias heldr² þar með alla Jtaliám honum til handa ok setja hans sæti í Róma, er beztr³ staðr kallast í þeim löndum. Ok til þess at svá gerist, skolu vér at hyllast sjálfa gudina. at þeir meðr oss frammi standi ok hefni síns⁴ skaða á várum úvinum ok sínum. En þótt margir várir guðir⁵ sé miklir, hafa alt eins mestan höfuðburð fjórir af þeim. þat er at skilja, hinn máttugi Machon ok enn völdugi Maumet ok digri Terrogant ok sterki Jupiter: þá fjóra skolu vér láta meðr oss í för verða. Ok til þess at þeir leggi fulla alvöru fram í vart fullting. skolu vér þann mesta heiðr þeim til sœmdar veita, sem vér erum skyldugir, þat er at búa þá alla með skterasta gulli. setja dýrastum⁶ gimsteinum. ok grafa með frábærum hagleik. Ok sakir⁷ þess at í allri Affrika finnast hvárki svá listugir meistarar né sá dýri kostr sem tilheyriligr⁸ sé sjálfum gudunum, skal þá senda fram í Arabiam. er gnógliga græðist⁹ öllum dýrastum audœfum, gulli- ok gimsteinum. til þeirra hagastu smiða er í því landi eru. at þeir prýði vára guda með þeim frídasta kosti. er þar kann fá. því at senniliga byrjar, at svá sem vér erum meira ríkdóms en nökkurr annarr konungr í veröldinni, svá sé ok þeir guðir¹⁰ sem vér dýrkum hverjum gudum glæsiligri ok með meira kosti. Sem konungrinn hætti sinni rœðu. hlupu¹¹ allir upp með einu háreysti ok segja svá: Öll gudin hjálpi yðr. góði konungr.¹² ok ladi til sinnar vistar fyrir svá mikla sœmd. sem þér veitit þeim til virðingar. Síðan slítr konungr þingit, ok ferr hverr til sinna stada.

7. Nú gerir Agulandus sendinnenn til Arabiam með gudi sína. dveljast þeir svá langan tíma í þessarri ferð sem líkindi váru¹³ á. En í þeirra brottferðar tíma géngu¹⁴ margir vinir Agulandi fram eggjandi at sem fyrst haldi hann sínum her til Hispaniam. hverra orðum hann tekr harðla vel. ok segir at svá framt gudin koma heim. skal hann sinn her búa. Hér með er eigi síðr Jamund áeggjadr af sínum vinum. at hanu standi nú langt¹⁵ fram með föður sínum

¹) eigi b. ²) ok tilf. b. ³) læstr b. ⁴) várs b. ⁵) guðar b. ⁶) með dýrmætum b. ⁷) sökum b. ⁸) tilhœfiligr b. ⁹) saal. b: græðist B. ¹⁰) guðar b. ¹¹) hljópu b. ¹²) herra b. ¹³) eru b. ¹⁴) ganga b. ¹⁵) vel b.

ok afli sér ríkis. En hann gefr sér um fátt, lætr Agulandum einn bera¹ straum fyrir þessari ferð, þikkir eigi mjök miklu varða, þótt [hann fái nökkura sneypu;² ok ef svá verði,³ ætlar hann sakir mikillar drambsemi ganga fram djarfliga ok vinna alt ríki undir sik með tilstuðning sinna mauna, því at hann þikkest þat skilja,⁴ at Agulando gengr þat mest til at berjast [til ríkis⁵ við kristna menn, at koma honum brott or Affrika, ok virðir svá sem faðir hans vili ræna hann sinni föðurleifð.

8. Nú sem sendimenni nálgast heim, ríðr Agulandus langt á veginn móti þeim með miklum prís til virðingar við goðin, því at mikil forvitni er honum á, hversu þeirra frægð⁶ ok prýði hefir skipazt. En þegar sem hann lítr⁷ þá svá glæsiliga,⁸ sem engir máttu finnast þvílíkir, gengr hann nær or vitinu sakir þeirrar vanstiltrar gleði er hann fékk í hjartanu, því at svá sögðu spakir menn heiðinna þjóða, at með þeim dýrastu gimsteinum, gulli ok silfri, er þessi bölfaðu skurgoð væri með prýdd, máttu auðveldliga kaupast sjau hinar sterkastu borgir. Sem Agulandus kemr aptr til sjálfs síns. er verr var, talar hann svá til þeirra er hjá standa: Hverr sá nökkura guði svá völduga sem þessa? Nei, nei, víst alls engi. Ok ef þessir líta til sinna úvina⁹ ok várra reiðum augum ok ygdum brúnum, mun alt þeirra afl í fölska niðr falla; því at nú hafa þeir¹⁰ þegar þat unnit í ömbun várrar gerðar, at Karlamagnús hefir brott farit af Hispania til sinna landa, stendr þat ríki eptir höfðingjalaust, ok því þarf eigi annars en vér sýnim Karlamagnúsi ok Hispania-landi nökkurn lítinn hlut af várum ríkdómi¹¹. En ef nauðsyn biðr¹² meira afls, sem goðin láti eigi vera, þá er gott af gnógu at taka. Allir segja at svá er geranda. Lætr Agulandus nú blása hvellum lúðrum ok samnar saman miklum mannfjölda af nálægum borgum, velr þar af síðan svá margt¹³ sér til fylgdar sem honum líkar. Sem herrinn¹⁴ er búinn ríðr Agulandus út af sinni borg með miklunu heimsins metnaði fram til sjófar. Eru þá búin skjótliga skip bæði mörg ok stór hlaðin meðr vænasta kosti er hafa þurfti, vist¹⁵ ok drykk, gulli ok silfri, hestum ok klæðum ok alls háttar gæðum. Stígr síðan hverr ok einn út í þat rúm sem ælat var. Drambar Agulandus konungr mjök¹⁶ af sínum styrk, því at hann þóttist nú öruggur um, at engi hlutr megi honum bella, því at í sinni fylgd hefir hann fyrr greinda guði fjóra, er hann væntir sér af alls fulltings, hvat því verr man gefast sem meir¹⁷ er treyst. Þar er Jamund

1) brjóta b. 2) [faðir hans fari nökkura sneypuferð b. 3) verðr b. 4) vita b. 5) [mgl. b. 6) fegrð b. 7) sá b. 8) vel búna b. 9) saal. b; vina B. 10) þau b. 11) ríkjum b. 12) beiðir b. 13) lið tilf. b. 14) þessi herr b. 15) mat b. 16) nú mikit b. 17) meira b.

son hans ok margir aðrir höfðingjar, konungar, jarlar, hertogar ok barúnar. En þessir eru einkanliga hersins foringjar sem hér greinast: Gezbin¹ konungr af Arabia, Baeales konungr af Alexandria, Avit konungr af Bugie, Aspin konungr af Agapia, konungr Famni² af Marab, Alfingr konungr af Mariork, Manio konungr Mecque, Ebravit af Sibil. Með þessum siglir konungr Agulandus brott or Affrica, er hans ferð hin skrautligasta,³ því at víða leiptrar af á sjóinn brott, þá er sólin fagrt skein á búnar snekkjur, gyld drekahöfuð, glóandi veðrvita, segl einkar söemilig með ýmissum litum, rauðum sem blóð eðr hvítum sem snjór. Ok ef Agulandus heldr meðr [svá mikilli⁴ mekt heim til Affricam vegnar honum [vel ok⁵ betr en skyldi.

9. En þegar þessi guðs úvinr kemr in Hispanias með sínum þjónum, gerast⁶ skjótt umskipti, því at Karlamagnús keisari er eigi nærri⁷ en heima í Frans, en landit höfðingjalaust, hvar fyrir þessir fjándans limir stríða upp á guðs hjörð ok [hans helgasta postola⁸ meðr miklum herskap, brjóta niðr alla kristni, drepanði kristna menn eðr brott reka í útlegð, en skipa í staðinn svívirðiliga heiðni með djöfúlligri þjónkan bölvaðra skurgöda. En hvat munum vér ætla mega fyrir hverja [skynsemdar grein⁹ blezaðr guðs postoli Jacobus [ræktar þanneg¹⁰ geymslu Hispanie, hverja hann viðtók þann tíma er Karlamagnús fór heim í Franz. at hann lætr enn sitt land undir gefast vald ok yfirboð bannsettra heiðingja ok leyfir at niðr brjótist kirkjur en hof með hörgum upp reisist: því at görla veit Jacobus, at engi söemd veitist hans ljúfa meistara Jesu, meðan synir Heli yfirbjóða. Nú þá hvat mun honum til ganga svá mikillar þolinmæði, utan þat at honum þikkir Karlamagnús keisari meðr minni mæðu strítt hafa fyrir Hispanialandi en honum virðist tilheyriligt þeirri kránu, er keisarans bíðr í himinríki; þat annat, at enn hafa miklu færri gefit sitt líf fyrir frelsi Jacobi af húsi Krists ok Karlamagnús en postolinn hefir ætlat, ok því vill hann at eflist styrkar orrostur ok hann megi alla þá með sér til himinríkis laða, sem honum líkar ok hans land verja; þat þriðja má honum vel til ganga, at suðrhálfan þröngist stórliga mjök af fjöld ok forzi bölvaðra heiðingja, ok því er nauðsyn, at þeir rými nökkut veröldina ok sæki heim til helvítis vini sína Makon ok aðra fulltrúa. Fyrir því líkar greinir guðligra skipana gerir Jacobus postoli svá ráð fyrir, at Karlamagnús konungr verðr¹¹ viss hins sanna hvat Agulandus konungr af Affrika ferr fram móti guði, ok móti þeim tíðendum skipar hann sér á þann hátt er nú skal segja.

1) Texbin b. 2) Fantin b. 3) skörunligsta b. 4) [jafnmikilli b. 5) [mgl. b. 6) þar tilf. b. 7) nær b. 8) [hins helgasta postula Jacobi b. 9) [grein skynsamliga b. 10) [lætr þann veg ræktast b. 11) verði b.

10. Þenna tíma er þvílíkir hlutir fara fram in Hispaniis, sem nú hafa verit greindir, sitr ágætr herra Karlamagnús í Aguisgranum í Franz, ok er hann fréttir þau hörmungar tíðendi hryggist hann mjök í sínu hjarta ok kveikist meðr miklu kappi guðligs vandlætis, sendir þegar boð ok bréf hvervitna út í ríkit, bjóðandi at allir höfðingjar meðr sínum styrk komi til Aquisgranum sem fljótast. En sakir þeirrar miklu elsku ok sannrar hlýðni er keisarans undir-menn höfðu viðr sinn herra, flýtir hverr ok einn sinni ferð eptir hans boði, meiri maðr sem minni, fram í þann stað sem ákveðinn var; koma þeir fljótast er nálægastir váru. Nú sem margir stórhöfðingjar Frankismanna eru samankomnir í nefndan stað, en þó hvergi nær¹ þeir allir sem kallaðir² váru, ríss sjálfir keisarinn upp ok talar svá: Guð ömbuni yðr, góðir höfðingjar, þá auðmjúku undirvorpning, er þér veitit mér fyrir guðs skyld, því at ek játti at margir af yðr væri betr til fallnir en ek þvílíkrar tignar sem ek stendr í, er þér gerit yðr liðuga nótt meðr degi mínum vilja ok yfirboði, svá at jamgladliga leggi þér fram yðvart líf firir guðs ást ok vára, sem alt annat er þér hafit halda, hvat yðr gjaldi sannr guð ömbunari allra góðra hluta. En fyrir hverja sök ek hefi nú kallat yðr saman, skal ek birta. Mikit hrygðarefni er at komit mínum eyrum, því at senniliga segist þat, at sú kristni er land Hispanie eign vinar míns heilags Jacobi viðr tók guði samvinnanda meðr várri atgöngu, sé nú görsamliga eydd ok fóttroðin af hundheiðnum konungi Africe Agulando at nafni. Ok meðr því at ek skil at blezaðr Jacobus mun svá til ætla, at ek ok mínir menn skylim enn frammi standa hans jörðu til lausnar, sér til sœmdar, en oss til sálubótar, þá heyrir, mínir góðu vinir, at þessum her skal ek halda til Hispanialands ok öðlast, hvárt sem guðlig forsjó vill skipa, fagran sigr eða skjótan dauða, því at ek trúir at heilögum Jacobo þiki vér allvel lengi hafa haldit kyrrsetuna. Nú þó at eigi sé allir þeir hér komnir sem guð mun oss til liðveizlu senda, skolum vér alt eins búa þetta vart lið sem bezt at hestum vápnum ok klæðum, ok flytja várn her fram í þann stað Hispanie, sem oss sýnist viðrkœmiligr at bíða þeirra liðsmanna, sem síðar³ kunna⁴ til koma. Væntir ek ok þess, ef heiðingjar fréttu at vér sém þeim nálægir, at þeir muni údjærfligar landit yfirganga. Allir er heyrðu þvílík orð keisarans, svöruðu sem einni röddu: Góði herra, segja þeir, gjarna viljum vér yðrum ráðum framfylgja í þetta sinn ok hvert annat, svá lengi sem guð lér oss lífa, því at langa⁵ tíma hefir yður⁶ forsjó vel dugat bæði til andar ok líkama, ok svá trúum vér enn verða meðr guðs vilja ok fulltingi heilags Jacobi postola.

1) nærri b. 2) nefndir b. 3) síðan b. 4) kunnu b. 5) langan b. 6) oss þín b.

11. Eptir þetta býr Karlamagnús keisari sinn her vel ok kurteisliga, sem engi um aldr þurfti honum lýti fyrir gefa, lyptir síðan sinni ferð brott¹ af Frans meðr svá prúðum² flokki, [at engi var þvílíkr annarr í allri Ítalia.³ Í þessum her váru dýrir höfðingjar, svá at eigi váru vildri til. Var einn af þeim fyrstr ok fremstr ágætr herra Turpin erkibyskup af Rensborg, er fyrr var nefndr. hverr einkanliga var til þess skipaðr af guði ok keisaranum at skíra menn vígja kirkjur ok hafa fram fyrir lýðnum hjálpsamligar áminningar. Annarr höfðingi var Milun hertogi af Angler mágr keisarans, hverr á þessum tíma er höfðingi yfir hans herliði. Þriði kappi var Rollant systurson Karlamagnús, hann var þá jarl Ornonianensis borgar ok hafði fjórar þúsundir hinna fræknastu riddara. Fjórði höfðingi var Oliver jarl Gebenensis, hann var son Rameri jarls ok hafði þrjár þúsundir vaskra riddara. Fimti kappi var Arastagnus konungr Brittanie meðr sjau⁴ þúsundum riddara. Sétti höfðingi var Engiler hertogi Aquitanie borgar. Þessa borg Aquitaniam lét fyrst reisa Augustus keisari eptir sögn⁵ fornra manna; undir hana liggja mörg heruð með stórum borgum, ok taka nafn af borginni ok kallast Aquitania. Engiler fylgdu fjórar þúsundir hermanna, er kænastir urðu⁶ til alls vápnaburðar, en þó einkar bezt kunnu þeir af bogum skjóta. Sjaundi var Oddgeirr danski með tíu þúsundir góðra riddara. Áttandi Nemes enn kurteisasti hertogi af Bealuer með fim þúsundir. Níundi Gundabol⁷ Frísa konungr með fjórar þúsundir. Tíundi Lambertus af Biturika ríkr höfðingi með tveim þúsundum. Ellepti Samson hertogi Burgundionensis með tvær þúsundir. Tólfsti var Eystult⁸ jarl af Lingunia með þrjár þúsundir vígra manna. Með þessum greindum ok mörgum öðrum ferr herra Karlamagnús þar til er hann kemr fram í þann stað eðr borg er Benona heitir, þar dvaldist hann meðr sínum her nökkura⁹ biðstundar tíma þeirra höfðingja er síðar fóru. Hvar fyrir greina skal þessu næst þann atburð, er í þessum stað gerðist meðr þeim hætti sem greindr Turpin erkibyskup, er þetta efni hefir samsett, ritaði með sínum framburði ok svá byrjar.

12. Sem Karlamagnús keisari dvaldist í borginni Benona, sýktist einn riddari af herinum Romaticus at nafni, þar til er hann nálægr dauða skriptast ok tekr dróttinligan líkama með annarri guðs þjónastu. Ok eptir þetta kallar Romaticus til sín einn riddara sér skyldan nökkut lítt ok segir svá: Þú góði vin, segir hann, tak þann fríða hest er ek á ok sel fyrir fulla peninga ok gef alt verðit fátökum mönnum mér til sáluhjálpar. Þegar sem ek er dauðr. Síðan sálast Romaticus. en riddariinn selr hestinn fyrir hundrad skillinga silfrs.

¹) út b. ²) fríðum b. ³) [mgl. b. ⁴) 4 b. ⁵) sögu b. ⁶) váru b. ⁷) Gundebol b. ⁸) Gistubert b. ⁹) nökkurn b.

hvat er hann tekr til sín ok gefr eigi¹ fátækum mönnum, heldr eyðir hann öllu reiðskjótans verði á fám dögum fyrir drykk mat ok klæði, en ætlar eigi nökkut minnsta einum² fátækun. Sem liðnir eru þrír tigur daga frá andláti Romatici birtist hann greindum riddara í svefni ok talar svá til hans með stuttu yfirbragði: Þar liggur þú ok hefir illa gört við mik fyrir þína ágirni, því at þat skaltu vita, at svá sem ek leið á brott af þessu lífi, hafði lausnari minn fyrirgefit mér allar syndir meðr sinni mildi, fyrir þat er ek gaf minn hest hans limum til hugganar; en sakir þess at þú tókt meðr rangri ágirni undir þik þá ölmosu, ok mistu guðs fátækir menn þeirrar hugganar er ek gaf þeim mér til sáluhjálpar, þá hefir ek þolat margar þínslir þessa stund alla, er frá er liðin mfnu andláti. En nú skipar svá guðlig mildi, at þú skalt á morgin koma í minn stað, en ek man leiðast í hvíld paradísar. Síðan vaknar riddarinn felmsfullr ok birti þegar hvat fyrir hann hefir borit um náttina. En öllum áheyrandum³ þikir undarligr hlutr ok mjök óttanligr, ok sem þeir tala þetta efni miðil sín,⁴ heyra þeir er hjá standa upp í loptit mikinn úkyrrleik með miklum illum lætum, því líkast sem leones rautaði eða úlfar þyti ok graðungar geldu, ok rétt í því grípst þessi riddari brott af manna augliti,⁵ svá at aldri [sást hann síðan⁶ lifandi. Ok er þessi fáheyrði hlutr flýgr um herinn, fara margir hans at leita bæði á fœti ok hestum fjóra daga í samt, ok finnst [meðr engu móti.⁷ En tólf dögum síðar hittist hans líkami laminn í sundr á einu bergi þrjár dagleiðir brott frá því er hann hvarf í fyrstu. Gaf nú öllum skilja, at sá loptsins úkyrrleiki sem heyrðist, var af úhreinum öndum, hverra grimleikr í þeim stað hafði niðr kastat þess vesla manns líkam, en dregit sálinu með sér í fyrirskipaðan stað til eilífra kvala. Af þessum hlutum⁸ auðsýniliga birtist, hversu þungr löstr þat er í guðs augliti at draga undir sik meðr ágirni þær ölmosur sem góðir menn gefa fyrir sinni sál, hvárt sem þat gera heldr skyldir menn eða úskyldir, því at eigi geldr maðr⁹ þeirrar gerðar með því at sá verðskyldar sér mikinn gloep er¹⁰ gerir, en heilög kirkja eða fátækir menn þarnast¹¹ sinnar eignar; þar meðr geldr senniliga sál hins andaða, því at þat sem hon hugði sér til hugganar snýst henni til mikillar hryggðar. Hér af má [þat ok¹² skilja, at hvat sem kristinn maðr gefr lifandi¹³ fyrir sál sinni eða annarr eptir hann, þá er höfuðnaudsyn at sem fyrst líkist. því at svá lengi sem góðgörningrinn dvelst nýtr sálin þess eigi algörliga, þar sem hon kvelst í þínu fyrrum en þat er veitt sem játtat var. Lýkst hér þetta mál, en þessu næst skal víkja aptr til Agulandum.

1) ekki b. 2) hinum b. 3) saal. b.; áheyranda B. 4) [millum sín af þessu efni b. 5) augsýn b. 6) [síðar sást hann b. 7) [hann eigi b. 8) lut b. 9) einn b. 10) þat tilf. b. 11) þarnast b. 12) [ok þat b. 13) mgl. b.

13. Nú er at segja af Agulando konungi, at hann gengr yfir land alt Hispanie með herskildi, ferr borg af borg, kastala af kastala, brýtr niðr kristni¹ en skipar í staðinn heiðni, eptir því sem fyrr var sagt. Hann vinnur² einn stóran turn af kristnum mönnum meðr svá [sterkjum vígjum,³ at ef vaskir drengir væri honum til geymslu skipaðir, mundi varla svá mikit afl boðit, at hann vyrði unninn. Þenna turn tekr Jamund son Agulandi til verndar meðr sínum mönnum, en ferr þó framleiðis meðr Agulando þar til at á þeim tíma er Karlamagnús keisari sitr í Baion, koma þeir fram á slétta völlu ok víða, er liggja meðr þeirri á er kallast Segia⁴ ok setja þar sínar herbúðir. En þegar Agulandus hefir⁵ af sanna frétt, at Karlamagnús er í Baion, kallar hann þegar saman alla sína spekinga ok segir svá: Góðir höfðingjar, segir hann, nú þurfum vér eigi við þat at dyljast, at kristinn konungr Karlamagnús setr þá dul sér yfir höfuð at fara til fundar við oss, en mjök undarlig þikki mér hans ætlan, ef hann hyggst þetta land eignast ok reka oss brott meðr skömm; en því man hann slíkt hugsa, at honum er úkunnigr várr styrkr ok mikill almátt guða várra. En hvat nú er bezt til framfara, þá leggit ráð til. Sem Agulandus leitir ráðs [til sinna⁶ höfðingja, leggja þeir mjök misjafnt til, sumir segja at ekki sé annat ráð til en halda öllum herinum sem fljótast móti Karlamagnúsi ok reka hann nauðgan aprt í sitt ríki eða drepa hann ella, segja at þá tekr hann makliga ömbun sinnar dirfdar. Eru fremstir í þessu tillagi tveir höfðingjar. Ulien er fyrr var nefndr ok Madequin hinn sterki, hann var svá mikill, at líkari mátti hann seggjast⁷ risa en alþýðligum manni. En þeirra í miðil stendr upp sá konungr er hét Balam: hann var maðr drenglundadr, vitr ok einadr, djarfmæltr ok snjallr í framburði. Hann talar svá til Agulandum: Hinn völdugasti höfðingi, segir hann, öllum er þat kunnigt, at yðrum herradómi er litlraedi í at drepa þann litla flokk kristinna manna er Karlamagnúsi man fylgja, en þat yki⁸ yðra sæmd ok tign at lokka hann meðr fögrum heitum ok bliðum orðum undir yðvart vald, ok sýnit⁹ í því, at yðr þikir¹⁰ til engis vera honum móti stríða: ok ef hann er vitr maðr, sem ek vel trúir, þá mun hann kunna sjá yðvarn svá mikinn góðvilja ok taka yðra gerð með þökkum, gefa sik ok sitt ríki upp í yðra forsjá. Vili¹¹ hann þat eigi, er vel ok makligt, at hann komi hart niðr. Því er sú tillaga mín, at þér gerit sendimann til keisarans djarfan ok smásmuglan, þann er einarðliga beri fram yðvart eyrendi, hvárt sem líkar betr eða verr, ok glöggliga skili orð keisarans ok hans

¹) kirkjur b. ²) vann b. ³) [styrkum veggjum b. ⁴) Seggja b. ⁵) þar tilf. b.

⁶) [við sína b. ⁷) þikja b. ⁸) megnaði b. ⁹) sýnist b. ¹⁰) þiki b.

¹¹) Vill b.

manna. Agulandus svarar: þetta er ráð hit bezta, ok svá skal gera. En engan sér ek til þessarrar ferðar jamvel feldan sem þik Balam, ok því skaltu fara, ok tak svá marga menn til fylgdar sem þér bezt líkar, skoða sem görst hversu mikinn her eðr styrkligan þeir hafa, ok hvat annat er þú sér oss varða. Balam segir þá: Herra, ek er yðvarr undirmaðr ok skyldr yðru boði hlýða, því skal ek gjarna gera¹ þessa ferð eptir [yðrum vilja.²

14. Síðan býr Balam sik ok sína menn með fríðasta búnaði vápna ok klæða, ferr þar til er hann kemr í Baion, stígr af hesti ok gengr fyrir keisarann, þegar sem hann fær orlof. En þó at Balam hefði eigi fyrr sét Karlamagnús keisara, kennir hann görla hvar hann sitr miðil annarra, því kveðr hann keisarann ok segir svá: Sitit í friði ok góðum náðum, hinn vaski höfðingi kristinna þjóða. Keisarinn tekr honum vel eptirspyrjandi hverr hann sé. Hann svarar: Ek heiti Balam þjónostumaðr hins öflugasta konungs Agulandi, sendr af honum til yðvars hers orð ok eyrendi fram bera. Því at svá sem herradómr hans frétti yðra nálægð, þóttist hann eigi undirstanda yðvart eyrindi annat en sækja sinn fund með litilæti, sem yðr byrjar. Ok meðr því at honum þótti þat vera mega, svá sem þér kendut yðr honum meingerð hafa veitta, at varla bæri þér traust á at biðja hann miskunnar, hvar fyrir hann bað mik þat segja, at gjarna vill hann yðr þat upp gefa, [þótt þér gripit³ Hispanias, hver at réttu þikir honum sín eign vera, ok eigi at eins virðir hann engis þá mæðu, er þar fyrir þolir hann, heldr bauð hann þar með, at svá mikit gull ok silfr skyldu þér út taka af hans ríka thesaur, sem yðr bezt þœtti, ef þér vildit nú gláðliga undir ganga hans vald meðr auðveldi ok bæta svá yfir fyrra afbrigði. En ef þér vilit svá friðboð, sem engi öðladist fyrr af þvílíkum höfðingja, eigi taka meðr þökk ok reisast meðr ofbeldi móti hans herradóm, þá trú orðum mínum, at engi staðr í allri Hispania er svá örugg, at yðr viðrhjálpí fyrir hans valdi, ok þó at þér værit miklu sterkari ok hefðit hálfu meira lið en nú, þá stæðizt þér eigi at heldr hálfu ríki Agulandi. Sem Balam hefir þvílíka hluti talat, svarar keisarinn hógliga, sem hann var vanr, þótt honum væri nökkut snarpt talat móti, ok segir svá: Vel ok einarðliga berr þú fram eyrendi þíns höfðingja,⁴ ok því dvelst hjá oss⁵ lítinn tíma ok hvíl þik. En seg mér, góði vin, hvar er Agulandus meistari þinn? Balam svarar: Rétt á þeim slétta velli, er liggr við á þá er kallast Segia, ok bíðr þar yðvarrar tilkvámu. Keisarinn segir þá: Loí sé almátikum guði ok blezaðum Jacobo, því at þagat ætla ek sem fyrst [lofar guð mér.⁶

1) fara b. 2) [yðru boði b. 3) [er þér gripit b. 4) herra b. 5) um tilf. b.

6) [þegar guð lofar mér b.

En eigi hefir Agulandus þat rétt hugsat, at ek muni eigi þora at biðja mér miskunnar þann sem ek móti geri, en þó eigi Agulandum, heldr dróttin minn Jesum Cristum, hverjum ek væri skyldugr at þjóna svá vel sem ek kynni bezt, því at honum hefir ek mart ok stórt móti gert, en alls ekki Agulando. Síðan skilja þeir sína ræðu, ok dvelst Balam litla hríð meðr Karlamagnúsi, hugleiðir meðr sér háttu ok framferði kristinna manna, ok fellst honum þat vel alt í skap, þikist þat skilja, at miklu er merkiligri þeirra siðr en heiðinna þjóða. Ok sem hann hefir alla þá hluti forvitnast, er hann fýsir,¹ býst hann til brottferðar. Ok er keisarinn veit þat, lætr hann fram leiða marga hesta væna ok vel búna, ok segir þá til Balam: Þú góði víu, segir hann, tak hér af svá marga sem þú vill, en ber þau orð² mín Agulando konungi, at ek ætla svá mikit gull ok silfr af hans féhirzlu út taka, sem honum sjálfum þikir í guóg,³ ok veita enga sæmd honum í móti.

15. Balam ferr nú þar til er hann kemr til herbúða Agulandi, stígr af sínum hesti úti fyrir konungsins landtjaldi, gengr fyrir Agulandum, kveðr hann ok segir svá: Karlamagnús kristni konungr bar⁴ yðr þá kveðju, at þér skyldut bíða hans í þessum stað, ef hugr bilaði eigi.⁵ Agulandus fullr af reiði talar þá: Sáttu þann inn digra Karlamagnús? At vísu, segir Balam, heilan ok kátan fyrir allar greinir utan þat, honum þótti oflengi ykkra fundi sundr bera. Engan mann leit ek honum merkiligra, ok yðr satt at segja, hetir hann harla fátt lið hjá yðr, en enga veit ek þeim vaskari né betr at öllum herskrúða búna; en þat eitt heyrða ek þá óttast, at þér þyrðit eigi bíða þeirra. Því væri þat mitt ráð, at [eigi hætti þér á⁶ orrostu viðr þá, því at eigi verðr þessi minn framburðr at hégóma,⁷ aldri um aldr fái þér þeirra ríki unnit né komit þeim á flóttu. Sem Agulandus ok hans menn heyra þvílíkan framburðr sendimanns, æðast þeir meðr mikilli ákefð honum í móti, ok segja svá: Senniliga⁸ ertu verðr mikillar hegndar fyrir þína údygð, því at þú hefir svikit þinn höfðingja Agulandum, en tekit mútur af kristnum mönnum ok gerzt þeirra vin, því skal engán gaum gefa at þínum framburði. En seg nú, hversu mikinn her Karlamagnús hefir. Balam svarar: Hvat tjóar mér at segja yðr nökkut, þar sem þér vilit því eina⁹ trúa, er yðr sýnist. Nú vitit þat vera satt, at meir en hálfu minna lið hefir hann en Agulandus, en þó mun yðr at fullu vinnast. Sem Agulandus heyrir þetta kallar hann til sín Jamund son sinn, ok talar svá til hans: Nú er ek vís vordinn, at kristnir menn hafa engan liðsafla hjá því sem vér, ok því skaltu fara brott með lið þitt til þess sterka

¹) fýsist b. ²) boð b. ³) í nóg b. ⁴) sendi b. ⁵) mgl. b. ⁶) [þér hættit eigi til b. ⁷) ok tilf. b. ⁸) sannliga b. ⁹) einu b.

húss, er þú tókt¹ til geymslu, ok varðveit þat sem bezt kant þú. Meðr þér skal fara Balam sendimaðr ok fjórir guðir² várir, því at ek sé at Karlamagnúsi vinnr þörf hírðsveit³ mín einsaman. Svá gerist sem nú var sagt, at Jamund ferr brott frá feðr sínum ok sér hann aldri fyrr en heima í dinma heraði í sjálfu helvíti. Sitr Agulandus nú eptir meðr sínum mönnum á sögðum völlum.

16. Eptir þat er Balam sendimaðr var brottfarinn or Baion, kallar keisari Karlamagnús saman sína höfðingja ok talar til þeirra svá segjandi: Vér höfum nökkurn tíma dvalizt í þessum stað ok beðit várra liðsmanna, en þeir koma enn eigi, ok⁴ meðr því at ek trúir þat Agulando kunnigt vorðit um várrar ferðir, er eigi úlíkligt at hann haldi hegat til móts við oss sínum mikla her, ok at eigi byrgimst vér hér inni sem melrakkar í greni, skolum vér héðan brott halda þagat sem guð vísar oss ok blezaðr Jacobus. Svá gerist, at þeir fara meðr alt sitt lið út af borginni ok leita Agulandum mjök listuliga, þar til er þeir koma fram á slétta völlu ok fagra. Á þessum völlum sjá Frankismenn herbúðir heiðingja harla skrautligar⁵ með allskyns litum. Ok þegar Karlamagnús lítr þat, gerir hann þakkir almátkum guði ok blezaðum Jacobo, svá segjandi: Þér sé lof ok dýrð, háleitr guð, er várn her hēfir leitt réttan veg til fundar þinna úvina fyrir fullting þíus blezaða postola, hvar fyrir ek heit þér, dróttinn minn, at á þessum völlum skal ek láta kirkju reisa þér til sæmdar, ef ek fær þetta land af heiðnum mönnum hreinsat. Hvert keisarans fyrirheit harla vel fyldist, því at þar reistist upp síðan harla fagrt⁶ musteri meðr keisarans fulltingi, ok vígt tveimr guðs píslarvátum Facundo ok Primitivo. Hér lætr Karlamagnús tjalda búðir⁷ ok at því gerfu spyrr hann eptir vitrastu menn, Turpin erkibyskup ok Rollant frænda sinn ok Milun hertoga, hvat nú sé framfaranda. Turpin erkibyskup svarar: Herra, segir hann, engi maðr þarf yðr ráð at kenna, en segja má ek minn vilja. Þat þœtti mér yðr bezt sama ok mest vinna at koma á stefnu til samtals viðr hinn heiðna konung, ok prófa ef hann vill taka trú rétta eða gefa upp landit ok fara heim við svá búit til sinna ríkja. Vili hann hvárngan þenna upptaka, þá er kostur at reyna þeirra harðfengi með bardaga. Keisarin segir at svá skal gera. Fara nú menn til Agulandum með þessum eyrendum. En þegar sem Agulandus veit, at Karlamagnús er kominn, verðr hann glaðr ok hugsar at nú man hann skjótt vinna þat er hann vill, býðr síðan⁸ öllum herinum at vápuast ok búa sik sem bezt til bardaga, segir at nú skolu hans menn vinna sér til handa gull ok silfr, lönd ok lausa aura. En er þau boð koma

1) [þér tókut b. 2) guðar b. 3) hin sveit b. 4) Nú b. 5) skörunligar b.

6) sæmiligt b. 7) búð b. 8) þegar b.

fyrir Agulandum, er keisarin býðr at eiga stefnulag viðr hann meðr friði, þikr honum líkligt, at því geri Karlamagnús þat, at hann vill¹ gefast upp í vald hans, því játtar hann þessu. Koma þeir aptr til keisarans, sem þetta eyrendi báru, ok segja hvat títt var með Agulando, at hann bjó² lið sitt til orrostu, en játtaði þó stefnlagi. Keisarin lætr herklæðast sína menn ok skorti þar eigi liun fríðasta herskrúða, eptir því sem hverr vildi hafa. Segir keisarin at þeir skolu³ ríða fríðsamliga á stefnuna en vera búnir⁴ hvat sem at hendi kann koma.

17. Nú sem hváirtveggju eru búnir, ríða þeir fram á völlum er lágu miðil herbúðanna. Ríðr Karlamagnús keisari frammi fyrir liði sínu, en Agulandus af annarri hálfu rétt gagnvert honum í móti, því at hvártveggi þeirra var auðkendr frá herinum sakir vaxtar ok vápnabúnaðar. Ok sem þeir koma⁵ svá nær, at hvárr⁶ má gërla skilja annars orð, talar Karlamagnús keisari til Agulandum ok segir svá: Mikit hefir ek á þik at kæra. Agulande. fyrir þat er⁷ þú hefir tekit af mér meðr prettum rangrar ágirni lönd mín Hispanias ok Gaschuniam, þar með drepit alla kristna menn er þú máttir ok á mitt vald vildu flýja, borgir mínar ok kastala hefir þú niðr brotit ok eytt meðr eldi ok járnum alt þetta land. er ek hafði⁸ meðr guðs styrk ok heilags Jacobi unnit ok undir kristin lög snúit. En er Agulandus heyrði Karlamagnús tala á þeirra tungu Arabiamanna. er hann sjálfr bezt kunni, gleðst hann harðla mjök ok mælti svá til keisarans: Ek biðr þik, hinn kristni, at þú segir mér, fyrir hverja sök at⁹ þú tókt þat land undan varri þjóð, er hvárki áttir þú né þinn fadir. ok eigi föðurfadir þinn. Karlamagnús svarar: Því at almáttigr guð leysti þetta land brott af yðru valdi heidinna manna, skipandi þat undir kristin lög, en þér ræntut hann sinni eign. hvar fyrir ek var skyldugr at snúa því aptr til kristinnar þjóðar. ok hvert land annat er ek mátti, því at allar heidnar þjóðir eiga meðr réttu til at lúta varra laga. Agulandus segir þá: Mjök er þat úverðugt,¹⁰ at vár lönd liggi undir valdi yðvarra þjóða, því at vér höfum miklu mætar lög en þér. Vér dýrkum enn máttuga Maumet guðs sendiboða. ok hans boðorð höldum vér, ok þar með höfum vér almáttig guð,¹¹ þau er oss sýna meðr boði Maumets úvorðna luti: þau dýrkum vér ok tignum ok af þeim höfum vér líf ok ríki. ok ef þú sér¹² þau, mundi þér mikit um sinnast. Karlamagnús svarar þá: Senniliga villist þú. Agulande, í þessarri þinni trú, því at vér höldum guðs boðorð. en¹³ þér haldit lygiligan átrúnað. Vér trúum á einn guð,

1) vili b. 2) sik ok tilf. b. 3) skuli b. 4) við búnir b. 5) komast b.
6) hverr b. 7) at b. 8) hafða b. 9) mgl. b. 10) úrétt b. 11) goð b.
12) sæir b. 13) saal. b; sem B.

föður son ok heilagan anda, en þér trúit á djöful þann er byggir í skurgoðum yðrum. Sálur¹ várar koma eptir [þann líkamliga² dauða til eilífs fagnaðar, ef vér höldum rétta trú meðr góðum verkum, en yðrar sálur, er á skurgoðin trúit, fara til eilífra písla brennandi án euda í sjálfu helvíti; ok má þaðan af skilja, at vár lög eru betri en yður. Því kjós nú um³ 2 kosti, lát skírast með öllu liði þínu ok hjálp svá þínu lífi, ella kom þú til bardaga viðr mik, ok [mun þú⁴ fá þá illan dauða. Agulandus svarar: Þat skal mik aldri hiendá, at ek láti⁵ skírast ok neita svá Maumet vera almátkan; heldr skal ek ok mitt fólk berjast viðr þik ok þína menn meðr þessum skildaga,⁶ at þeirra trú dæmist betri sem sigr fá, ok sé sigrinn þeim til eilífrar sœmdar, sem hann öðlast, en hinum til eilífrar skemdar, sem hans⁷ missa. Ok ef ek verðr lifandi sigraðr, skal ek ok allr minn herr taka skírn. Þá svarar Karlamagnús: Harðla vel líkar mér, at svá standi; en til þess at eigi kallir þú várn sigr framar gerast af mannlígun styrkleik en krapti heilagrar trúar, skal þessi bardagi hafa á sér hólmgöngu hátt, svá at einn gangi móti einum, tuttugu móti tuttugu, ok þann veg síðan svá lengi sem fullprófát þiki vera. Agulandus samþykkir at svá gerist. Síðan sendir Karlamagnús tuttugu riddara fram móti 20 heiðingjum, ok lauk svá þeirra leik, at heiðingjar féllu allir. Því næst géngu fram fjórirtigir⁸ af hvarum, ok féllu enn allir heiðingjar. [Eptir þat riðu⁹ hundrað móti hundraði, ok fór sem fyrr, at heiðingjar féllu. Síðast reið fram þúsund móti þúsund, ok féllu flestir heiðingjar, en sumir flýðu. Sem hér var komit, lofuðu allir kristnir menn sinn dróttin, sem verðugt var. En Agulandus gékk til Karlamagnús at settum gríðum, ok sannaði auðsýniliga birtast í þessum blut at kristin lög váru meir virðandi en átrúnaðr heiðinna þjóða, hvar fyrir hann játtar at [næsta morgin¹⁰ eptir skal hann koma ok taka trú rétta. Skilja¹¹ þeir við svá búit ok fara hvárir til sinna herbúða.

18. Sem Agulandus kemr til sinna herbúða, tjár hann þeim er þar váru alt hversu farit hafði meðr þeim Karlamagnúsi, ok hvar nú var komit hans máli, at hann ætlar skírn at taka, ok bað síua menn svá gera. Játtu því margir, en sumir neittaðu. Ok þegar á næsta degi eptir ferr Agulandus fram til herbúða Karlamagnús ok kemr þar rétt á þeim¹² tíma sem hann sat yfir borðum meðr sínum sveitum.¹³ En er Agulandus gengr inn í keisarans landtjald, lítr hann umbergis borðin; ok meðr því at alls háttar stéttir¹⁴ sátu upp meðr keisaranum, byskupar, klaustramenn, kanokar, prestar, riddarar,

1) Sálir b. 2) líkamlígan b. 3) tilf. b. 4) [mantu b. 5) láta b. 6) skilmála b. 7) hann b. 8) 40 b. 9) [Síðan reið fram b. 10) [á næsta morgni b. 11) Skiljast b. 12) þann b. 13) sveinum b. 14) sveitir b.

undrast hann mjök, at þat fólk er með svá ýmisligum búnaði: því spyr hann inniliga eptir keisarann, hvat manna hverir¹ væri. Karlamagnús greinir fyrir honum sérhverja hluti ok segir svá: Þeir menn sem² þú sér hafa einlit klæði scemilig, eru byskupar ok prestar ok kallast lærifedr [laga várra,³ þessir leysa oss fyrir miskunn guðs af várum syudum ok veita guðliga blezan; en þá sem þú sér í svörtum klæðum eru ábótar ok munkar, þeir biðja fyrir oss nótt ok dag; en þeir er hvítum klæðum skryðast, kallast kanokar ok eru líkir í siðsemd hinum fyrrum, en hafa tídir sem lærðir menn. Ekki skilst mér af þvílíku, segir Agulandus, ok eigi munda ek þikkjast liðsinni at nærri,⁴ þótt slíkt dragsaðist með mér. En seg mér nú, hvat manna eru þeir er yztir sitja á berri jörðu ok hafa hvárki fyrir sér borð né dúka, en lítuliga mat ok drykk, búnir mjök herfliga hjá því sem aðrir. Karlamagnús svarar: Þetta eru sendibodar várs herra Jesu Kristi ok kallast einkanliga limir guðs, ok svá marga þrettán at tölu höfum vér dagliga í váru bodi í minning várs lausnara ok þeirra tólf postola, er meðr honum váru þann tíma er hann ferðaðist⁵ hér á jardríki. Agulandus segir þá: Allir þeir er upp sitja með þér ok þú kallar þína menn hafa gnógan mat ok drykk ok scemiligstu klæði, en þeir sem þú kallar einkanliga guðs menn ok hans sendiboda lætr þú á jörðu sitja langt frá þér brott háðuliga haldna bæði at mat drykk ok klæðum. Undarlig gerð, ok illa þjónar sá sínum herra, er svá háðuliga tekr hans sendiboda, hvar fyrir ek kallar lög þín ill, þau er þú lofar ok kallar góð, ok vei verði mér, ef ek læt minn fyrra átrúnað, til þess at leggjja mik undir þvílík lög. Karlamagnús svarar: Agulande, segir hann, lát þik eigi þenna hlut frá draga góðri ætlan, því at þat er guðlig skipan en eigi fyrirlitning hans bodorða, at fátækir menn hafi svá mat ok klæði, at þeir megi lifa við, en sedist eigi dýrum krásum ok gnógligum eðr gangi í ágætum klæðum, því at ef svá væri, mætti þeir eigi fátækir kallast, ok eigi bæri þeir þá mynd á sér, sem sjálfr lítilætis meistarinn virðist at bera í þessum heimi ok hans kerisveinar. En til þess skipaði hann svá, at þeir skyldu halda satt lítilæti með fátæktinni, en dramba eigi af miklum ríkdómi ok sællífi. Ekki vildi Agulandus þvílíku gefa gaum, heldr biðr hann sér nú orlofs til brottferðar ok býðr þar með Karlamagnúsi almenniligan bardaga, ríðr síðan brott aþtr til sinna herbúða. En Karlamagnús keisari lét gera betr við fátæka menn, þá sem fylgdu herinum þadan af. Hér með biðr hann lið sitt búa vápn sín ok hesta sem bezt. Svá gera þeir. Ok sem allir eru vel búnir, setja þeir sín spjót niðr í völinu úti fyrir herbúðunum næsta kveld fyrir orrostuna. En um morguninn

¹) saal. b; hverr B. ²) er b. ³) [saal. b; vára B. ⁴) nær b. ⁵) var b.

eptir sem kristnir menn ganga til ok taka hverr sitt spjót, váru mörg af þeim gróin meðr börk ok næfrum ok fegrsta blóma. En allir er þenna atburð sá, undraðust injök ok eignuðu þetta guðligri miskunn, höggvandi síðan upp spjótsköptin sem næst¹ máttu þeir jörðinni. En svá segist semmiliga, at af þeim rótum upphöggvinna spjótskapta, er eptir stóðu í jörðinni, runnu upp fagrir lundar réttir sem sköpt meðr mörgum² kvistum ok fögru laufi sem sjá má.³ Váru þessir lundar flestir af aski, er af skaptunum upp runnu, en svá mörg váru spjótin blómguð, sem fjórum þúsundum manna gnægði.

19. Nú sem hvárirtveggju kristnir menn ok heiðnir höfðu skipat sínar fylkingar, riðust þeir at með miklum gný ok vápnabraki, því at þar var hvártveggja þeytt horn ok lúðrar. Mátti hér líta snarp-
ligt vápnaskipti. Ríða þeir fremstir í liði Karlamagnús sem báru þau blómberandi spjót sem fyrr váru greind, hafði guð dróttinn svá skipat, at þeir allir skyldu á þeim degi fagrlega kórónast meðr píslarvætti. Var mest háttar maðr af þeim Milon hertogi af Angeler, er í þeim bardaga fóru⁴ til guðs. Karlamagnús reið djarfliga fram í fylkingar heiðingja ok drap margan mañn með sínu sverði er Gaudiola hét. En svá sóttu Saraceni at keisaranum, at þeir drápu hestinn undir honum. Varðist hann þá vaskliga meðr tveimr þúsundum sinna manna miðil margra Saracena. En með guðs forsjó ok heilags Jacobi, komst hann heill ok úsakaðr⁵ aptr til sinna fylkinga. Féllu⁶ á þeim degi fjöldi heiðingja, en svá margir af kristnum sem áðr váru greindir. Ok er á leið daginn gefst upp bardaginn, fara hvárir heim til sinna herbúða. Höfðu heiðingar þá handtekit hinn vaskasta höfðingja af liði Karlamagnús Nemes hertoga af Bealfuer. En rétt á þenna tíma kemr Balam sendimaðr, er fyrr var nefndr, til Agulandum, ok var sendr af Jamuud er þá bjó í turninum at forvitnast, hvat fram fœri miðil kristinna manna ok heiðinna, ok er hann varð viss hins sanna, hvat nú hefir⁷ skemstu at þorizt, at Karlamagnús hefir látit sinn bezta hest í bardaganum, en Nemes⁸ einn af hans köppum er nú haldinn af heiðingjum, kemr honum til minnis, hversu vel Franzeisar tóku við honum ok hversu herraliga keisarinn gerði hann af garði, þá er hann var sendr til þeirra af þeim feðgum, því þikist hann skyldr at gjalda velgerning móti þeirra hæversku, ef hann má viðr komast, ok svá gerir hann. Því at svá sem Agulandus er kominn í sitt landtjald ok Nemes hertogi er leiddr fyrir hans kné ok døendr af honum at þola skjótan dauða, gengr Balam meðr sínum fylgdarmönnum fyrir Agulandum ok segir svá: Herra, segir hann, hugsit um, á lvern hátt Karlamagnús gerði

¹) *saal. b*; mest *B.* ²) *fögrum b.* ³) *mátti b.* ⁴) *fór b.* ⁵) *úsakaðr b.*

⁶) *féll b.* ⁷) *fyrir tilf. b.* ⁸) *hertogi tilf. b.*

við mik, sem ek var af yðr sendr; kost átti hann at láta drepa mik, ef hann hefði viljat. Nú gerit svá vel fyrir yðra dygd, látit þenna vaska mann ná¹ sínu lífi ok sendit hann heilan aprt sínum höfðingja ok sýnit í því yðra mikilmensku. Agulandus svarar: Nei Balam, segir hann, þat gerist eigi fyrir þín orð einsaman at láta þenna mann lausan. Balam segir þá: Nú þótt þér vilit hann eigi upp gefa fyrir orðin² einsaman, skal eigi spara fé honum til undanlausnar. Takit svá mikit gull ok silfr, hesta meðr vápnum ok dýrum klæðum fyrir þenna mann sem þér vilit sjálfir. El³ þetta tjóar eigi, þá vitit þat, at margir yðrir menn skolu rauðu eiga⁴ snýta aðr þessi maðr sé drepinn. Ok er Agulandus heyrir svá fögr orð ok þar með einarðliga hótan Balams, talar hann svá: Tak mann til þín, Balam, ok greið oss slíkt fé, sem þú játtaðir. Svá gerir hann, tekr Nemes hertoga á sitt vald, en lætr svá mikit góz í staðinn sem Agulando líkaði. Því at þótt hann væri nú þann veg kominn til, skorti eigi gnógan ríkdóm í hans ferð einum manni til lausnar,⁵ á hvern hátt sem helzt vildi hafa, enda var hann svá vinsæll, at hvat var til reiðu sem hann vildi krefja. Eptir þat gert talar Balam til Nemes hertoga: Nú far til Karlamagnús ok ber honum kveðju mína, ok meðr því at ek heyrða hann hafa látit hést sinn, þá haf meðr þér þenna hvíta hest, er ek vil⁶ gefa honum; vænti ek þess, at eigi sé annarr betri í⁷ her heidingja eðr betr kunni fara með sér í bardaga. Þakkar Nemes honum sína framstöðu,⁸ sem vert var, ok ferr síðan á fund Karlamagnús, ber honum kveðju Balams meðr hestinum, ok segir hversu drengiliga hann stóð frammi honum til frelsis. En keisarinn verðr glaðr, er hann sér Nemes, því at mjök hafði hann hrygzt af hans brottfarfi, ok segir svá: Lof sé gudi ok heilagum Jacobo, er þik, góði vin, frelsti af valdi Saracenorum, ok ef þat væri þeirra vili, bið ek at aldri komir þú í svá harðan pungt nökkuru tíma. En mjök er þat harmanda, at svá hraustr drengr skal eigi kenna skapara sinn, sem Balam er. Sem þeir talast við þvílíka hluti, segist keisaranum, at fjórir markeisar af Róma eru komnir [honum til liðveizlu,⁹ ok hafa fjórar þúsundir hinna beztu riddara, þessarra beið Karlamagnús í Baion. Verðr keisarinn nú glaðr af öllu saman frjálsing Nemes ok þeirra tilkvámu. En af Balam er þat segjanda, at hann ferr¹⁰ skyndiliga frá her Agulandi, sem Nemes verðr¹¹ brottu, þar til er hann fann Jamund, ok sagði honum þat sem hann varð viss af um viðskipti¹² kristinna ok heiðinna manna.

1) halda b. 2) orð b. 3) En ef b. 4) mgl. b. 5) útlausnar b. 6) man b.
7) öllum tilf. b. 8) frammistöðu b. 9) [til liðveizlu við hann b.
10) fór b. 11) var b. 12) skipti b.

20. Sem Agulandus fréttir at fjórir höfðingjar með miklu liði eru til fulltings komnir við keisarann, þikir honum eigi sinn hlutr líkari en ádr. Því snýr hann brott með sínum her ok ferr til þeirrar borgar sem Agenna heitir, því at betra virðist honum þar við at eiga, sem minna afl er fyrir. En þó at þessi borg Agenna væri meðr sterkum múrum, var þar engi afli til mótstöðu, hvar fyrir Agulandus vinnr hana ok sezt þar síðan meðr sinn her; þikist hann nú hafa fengit svá öruggan stað til verndar,¹ at engi man svá ríkr til² koma, at né eitt it minsta mætti þeim granda, ok svá er hann nú stappaðr upp af dul ok drambvísi, at nú ætlar hann sér alt auðveldliga ganga eptir sinni fýsi. Því gerir hann menn til Karlamagnús ok býðr honum til sín at þiggja mikit gull ok silfr, til þess at gefa upp ríki sitt ok gerast hans maðr. En er keisarinn heyrir þessi boð Agulandi, tekr hann því eigi fjarri, segir þat líkara at hann muni koma eptir hans boði. Fara sendimenn aptr við svá búit ok segja Agulando, at Karlamagnús tók vel þeirra eyrendum, en hann verðr geysi glaðr við þá sögu, því at nú þikist hann hafa alt hans ráð sér í hendi, ef þeir finnast. En er sendimenn váru brott farnir, smíðar ágætr herra Karlamagnús nýjar ráðagerðir, því at senniliga skilr hann fyrir þann háleita meistara, er hann lærði til sinna framferða, at þetta boð Agulandi var bruggat af údyggju hjarta. Hvar fyrir hann tekr þat ráð, sem guð kendi honum, ríðr brott frá herinum meðr sjautigi riddara leyniliga, þar til er hann kemr upp á þat fjall, er svá stóð nærri³ borginni Agenna, at þaðan mátti görla sjá fram í stadinn. Hér⁴ stígr hann af baki sínum hesti ok leggr af sér allan konungligan skrudá ok klædist öðrum búnaði, tekr spjót sitt af skapti en leggr skjöldinn miðil herða sér, ok býr sik at öllu upp á sendimanna hátt, hafandi einn riddara sér til fylgdar, gengr síðan ofan af fjallinu frá mönnum sínum, en biðr þá bíða sín í þeim stað. Senniliga var þessi [ferð Karlamagnús⁵ af öruggri trú ok miklu trausti guðligar miskunnar, at hann skyldi ganga⁶ við annan mann sjálfkrafi í hendr sinna úvina, þar með vissi hann við liggja scemd ok frelsi heilagrar kristni, at⁷ honum tækist greitt sín ferð,⁸ ok vel er [því trúanda,⁹ at hinn heilagi Jacobus hafi eigi verit þenna tíma keisaranum fjarri, því at djarfliga gengr hann fram til stadarins. Renna þegar varðhaldsmenn út af borginni móti honum ok spyrja hvat manna þeir væri. En þeir kváðust vera menn Karlamagnús keisara sendir til Agulandum. Ok þegar sem þat heyrst, eru þeir leiddir í þá höll sem¹⁰ Agulandus sat ok hans höfðingjar, ok sem þeir koma fyrir konunginn, kveðja þeir hann ok tala svá síðan:

1) sér tilf. b. 2) at b. 3) nær b. 4) þar b. 5) [ráðagerð b. 6) fara b.
7) ef b. 8) atferð b. 9) [þat merkjanda b. 10) er b.

Vit erum sendir til yðvar af hendi Karlamagnús með því eyrendi at segja yðr, at hann er kominn í þenna stað, er svá heitir, meðr sextigum riddara ok vill gjarna gefa upp sitt ríki ok gerast yðvarr maðr, hvar fyrir hann bíðr, at þér komit til tals við hann með aðra sextigi riddara. Ok er Agulandus heyrir þetta, talar hann svá: Vel hafi þit gert ykkart eyrendi; en segit þat Karlamagnúsi, at hann bíði vel, því at ek skal at vísu koma. Gengr keisarinn eptir þat út af borginni ok hygggr gersamliga¹ at, hversu auðveldast væri [borgina vinna;² því at þat var hans eyrendi mest til Agennam. Ferr síðan út af staðinum upp á fjallit til sinna manna, stígr á hest ok ríðr sem skjótast aptr³ til herbúða. En hvat er þat sem nú heyrðum vér utan verk almáttigs guðs, at Karlamagnús kendist eigi af Agulando ok talaði þó við hann, en hafði fyrir litlum tíma áðr hann sét, sem fyrr var sagt. Lofaðr sé guð fyrir þat ok öll önnur sín verk, er hann dásamliga vinnr móti líkendum með sínum almætti. Ok þegar⁴ Karlamagnús var farinn út af borginni, kallar Agulandus konungr saman miðinn her ok ferr með sjau⁵ þúsundir riddara til þess staðar, sem hann hugði Karlamagnús fyrir vera meðr fá menn, ok ætlaði drepa keisarann. En er hann kemr í nefndan stað, fær hann þar makliga kaupferð, grípr á mis Karlamagnús, en hefir sik opinberat í údygd ok trúfofi. Því snýr hann aptr til borgarinnar meðr skömm ok svívirðing, er honum nú miklu verra í hug en áðr sem makligt er, hvat eigi skipist nema versni, ok bíði svá þess sem honum skal⁶ skjótt til handa koma fyrir sinn údrengrskap.

21. Þegar sem Karlamagnús kemr til sinna landtjalda,⁷ býðr hann herinum at búast sem hvatligast. ok heldr síðan til borgar Agennam. En meðr því at hon var sterkliga múruð en hafði mikit afl fyrir innan sér til fylgdar, sitr hann sex mánaði um borgina ok fær ekki at gert, ok á sjaunda mánaði, sem allar þær listir ok smiðvélar sem höfðingjar eru vanir borgir ok kastala meðr at vinna⁸ váru vel ok listuliga til búnar, kallar keisarinn á heilagan Jacobum postola, at hann virðist veita kristnum mönnum sitt blezat⁹ fullting, svá at þessi borg verði unnin þeim¹⁰ til dýrðar, en dreifist sá úaldarflokk, er hana hetir rangliga at halda. Ok senniliga heyrði postolinn keisarans bæen, því at svá harða atgöngu veittu Frankismenn meðr postolans atstöðu, at Agulando sýndist engi annarr vænni,¹¹ ef lífinu skyldi ná,¹² en flýja brott or borginni meðr sínum höfðingjum ok öllu liði¹³ er því mátti við koma. Ok svá gerist at hann flýr brott or borginni eina nátt með [öllum sínum her¹⁴ farandi út

¹) görla b. ²) [hana at vinna b. ³) mgl. b. ⁴) sem tilf. b. ⁵) 4 b.

⁶) kann b. ⁷) herbúða b. ⁸) brjóta b. ⁹) blezaða b. ¹⁰) honum b.

¹¹) saal. b; grein B, ¹²) halda b, ¹³) herliði b, ¹⁴) [öllu sínu liði b.

um hinar lægstu smáttur staðarins til þess staðar er Santun heitir, strengir sik þar inni sterkliga, þikur honum nú þegar vel, sem hann kemst undan ágangi Franzeisa. En er Karlamagnús veit þat, at Agulandus er út flýðr¹ af borginni, gengr hann inn meðr mikinn² pris ok fögrum³ sigri, lætr drepa alla Saracenos, er eigi vildu taka skírn ok gerast hans menn. Dvelst Karlamagnús í borginni lítinn tíma áðr hann verðr viss, hvar Agulandus sitr með Saracenis. Heldr hann þangat til móts viðr hann sínu liði ok sezt um staðinn. Þessi borg Santun⁴ stendr mjök nærri⁵ þeirri á er Karant heitir, svá at hon geymdi einu veg hjá borginni. Keisarinn gerir tvá kosti Agulando, at gefa upp borgina eða berjast ella. En Agulandus vill heldr eiga bardaga við Karlamagnús en gefa upp borgina at úreyndu: Því búast hváirtveggju til orrostu. Ríðr Agulandus út af staðnum, en keisarinn í móti, gerðist bardagi þessi hinn harðasti ok féll mart manna af hvárumtveggjum. En meðr því at blezaðr Jacobus postoli stóð með sínum húskörlum, sneri mannfallinu upp á Saracenos, svá at fjöldi huígr af þeim, því at hvar sem Rollant með sínum kumpánnum snerta þá sínum vápnnum, þarf eigi umbönd veita, hvar fyrir heiðingjar eru bæði skjótt hræddir ok móðir ok flýja inn aprt í borgina, lykja síðan aprt sterkliga. Setja kristnir menn nú sfnar herbúðir unbergis borgina utan þar sem áin var. Ok er Agulandus skilr sik eigi geta borgina haldið, flýr hann [eina nátt⁶ út yfir ána, því at engi vegr sýnist honum annarr kjörvísigr til undankvámu. En þegar Frankismenn vita þat, hlaupa þeir á þá meðr miklu afli ok drepa konung af Agabia ok konung Bugie ok nær fjórum þúsundum heiðingja. En Agulandus flýr undan með lið sitt alt til borgar Pamphiloniam, er fyrr var nefnd. Hafði Karlamagnús hana látit upp reisa í annan tíma ok sterkliga múra eptir þá miklu niðrrapan, er hon þoldi fyrir atgöngu Jacobi, svá sem áðr er greint. Ok meðr því at Agulandus skilr þessa borg mjök sterka, hugsar hann hér fyrir at búast. Því gerir hann nú [sína menn⁷ í þær hálfur sem honum þótti⁸ líkast til liðveizlu, því at í þeim þremr samkvámu, er gerðust miðil Franzeisa ok Saracenos⁹ hefir hann látit margt lið meðr mörgum sínum kempum, ok af því stefnir hann til sín miklum her, hvar sem hann kann fá. En sakir þeirrar drambsemi er honum bjó í hjarta, skal engi þora at gera Jamund nökkut kunnigt, hvat fram fari¹⁰ um hans efni, því at eigi þikur honum þat lítil skömm, ef hann svá gamall ok roskinn skal þiggja liðsemd af þessum yngling,¹¹ ok betra virðist¹² honum at prófa enn í fjórða sinn, hversu

1) flýinn b. 2) miklum b. 3) fengnum b. 4) Santun her og senere b.

5) nær b. 6) [mgl. b. 7) [sendimenn b. 8) sér tilf. b. 9) Saracena b.

10) fór b. 11) ynglingi b. 12) þikur b.

viðskiptin fara miðil hans ok kristinna manna. Því gerir hann orð Karlamagnúsi ok segist bíða munu hans tilkvámu í borg Pamphilonia.

22. Karlamagnús keisari sitr nú í greindri borg Santun ok fréttir, hvar Agulandus er niðr kominn, ok dregr at sér mikit lið. Ok af því at heilagr postoli Jacobus hefir mörgum Franzeisum boðit til sín af þeim her sem keisaranum fylgdi til Hispaniam, gerir hann menn [meðr bréfum¹ til Rómam, biðjandi at postoligr herra sjálf þávinna virðist fyrir guðs skyld at lypta sinni ferð af Róma til frelsis heilagri kristni in Hispania með þann mesta liðsafla er fá kann í Frakklandi. Hér með býðr hann at allir þrælur ok þjónostumenn í Franz skolu frjálsast meðr sínu hyski af öllum þrældómi, ok þeir sem í höptum haldast² eða myrkvastofum væri leystrir ok liðugir gerfir,³ en þeir sem áðr höfðu í gengit keisarans misþykkt ok úblíðu fyrir gnógar sakir bauð hann nú aprtr kallast í sína vináttu: þar með skyldu allir spellvirkjar ok ránsmenn ganga aprtr í frið ok náðir. ef þeir vildi fyrirláta sína framferð ok ráðast í fylgd guðs riddara, heitandi þeim at gjalda aprtr sínar⁴ eignir, er áðr höfðu mist, en gera fátæka ríka; ok meðr skjótum orðum yfir renna, kallar hann til þessarrar ferðar bæði vini ok úvini, [innlenska ok útlenska,⁵ lærða ok úlærða, unga menn sem gamla, heitandi⁶ at þeir skolu⁷ taka af honum [tímaligar sœmdir.⁸ en eilífa ömbun⁹ af sjálfum guði, sem vel víkiast undir [þetta hans boð,¹⁰ at meðr guðligum styrk ok þeirra liðveizlu megi hann því auðveldligar fyrir koma guðs úvinum in Hispania. En þegar sem þessor¹¹ keisarans boð koma herra páfanum, játtar hann gjarna keisarans bæn, ok býðr at þessi hans boðskapr fari sem skjótast yfir Italam. en tekr sér til fylgdar marga burgeisa af sjálfri Róma, var höfðingi yfir¹² þeim Constantinus prosectus.¹³ Hér með tekr herra pávinna þann hluta dróttinligrs kross, sem dýrkast ok vegsamast í sjálfri Róma, ok ætlar með sér at hafa fram til fulltingis viðr kristna menn, heldr síðan út af Róma með sœmiligr fylgd, sem þvílíkum herra til¹⁴ heyrði. Koma¹⁵ margir höfðingjar dagliga til fylgdar við herra páfann. því at svá skjótt sem þeir heyrðu keisarans boð ok vilja, bjó hvern sik ok sitt lið sem skjótast mátti. Ferr herra páfinn þar til er hann kemr meðr sínu föruneyti í nálægð viðr keisarann. En þegar sem Karlamagnús verðr varr við tilkvámu postollegs herra,¹⁶ lofar hann allsvaldanda guð ok riðr út af þeim stað, sem hann sat meðr sínu liði. móti herra páfanum ok fagnar honum með fullri ástsemd ok gleði, leiðir hann

1) [mgl. b. 2) héldust b. 3) gefnir b. 4) þeirra b. 5) [mgl. b. 6) játtandi b. 7) skyldu b. 8) [mikla sœmd b. 9) miskunn b. 10) [hans þessi orð b. 11) þessi b. 12) fyrir b. 13) perfectus b. 14) mgl. b. 15) Kómu b. 16) föður b.

heim til sinna landtjalda meðr miklum prís ok fagnaði, segir honum greiniliga alt hversu fram hefir¹ farit miðil þeirra Agulandum, þar til sem nú er komit. Sem allr herr keisarans kemr saman í einn stað, var þat mikill fjöldi, því at svá er senniliga skrifat, at tvær dagleiðir á lengd [ok breidd² huldi hans herr jörðina, en tólf mílur at³ lengd mátti heyra manna kný⁴ ok hesta gang.⁵ Þessum her öllum heldr keisarinn til Pamphiloniam. Fór fyrstr sá höfðingi er hét Arnald af Berid með sínu liði; þar næst Eystult⁶ jarl meðr sínum her. Eptir þat Aragstanus⁷ konungr af Britannia, þá Arinald⁸ de Albaspina með sinni fylgd, því næst Gundilber⁹ Frísa konungr með sinni hirð, þa Oddgeir danski, ok síðan hverr höfðingi eptir annan, en síðast keisari Karlamagnús ok herra páfínn ok allr almúginu. Sem Karlamagnús kemr til Pamphiloniam, vill hann enn prófa til¹⁰ í fyrstu, ef Agulandus vill upp gefa borgina, ok ef hann vill eigi þat, býðr hann bardaga. En Agulandus kýss heldr orrostu, en¹¹ biðr Karlamagnús biða sín [lítinn tíma,¹² meðan hann byggi lið sitt til bardaga, ok þat þiggr hann. Skipar keisarinn fim fylkingar ok gerir höfðingja fyrstu fylkingar Arnald af Berid. Hafði keisarinn meira lið ok betr búit en heiðingjar, ok því gerði Agulandus fjórar fylkingar af sínum her, því at svá segist, at hann hefði¹³ hundrað þúsunda, en kristnir menn hundrað þúsunda þrjátígi ok þrjár.

23. Nú sem Karlamagnús hefir skipat fylkingum eptir sínum vilja, eggjar hann herinn mörgum orðum, at hverr ok einn dugi sem drengr er til ok affi sér bæði samt auðæfa þessa heims með sæmd ok góðan orðstír, en af konungi konunga eilífa ömbun án enda. Því næst gengr fram herra¹⁴ páfínn ok blezar allan lýðinn heitandi þar með, at allir þeir sem nú ganga drengiliga fram undir keisarans merkjum skolu¹⁵ þiggja aflausn synda sinna, gefandi alt saman lif ok líkama¹⁶ upp undir vernd almáttigs guðs ok hans blezaða postola Jacobi,¹⁷ fyrir hvers skyld þessi herr er í þenna stað saman kominn, ok¹⁸ allir játta svá gera sem þeir váru eggjadir. Þegar Agulandus hefir búit sinn hér, ríðr hann út af borginni á slétta völlu. Má nú heyra hark ok mikit vápnabrak, því at hvárigir spara at þeyta sína lúðra með hvellum hornum, æpandi stór heróp, svá at langt ok víða skalf jörðin umbergis í þeirra sanikvámu. Gerir Arnald af Berid ena fyrstu atreið í þessum bardaga meðr siuni fylking ok ríðr djarfliga fram móti fremstu fylking Saracenorum. Var hann hinn vápnðjarfasti maðr, ok öll hans fylgd stórliga vel búin

1) *hafði b. 2) [mgl. b. 3) á b. 4) gný b. 5) gnegg b. 6) Eistul b. 7) Arastagnus b. 8) Reinald b. 9) Gundebol b. 10) mgl. b. 11) ok b. 12) [mgl. b. 13) hafði b. 14) hjá b. 15) skuli b. 16) líkami b. 17) her indfalder en stor Lacune i b. 18) at B.

bæði at vápnnum ok klæðum. Því höggur hann til beggja handa, þegar sem herrinn mætist ok ryðr sér veg í miðjan flokk heiðingja, veitir mörgum manni bana, ok svá snarpliga gengur hann fram meðr sínum fylgdarmönnum, at skjótt rjúfa þeir fyrstu fylking Affricanorum. Ríðr¹ þá þeim í móti önnur fylking Agulandi, ok stendr við lítinn tíma áðr hon ferr þvílíka leið sem hin fyrri. Ok er Agulandus sér mikinn úsigr sinna manna, reiðist hann í hjartanu ok heldr öllu liðinu í senn í bardagann. En er Frankismenn líta þat, vilja þeir nú eigi spara sik til framgöngu ok halda vígvöllinn drengiliga, svá at þeir hringja með sínum her umbergis ok drepa margan heiðingja, höggva meðr sverðum en leggja spjótum ok kvista hvern niðr hjá öðrum sem hráviði, þar til at mikil hræzla kemr yfir Agulandum, því hann sér kristna (menn) fá mikinn framgang í þessum bardaga, en alla völlu hulda af líkum sinna manna, en þá sem lifa skjálfa ok pipra af hræzlu, ok búna brátt at flýja hvern sem fyrr mátti við koma. Því skilr hann at ekki er til annarr en freista brottkvámu. Ok svá gerir hann, flýr nú undan meðr þat litla lið er honum mátti fylgja til skipa sinna, ok siglir hann til Affricam meðr lítilli sæmd en mikilli hræzlu. Þikir honum nú vel, þó at Jamund son hans prófi sína karlmensku við Frankismenn, því sezt hann í þá borg er Visa heitir meðr drottning sinni ok öðru liði. En þegar Franzeisar kenna flótta heiðingja, sækja þeir vaskliga eptir ok drepa svá títt, at fátt eina komst undan af heiðingjum. Svá miklu blóði var út helt á þeim degi, at tók í ökla. Altomant konungr ok Ebraus af Sibil flýðu brott með litlu liði ok leyndust í nálægum fjöllum: sumir leitadu í borgina Pamphiloniam sér til hlífðar, en þeim varð þat at lítilli hjálp, því at svá sem orrostan laukst, gékk Karlamagnús inn í borgina ok lét drepa hvert manns barn af Saracenis er finnast mátti. Eptir þenna bardaga ok fagran sigr, er guð ok heilagr Jacobus veitti Karlamagnúsi, fór hann meðr herinn til Argue brúar takandi þar náttstað. En á þeirri sömu nótt leyndust nökkurir brott at úvitanda keisaranum þagat til sem valrinn var sakir ágirni, ok gerðu sér miklar byrðar af gulli ok silfri, er í nóg lá um völluana, ok öðrum ger-simum, ok sem þeir eru aprt á veg, koma at þeim at úvöru tveir fyrr greindir konungar Ebraus ok Altomant meðr Saracenis er undan kómust, ok sækja at þeim ok drepa svá görsamliga, at nær þúsund kristinna manna féllu þar. En heiðingjar þóttust allvel hafa leikit ok riðu brott um nóttina, létu eigi sinni ferð áðr þeir kómu til Cordubam. En keisarinn sem hann vissi hvat gerzt hafði, lét illa yfir þeirra ferð, at Saraceni skyldu fyrir eina saman heimsku ok fjárágirnd sinna manna svá mikit skarð hafa höggit í þeirra flokki,

¹) Ríða *B*,

24. Næsta dag eptir þenna bardaga, er ágætr herra (Karlagnús keisari) átti við Agulandum, er nú var brottflýðr at sinni af Hispania, spurði keisarinn, at einn höfðingi af Nafaria er hét Furra var kominn undir þat fjall, sem landsmenn kalla Garzdin. Þessi höfðingi vildi fyrir eins fluna Karlagnús ok eiga bardaga viðr hann, því at Furra sem hann heyrði keisarann kominn í Galicia, óttaðist at hann mundi finna sitt ríki Nafariam, því hafði hann liði samnat ok ætlaði at halda til fundar við Karlagnús ok sigra hann í bardaga, ef svá færi sem hann vildi. Ok er keisarinn fréttir þat, heldr hann þegar til fjallsins sínum her ok býðr Furra at gefast upp í sitt vald. En hann býðr bardaga í móti. Því búast hváirtveggju til orrostu, en á næstu nótt fyrir bardagann vakir keisariinn í sínu landtjaldi ok biðr guð með góðfúsri bæn ok hinn heilaga Jacobum postola, at hann féngi sigr í þessum bardaga, ok þess biðr hann hér með, at guð auðsýndi þat með marki sinnar miskunnar, hversu margir af kristnum mönnum skyldu í þessu stríði dauða þola fyrir heiðingjum. En þessa bæn keisarans virðist almáttigr guð stórmerkiliga birta, því at um morgininn sem herrinn var búinn, sást rautt krossmark á þeirra manna herðum utan yfir herklæðunum, sem guðlig forsjó skipaði feiga. Ok er Karlagnús keisari sá svá háleitt mark, at eigi mátti við dyljast hversu margir falla mundu fyrir vápnum, ef þeir kæmi í orrostuna, vill hann prófa, hversu þeirra mál skipist, ef annat ráð gerist fyrir þeim, ok lætr samna saman öllum í sitt oratorium er þvílíku marki váru merktir, ok lykja aptr síðan, en ferr eptir þat til bardaga móti Nafaris; ok er skjótt at segja af þeirra viðskiptum, at Furra fellr ok fjórar þúsundir heiðingja með honum, en engi af kristnum mönnum. En er kveldar, víkr keisariinn til sinna landtjalda ok lýkr upp því herbergi, sem riddararnir váru inni byrgðir, ok sér þar guðliga skipan fagrliga fylða, svá at þeir sem þar váru heilir ok hraustir um morgininn innsettir, finnast nú allir dauðir sem til er komit. Birtist þat í þessum hlut, at engi má umganga þá dauðastund sem guð skipar hverjum til handa. Vinnr Karlagnús síðan undir sik Nafariam meðr þeim herðum er þar liggja í nánd.

25. Litlum tíma síðar en þeir tveir konungar Ebraus ok Altomant, sem brott kómust or þeim bardaga er Karlagnús átti við Agulandum síðast, váru komnir í borg Cordubam, sem áðr var sagt, hugðust þeir hefna skyldu þeirrar svívirðu, er Agulandus hafði farit fyrir Karlagnúsi, ok því samna þeir saman miklu liði af heiðnum þjóðum ok ríkum konungum. Því mjök margir váru þeir at eigi treystust sjálfir at stríða mót keisaranum, en sakir þess at vili var í gnóg, styrktu þeir hvern eptir megi, er til þess bar þoran at

halda stríð við hann. Því gera greindir konungar orð Karlamagnúsi, at þeir biða hans tillkvámu við borgina Cordubam. En þegar keisarinn heyrir þat, vendir hann þagat sínum her, ok sem hann kemr í nánd borginni, halda konungarnir út í móti honum um þrjár mílur ok fylkja þar. Frammi fyrir liðinu skipa þeir fótgangandi menn búna njök undarlíga, höfðu þeir svört skegg ok síð, af þeirra höfðum stóðu horn hvervitna, þeir váru illilígir hvar sem þá leit, svá at líkari váru þeir djöflum eða öðrum hræðiligum skrimslum en mönnum. Þessir sérhverir höfðu í sínum höndum stórar trumbur ok holar bumbur, þar með hljóðbjöllur smár ok hvellar. Svá biða þessir keisarans. En þegar hann kemr svá nærri sem mátuligt þótti, skipar hann þrjár fylkingar af sínum her, setjandi fyrstu fylking af fræknustu mönnum ok ungum ok góðum hestum, aðra gerir hann af fótgangandi mönnum. Þriðju af riddarum. Ok er fyrstu fylkingar hvárra megin koma saman, taka greindir heiðingjar til sinnar þjónostu, hlaupa fram móti Franzeisum með miklu ópi ok blístran, grenjan, bölván ok allskonar illum lætum, berjandi á sínar bumbur, hristandi hljóðbjöllur, þeyta þar með horn ok trumbur, en berja á tabur. Ok svá sem hestar kristinna manna heyrðu svá bölvuð læti þessarar skrimsla ok litu þeirra hræðilígu ásjánur, kasta þeir sér um þegar í stað ok flýja sem ærir ok galnir, svá at riddarar féngu þeim með engu móti aptr snúit til bardagans. Ok svá gera þessir úvinir mikit af sér, at hverr ok einn maðr er á hesti sitr, verðr nú at flýja þótt nauðigr; því at svá hræðilígan gný ok hark ok háreysti gerðu þessir bölvadu úvinsins limir, at engi þóttist þvílíkt undr hafa fyrrum heyrtr. En hvat þarf hér lengra um at gera, en svá reka heiðingjar þrjár fylkingar Karlamagnús, at aldri er hann svá gildr ok mikill fyrir sér, at né eina mótstöðu megi nú veita, ok svá elta Saraceni Franzeisa sem aðra flóttamenn upp á þat fjall er stendr tvær mílur brott frá borginni. Gerðu þá kristnir menn fjallit sér at vígi ok hjuggust til viðtöku, ef heiðingjar vildu at þeim sækja. Ok er þat sá Saraceni, vendu þeir aptr til borgarinnar. Settu kristnir menn eptir þat landtjöld sín í fjallinu ok biðu svá morgins. En svá hafði guð ok heilagr Jacobus vel geymt sinna manna, at engi lét sitt líf á þeim degi fyrir heiðingjum. Um morgininn árla kallar keisarinn saman hina vitrastu ráðgjafa ok spyr þá eptir, hvat nú sé til ráða. En allir segja at eigi sýnist þeim mart til útvega, en kveðast því öllu skolu gjarna hlýða, sem hann vill til leggja. Keisarinn býðr at allir ríðandi menn í herinum láti vefja höfuð á hestum með líndúkum léttum, at eigi megi þeir sjá fáséu býsn ok ljót ferlíki Saracenorum. En þar með skolu þér fylla eyru hestanna með vaxi eðr einhverju öðru, svá at eigi heyri þeir hark heiðingja ok ill læti. Ok sem svá

var gert ríða kristnir menn djarfliga ofan af fjallinu til móts við Saracenos. Verða þeir glaðir við þat, því á einn hátt ætla þeir at leika við Frankismenn sem fyrra dag. En þat gengst þeim eigi, því at þótt þeir hleypi nú fram sínum skrimslum með verstum lætum er þeir máttu við komast, standast hestar kristinna manna vel þeirra umfang. Því gerist nú stórliga orrosta, því at skjóttliga sem Frankismenn mega vápnnum við koma, þikir þeim vel at fara, gjalda nú þat drengiliga er þeir þóttust heiðingjum ömbuna, því at þat var þeim í hug fyrra dag, þá er þeir nauðgir undan héldu, at hvárki skyldu þeir spara höfuð né bol heiðingja, ef gnð gæfi þeim færi á í annan tíma. Fellr nú stórliga margt af Saracenis, en hverr er má leitar undan viðrskipti Franzeisa, ok þyrpast fram undir höfuðmerki heiðingja. En um þat var svá búit, at einn vagn stórliga vel búinn stóð í miðjum herinum, fyrir honum (váru) átta yxn, en or vagninum stóð upp eitt rautt banel með hárrí merkistöng. En þat var siðvani Saracenorun at flýja eigi or bardaga, meðan þeir sæi merkit standa, ok er keisarinn vissi þat, ríðr hann fram í her heiðingja styrktr guðligum krapti á þeim hvíta hesti er Balam sendi honum, ok ryðr sér rúman veg alt undir höfuðmerkit sveiflandi sínu góða sverði til vagnsins ok sníðr sundr merkistöngina, fellr þá niðr merkit sem váu var, heldr þá síðan aprtr í sína fylking. En jamfram ok Saraceni líta sitt höfuðmerki niðrfallit, verða þeir felmsfullir ok flýja án dvöl. En kristnir menn sækja eptir með ópi ok áeggjan ok fella hvern heiðingja ofan á annan, svá at á þeim degi drápu þeir átta þúsundir heiðingja ok konunginn af Sibil. En Altomant komst inn í borgina Corduban með tveim þúsundum, aprtr lykjandi öll port. En um morgininn eptir segir hann mönnum sínum, at þat eitt sé þeim til at gefast í vald keisaranum ok gerast hans menn, ok því játta allir, því at nú var engi annarr líkari. Síðan gefr Altomant upp borgina Karlamagnúsi meðr þeim skilmála, at hann ok allir er honum fylgja skolu skírast láta en halda síðan borgina af keisaranum, svá lengi sem Altomant lifði, ok styrkja keisarann í öllu því er hann mætti. Fór þá svá fram. Nú hefir verit sagt um hríð, hversu viðrskipti hafa farit miðil Karlamagnús ok Agulandum, en hér næst skal á líta hvat fram ferr í öðrum hálfum Hispanie á þessum tímum.

26. Nú skal þar til taka er Jamund son Agulandi skildi við föður sinn ok fór at búa í turninum, at hann gerði Balam sendimann eptir lítinn tíma aprtr til Agulandum at forvitnast, hvat með honum færi fram, eptir því sem fyrr í sögunni mátti heyrast. Ok er Balam kom aprtr ok sagði Jamund þat sem hann hafði viss vordit, vildi Jamund með engu móti svá fram fara lengr at sitja í samá stað með svá mikinn her sem hann hafði. Því skiptir hann sínu

liði sundr í þrjá stadi, tekr einn hluta sér (til) fylgdar, váru í þeim flokki tuttugu þúsundir; fyrir annan hluta liðs skipar hann tvá höfðingja, optnefndan Balam ok Triamodem konung frænda sinn meðr mörgum konungum, hertogum ok jörlum; þeir hafa mestan hluta liðs meðr sér, því sendir Jamund þá ut af turninum í þann hluta ríkisins er fírr stóð, en hann ferr sjálf í þá stadi er meir váru í nálægð við Karlamagnús; hann hefir með sér fjóra höfuðgudi sína, er fyrr váru greindir, undir hverjum at var alt traust þeirra, hvar fyrir Jamund skipar sitt lið mest af úvönnum mönnum ok ungum til stríðs ok bardaga; þriðja hlut síns liðs, ok er sá minstr, setti hann til geymslu viðr turninum. Fara nú þessir illskuflokkar víða um Hispanias, ok er þeirra yfirferð allúþörf guðs hjörð, því at þeir drepa kristna menn en ræna fé, hvar sem þeir mega. En sakir þess at Jamund er foringi þessa liðs, skal af hans ferðum einkanliga greina, því at hjá honum er líkast til nökkurra tíðenda.

27. Þegar sem Jamund fór út af turninum, gengr hann at með miklu kappi (at) svívirða kristna menn ok niðr brjóta, svá at engi reisir rönd við honum, vinnr hann undir sik margar borgir ok kastala með eldi ok vápnum, ok svá var hann grimmr ok illgjarn í sínum framferðum, at svívirðiliga lét hann drepa hina vöskustu menn, er eigi vildu níðast á guði sínum ok lúta bölfadum skurgöðum, en af konum bauð hann brott sníða brjóstin, ef þær samþýktist eigi þeirra fúlum illvilja, hvar fyrir margir snerust til skurgoða villu. Hér með aftar hann svá mikit gull ok silfr ok aðrar gersimar, sem eigi mátti telja. En með því at þessi ofsókn, er Jamund gerði, fór víða um landit, fréttir Karlamagnús keisari þessor tíðendi þar sem hann er, ok sakir þeirra únáða sem hann átti á þeim tímum í at standa ok áðr var sagt þóttist hann eigi mega halda til móts við Jamund; því kallar hann til sín tvá konunga, þá er annarr hét Salomon ok var höfðingi yfir Bretlandi en annarr Droim er stjórnadi Gaskhuniam. Til þessarar talar keisariinn svá: Meðr því at ek má eigi svá skjótt sem þyrfti koma til fundar við Jamund son Agulandi ok rísa móti þeim úfrið er hann gerir landi vinar míns Jacobi, skipar ek ykk höfðingja þess liðs er sendast skal á njósn fram fyrir Jamund, at hann geysist eigi at úvöru hingat á oss; ok ef svá berr til, at þér mætit nökkurum ridli eigi mjök miklum af þeirra flokki, þá hafit þvílíkt lið með yðr sem þér þikkizt vel mega móti taka, en gerit oss sem skjótast orð, þegar þörf gerist ok yðr sýnist svá betr standa. Þeir samþykkja þessu gjarna, taka sér til fylgdar meir en þrjátigi þúsunda ok fara síðan þar til at þeim verðr kunnigt af ferðum Jamundar. Því reisa þeir sínar tjaldbúðir í nánd einu fjalli er heitir Asprement ok gera síðan tíu þúsundir lengra fram á vörðinn;

váru þeir harðla vel búnir at öllum herskrúða, ríða þeir upp á þann háls er gekk undan fjallinu, ok svá ofan öðrum megin í hlíðina ok nema þar staðar, því at þaðan mátti víða sjá, litu þeir ok þá turn Jamundar, skípa þeir liði sínu í fylkingar ok vildu búnir vera þess er at höndum kynni koma.

28. Rétt á þessum tíma er njósarmenn keisarans váru á ferð komnir, sitr Jamund um eina borg, er sá konungr hafði (at) halda, sem Kalabre hét, ok vinnr hana en drepr konunginn. En eptir þat vendir hann aptr á leið til turnsins með sínum mönnum, hœlast þeir mjök ok þikkjast vel hafa leikit, því at mörgum manni hafa þeir snúit til sinna guða en drepit þó miklu fleiri, þar með er svá mikit fé í þeirra ferð sem eigi þurfti meira. Þeir fara nú veg sinn, þar til er þeir finna þá Frankismenn fyrir sér, er á vörð sátu í hlíðinni fjallsins, sem áðr var getit. Jamund sér at þeir hafa fylkt liði sínu, en eru miklu færri (en) hans menn, því eggjar hann höfðingja til framgöngu. En kristnir menn sem þeir líta ferð Jamundar hafa sik kyrra ok staðfasta, breyta meðr engu móti sinni stöðu, ætla heiðingjum atgöngu veita, ef þeim líkar, en sér taka drengiliga í móti ok standa fast ok þrifliga. Ok af því at Jamund kemr eigi í hug at þessi flokkur muni þeim nökkut móti stríða, ef til prófar, lætr hann fram í fyrstu bogmenn ok biðr þá skjóta Franzeisa [hart ok tíðum,¹ þar með ríða at ungir menn með digrum spjótum leggjandi. En Frankismenn hafa svá öruggar hlífar, at engi hlutr gengr á þá hvárki spjótög né þykk örvaflaug. Ok er Jamund sér þetta ekki tjóa, eggjar hann riddara sína ok biðr þá gera harða atsókn. En er kristnir menn sjá þat at Jamund lætr þat í fram sem til er, bregða þeir sverðum en leggja með spjótum, ok gera svá hart móttak, at þegar brestr flótti á heiðingjum, því at vápn þeirra váru bæði stinn ok örugg, svá at engi hlíf stóð við. Snýr þá mannfalli í lið heiðingja, því at Franzeisar hleypa með svá miklum ákafa ofan or hlíðinni, at hverr sem fyrir varð tók skjótan dauða, ef hann vildi eigi flýja. Því snúa þeir fyrst á flóttu er fremstir standa, en sakir þess at þeir stóðu vel, sem eigi höfðu enn kent hversu sárt vápn Franzeisa kunnu bíta, varð í fyrstu þeim sem bleyddust mjök úgreitt um flóttanu, því at aðrir géngu at þeim framan, en aðrir stóðu at bakinu, ok þeir þar í miðil. Hvaðan af nú gafst guðs riddarum færi at sníða höfuð ok hendr heiðingja brott af bókum þeirra. Ok svá ganga þeir njósarmenn Karlamagnús snarpliga fram, at þeir koma rétt í fylking Jamundar ok drepa merkismann hans er hét Estor, en reka hann af hesti mjök svívirðliga. En er Afrikamenn sjá þessor tíðendi öll saman, biðr nú engi annars, heldr flýr hverr sem búinn var, sumir

¹) [hanz tíðum B.

á fjöll í brott, aðrir leituðu at komast í turninn, en flestir hlupu út á þá á, er féll í gegnum dalinn nálægt bardaganum. En af Jamund er þat segjanda, at eptir mikla bakfall er hann fékk reis hann skjótt upp ok gat náð hesti, er hljóp um völlinn, sté síðan á bak ok hleypti brott or orrostuuni sem mest mátti aftaka, fyrirlátandi hæðiliga sjálfa guðina ok allan þann ríkdóm sem áðr hafði hann rangliga aflat, stefnir sínni ferð til turnsins ok vildi fyrir eins honum ná. Ok er þat sér einn fræknasti riddari Frankismanna, rennir hann eptir Jamund með bragðnu sverði þeim skjóta hesti er hann sitr á, ok eltir hann alt at turninum. Ok rétt í því er Jamund hleypr í hlið virkisins, kemr riddarinu at utan ok höggv eptir honum, kemr sverðit á hestinn fyrir aptan söðulbogann; Jamund steypir sér fram af hestinum í því er hann heyrði sverðit ríða: var þat högg svá mikit, at ekki hefði hann þurft fleiri, ef þat hefði honum komit í höfuð sem riddarinn ætlaði, því at hestinn tók sundr í miðju, svá at fremri hlutr fylgdi Jamund inn í gardiun, en eptri féll út á völlinn. Skildi svá meðr þeim, at riddarinn reið apr til sinna manna, en Jamund sat eptir með skönm ok skada. Höfðu kristnir menn drepit þá hvern er þeir máttu en alla rekit á flóttu, svá at vígvöllrinn var með öllu frjáls ok liðugr af liði heidungja.

29. Géngu Frankismenn síðan til skreytt(r)a vagna, er hlaðnir váru með gulli ok silfri ok öðrum dýrum gersimum, er nú stóðu geymslulausir, áttu þeir nú at skipta miklu herfangi ok fríðu. Kristnir menn sjá nú einn vagn frábæran öllum öðrum, því at þar var yfirtjaldat dýrastum pellum ok búit víða með rauðu gulli. Því ganga þeir hér til, lypta tjöldum ok linna þar fjóra fjáendr saman í flokki. stendr hverr hjá öðrum, þat eru þeir fjórir gudar heidinnu þjóða, er Agulandus lét til búa meðr mestu mekt áðr hann fór til Hispaniam, eptir því sem fyrr má finnast skrifat. Sem Krists riddarar sjá þessa úvini, þikkir þeim fara at hardla vel, taka til þeirra úþarf-samliga ok steyta þeim ut or vagninum niðr á jörðina. Finna þeir eigi, at svá mjök bregði þeim við, þó at þeir líti í augu þessum skrimslum, sem Agulandus brósaði þann tíma er þau kómu heim til hans af Arabia, því at þat kvazt honum þikkja líkligt, ef kristnir menn litu þeirra reiðuliga ásýnd, at öll þeirra hugdirð mundi at engu verða: en þat prófast nú alt öðruvís, því at kristnir menn reisa upp fjóra stanra mjök háfa en reka rúmsnöru at fótum gudauna, ok draga þá stundum upp en láta stundum detta langt niðr. En til þess fára þeir þann veg við þá, at ef nökkurir heidungjar væri nálægir, skyldu þeir sjá mega þeirra hrakferðir. Hér með hrækja þeir á þá ok berja með trjám ok steinum farandi með þá mjök svívirðiliga ok þó makliga. Varð Franzeisum af því öllu saman er guð

veitti þeim nú mikil gleði, vanda síðan aptr til fyrrgreindra konunga Droim ok Salomonem, hafandi með sér guðina ok öll önnur auðæfi er þeir aflaðu í þessarri ferð. Birtu þeir greiniliga alt viðrskipti, hversu gengit hafði miðil þeirra ok Jamundar, sýndu þeim guðina ok báðu þvílíkt af gera sem þeir vildi. En þat samþykkti öllum, at goðin biði tilkvámu Karlamagnús keisara, ok gerðist sá útvegr á þeirra máli er honum bezt líkaði. Skolu njósnarfylkingar keisarans hér hvílast lítinn tíma, en segja þessu næst af einum ágætum herra, er almáttigr guð ok heilagr Jacobus virðust senda til frelsis sínu landi en styrks ok fulltings við Karlamagnús keisara.

30. Á þessum tíma er þvílíkir hlutir fara fram í kristni guðs, sem um stund hafa verit greindir, réð fyrir Borgundia sá höfðingi er hét Girarð son Bonivi konungs. Herra Girarð sat í þeim stað er kallast Freriborg, hann var mikils háttar höfðingi, svá at um hans daga fannst engi vildri herra í þeim löndum, því at hann gékk umfram flesta konunga bæði at ríki ok vitrleik. Hann var hinn drengiligsti maðr, harðla vel á sik kominn, þrekligr ok ekki hár, hœveskr í meðferði, blíðr ok ástsamligr góðum mönnum en grimmr ok stórliga harðr móti úvinum. Herra Girarðr var nú mjök hnúgandi, svá at hann hafði hundrað vetra síns aldrs, en áttatigi vetra hafði hann riddaraligum búnaði þjónat; hann var hinn vápnðjarfasti, ok hafði átt margar orrostur. en svá [mikla gæfu¹ ok sigrsæli veitti guð honum, at á engan vígvöll kom hann þann at eigi féngi hann fagrau sigr. Hann átti sér ríka frú ok fjóra syni, váru tveir á þessum tíma frægir riddarar. hét hinn ellri Bernardr en yngri Aemers; þriði sona Girarðs hét Milun, en hinn fjórði Girarð, váru þeir ungir ok höfðu enn eigi tekit herklæði. Herra Girarð átti sér eina systur, en þeirrar fékk sá höfðingi er Milun hét, gátu þau tvá sonu Boz ok Klares, þessa tók herra Girarð til síu unga at aldri, fóstraði vel ok heidrliga, kennandi þeim margar listir ok hœvesku, þar til er hann gerði þá riddara ok setti höfðingja fyrir miklu liði. Nú sem herra Girarð fréttir þær únáðir sem Affricamenn reisa upp in Hispania, ok þat með at hinn frægasti herra Karlamagnús keisari er farium þagat kristni til frelsis með öllum þeim afla er hann fá mátti, hugsar hann at þat mundi vera gott verk fyrir guði at fara þagat með sínum styrk til fulltings við keisarann í endadögum síns aldrs ok stríða fyrir guðs skyld móti heidnum þjóðum. Ok með því at ágætr herra Jacobus postoli sér nauðsynliga landi sínu hertogans tilkvámu, styrkist þetta svá meðr herra Girarð, at hann kallar saman frítt lið ok mikit ok býr ferð sína til Hispanialands, veljandi af sínu ríki fimtán þúsundir hermanna með bezta búnaði vápna klæða (ok) hesta meðr

¹) [mikil gæfa B.

öðrum nauðsynligum hlutum, þar með ferr fjöldi ungra manna þeirra er eigi höfðu enn tekit riddarabúnað; í þessarri ferð váru tveir systursynir hertogans ok fjórir synir hans. er áðr eru nefndir, ok margir aðrir ríkir menn. Ferr herra Girard meðr flokki sínum þar til (er) hann kemr in Hispania. Ok þegar sem hann kemr þar flýgr honum fyrir eyru hversu grimmliga Jamund son Agulandi föttreðr kristinn lýð, fréttir hann þat eigi síðr, at þann sterkasta turn er í var ríkinu hafði hann at halda. en Karlamagnús keisari var í öðrum stöðum mjök fjarri. Ok fyrir þat at herra Girard þikist þat skilja, at þar mun vera höfnð ok upprás allra heidinna manna afis sem er Jamund, vill hann í engum stað fyrri reyna sína framgöngu en þar sem foringinn er fyrir, því snýr hann sinni fylgd til turns Jamundar. En honum berr svá giptuliga til. at á næstu nótt eptir þá miklu svívirðing er Jamund fór fyrir njósnuarmönnum keisarans ok fyrr var sagt, kemr hann með sínu liði svá nærri turninum. at eigi var lengra miðil en eitt örskot: reisa þar síðan herbúðir sínar umbergis hjá ok bíða svá morgins. En á næsta dag eptir lætr hertoginn herklæða lið sitt ok biðr at hverr sé búinn til viðrtöku. ef Jamund leitaði út or turninum, ok svá er gört.

31. En af Jamund er þat segjanda, at honum líkar stórum illa, þar sem hann sitr í turninum. sakir þeirra sneypu er hann fékk af fundi kristinna manna í fyrsta tíma er hann átti vápuaskipti viðr þá, hefir látit gudina sjálfa ok mestan hluta þess liðs er honum fylgdi. Ok sem honum er sagt, at kristnir menn hafa reist sínar búðir rétt hjá sínu herbergi. batnar honum lítit í hug viðr þessa sögu. heldr fyllist hann nú upp mikillar reiði, ámælis mönnum sínum á marga vega ok kennir þeirra bleyði ok ragskap þá svívirðing sem hann hefir farit, virðir hann svá sem Frankismenn hœlist viðr hann, ok setti því sína bygd svá nálægt. at þeir þikist alt ráð hafa sér í hendi, því at eigi kemr honum í hug at nökkurir aðrir muni hans turni umsátir veita. en þeir sem fyrra dag ráku hann á flóttu mjök hæðiliga. Hvar fyrir hann ætlar nú at hefna þeirra hrakfara ok ríða á Frankismenn djarfliga ok reka þá brott meðr hardri hendi. því biðr hann at allir þeir sem turninn byggja búi sik til atsóknar. ok svá gerist. En herra Girard. sem hann verðr víss, at Jamund ætlar at hleypa á þá sínu liði. talar hann svá til sinna manna: Góðir vinir, segir hann, farit fram mínum ráðum, ok mun þá vel duga. Í fyrstunni sem þeir ganga at yðr út af virkinu, skolu þér ekki taka hart í mót, utan hlífa yðr sem bezt viðr þeirra áhlaupi. ok gefa gott rúm at þeir gangi sem lengst brott frá turninum, því at hann vilda ek geta af þeim unnit á þessum degi með guds vilja. ok því skolumi vér þess geyma. at draga oss æ svá a(t) turninum. sem þeir

fírrast, ok ef svá verðr, at vér komumst miðil þeirra ok turnsins, skal hverr ok einn neyta sinna vápna sem drengiligast. Allir játta svá gera sem hann biðr, ok segjast gjarna hans ráðum vilja hlýða ok spara eigi hold ok bein heiðingja.

32. Jamund sem hann er búinn, heldr (hann) út (af) turninum öllu liðinu ok hleypir fram at kristnum mönnum meðr mikilli ákefð, skjóta heiðingjar af tyrkneskum bogum stálhörðum örum, leggja spjótum en höggva sverðum, ok ætla þegar í fyrstu atreið koma Franzeisum fyrir. En menn herra Girarðs hafa þau ráð er þeim váru kend, verjast vel ok standa fast, láta líttat hörfa, til (þess) at því djarfligar gangi heiðingjar fram, sem þeir finna nökkut vikna fyrir, ok svá ferr um stund, at Africamenn sækja með ákafa en vinna þó alls ekki, þar til at herra Girarð tær þeim ekki hagligan bakjarl; því at meðan þeir hafa fengizt í sókninni sem harðast, hefir hann dregit sik at turninum með mikinn flokk manna ok kemr nú heiðingjum í opna skjöldu eptir mikit heróp ok eggjar menn sína til framgöngu, ok allir er þat heyra gera skjótt unskipti, bregða sverðum ok höggva bæði ótt ok tíðum, at engi hlíf stendr við. Ok þegar heiðingjar kenna sár ok sviða snarpeggjaðra sverða, er¹ eigi langt at biða áðr flótti brestr í þeirra liði. ok heldr hverr undan ok varð feginn er því mátti ná, eigi síðr Jamund en aðrir, stefna þeir til þeirrar borgar er Hamne kallast. En kristnir menn reka djarfliga flóttann ok drepa margt af heiðnum mönnum, eru fremstir í flóttarekstrinum tveir systursynir herra Girarðs, er fyrr váru nefndir, Boz ok Clares, ok brytja einkar stórt lið heiðingja. En herra Girarð verr turninn fyrir þeim er þagat vildu hjálpar leita. Jamund sem hann sér menn sína drjúgum falla, h(r)yggist hann bæði ok reidist ok þikir illa at fara, snýr þeim hvíta hesti er hann reið, ok ætlar at hefna þeirra sem dauðir váru, snarar at sér sinn sterka skjöld sem fastast en tvíhendir þat digra spjót sem hann hélt á, ok keyrir hestinu sporum remmandi fram at einum dygðugum riddara ok leggr til hans. En þessi riddari var Clares systurson Girarðs, ok meðr því (at) hann sér ákafa atreið Jamundar ok skilr at hann er bæði mikill ok sterkr, leitar hann sér ráðs ok hleypir sínum hesti hart í móti, heldr spjótinu fimliga til lags, ok er þeir mætast, leggr Jamund sem fyrr sagði til Clares, ok kemr sverði á utanverðan skjöldinn. En Clares víkr hestinum út af, ok stökkur spjóti út af skildinum, svá at hann verðr ekki sárr. En Clares leggr í því til Jamundar meðr svá miklu afli, at hann fellr mjök hneisuliga² af baki, ok flekkadist þá sá himn fagri hjálmr er hann bar á höfði bæði af moldu ok sauri. En er Jamund hleypir upp sér hann engan útveg líkara en

¹) ok B. ²) sneisuliga B.

hann fleygir sér út á þá á, er fellr rétt hjá ok fyrr var getit. ok kemst yfir hana þó ut nauðugliga, ok skilr svá með þeim, at Clares tekr þann hvíta hest er Jamund féll af. Eptir þat er alt lið heid- ingja er drepit. en sumt dreift,¹ snýr Clares aptr til turnsins. Hafði herra Girarð tekít hann þá í sitt vald ok drepit þá alla heidungja er þar fundust. Skorti þar hvárki vist né drykk ok önnur auðæfi, þat gnægst sem hverr kunní kjósa. Gerist nú mikil gleði í liði Girarðs. Því at honum þikir sér vel hafa fallit it fyrsta sinn, er þeir áttu vápnum skipta við Affricanos.

33. En af Jamund er þat at segja. at þegar sem hann komst af áuni, flýði hann í þanu stað sem honum þótti vel duga. Dreif skjótliga til hans þat lið sem flýð hafði. Var Jamund stórliga reiðr. en flestir hans menn hryggir hugsjúkir ok sárir. ok sögðu svá miðil annarra hluta: Aumir erum vér ok veslir sakir þeirrar úhamingju. er oss berr til handa. höfum látit gudi vára alla, gull ok silfr ok mestan hluta þessa liðs er Jamund fylgdi, hér með bæði konunga. jarla ok aðra mikils háttar menn at váru ríki, eða hvat munum nú at hafast? Síðan ganga þeir þar til er Jamund sitr meðr bleiku andliti. ok tæra hann or herklæðum. Því at bæði var hann móðr ok vátr. Eptir þat segja þeir svá til hans: Herra. hvat er nú til ráða? Hann svarar af miklum móði: Vei verði yðr. segir hann. hvat þurfi þér at spyrja mik at ráðum. Aldri meðan ek lifi. verðr ek huggaðr af þeim harmi. er (ek) hefir fengit fyrir yðra údygd. Þér hrósudut yðrum riddaraskap heima í höllum mínum ok loptum. þá er þér sátud gladdir ok drukkut it bezta víu mitt, sögduzt þér skyldu eignast Frakkland ok skipta miðil yðvar allri eigu kristinna mauna. en drepa þá eða reka í útlegð. Úsynju trúða ek yðr huglausum hróсарum ok þeirra arm(r)a fortölum er mik eggjudu at fara til þessa lands með mikinn her ok fríðau. Því at nú hafa þeir svikit mik ok gert mér svá mikinn skada. at Affrika fær eigi bœtr. Sem Jamund hefir þvílíka hluti talat. kallar hann til sín þann maun er hét Butram ok segir svá: Stíg upp á þann fljótasta hest sem þú finnr í várum her. ok rið hvatliga þar til er þú kemr fyrir konunga vára Balam ok Triamodem. ok seg at þeir komi sem fljótast til móts við oss meðr alt þat lið er þeim fylgja. ok samui hvar við er þeir mega. seg ok greiniliga öll þau tíðendi er oss hafa at borizt. Sendi-maðr gerir sem honum var boðit, stígr á hest sinn ok riðr dag ok nótt um fjöll ok dali. til þess er hann kemr í her heidungja. ok kemr fyrst at landtjaldi Goram ræðismanns. ok segir honum alla þá úgæfu er Jamund hefir til borit. Ferr þessi sögu skjótt um herinn. Hvar fyrir saman koma allir hersins höfðingjar. ok segir Butra

¹) drept B.

greiniliga, hvat fram hefir farit síðan þeir skildu, ok svá at Jamund biðr, at þeir komi á hans fund með svá mikinn afla sem mestan kunna þeir fá. Sem Balam heyrir þenna framburð Butra, hugsar hann með sjálfum sér, hversu falsliga er átrúnaðr bölvaðra skurgoða, en styrk ok mikil trúa kristinna manna, hvar fyrir hann kemst við í sínu hjarta fyrir vitjan heilags anda, því at allsvaldandi guð hefir hann fyrirætlat sinni miskunn fyrir þannu velgerning, er fyrr var greint at hann góðmannliga framdi við Nemes hertoga, þá er hann var í valdi Agulandi ok dæmdr af honum til dauða. Því biðr hann optligri bæn til guðs leyniliga meðr viðkomnu hjarta, sem hér má heyra: Þú hinn hæsti faðir almáttigi guð, er kristuir menn makliga dýrka ok vegsama, ek játti þik vera konung allra veralda ok skapara allra hluta; ok meðr því at ek trúi senniliga, at þeir hlutir, sem nú hefir ek heyrt, hafa nú orðit fyrir þinn kragt móti líkendum, at fáir menn stigi yfir svá mikinn fjölda, þá bið ek þína hina mildastu ástæmd, at eigi komi yfir mik syndugan ógurlig þín reiði eptir mínum makligleikum, heldr bið þú mín miklu þolinmæði, ok lát eigi fyrir mína önd takast brott or líkamanum; en ek er skírðr ok þér signaðr. Svá segir hann meðr társtokknum augum, hverja bæn guð heyrir gjarna ok lætr fyllast eptir því sem síðar birtist í sögunni.

34. Sem Butran sendimaðr hefir birt heiðingjum boð ok vilja Jamundar, víkjast þeir vel við, svipta landtjöldunum ok fara til fundar við hann meðr alt lið, en senda menn í þá staði sem þeir vissu nökkurs afla váu sér til styrktar. Kemr þar saman, sem Jamund sitr fyrir hryggr ok reiðr, útöluligr fjöldi heiðingja af ýmsligum þjóðum. ok er Jamund veit at þeir eru komnir, ríðr hann í móti þeim með sínum höfðingjum, er hjá honum váru, ok talar til þeirra hátt, biðr at allr herrinn nemi staðar á völlum. Eptir þat kallar hann til sín konunga ok jarla, hertoga ok alla hersins höfðingja ok ríðr fyrir undir skugga eins álmtres er nálægt stóð, stígr þar af hesti ok sezt niðr í einn háfan stól. Hann var þá bleikr ok litlauss, svá at horfin var öll fyrri frægð hans ásjónu. Síðan segir hann til allra er heyra máttu: Röskir höfðingar, ek hefir yðr mikil tíðendi at segja, því at ek hefir ratat mikil vandæði, því at þá er vér skildum, fór ek út af turninum, er faðir minn gaf mér í vald meðr mikit lið, ok höfðum vér guði vára til styrkingar. Vildi oss svá vel um tíma, at vér snerum mörgum lýð til þjónustu við guðina, ok tókum harðla mikit fé gull ok silfr með öðrum gerselum. En eptir mánuð liðinn héldum vér apr á leið ok mœttum vér njósnarmönnum Karlamagnús, tóku þeir svá snarpliga móti, at vér féngum enga viðrstöðu veitt, drápu þeir merkismann minn Estor enn vaskasta riddara ok marga aðra, ok aldri heyrða ek (segja) fyrr mitt forellri,

at fáir¹, menn ræki á flótta svá mikinn fjölda sem vér várum. Ek kómunst þá mjök nauðugliga undan, því at þeir drápu minn vildasta vápnhest er ek reidd, en feldu mik háðuliga af baki, ok þegar sem ek fékk annan, skundaði ek í turninu fyrirlátandi gudina ok öll önnur audæfi. En þeir eltu mik alt til þess er ek hljóp undan því höggi, er mér var ætlat, inn í turninn. en hestrinn hlaut, ok svá mikilli hræzlu kómu þeir á mik. at aldri komst ek svá nauðugliga undan dauða síðan ek kunní vápu at bera. En sakir þess, at ek flýði brott frá Mauneth ok gudunum. lögðu þau á mik sína reiði ok leyfðu, at kristnir menn taki sér náttstað varla frá turninum mér til hermdar ok sorgarauka. En er ek vissi þat. réðum vér á þá ok ætludum hefna várrar svívirðu. en því síðr vaunst nökkut léttir á váru máli, at oss veitti þá hvat þyngra en fyrra tíma, því at margr góðr drengr lét þar sínu lífi, ok þar með reknir brott af turninum, svá at aldri síðan eigum vér hans vánir: flýðum síðan undan bast-vesæli, ok var ek þá enn hrundinn af baki svá hneisuliga, at minn bjarti hjálmr saurgadist alt upp til nefbjargar. fékk ek ekki annat fangaráð en ek fleygða mér út á ána er nálægt féll, vöknada ek þá allr, ok enga viðhjálp fékk ek fyrr en ek kómunst yfir hana viðr allan leik meðr miklu vási. Þvílíka úgæfu hefir borit til sem nú hafi þér mátt heyra, dugandis menn. ok mjök makliga, því at faðir minn gat aldri refsat mér marga úhlýðni er ek veitti honum; hann vildi jafnan, at ek þýddumst ráð hinna beztu ættmanna minna, en ek lét þá first mér er beztir menn váru. en ek hefir dregit at mér vandra manna sonu ok gefit þeim sæmdir ok sælu. gipt þeim ríkar konur meðr miklum eignum. En þat hafa þeir mér illa launat: því at tveim sinnum reynda ek þeirra þjónostu. ok prófaðist mér illa í hvártveggja sinn. En ef ek kemr heim í ríki mitt, væntir mik at ek skal maklig gjöld þeim veita, því at fyrir þeirra údrengskap hefir ek látit fjóra guði mína, ok því býr mikil harmsút ok syngr mér í brjósti. ok eigi vil ek héðan af laufgjörð bera á mínu höfði, ok eigi skal ek heyra framleidis fagran fuglasöng né skemtan listugra strengleika. hvárki líta hauka flaug né veiðihunda rás ok eigi beiðast kvenna gleðiligan ástarþokka. því at ek hefir týnt ok tapat mínum máttugustum herrum Maunet ok Terrogant. Ok meðr því at ek mun aldri þá héðan af sjá mega, utan yðvarr reyndr riddaraskapr dugi til. þá biðr ek. at þér sækit þá aptr. ok ef þat verðr unnit. [þá skal² hinn fátækasti af yðr eignast gnóga fullsælu. Höfðingjar svara þá: Herra Jamund, segja þeir. berit yðr vel ok karlmannliga, sorgir gefa yðr slíka hluti mæla. en vitit þat. at allir kristnir menn. þeir sem djörfung bera til móti oss at stríða, skolu eptir lítinu tíma dauðir.

¹) fari B. ²) [at B.

ok þú sjálfir skalt þat mega sjá þínum augum, at vér þorum drepa þá, því dvelit eigi, búit sem fljótast yðvarn her. Jamund þakkár þeirra fögrum heitum ok stígr á sinn skjótasta vápnhest, er Agulandus faðir hans átti, skipar síðan fylkingar ok setr liðs höfðingja. Fyrir fyrstu fylking gerir hann foringja Balam sendimann, ok meðr honum fjóra konunga, þeir höfðu sextigi þúsunda liðsmanna, þeir váru margir vel búnir at vápnum, en aðrir höfðu engar brynjur utan leðrpanzara sterka; margir váru bogmenn í þeim flokki bæði stórir ok sterkir meðr stinnastum skeytum. Annarri fylking stjórnaði Triamodes systurson Agulandi. Hann hafði með sér stórliga mikinn fjölda ok örugga menn til vápna, í hans fylking mátti líta mjök bitrleg sverð, góða panzara, öruggar brynjur, fagra hjálma, stinnu boga tyrkneska meðr velbúnum skeytum; hverr þeirra hafði hangandi öxi viðr söðulboga. En þó þeir láti nú gildliga ok ætla skoða njósnar(menn) Frankismanna, munu þeir eigi hrósa eiga sínum hluta. Þriðju fylking geymdu tveir konungar Rodan ok Salatiel með ríkjum höfðingjum, þeir höfðu sextigi þúsunda vel búnaða; þar váru hjálmur settir gulli ok gimsteinum, skildir steindir, digr höggspjót meðr gullsaumaðum merkjum, fríðir hestar meðr vel búnum reiða. Fjórðu fylking stýrði Kadon konungr ok hans félagi Amandras, ok með þeim 60 þúsundir; þeir báru gylda hjálma (með) silfrligum brynjum ok smeltum söðlum ok búnum bitlum; þar var margr heiðingi mikilátr af drambi ok ofmetnaði, brokaðir af hégómligri hrósan, svaðaðir upp í kurt ok véraldligt skart; en svá miklir sem þeir þikkjast, man þeirra ofstopi skjótt lægjast. Fyrir fimtu fylking váru tveir höfðingjar Baldam konungr ok Lampas; þeir höfðu bæði mart lið ok vel búit at öllum herskrúða, vápnum, hlífum, hestum ok klæðum. Séttu fylking tóku til geymslu tveir konungar Magon ok Alfreant. Þeir váru ríkir ok frændgófgir. Ok meðr því at Jamund vill eigi binda sik í nökkurri umhugsan sérhverra hluta, því skipar hann þessum konungum at geyma sitt höfuðmerki, er mest varðaði at bezt varðveitt sé. Skipaði hann þeim til styrktar hundrað þúsunda alla vel búna upp á þeirra hátt, en hann ætlar sér þar helzt framgöngu veita sem honum líkar. Hér með er greinanda, at hann hefir þat sverð, er bezt var horit í þann tíma, er Dýrumdali kallaðist, þar með hinn hvella lúðr af horni Olifant, hvat er Rollant fékk hvártveggja eptir hann dauðan. Sem höfðingjum er skipat í herinum, ríðr Jamund fram ok greinir hverja fylking frá annarri, ok flytja herinu til þess er þeir koma í dalinn er liggr undir fjalli Asperment: váru þar sléttur miklar, mátti langt sjá til þeirra, því at stórliga vítt land þurfti allr þeirra herr á at standa, ok svá er sagt, at þeir hefði eigi minna lið meðr öllu saman en sjau sinnum hundrað þúsunda.

Hér lætr Jamund reisa landtjöld væn meðr guógum kosti, því at svá var mikill ríkdómr heidíngja. at engan þurð eða lítinn sá á. þótt Jamund hefði tveim sinnum ádr verit sviptir miklum auðæfum, því at þat alt höfðu þeir gripit frá kristnum mönnum. En meðr hvílkum virktum landtjald Jamundar var gert er síðar greinanda. En nú skal birta hvat ferr meðr njósarmönnum Karlamagnús. er fyrr var frá sagt.

35. Eptir þann fagra sigr, sem greint var at kristnir menn þeir sem á vörð sátu féngu á Jamund. fóru þeir til fundar við Droim konung ok Salomon ok sögðu þeim af sinni ferð. En meðr því at öllum þótti líkendi. at Jamund drægi saman her úvígjan, ef hann mætti. gerðu þeir njósnar(menn) eptir [lítinn tíma¹ upp á fjallit Asprement. at eigi kæmi heidíngjar þeim úvart. Ok skjótliga sem þeir koma á vörðinn, gefr þeim líta víða völlu þakta af her heidíngja, þar með sjá þeir ridul hardla vel búinn nærri fjallinu en annan herinn. ok sakir þess at þeir höfðu enga vissu af þarkvámu herra Girarðs, hugsa (þeir) vera njósnaarmenn heidíngja. Hér með heyra þeir mikinn úkyrrleika til hersins. Því ríða þeir ofan af fjallinu ok stefna at landtjaldi Salomons. ok mælti þeirra foringi til konungs: Þat veit trúa mín, segir hann. at nú munu vér at vísu eiga bardaga fyrir hendi. því at vér sáam her heidíngja. ok er þat svá mikill fjöldi. at víða eru vellir þaktir af þeim. ok oss mjök nálægir. En er þessor tíðendi kómu fyrir kristna meun. gaf margr nú skjótt mark hvílikr drengr hverr var. því at þeir sem hardir váru ok hugsterkir. glöddust í sínu hjarta at þeir skyldu mæta heidnu líði. en aðrir bliknuðu ok hræddust þegar fyrirfram. Droim konungr sem hann heyrir heidíngja nálæga. kallar hann til sín Salomonem ok segir svá: Herra. segir hann. gerum sendimann til Karlamagnús konungs. þann² er honum bōði hvat um er. nú þarf eigi dyljast við. at heidíngjar ætla vinna undan honum landit. ef hann flýtir eigi móti at rísa. ok sakir þess at allir munu þér hlýðni veita. þá kjós þann til þeirrar ferðar sem þer líkar. Salomon svarar, at þetta ráð sé takanda. Eptir þat víkr Salomon at þeim riddara er Ríker hét ok talar svá: Dugandi drengr. segir hann. ger vára nauðsyn ok seg Karlamagnúsi. at hann komi sem fljótast til fulltings viðr oss. því engi maðr er einhverr kærri keisaranum en þú. Ríker heyrandi þessor orð roðnar nökkut lítt meðr sjálfum sér ok þrýstir undir sik kvrtlinum. er lá í söðlinum. ok svarar: Vei verði mér hundrad sinnum. ef ek fer at tali³ þínu. Salome. ok hlaupa brott or þessum stad. þar sem ek skal heita, riddari. því at þessi ferð byrjar þeim sem enga hjálp kann veita. þótt hér þurfi nökkurs viðr. ok spara

¹) [lítima B. ²) hann B. ³) tali B.

vill líkam sinn ok líf. En ef ek tapar sál minni sakir þurftar við minn líkam, má ek lítit ok illa hrósa¹ fyrir guði ok hans helgum mönnum, hvar fyrir er ek skal [eigi amast² undan víkja, heldr vinna hvat ek kann ok herbergja mína súl með guðs postolum ok einkanliga Jacobo postola, fyrir livers sæmd ek ok allir dygðugir mennu skolu drengiliga standa, því at þar únáðar mik eigi huglauss maðr. Svá segir Riker, en³ Salomon kallar einn góðan riddara af þeirri sveit er Mauri kallast, hann var vitr maðr ok kurteis, fæðingi þeirrar borgar er Birra hét, til þess segir Salomon: Þú kurteisasti riddari, ríð til keisarans ok ger vára sendiferð. Hann svarar: Heyr þat, konungr, er ek segi þér; í þat mund sem brynja mín er brostin, skjöldr minn klofinn, spjót mitt brotit, sverð mitt svá slætt at þat kummi eigi bíta, líkami minn svá vanmegn ok allr farinn, at ek megi engan dugnað veita, þú skal ek fara þessa ferð; en ef þú vill þyrma líkama þínum, þá far sjálf þangat sem þú vísar mér. Eptir þat kallar Salomon Gudifrey gamla ok talar til hans: Góði félagi, segir hann, tak skjótt til ráðs ok ríð þeim fljóta hesti, er (þú) sitr á, til keisarans með eyrendi váru. Hann svarar skjóttum orðum: Þat veit trú mín, at þat geri ek með engu móti; sér þú eigi at ek heti góð herklæði ok fríðan hest, ok ef guði líkar, skal ek djarfliga verja þat er guð gaf mér til meðferðar, ok offra honum alt saman sál mína ok líkama, ef hann vill svá skipa; en ef þú Salomon hrædist dauða þinn, þá torða þér með þessarri sendiferð. Sem Salomon heyrir því lík andsvör, þikir honum sendiferð eigi ganga greiðliga; vill þó prófa lengr ok hugsar at gláðligar mundi undir gengit, ef fé liggir í skauti. Því talar hann við þann mann er hét Antilin rauði, hann var við aldr, ok segir til hans meðr því líkum orðum: Þú Antilin, far ok seg konungi várum, at hann hjálpi oss við. Antilin svarar meðr stuttn máli: Hverjar viðhjálpir þarftu við at sinni? segir hann. Salomon svarar: Veiztu görla, góði vin, at engan styrk höfum vér í móti ofresli heidingja, utan hann komi til fulltings viðr oss; en ef þú gerir minn vilja ok farir, skal ek gefa þér kastala ok alt fylki er liggir umbergis ok fleira en fim hundruð riddara þér til fylgdar. Antelin segir þá: Stórliga ríkr konungr mantu vera, meðr því at þú ert svá gjafmildr, en rangt hugsaðir þú, at ek mundi til þess hingat kominn at kaupa svívirðingarnafn með fé mútu þinni. ok heyra af kumpánum mínum ok jafningjum at ek flýði sakir bleyði héðan brott. Nei meðr engu móti skaltu svá leika, ek er þér ekki handgenginn, ok eigi kom ek í þenna stað eptir þinni bæn eða vilja, heldr at þjóna almáttum guði fyrir eiginligan vilja, ok því ætlar ek þar því líkt fyrir taka með mínum lögumautum sem hann vill oss

1) rossa *B.* 2) [enghe æmmast *B.* 3) at *B.*

skipa til handa. En ef þú hræðist dauða, þá flý brott sem skjótast nú meðan þú mátt sjálfráði forða þér, at eigi beri síðar svá þungligá til, at þú megir eigi en vilir gjarna. Salomon sem hann heyrir þessor orð Antelins, reidist hann nökkut lítt meðr sjálfum sér ok vill eigi at heldr enn upp gefa. Því heitr hann í fimta sinn á Bert-ram af Mutirborg ok segir: Þú hinn hœveski riddari verðr at vísu fara ok segja Karlamagnúsi konungi, at hann láti án dvöl koma til fulltings viðr oss tuttugu þúsundir vápnaðra riddara. en fari síðan með alt lið sitt; en ef hann dylst við ok hafnar þessu ráði, fær hann ok allir vér þannu skaða, at hann man seint aptr bæta. Bert-ram svarar: Herra Salomon. segir hann, þú skyldir áðr hafa hugsat en þú bautt mér þessa sendiferð, hvárt ek var þinn þræll eða eigi; því at þeim byrjadi þér þvílíkt bjóða, sem undir þik eru okaðir ok [hefði eigi¹ þoran til móti at mæla, en ekki mér, því at ek vil engan veg undan skjótast fyrr en þessi orrostu er lokit, sem líkligt er at skjótt verði. En hvat er, Salomon, mun þat ekki til sem mér sýnist, at þú sér bleikr ok blóðlauss, fölr ok litlauss af hræzlu. ok fœtr þínir báðir skjálfi ok pipri af hugleysi? Nú ef þú þorir eigi berjast, forða þér meðr þessi ferð sem þú kant bezt. Viðr þessi svívirðingarorð reidist Salomon at marki, grípr til vápna, ok svá riddarinn, er nú búit með þeim til váða. Þetta sér einn erkibýskup Samson at nafni, ríðr fram djarfliga at þeim ok mælir: Góðir vinir. kvað hann, látit eigi svá ferliga, halit frammi vizku ok berizt eigi. því at þit erut brœðr. kristnir menn báðir. Heyrit heldr hvat ek segi, því at gjarna vil ek leysa þat vandræði sem ykkar stendr midil ok fara sendiferð þessa, er eigi vill annarr, því at ek nam aldri at bera kurteisliga riddarlig vápn, ok eigi nökkurn tíma vanu ek manni á vígvelli. Þeir þekkjast boð erkibýskupsins en setja niðr allan úfrið.

36. Sem erkibýskup Samson er búinn, stígr hann upp á fríðan hest ok ríðr einnsamt brott, þar til er hann kemr í þann stað er Karlamagnús keisari hafði reisa látit sín landtjöld. Því at þegar sem létti þeim úfriði sem hann átti móti standa í þeim hluta landsins ok fyrr var nökkut af sagt, hélt hann herinum eptir njósnaarfylkingum. er hann sendi móti Jamund. Ok er Samson ríðr at. stendr keisarinn úti fyrir sínu landtjaldi ok festi eitt vænt merki viðr sitt spjót-skapt. Samson stígr af hestinum, sem þá var mjök mæddr. ok gengr fyrir Karlamagnús ok kveðr hann svá segjandi: Góðan dag. herra. Droim konungr ok Salomon konungr meðr allri sinni fylgd sendu yðr kveðju guðs ok sína, ok báðu at þér kæmit til þeirra sem fyrst mætti. Keisarinn lítr til hans blíðri ásjanu ok segir svá: Guð fagni þér. Samson erkibýskup, ok öllum guðs vinum ok mínum,

¹) [hefdu B.

En hvat kantu tíðenda at segja, er þú hefir svá fast gaddat þinn hest með sporum, at hann er víða blóðugr þaðan af? Herra, segir hann, mart er segjanda, ef tóm væri til, en trúit mér, því at eigi skal ek ljúga at yðr. Heiðingjar eru mjök nálægir, ok búizt svá við, at skjótt eigu þér ván bardaga ok yðrir menn. Keisarinn segir þá: Almáttigr guð sendi oss þagat sem fyrst, ok man þá enn gott til góðra ráða með fulltingi vinar míns Jacobi. En þó at heiðingjar villi ræna þeirri sœmd ok æru, er guð veitti honum á jarðriki, mun þeim eigi þat ganga, því at meðan guð gefr mér líf ok mönnum mínum, skal ek aldri uppgefa. svá lengi sem þörf¹ gerist, hans land ok ríki at verja fyrir úvinum, því búi hverr sik til ferðar er vápu má bera í váru liði. Mátti nú skjótt heyra stóran lúðragang. Herklæðast nú allir ok stíga á hesta sína eptir keisarans boði, ríðr sá fremstr er fyrstr var, en þá hverr flokk eptir annan; síðast fóru ungir menn ok þjónustusveinar meðr landtjöld vist ok drykk ok aðra þá hluti sem herinum til heyrði. Ferr keisarinn til þess er hann kemr í þann dal er liggir öðrum megin undir fjalli Asprement, váru þar fyrir Droim ok Salomon, varð þar mikill fagnaðr í þeirra fundi. Lætr keisarinn þar nema herinn staðar ok fréttir eptir, hvárt nökkut hafi gerzt til tíðenda í þeirra ferð, síðan þeir skildu. En konungarnir segja hvat fram hefir farit miðil njósnaarmanna ok Jamundar, at Frankismenn svá margir sem áðr er greint mœttu heiðingjum miðil fjallsins ok drápu mikinn fjölda af Jamund, en ráku hann svívirðliga á flóttu ok féngu stórt herfang ok guði fjóra er heiðingjar göfgaðu. flýði Jamund þá í turninn, er stendr öðrum megin fjalls þessa, ok hefir síðan dregit saman útöluligan fjölda heiðingja. Ok er keisarinn heyrir þetta alt samtan, gerir hann þakkir almáttkum guði svá segjandi: Lof sé þér ok dýrð. Jesu son Marie meyjar, fyrir þín miskunnarverk, því at senniliga játtir ek, at eigi hefði heiðinn lýðr þvílíkan slag mátt fá af svá litlum flokk þinna riddara, utan þú viðr hjálpaðir ok sendir þeim til styrks þann lofsamligan herra Jacobum postula, er þetta ríki hefir eignast meðr þínum vilja ok man eignast. Síðan talar hann enn: Góðir vinir, segir hann, hvern útveg hafi þér gört fyrir bölvaðum skurgoðum? Þeir svara: Herra, engan annan en vér létum þá bíða yðvarrar tilkvámu. Hafit þökk fyrir þat, segir keisarinn; berit þau nú fram ok látit oss sjá. Svá er gört. Ok er keisarinn lítr þau svá glæsilig sem váru, talar hann: Jlla er kominn sá fríði kostr, er prýðir þessa dólga, ok of mjök blindar fjándinn þeirra hjörtu er þvílíkt halda sér fyrir guða. Ok fyrir því at þeir eru eigi svá mikillar virðingar verðir, at þeir sundr brjótist fyrir hendr gildra karlmanna, taki meðr þeim pútur

¹) þorg B.

ok skækjur ok geri af því líkt sem þær vilja. aflandi sér gull ok silfr ok dýra steina. svá mikit sem þau kunna þeim lána af sínum búnaði. Ok svá gerist. En er guðin váru komin í þeirra vald, vurðu þær gladar ok þótti sér mikil vegsemd veitt. tóku síðan sín leggjabönd ok brugðu saman gerandi rámsnöru á endunum ok knýttu um háls guðunum. drógu eptir þat [um berg ok hamra ok um síðir í sínar¹ búdir. ok at því gerfu² tóku þær stórar klumbur ok lömdu þá sundr í smá mola. fóru þá at skipta herfangi. Ok svá váru margar í þessu verki. at eigi fékk einhver meira í sitt hlutskipti en verð háls annars penings. At þessu lyktaðu lætr keisarinn blása herinum saman. er mjök var ádr dreifðr. ok kallar til sín Fagon merkismann. Þessi Fagon var vitr maðr ok vápudjarfr. því stjórnaði hann mikinn flokk góðra riddara. hann hafði þá verit merkismaðr keisarans þrjá vetr ok þrjátígi. kunnir hann vel at þjóna sínum herra. því var keisaranum kært til hans. Hvar fyrir hann talar svá: Herra Fagon. segir Karlamagnús. sé þetta lið hversu fritt lið ok mikit. þat fæ ek í dag í guðs stjórn ok þína umsjó. tak nú við gullara² höfuðmerki mínu. en ek skal ríða upp á hálsinn ok líta yfir her úvina várra. en þú halt hér eptir liðinu. Svá gerir keisariinn. at hann ríðr brott or herinum. takandi sér til fylgdar Oddgeir danska. Nemes hertoga. jarl einn flæmskan ok Bæring brezka með öðrum fleirum. En ádr Karlamagnús kemr yfir hálsinn ok sér hvat öðrum megin fjallsins býr. er nauðsynligt at greina. hvat þeir hafast at á þessum tíma sem turninn byggja.

37. Greint var hversu herra Girard náði turninum af Jamund ok rak hann á flóttu. en settist síðan í turninn at geyma. ok sakir þess at hann trúði lítt heidingjum. lét hann halda sterk varðhöld dag ok nótt. Ok einn dag sem hans menn eru úti at skemtan sinni. heyrir um langt trumbur ok lúðrar heidingja. því næst sjá þeir moldreyk stóran leggja upp undan þeirra hestafótum ok mikinn ljóma yfir koma jörðina af gyldum búnaði sinna herklæða. Þat er nú sagt herra Girard þessor tíðendi. en hann lætr síðan blása sextigum lúðra ok samnar liði sínu út af turninum á sléttan völl ok víðan. Váru þá framborin alls háttar herklæði. brynjur með öruggu trausti. fagrar at sjá en betri at reyna. harðir skildir með ýmisum hætti gerfir. gullsettr hjálmur gimsteinum³ prýddir. sverð bitrleg græn at líta af snarpri herðu. digr spjót meðr fögrum merkjum ok síðum. Hestar fríðir leiddust ok fram meðr kurteisligum ok tilheyriligum fórum. einkar vel til bardaga tamdir. Bjó hverr sik eptir efnun. settust síðan upp yfir gylta söðla. Herra Girard býr sik á þann

¹ [saal. rettet: hin éu harðra um síðar B. ² gallara B. ³ med dette Ord begynder atter h.

hátt, at hann ferr af¹ sínum undirkyrtli, en klæðist þykkum leðrpanzara, steypandi þar yfir utan brynju fótisðri, hon var svá [góðr gripr,² at aldri bilaði hon nökkurn tíma; hjálm setti hann á höfuð sér, en gyrðir sik með sverði, tekr spjót í hönd sér, stígr síðan á gildan vápnhest. Eptir þat kallar hann hárrí röðna á lýðinn, er nú gerðist mjök úkyrr, ok biðr þá hlýða því sem hann vill tala, hvat er skjótt gerist, því at svá var hann vinsæll, at hverr vildi bæði³ sitja ok standa sem honum vissi bezt líka. Því talar herra Girarð svá til allra sinna manna: Heyrit dýrligir drengir, segir hann, sœmiligir ok signaðir almáttkum guði! ek hefir nú átta tigi ára ok vel at því borit skjöld ok sverð sem einhverr annarr riddari, hefir ek optluga háð⁴ orrostur fyrir sakir minnar sœmdar ok heimsligs metnaðar. En guð skapari allra hluta veitti mér svá mikit, at þetta sama merki, er mínir frændr ok forellrar báru, hvert nú er í várri ferð, kom á engan vígvöll þann, at eigi hefði⁵ ek sigr. Ok fyrir þat at allan minn [liðinn aldr⁶ stóð ek djarfliga frammi mér til heiðs ok mínu ríki, skil ek svá, at því muni guð hafa mik hingat sent, at hann vill,⁷ at ek þjóni honum í endadögum lífs míns í ömbun þeirra hluta, er hann hefir mér veitt um þat fram sem mörgum öðrum. Hér meðr vil ek þakka yðr, mínir góðir vinir, alla hlýðni ok góðvilja, er þér veittut mér alla tíma, síðan ek átti yðr yfir bjóða, ok þar á ofan biðr ek, at hverr standi nú frammi eptir megni, því at senniliga er þat líf sælt er guði þjónar trúliga; því tókum glaðliga hvárt sem hann skipar oss líf eða dauða, ok góða ömbun eiga þeir fyrir hendi er sitt líf gefa út fyrir guðs skyld í himiríki. En ef honum líkar, at vér komum aptr með sigri í ríki vart, þá hefir ek gnógan ríkdóm þar með fríðar jungfrúr yðr at gefa meðr hinni mestu sœmd sem hverr vill kjósa. Allir þakka honum níkliga sín fögr heit. Síðan skipar herra Girarð liði sínu í þrjár fylkingar, setr hann fyrir eina tvá systursýni⁸ sína Boz ok Klares, en fyrir aðra sonu sína Bernarð ok Reiner, en stjórnar sjálfir þriðju. Hér meðr lætr hann alla sverja ok taka höndum saman, til þess at engi dirfist brott hverfa or þeirri stöðu sem honum var skipuð áu hertogans orlofi, ríða svá búnir brott frá turninum ofan eptir dalnum, til þess at⁹ þeir koma á þá sléttu völlu, er liggja undir fjalli Asperment, rétt þann tíma sem Karlamagnús keisari fór meðr Oddgeiri¹⁰ danska ok öðrum brott frá herinum at forvitnast um lið heiðingja, sem litlu áðr var greint ok nu skal hverfa aptr til.

38. Nú er af Karlamagnúsi keisara þat greinanda, at hann ríðr upp á þá brekku eða háls, er fyrr var getit,¹¹ ok þar kominn sér

1) or b. 2) [góð b. 3) gjarna svá b. 4) háð b. 5) hefða b. 6) [aldr umliðinn b. 7) vili b. 8) systursonu b. 9) er b. 10) Oddgeir b. 11) greind b.

hann her heiðingja;¹ þar með turninn er Girarð hafði varðveita, sér hann þá ok eigi síðr merki hertogans, ok hafði hann þá fylkt liði sínu umbergis merkit. Ok sakir þess at keisarinn vissi enga ván hertogans tilkvámu, ætlar hann at sá flokk sé af heiðnum mönnum ok talar svá: Dróttinn² veri³ lið sitt ok varðveiti, sannliga sér ek⁴ nú heiðingja. ok þessir munu vera sendir af þeim at njósna um [vára hagi,⁵ sem hér sitja á hestum undir hlífðinni, þeir láta mjök ríkuliga: því rið til, Oddgeir danski, ok prófa hvers háttar standi þeirra ferð, segir keisarinn. Gjarna herra eptir yðrum vilja. segir Oddgeir. Lýstr síðan hestinn⁶ sporum: Nemes hertogi, jarl flæmski, Bæringr brezki fara með honum. snara fast at sér skjölduna, rétta fram digr spjót meðr breiðum⁷ merkjum. En herra Girarð sem hann lítr þessarra manna atreið. kallar hann Boz ok Clares, þar með tvá sonu sína Bernardð ok Reinir. ok tekr svá til orða: Mímir kærastu⁸ frændr, segir hann, nú er tími kominn at byrja upp guði at þjóna; sjáit⁹ fjóra riddara at oss riðandi, senniliga munu þeir af heiðingjum eigi hinir minstu. ok ef þér kæmit þeim af hestum. væri þat góðr riddaraskapr ok einkanlig frægð. því riðit fram í guðs nafni. Þeir svöruðu: Gjarna viljum vér þetta gera, sem þér beidit. þó at dauði¹⁰ væri handvís; en þeirra hluti sýnist oss aldri líkligri en várr, því verði guðs vili. Riða þessir fjórir riddarar djarfliga fram at hinum með hardasta atreið. Hlýzt svá til at Clares mœtir Oddgeiri, en hinn danski [leggr spjótí¹¹ til Clares neðan undir mundriða skjaldarins svá hart, at þar stökk sundr, koma hlutirnir hvar fjarri uidr á völlinn: en Clares lagði til Oddgeirs í skjöldinn fyrir ofan mundriðann með svá miklu afli, at skjöldrinn brast. en í brynjunni gnast, ok bilaði hon þó eigi. Ok þó at Oddgeir félli sjaldan af baki í burtreiðum. hué hann eigi at síðr í þat siun af sínum hesti. Því hleypr Clares af baki. ok bregða þeir báðir sínum sverðum ok eigast við vápnaskipti. En er Boz sér hvat Clares hefst at, hleypr hann at jarli flæmska, koma þeir svá hart saman. at hvártveggi þeirra fellr af baki, bregða sverðum, ok höggv Boz jarlinn stórt högg ofan í hjálminn, stökkv sverðit út af ok niðr á öxlina. springr brynjan ok verðr hann mjök sárr. svá at síðan mátti hann eigi vera í næsta bardaga. Því¹² næst riðr Nemes hertogi at Reinir. en Bæringr at Bernardð: lýkr svá með þeim, at Bernardð riðst af hesti. en Bæringr stígr or söðlinum ok bregðr sínum vápnum. ok eigast við hart vápnaskipti. Nemes ok Reinir gangast fast at. var þar annarr ungr en annarr nökkut hnigiun. svá gengr hvárr þessarra drengiliga fram.

¹) Jamundar b. ²) Guð b. ³) nú tilf. b. ⁴) tilf. b. ⁵) foss b. ⁶) hest sínu b. ⁷) gildum b. ⁸) vinir ok tilf. b. ⁹) sjái þér b. ¹⁰) dauðinn b. ¹¹) [setr spjótí b. ¹²) þar b.

ut engi sparir annan. Þegja um stund hverr at öðrum, horfir þeirra mál til mikils váða, ef eptir því gengi sem nú var stefnt, en svá gætti guð sinna manna, at þótt hvárritveggju hefði fullan vilja til öðrum¹ fyrirkomu, at engi fékk gert nökkut meira mein, en áðr var greint af jarlinum. Nú með því at guðs miskunn lítr þá, kemr Oddgeiri danska í hug at spyrja nökkurs sinn leikfélaga, ok talar svá: Hvat manna ertu, riddari? segir hann. Riddarinn svarar: Ek heitir Clares systurson hins fræga hertoga Girarðs af Borgunia, er hegat kom undir Asprement fyrir fám nóttum at þjóna almátkum guði ok drepa heiðingja; en hvat manna ertu? segir Clares. Hann svarar: Ek heiti Oddgeirr fósturson Karlamagnús keisara. Clares segir: Minn góði vin, segir hann, [vertu vel kominn.² Ok fleygir frá sér sverðinu ok gengr at honum meðr fullu lítikæti, en Oddgeirr rennr í móti, ok kyssast með fagnaði. Í annan stað spyr Nemes hertogi sinn lagsmann, hverr hann sé. Uppi riddari³ svarar: Ek er son herra Girarðs, en nafn mitt kalla menn Reiners,⁴ kómu vér fyrir nökkurum dögum undir fjallit at bera [vára skjöldu⁵ móti heiðingjum. Þá segir Nemes: Leggjum⁶ af, góði vin, þessum leik, því at ek er hinn heimoligsti vin Karlamagnús. Eptir þat kasta þeir frá sér sverðunum ok ganga báðir saman, haldandi upp höndum til vitnis góðs fridar. Þann veg gera þeir⁷ riddarar allir. Ok er keisariinn ok Girarð er sét höfðu á þeirra leik [líta þetta,⁸ undra þeir mjök ok hleypa fram hvárr frá sínum her, ok sem þeir mætast ok viðr kennast, gerðist mikill fagnaðr í þeirra fundi af hvárratveggja hendi.

39. Skjótliga sem þeir hittust Karlamagnús ok Girarð, spyr keisariinn hvat hertoginn kunnir segja til⁹ heiðingja. En hann svarar: Ekki, herra, utan þat sem yðr er kunnigt, at þeir hafu dregit saman úflýjanda her, ok þar með vil ek segja yðr, at turn þenna¹⁰ er þér megit líta ok Jamund sat í um stund, er í mínu valdi, ok því gef ek hann ok fimtán þúsundir góðra riddara harðla vel búna upp undir yðra forsjá. Keisariinn þakkar hertoganum fagra görd, spyrjandi með hverjum hætti hann [komst at¹¹ turninum. En hann segir alt it sanna. Karlamagnús talar þá: Lof sé guði ok sælum Jaeobo; en svá lízt mér, at engi kunnir betri forsjá veita¹² yðru líði en sjálfir þú; vil¹³ ek ljá þér turninn ok þá hluti sem honum fylgja, svá lengi sem þú dvelst hér. Girarð þiggr þat. Í því kemr Fagon merkismaðr meðr öllum herinum, gerðist þá mikill klíðr ok háreysti, er svá margr maðr kom saman í einu stað. Keisarinnu ríðr þá upp á eina hæð ok talar hárrí röddu svá segjandi: Allir guðs vinir ok

¹) at tilf. b. ²) [tilf. b. ³) maðr b. ⁴) Remer b. ⁵) [várn skjöld b.
⁶) Látum b. ⁷) þessir b. ⁸) [tilf. b. ⁹) af atferði b. ¹⁰) þessi b.
¹¹) [náði b. ¹²) fyrir bera b. ¹³) því vil b.

mínir¹ gefi hljóð orðum mínum. Senniliga hefir allsvaldandi guð hér saman lesit [mikit fjölmenni² af ýmissum stöðum sakir elskuligsta síns vinar Jacobi postola, til þess at frelsa lönd hans undan illum yfirgang Afrícanorum, ok veit ek at margir eru komnir bæði fyrir guðs skyld ok mína, en sumir fyrir eina saman ástsemd guðs í himinríki, vilja þó margir nú gefa sik upp undir mína forsjó ok höfðingskap, hvar fyrir vér eigum þess biðja, at guð láti oss þat vel gegna ok hans sæmd aukist þaðan af en minnist hvergi. En ef ek kemr heim í Franz meðr sigri, skal hverjum ömbunast sitt starf eptir tilverkan. Herra Girarð svarar: Gjarna viljum vér, frægi herra, yðrum herradómi hlýða, ok væntum þess at þat gagni oss vel bæði til sálu³ ok líkama. Þessu næst skipar keisarinn liðinu í fylkingar, váru í fyrstu fylking fjórar þúsundir, fyrir þessi váru höfðingjar Salomon konungr, Jofreyr ok Ankerin ok Hugi jarl af Eleusborg.⁴ Þeir höfðu tvaú merki [hvít sem snjór,⁵ váru þeir stórliga vel búnir at hestum, vápnum ok klæðum. Þeir taka allir höndum saman, at fyrr skulu⁶ þeir liggja dauðir en flýja. Í annarri fylking váru sjau þúsundir, því liði stýrði Gundilber⁷ Frísa konungr. Þar mátti sjá mörg merki með ýmissum litum, hvítar brynjur, skíra hjálma, gljándi⁸ sverð með gullhjöltum, ok rauða skjöldu. Í þriðju fylking váru fimtán þúsundir, þar váru höfðingjar Nemes hertogi, Lampart ok Riker hrausti riddari; þessir höfðu meðr öllu góð herklæði bún víða meðr hreinasta gulli, græna skjöldu, digr spjót meðr blakandi⁹ merkjum. Í fjórðu fylking skipaði hann tuttugu þúsundir hraustra riddara, var hér foringi góðr herra ok dygdugr Vernes meðr öðrum fleirum; í þeirra liði váru stúlharðir hjálmur ok silfrhvítar brynjur meðr gulum merkjum ok raudum. Þrír tigur þúsunda stóðu í fimtu fylking; þeirra höfðingjar skipaðust tveir konungar, einn hertogi ok tveir jarlar, ok er líkligt at Jamund þurfi báðum höndum til¹⁰ taka áðr þeirra flokk sé rofinn. Séttu fylking stjórnadi gamall höfðingi ok vitr, Droim konungr af Gaschunia, ok hafði fjóra tigi þúsunda: hans lið var stórliga vel búit at herklæðum ok höfðu frá¹¹ því fljóta hesta sem flestir aðrir, ok allr þeirra búnaðr var sterkligr ok þó kurteiss; stóðu í þeirri fylkingu sjau hertogar allir öflugir ok vápn-djarfir. Hina sjaundu fylking skipaðu margar þjóðir, Saxar ok Sudr-menn. Franzeisar ok Flæmingjar, Lotaringi ok meðr þeim riddarar¹² af Púl ok Cicilia: hér var Fagon merkismaðr [ok annarr Oddgeir¹³ or Kastam; í þessarri fylkingu váru sex tigur þúsunda. En þessu liði

¹) *saal. b.*; *sínir B.* ²) [*saal. b.*; aukit fjölmennis *B.* ³) *sálar b.* ⁴) *Oleusborg b.* ⁵) [*snjóhvít b.* ⁶) *skuli b.* ⁷) *Gundibol b.* ⁸) *gljándi b.* ⁹) *blakandum b.* ¹⁰) *vel fram b.* ¹¹) *saal. b.*; fyrir *B.* ¹²) *höfðingjar b.* ¹³) [*keisarans ok annarr riddari b.*

skyldi stýra hinn frægasti herra Karolus Magnus son Pippins Frakka konungs; stóðu hér frammi márgir ríkir höfðingjar, hertogi Rollant, Oddgeir danski ok aðrir þvílíkir þeirra jafningjar. Nú hefir verið greindr herr kristinna manna; mun Jamund ok faðir hans Agulandus þat prófa, at betra væri þeim heima sitja;¹ því at svá lengi sem guð lofar, munu þessir djarfliga móti þeim fram ganga, svá at öll þeirra ván man görsamliga fyrir verða, ok svá harðan slag munu þeir við taka fyrir sína ágirni, [at þess eins man² þá lýsa at bölva þeim ok illa viðræla, er þá eggjudu til þessarrar ferðar.

40. Sem Karlamagnús hefir fylkt líði sínu, stígr hann af hesti ok gengr undir einn við, er var með mörgum kvistum ok gaf af sér mikinn skugga. Hann var þá svá búinn, at einn dýran kyrtil af vildasta klæði, er eximi³ kallast, hafði hann ok þar yfir rauða skikkju af hinu fegrsta cicladi, sandregna⁴ snjáhvítum⁵ skinnum; hött eða húfu af skinnum sabelin hafði hann á höfði görfan uppá hæversku Franzeisa með síðum böndum eða tuglum unninn með mestu virkt; en skaptit upp af hettinum⁶ var með gyltum knappi meistarliga görfum; hosur hans váru af bezta purpura búnar meðr bezta⁷ gulli, þar með haldi⁸ hans breiða fætr kurteisir skúar⁹ sœmiliga sandir. Karlamagnús leggur af sér skikkjuna, en steypir yfir sik öruggustu brynju görfa með miklum kosti, því at hon var skær ok hvít af hreinastu¹⁰ silfri; sum var hon rauð græn eða gul, eigi hafði hon nökkurn tíma bilat; þar yfir utan skryðdist hann þykkum leðrpanzara. Hjálmur var honum settr á höfuð, svá mikil gerseni at engan fann þvílíkan hvárki í her kristinna manna né heiðinna; hann¹¹ var görr af því stáli er harðast mátti smiðrinn finna, ok grœnn at lit, ein gerð¹² lá um þveran hjálminn grafn meðr flúrum ok laufum, ok víða settr dýrastum¹³ gimsteinum. Í hjálminum stóðu svá miklir náttúrusteinar, at engi þurfti sinn dauða at óttast, meðan hann hafði hann á höfði. Síðan var hann gyrdur sverði er heitir Jouise;¹⁴ þat sverð var stórliga vænt bæði níkit ok sterkt, ok ritat með gullstöfum fram eptir eggteinum. Svá búinn stígr keisarinn upp á þann hvíta vápnhest, er Balan sendi homum. Héldu margir ríkir menn í hans ístig, rídr hann fram í miðjan herinn. En margar þúsundir hugðu at keisarinum, sem hann var herklæddr á hest kominn. Því at maðrinn var stórhöfðingligr, kurteis at líta, ok þó hermannelligr, mikilleitr ok friðr í ásýðnu, meðr snörum augum, breiðr á herðar, dígr í öllum vexti ok þrekkligr, hinn öflugasti, ok kunní

¹) setit *b.* ²) [*saal. b.*; en þess einsaman *B.* ³) *saal. b.*; esteriu *B.* ⁴) með *tilf. b.* ⁵) snjóhvítum *b.* ⁶) hattinum *b.* ⁷) hreinu *b.* ⁸) huldu *b.* ⁹) skór *b.* ¹⁰) hreinasta *b.* ¹¹) þessi hinn góði keisarans hjálmur *b.* ¹²) gjörð *b.* ¹³) dýrættum *b.* ¹⁴) Gaudiola *b.*

einkar vel at bera sinn skjöld. Ok er Girarð lítr keisarann, talar hann til þeirra er hjá honum stóðu: Eigi er þessi herra meðallöfðingi, at sönn¹ má hann heita keisari kristinna manna, því at eigi man þvílíkr áðr verit hafa ok líkligt at eigi verði.

41. Karlamagnús keisari sem hann sitr á hesti búinn til bardaga, ok herrinn umbergis svá vel ok kurteisliga herklæddr², at réttliga var þeim í mikil þrýði er sitt lið jammart bjó þann veg, því engi var sá af þeim mikla flokki, at eigi hefði brynhöttu³ undir hjálmi, þikist hann⁴ nú vita, at skjótt man⁵ orrosta takast: því vill hann enn sína menn áeggja⁶ fögrum fortölum. þeim til styrktar bæði til sálu ok líkama, ok talar svá: Öllum yðr er vel kunnigt, at almáttigr guð sendi sinn eingetinn son hegat til jarðrikis, ok hann fæddist af heilagri frú ok hreinni mey Marie⁷ í þessa veröld til hjálpar öflu mannkyni, er áðr var glatat í synd fyrsta feðrs⁸ Adams, hann atferðaðist hér þrjá vetr ok þrjátigi ok tók heilaga skírn af Johanni⁹ baptista, hverja hann bauð veitast öllum er hans þjónar vildu gerast, heitandi þeim er hans bodordum fylgja svá mikla ömbun úþrotuandi sælu, at engi maðr dauðligr fær tjáð né talit, en hótandi þeim hræðiligum píslum eilífs bruna, er þau vili¹⁰ fyrirlíta en ræna hann sinni eign, heilagri kristui, hverja hann merkti sér í úthelling síns dreyra; en nú er öllum auðsýnt, at tveir heiduir höfðingjar Agulandus ok Jamund hafa nú til þess hingat sótt á hendr oss utan af Afríka, at brjóta niðr kristin lög ok svívirða heilaga stadi guðs en drepa oss eða reká í útlegð ok setjast síðan í erfð Krists ok þat lán sem hann veitir oss sínum börnum, ok meðr því at hann hefir sent oss hegat at verja hans sæmd ok æru, þá látum oss í hug koma at vér eigum honum at þjóna eða hversu mikit vér eigum honum at ömbuna. Hann tók á sik mart¹¹ vás ok erbiði¹² sakir várrar hjálpar, en hér á ofan háð ok brigsli [ok áleitni, sár ok¹³ kvöl ok krossins pínu, leyfði hann sínar hendr ok fetr gegnum grafast digrum járnögðum, rann or þeim¹⁴ sárum ít skærasta blóð: fimta sár þoldi hann á sinni hægri síðu af hvassa¹⁵ spjótí, or hverju fram flaut blóð meðr vatni: en sá sem spjótinu lagði, tók þegar skæra sýn, sem hendr hans dreyrugar snurtu hans augu, sem áðr var sjónlauss. Sé góðir vinir, þvílíkt ok svá mikit vann várr lausnari oss til hjálpar, ok fyrir því skolum vér gláðliga ganga fram móti hans úvinum ok setja várt líf fyrir heilaga kristni ok dauða taka af vápnum heidungja, ef þat er guðs vili: ok ef svá geri þér, bíðr vár

¹) saal. b; sýnum B. ²) saal. b; fóstraðr B. ³) brynhött b. ⁴) tilf. b.

⁵) nuni b. ⁶) eggja b. ⁷) Maríu b. ⁸) feðr b. ⁹) Joanne b. ¹⁰) vill b.

¹¹) várt b. ¹²) erfði b. ¹³) [með aleitn, séra b. ¹⁴) þessum b.

¹⁵) hvössu b.

ömbun eilífrar sælu; munu vér þá skína í mikilli birtu¹ ok gleðjast allir saman fyrir almátkum guði áu enda. Eptir þessi keisarans orð ríðr fram herra páfinn ok talar svá: Hlýðit mér,² synir mínir, ek er faðir yðvarr skipaðr af guði góðr læknir sálum yðrum, því³ trúit mér, ek skal eigi ljúga at yðr. Herra várr Jesus Kristr verandi í þessum heimi valdi sér til fylgdar tólf postola, var þeirra höfðingi Pétr postoli, hverjum guð veitti svá mikit vald, at þat skyldi laust ok bundit á himni ok jörðu, sem hann byndi eða leysti. Vitið áu efa, at hann stendr búinn at [styrkja yðr ok lúka upp porti⁴ himneskrar paradísar, ef þér djarfliga gangið fram undir keisarans merkjum, einkanliga þeim er nú vilja iðrast sinna synda; ok til þess at af dragi allan ífa yðrum hjörtum, þá leysi ek yðr af öllum syndum meðr því valdi, er guð hefir mér veitt fyrir blezaðan postola Petrum, setjandi yðr þá skript at höggva heiðingja sem stærst, spara hvárki hendr né fætr, höfuð eða⁵ bol, takandi þar fyrir satt verðkaup með sjálfum guði. Allir játta feginsamliga þessum kosti ok styrkjast mjök af herra páfans fyrirheitum, þakkandi honum ok keisaranum sínar fagnar áminningar. Lyptir herra páfinu upp [sinni hægri hendi⁶ ok blezaði allan herinn, ok ríðr brott síðan klökkvandi. Herra Girarð ríðr at keisaranum ok talar til hans svá segjandi: Nú megi þér líta, herra, görla her heiðingja; því leiddit fram yðra fyrstu fylking þeim í móti, en ek skal halda fram mínu liði, því gjarna vilda ek komast í miðja fylking heiðinna manna, ef þat væri guðs vili, ok prófa hvat þar kunnit⁷ ek ok mínir menn at hafast. Keisarin svarar: Far í guðs signau, góði vin, ok finnumst heilir, ef guð vill. Heldr keisarin liðinu ofan í dalinn neðanverðan ok bíðr þar þess sem at höndum kann koma, alvörusamliga kallandi á guðs miskunn ok fullting síns blezaða herra Jacobi postola.

42. Þessu næst skal hér⁸ segja af heiðingjum, at svá sem þeir líta her kristinna manna nálægan, þá ríðr fram fyrsta fylking, er Balam var stjórnari fyrir, ok gerðu þeir svá mikinn gný ok þyt at víða heyrði, blásandi hvellum lúðrum, stórum hornum ok digrum trumbum, berjandi á tabur ok skjöldu; útallig merki létu þeir blása með ymsum litum fyrir viudinum, þar með glóaði þeirra búnaðr, gyltir hjálmar, silfrhvítar brynjur, skínandi skildir, svá at strandirnar birtust á tvær hendr af þeirra vápnum. Frammi fyrir brjóstinu ríðr optnefndr Balam, hafði hann steypt utan yfir sína brynju [einum hjúp af hinu bezta⁹ purpurapelli til auðkennis. Meðr honum ridu fram fjórir konungar, er því höfðu heitit upp á sína trú at sækja aptr fjóra höfuðguði Manmet Machon Terogant ok Jupiter, eða koma

¹) birti b. ²) allir tilf. b. ³) þér b. ⁴) [lúka upp fyrir yðr port b. ⁵) né b.

⁶) [sína hægri hönd b. ⁷) kunnit b. ⁸) mgl. b. ⁹) [mgl. b.

eigi aptr ella. Því hábrókast¹ þessir mikit svá, at allr þeirra búnaðr var rjóðr² af gulli. En þegar sem fylkingar koma mjök saman, þeyta kristnir menn hvelt heróp, ok eggjar hverr annan til framgöngu. En í því kemr mikill ótti í lið heidingja, svá at margir þeir sem fyrir litlu hugðust hvetvetna³ mega vinna, skulfu nú á heinum ok kvíddu sér, ok ef þeir ganga þannu veg hræddir móti Franzeisum, munu þeir fá skjótt makliga gisting. Hugi jarl er fyrir var fyrstu fylking Karlamagnús ok hans fjórir kumpánar ríða fram djarfliga or sinni stöðu móti fjórum konuagum, er [fyrir váru greindir,⁴ ok uppkveiktir miklu kappi fyrir góðan anda skjóta þeir⁵ svá styrku skeyti í þeirra flokk, at þrír konungar liggja dauðir á vellinum. En Balam lagði til Huga jarls ok rak hann af baki, en sakir þess at guð bannaði mátti hann eigi koma blóði út á honum. Fyrir þetta sigmark er guð ok blezaðr Jacobus veitti sínum lýð í fyrstu⁶ athlaupi styrktust Franzeisar mjök ok glöddust, hlupu fram með miklum ákafa. Hófst þá bardagi at marki, gerðist mikill gnýr ok úkyrrligt hark, brak ok brestir í þeirra atreidum, því at Frankismenn hjuggu svá stórt, at eigi var huglausum gott fyrir⁷ verða: svá lögðu þeir hart meðr hvössum spjótum, at engi hlíf stóð við. Margr dramblátr drengr féll nú svívir(ð)liga af hesti, svá at aldri reis hann upp á sína fætr; söðlar týndust, en hestar hlupu er glatat höfðu sínum herrum, hjálmar meðr hausnum klofnuðu, hendr ok fætr [búkunum af fu' u.⁸ Svá gékk Franzeisum nú vel, at þeir sem áðr höfðu nökkut bleyðzt⁹ gerðust nú svá snarpir ok miklir fullhugar, at engir váru nú djarfari í sinni framgöngu. Því¹⁰ féll almenniliga þat bölvada fólk, þar til at þeir kómu þar sem stóðu bogmenn heidingja, þessir vándu hundar taka snarpt í móti, skjótandi bæði hart ok tíðum af tyrkneskum bogum, svá at búinn var váði fyrir hendi, en í því kom at fram hinn kæri keisarans frændi Rollant ok Oddgeir danski með sínum jafningjum ok réðu þegar svá drengiliga móti bogmönnum. at þeir rákust eigi skemra aptr or sinni stöðu en fjögur örskot, stöðandi þeim hvárki stinnir bogar né stálhörð skeyti, því at Rollant verðr þeim stórhöggr, hvar fyrir drjúgan fellr af heidingjum, en nökkut af kristnum mönnum ok þó fátt hjá því.

43. En af herra Girarð er þat segja, at svá sem hann hafði búit sitt lið, stefnir hann til atsóknar í hinn hœgra fylkingararm Affrieamauna. ok er auðvíst at eigi gefst þeim setuefni, sem þar eru fyrir. Herra Girarð talar þvílíkum orðum til sinna manna: Höggit stórt, þegar þér mœtit herinum, ok prófit hvárt nökkut [kunni þau

¹) dramba b. ²) ranðr b. ³) hvervetna b. ⁴) [fyrri greindust b. ⁵) mgl. b.

⁶) fyrsta b. ⁷) at tilf. b. ⁸) [búkinum af flugu b. ⁹) dignat b.

¹⁰) Þá b.

sömu sverð at¹ bíta digrhálsana² heiðingja, sem ek hetir yðr til búit, óttizt alls ekki, því at ek er Girarð, er yðr skal drengiliga framfylgja, því at sá er stæll er guði þjóunar bæði nú ok at eilífu. Þeir svara: Þat skolu þér sjá mega,³ at reyna man hvárt [fyrri dignar,⁴ vér eða vápun. Í þessu hleypir fram herra Clares rekjandi sitt merki af digru spjóti, er hann hélt sinni hægri hendi, keyrir hestinn sporum, þann sem hann tók af Jamund, ok rennir at einum ríkum konungi af Affrica Guilimin at nafni, leggr til hans gegnum skjöldinn brynjuna ok búkinn, skjótandi honum dauðum á jörð, ok kallar húrri röddu svá talandi: Góðir félagar, lítit hérna! Þessi hinn drambvísi merkti oss völl með sínu hjartablóði, sækit at djarfliga, eigi er öðrum at flr, launum í dag þat brauð ok vín, er guð seðr oss með dagliga, sníðum hold með beinum, en blóði útsteypum ok gefum ærit tafn hrafn ok vargi, því at vér munum öðlast sæmd ok sigr. Svá gera þeir sem hann eggjar, bregða sverðum ok veita heiðingjum stór högg ok gildan slag, meðr engu móti eptir spyrjandi, hvárt sá er konungr eðr þræll sem fyrir verðr. Í þessum svífum snarar⁵ gamli Girarð at einum miklum riddara, er áðr hafði drepit marga kristna menn, stautar á⁶ honum spjótinu ok lyptir houum or söðlinum, fleygjandi á jörðina meðr þvílíkum orðum: Þat veit sá er mik skóp, at uldri héðan af drepr þú mína menn. Ríðr svá síðan karlmannliga fram, at hverr ok einn sá er honum mætir verðr hníga.⁷ Verðr í þessari hálfu bardagans mikit mannfall, svá at bæði drepast niðr menn ok hestar, fellr ok [nökkut niðr⁸ af líði hertogans. Því skal héðan frá snúa at sinni ok geta⁹ nökkut af ferðum Jamundar.

44. Sem bardaginn hófst um morguninn hetir Jamund sik frum undan höfudmerkinu í miðjar fylkingar, bregðandi sverðinu Dýrumdala, ok höggv kristna menn á báðar hendr meðr svá miklu afli, at hvárki hlífir skjöldr né brynja, því at sverð hans klauf jamvel stalla¹⁰ ok steina sem hold ok bein. Hvar fyrir hann vinnr stóran skaða á keisarans sveit; því at svá sem hann sér sínar fylkingar hníga⁷ ok vikna; æðist hann æ því meir ok grimmist. Þetta getr líta Oddgeir danski ok talar svá: Almáttigr guð, mikill harmr er mér þat, er þessi vándi¹¹ heiðingi skal svá lengi lífa ok drepa margan duganda dreng. Hér með snýr hann hestinum, heldr at sér skildinum ok stýrir spjótinu til lags, skundandi þagat sem Jamund var ok einu riddari meðr honum Arnketill or Norðmandi. En er Jamund sér þat, mælir hann til Moram móðurbróður síns: Hér ferr einu maðr lítil

¹) [kunnu þau sverð b. ²) digrhálsaða b. ³) herra tilf. b. ⁴) [saal. b; digna B. ⁵) fram tilf. b. ⁶) at b. ⁷) saal. b; gníga B. ⁸) [mikit b. ⁹) segja b. ¹⁰) stál b. ¹¹) vándr b.

vexti at okkr, frændi, hvat mun hann tetta utan leita dauðans? hann skal honum skjótt koma. Því [ríðr hann¹ móti, ok þegar hestarnir mæstast, leggur hvárr í skjöld annars hörðum lögum með svá miklu affli, at hvárgi mátti sínum hluta hrósa, því at báðir koma þeir hvar fjarri niðr hestunum. Oddgeir bregðr sínu sverði, en Jamund Dýrumdala, má nú senniliga Oddgeirr sýnast uppgefinn, nema guð hjálpi honum. En í því ríðr Arnketill at einum miklum höfðingja ok ríkum er hét Boland, ok ljó til hans ofan í hjálminn svá hart, at haussinn klofnaði niðr í tenur,² hrindr honum dauðum niðr á jörð. en grípr hestinn þann sem hann reið ok fær Oddgeiri. á hvern hann stígr upp bæði skjótt ok fimliga. Skilr svá með þeim Jamund, ríða nú hvatliga aptr til sinna manna.

45. Nú er bardagi stórliga harðr ok mannskæðr, en þó er æ í þá hálfu mest hark at heyra sem Rollant ryðst³ um meðr sínum jafningjum, því stórliga kænir váru þeir sundr sníða hold með beinum, hvar fyrir hlífar spellast, riddarar meidast.⁴ hestar þreytast, Affrikar⁵ bleyðast ok vilja undan halda, því at þeirra lið tekr þúsundum falla, en vellirnir eru af manna búkum hestum ok klæðum⁶ víða þaktir, svá at þat var eigi minnr en hálf röst, at hvárki maðr né hestr mátti sínum fæti á bera jörð stíga. En hvat⁷ má hér framar af segja, en þann dag allan, frá því er orrostan háðist árla um morguninn, stóð æ hin sama hríð⁸ alt til þess er náttadi. Bauð hinn helgi Jacobus postoli mörgum kristnum mönnum heim til mikils sællífs á þeim degi af liði Karlamagnús, ömbunandi þeim stínum mála í eilífri gleði fyrir sitt dagsverk. Nú sem kvelda tekr ok dimma, léttir höggorrostu,⁹ ríðr keisarinn ofan í eitt dalverpi með nökkurum mönnum, er hann þá mjök angraðr. því at tveir konungar hafa látit sitt líf ok meir en fjórir tigur jarla ok hertoga ok margt annarra manna. Eigi¹⁰ angraði hann fyrir þá grein þeirra dauða,¹¹ at hann þættist eigi þeirra ömbun fyrir vita, heldr fyrir þat at því færri stóðu upp landinu til verndar sem fleiri fóru til guðs.

46. Herra Girarð tekr sér náttstað undir einum hamri, hafði hann látit þrjár þúsundir sinna manna. en allir vildastu riddarar sátu á hestum í öllum herklæðum mjök móðir af erfiði ok þorsta; en aðrir kristnir menn sátu á hestum sínum á miðjum vígvellinum¹² ofan á dauðum¹³ manna búkum. Engi var nú svá ríkr né¹⁴ mikils háttar, at eigi héldi sínum hesti með beisli, en sverð¹⁵ annarri hendi:

1) [ríðast þeir b. 2) tenn b. 3) ríðr b. 4) mæðast b. 5) Affricani b. 6) herklæðum b. 7) hverr b. 8) mgl. b. 9) höggorrostunni b. 10) En eigi b. 11) dauði b. 12) [sínum á miðjum vígvellinum. mjök móðir af erfiði ok þorsta: en aðrir kristnir menn sátu í herklæðum á hestum b. 13) dauðra b. 14) eðr b. 15) í tilf. b.

engi fékk svá mikil hægindi at hann leysti hjálminn sér af höfði, hvárki maðr né hestr át né¹ drakk, engum² kom svefn á auga,³ því at allir þóttust skyldir⁴ sjálfs síu at geyma hesta ok vápna, því at ein lítil slétta lá í miðil þeirra ok heiðingja; allir sátu þessa nótt meðr ugg ok ótta. Af heiðingjum skal segja þessu næst, at svá sem á leið daginn ok myrkti af nótt, gerðust margir lausir á velli, lögðu skjöldu á bak sér ok flýðu. En er Jamund sér þat, reiðist hann [ok kallar⁵ á þá ok mælti: Vei verði yðr, vándir þrælur, senniliga hafi þér svikit mik, snúit aptr ok fyrirlátit mik eigi; því at yður ráð eggjuðu mik á þat svell at berjast til lands þessa. En þó⁶ Jamund sé mikill ok kalli hátt, vilja þeir nú eigi aptr hverfa, því at svá hefir þeim at getizt vápnum Franzeisa um daginn, at aldri utan ofriki gangi at munu þeir girnast þeirra viðrskipta. Í því⁷ kemr Balam sendimaðr fyrir Jamund ok styðst á hjaltit⁸ sverðsins, er hann hélt á, ok talar: Þetta ráð hefðir þú upptekit Jamund, ef ek hefði ráðit, at trúa mínum orðum, er ek kom frá Karlamagnúsi, þá er þér sendut mik at forvitnast um lið kristinna manna, heldr en þola slíka svívirðing, sem þú hefir fengit í dag; því at þat skaltu vita, at öll fyrsta fylking, er þú fram hélt í morgin, er gersamliga niðr drepin, ok þó annat litlu minna,⁹ en sumt flýit undan. Nú hefir svá gengit sem ek sagða; það ek þá at þú skyldir varast, en þú ok menn þínir vildu því síðr veita nökkurn trúnað mínum framburði,¹⁰ at þér sögðut mik til þess hafa tekit fémútur af kristnum mönunum at svíkja yðr, en nú hefir þú nökkut varr vorðit, hvárir sannara töluðu ek eða þeir hrósarar ok mikilátu drambsmenn,¹¹ er sér í hendi kváðust hafa alt þeirra ríki, ok nú prófar þú hversu mikit þeir afla¹² þér. Jamund svarar: Satt er þat, Balam, oflengi hefir ek þeim trúat, eu hvat er nú ráðligast, góði vin? Balam svarar: Tveir eru kostir fyrir höndum; sá annarr at halda undan eða gefast upp á vald keisarans, ok ætla ek öllum munu þat betr gegna; hiun er til annarr¹³ at standa¹⁴ karlmannliga ok þola hér dauða; því at eigi verðr þat fals sem ek segir, at Frankismenn stígr þú eigi yfir, ok engi þjóð er þeim jöfn [til hreysti ok riddaraskapar,¹⁵ því at sjá máttu, at þeir sitja á hestum sínum ok bíða yðvar.¹⁶ Jamund svarar: Þat skal mik aldri henda at gefast upp eða brott flýja, meðan vér höfum miklu fleira lið en þeir. Eptir þetta skilja þeir sitt viðrtal.

1) eðr *b.* 2) manni *tílf. b.* 3) augu *b.* 4) til *tílf. b.* 5) [kallandi *b.*

6) þótt *b.* 7) bili *tílf. b.* 8) hjalt *b.* 9) lið *tílf. b.* 10) orðum *b.*

11) *saal. b.*; *drembumum B.* 12) vinna *b.* 13) enn þriðri *b.* 14) ok verjast *tílf. b.* 15) [i hreysti ok riddaraskap *b.* 16) svá *tílf. b.*

47. Árla um morguninn þegar sem dagr tekr upp¹ renna, gerir mikinn hélukulda móti sólarinnar upprás. Bjó Jamund þá² fylking til fyrstu atlögu; er í váru tuttugu þúsundir, ok fylgir sjálf; en þeim móti fara fjórar þúsundir Franzeisa, ok eru þeir senniliga of liðfáir. Hófst³ þegar bardagi með miklu ópi ok háreysti, váru margir mjök [stirðir af kulda ok sárum,⁴ en féngu þó at sinni úmjúka lækning, hvar fyrir kristnir menn kölluðu á sinn skapara sér til fulltings, því at senniliga hrygðust þeir af falli sinna féлага. Þegar sem bardaginn tekst, riðr Jamund grimliga fram í lið kristinna manna ok ætlar at hefna þess skaða, er hann þóttist fengit hafa hinn fyrra dag, leggr sínu digra spjóti til Anzelin or Varegniborg í gegnum skjöldinn brynjuna ok búkinn, fleygjandi niðr af hestinum, ok hirðir meðr engu móti, hverr hans fall eðr dauða kærir. Þar næst riðr⁵ fram Balam ok leggr einn góðan dreng gegnum skjöld hans ok brynju. En í því kemr at fram Oddgeirr danski meðr mikinn flokk riddara. En er Balam sér þat, kippir hann at sér spjótinu ok vendir aptr til sinna manna. En sá er lagit þoldi varð lítt sárr. Oddgeirr gengr nú djarfliga fram, höggr til beggja handa; sér hann at nú fellr fjöldi kristinna manna, því hvílist hann ekki við, gengr í miðjar fylkingar heiðingja, ok í þessarri sókn fær hann handtekit Butram er fyrr var nefndr. Eptir þat riðr hann aptr í sína fylking ok fréttir túlkinn, hvat hann kunni segja um⁶ fyrirætlan Jamundar. En hann segir:⁷ Jamund ætlar með þvílíku liði vinna Karlamagnús sem nú hefir hann ok þér megit⁸ sjá. Ok er Oddgeir heyrir þat, hleypir hann þar til er Karlamagnús var meðr sinni fylgd, var hann þá enn eigi kominn í bardagann, því at þeir byrjuðu fyrst bardagan⁹ er á vígvellinum váru um náttina. Þegar er keisarinn lítr Oddgeir, heilsar hann honum fyrr ok spyr, hversu nú gangi.¹⁰ Hann svarar: Vel meðr guðs vilja, herra; en þó fáit þér nú mikinn skaða, því at margr dugandi riddari lætr sitt líf; en vér kumpánar, er fram riðum í morgin, höfum fengit túlk Jamundar, ok segir hann svá, at fyrr ætli Jamund láta hendr ok fætr en gefast upp eða gera nökkur orð Agulando feðr sínum. Því sendit til herbúða yðvarra ok stefnit hingat öllum ungum mönnum, ok ef þeir koma vel búnir, þá væntir mik, at heiðingjar verði rýrir; því at þótt þeir sé margir, þá eru þeir bæði lítt herklæddir ok illir raunar, þegar meðr harðfengi er at þeim gengit, en menn yðrir eru margir sárir ok móðir ok¹¹ sækja svá meðr kappi, at margir heiðnir falla¹² um einn. Ok er keisarinn heyrir orð Oddgeirs, hryggist hann í sínu hjarta ok segir svá: Þú

¹⁾ at tilf. b. ²⁾ fyrstu tilf. b. ³⁾ þar tilf. b. ⁴⁾ [sárir ok stirðir af kulda b.

⁵⁾ saal. b; leggr B. ⁶⁾ af b. ⁷⁾ at tilf. b. ⁸⁾ megut b. ⁹⁾ örrostuna b.

¹⁰⁾ gengr b. ¹¹⁾ at b. ¹²⁾ falli b.

hinn dýrliði herra almáttigr guð, undir hvers valdi ok yfirboði allir skapaðir¹ hlutir standa, mikill harmr er mér, at þat fólk, sem þú, dróttinn minn, gaft mér til stjórnar, skal drepast niðr í mínu augliði af þínum úvinum, þeim er aldri höfðu ást á þér ok jafnan hata þá heilaga trú, er þú bautt halda ok hafa, en vilja nú fyrirkoma þinni sœmd ok grípa undir sitt niðingligt vald þat ríki, sem þú átt ok² þínir vinir. Nú er at velli lagðr mikill fjöldi þinna þjónostumanna, þeirra sem til þess váru ætlaðir at refsa þeim sinn úsóma ok hreinsa heilaga kristni af þeirra yfirgangi, því bið ek þína miskunn,³ at þú styrkir oss en kastir þinni reiði yfir þessa úvini. Hér með kallar ek til þín, hinn háleiti⁴ guðs postoli Jacobe, biðjandi at eigi víkir þú frá oss því⁵ fulltingi, sem mörgu sinni hefir þú vel veitt, síðan vér kómum í þína þjónostu, því at þat veizt þú, at þú ert efni ok upphaf minnar hiðgatkvámu, ok ef þú lætr hér drepast niðr alla mína hirð, þá mun eigi þat verða framgengt er þú [fyrirhét⁶ þann tíma er þú birtist mér, at þín sœmd skyldi fyrir mína frámöngu aukast í þessu landi. Nú veittu þínum riddarum öruggan hug ok steyp bölvaðum heidingsjum með styrkleik þíns mikla⁷ máttar, at þar fyrir lofi allir miskunn guðs ok þína vernd án enda. Sem keisarinn hefir endat sína bœn, talar hann til Oddgeirs danska: Þat ráð sem þú lagðir til skal hafa, at senda eptir öllu því liði, er at várum herbúðum dvelst, því kalli til mín Droim konung ok Andelfreum unga. Ok þegar þeir koma fyrir keisarann, segir hann: Þit góðir vinir, farit skjótliga til herbúða ok segit þat minn vilja, at allir ungir menn ok þjónostusveinar búi sik til bardaga ok komi síðan á minn fund. Þeir játtu⁸ því gjarna ok ríða brott til herbúða ok gera keisarans eyrindi, eptir því sem síðar greinist. En [keisarinn býr nú sínar fylkingar fram til bardagans ok hafði⁹ þá enn mikit lið ok frítt, lætr hann upp setja sitt höfuðmerki, var þar¹⁰ Rollant ok margir aðrir höfðingjar. Ok er Jamund sér gullara keisarans, talar hann til sinna manna: Nú megi þér líta metnað¹¹ Karlamagnús, at¹² hann heldr enn til bardaga með liði sínu, ok man ætla oss at sigra; því sœkjum vér¹³ djarfliga, því at eigi man enn minni liðsmunr en fjórir¹⁴ móti einum, ok þat lízt mér, at þeir menn hafi meira kapp en forsjá, ef þeir þikkjast várum fjölda mega fyrirkoma. Karlamagnús sem hann kemr at bardaganum, eggjar lið sitt at hefna sinna kumpána, er þar lágu dauðir á vellanum. Riddari Salomon byrjaði fyrstr atreid af keisarans liði ok leggr spjóti til þess konungs, er Bordant hét. Þessi

1) *mgl. b.* 2) *eðr b.* 3) *miskunnsemi b.* 4) *heilagi b.* 5) *þínu b.* 6) *hétst fyrir b.* 7) *blezaða b.* 8) *játa b.* 9) [keisarans fylkingar búast fram til bardagans, hafði hann *b.* 10) *með tilf. b.* 11) *ofmetnað b.* 12) *er b.* 13) *framm b.* 14) *sé tilf. b.*

Bordant hafði sér á hálsi einn hvellan lúðr Olifant, ok þó at [hann væri¹ mikill at vexti ok vel búinn, féngu herklæðin eigi hjálpat honum, ok skýtr Salomon honum dauðum á jörð, en grípr til hornsins í því ok fær náð. Sem Jamund lítr konunginn fallinn, en lúðrinn brott tekinn, angrar² hann mjök ok hleypir eptir Salomon svá segjandi: Betra væri þér, riddari, at hafa eigi verit fæddr. því at nú skaltu tapa þínu lífi, hefir³ þar með sverðit Dýrmdala hátt upp ok högggr í hjálminn kljúfandi hann í herðar niðr, tekr Olifant ok knýtir um háls sér. En í því kemr at farandi góðr riddari Ankerin at nafni ok ætlar höggva til Jamundar. En hann snarast um⁴ fast ok klýfr Ankerin í herðar niðr ok talar svá: Nei,⁵ kristinn, segir hann, eigi var þat þitt at vinna mér skaða. Ok er Frankismenn sjá svá stór högg Jamundar, vilja flestir leita sér léttara en fást við hann. Nú gerist bardagi stórliga snarpr. Ok er keisarinn vissi Ankerin fallinn, talar hann: Guð drepí þann heidingja sem þik drap, minn góði vin, ok gjarna meðr guðs vilja vilda ek þín mega á honum hefna, því at þú vart minn elskuligasti fóstrson af beruskutímanum mér trúliga þjónandi; gleði guð nú þína sál, en vér er eptir lifum skolum því djarfligar⁶ framganga sem færri eru [til skipta.⁷ Meðr þessum orðum kemst hann við í sínu hjarta, en fyllist þó jamfram meðr guðligu kappi, ok kallar Rollant frænda sinn svá segjandi: Treystum⁸ nú í guðs miskunn ok gerum heidingjum svá harða hrið, at þeim taki um alt bak. Hleypr⁹ fram síðan meðr brugðnu sverði ok suíðr sundr heidingja. Hér meðr sækir Rollant at öðrum megin meðr sínum lagsmönnum, snýr skjótt¹⁰ í þessum stað orrostunnar mannfalli¹¹ á heidingja. Nú sjá þeir hvassa hildarvöndu gegnum smjúga þeirra hjörtu, hvar fyrir blóðit tekr or undum renna. sárin sviða, brynjur sundrífna, en seggir hníga,¹² ok meðr því at fullting Jacobi stendr með kristnum mönnum¹³ í þessarri hálfu orrostunnar, skal héðan frá hverfa en ryðja annarstaðar til frásagnar.¹⁴

48. Nú byrjar at segja nökkut,¹⁵ hvat hinn góði hertogi¹⁶ hefst at, því at eigi er þat ætlanda, at hann sofi eða geri ekki til gagns. þá er þvílíkt er at hræra. Snemma um morguninn sem lítt er ljóst af deginum, kallar hann til sín frændr sína Boz ok Klares ok aðra höfðingja, er um nóttina dvöldust sem áðr sagðist undir hamrinum, ok talar svá til þeirra: Mínir kærú frændr ok vinir, segir hann, hvat munu vér nú fá at gört, höfum látit mikit af várum liðsmönnum. en harðr bardagi fyrir hendi. utan þat at gefa oss alla undir guðs

¹) [tilf. b. ²) angrast b. ³) hefir b. ⁴) við b. ⁵) Vei b. ⁶) snarpligar b. ⁷) [eptir b. ⁸) Treystumst b. ⁹) hleypir b. ¹⁰) nú b. ¹¹) tilf. b. ¹²) saal. b.; gníga B. ¹³) sótt fall tilf. B. ¹⁴) saal. b.; faagnaðar B. ¹⁵) frá tilf. b. ¹⁶) Girard b.

forsjá ok vera búnir at setja vart líf út í dauða fyrir hans skyld, svá sem hann virðist háleitr ok heilagr at þola dauða fyrir várar sakir; því ríðum djarfliga móti údyggum lýð heidinna manna, ok með því at völlrinn er víða þaktr af búkum, svá at eigi má hestum fram koma, skolu fimm þúsundir várra manna láta hér eptir sína reiðskjóta en ganga í bardagann, ok veita oss þvílíkt gagn er ríðum sem þeir viðkomast. Allir játta svá gera sem hann vill standa láta. Eptir þetta ríðr herra Girarð til bardagans ok hefir eigi meira lið í fyrstu en tvær þúsundir; hann slæst í lið fram [á hæggra veg fylkingararms¹ keisarans ok ræðst móti þeim tuttugu þúsundum heidungja, er þar höfðu fylkt, var hans atreið hin harðasta, því at hvárki var oddvitinn huglauss né þeir sem honum fylgdu. Sem Affrikamenn litu tilkvámu hertogans, grúfa þeir niðr undir hjálma sína ok brynjur. Skjóttliga hleypra kristnir menn² góðum hestum ok öruggum herklæðum búnir, lögðu með spjótum en hjuggu með sverðum svá hart ok stórt, at heidungjar máttu ekki annat en hlífa sér við þeirra áhlaupi. En þeir sem firr stóðu skutu með stinnastum skeytum, en hertogans menn hirðu þat eigi, því at svá váru þeir nú styrktir af guði, at engi hinn fyrsti stóð í móti þeim, því at svá váru þeir geystir, at hverjum þótti því betr [at lengra kom sér³ fram í lið heidungja; því geymdu þeir eigi þar fyrir sinnar stöðu ok fóru sem lausir. En herra Girarð þat sjáandi, kallar hárrí röddu ok segir: Frægir riddarar, geymit yðvar vel ok bindizt eigi⁴ meðal vandra heidungja, höldum⁵ saman sem bezt, svá at hverr styði annan fyrir utan þeirra fylking, ok hendum þat sem oss stendr næst, látum þá hörfa undan, ok sökjum því fastara eptir sem þeir linast meir. Eptir þessor orð lýstr hann sinnu sterka vápnhest sporum, hristir spjótit ok leggrr ríkan höfðungja er hét Malehabrun í gegnum skjöldinn, panzarann, brynjuna ok búkinn, skjótandi honum dauðum⁶ á jörðina fjarri hestinum, yppir síðan merkinu svá segjandi: Líttit, heidungjar, þenna lagsmann yðvarn, er lúta varð fyrir mér öldruðum. Þar með talar hann til sinna manna: Höggvit stórt, guð man styrkja armleggi yðra, at mega djarfliga sverðunum beita, nú gengr at málefnum,⁷ senniliga birtist at vér höfum réttara at mæla. Í þenna tíma koma þær fimm þúsundir í bardagann, sem hertoginn bauð af stíga sínum hestum. Váru þeir herklæddir beztum vápnum, gáfu þeir heidungjum stór högg með hörðum spjótlögum, sníða höfuðin af bolunum, kljúfa suma í herðar niðr ok kvista hendr ok fætr; því heyrast nú ill læti til heidungja, því at vápnlausir hnigu⁸ skjótt fyrir þessum riddarum

1) [há hæggra fylkingararmi b. 2) með tilf. b. 3) [er sér kom lengra b. 4) engi b. 5) oss tilf. b. 6) niðr tilf. b. 7) málaefnum b. 8) saal. b; géngu B.

nykomnum, þorir engi optar en um sinn at leggja sinn¹ feitan bók [undir þeirra vápni.² Hér með skal greina, at herra Girarð snýr atsókninni þar til at³ stóð höfuðmerki Jamundar, ok sakir hvárstveggja at Africamenn líta atgöngu stórliga snarpa, svá at nú þikkjast þeir at raun komast, hversu gott ok gleðiligt þat er at reyna vápnaskipti Franzeisa, stökkur hvern undan er má, því at þeir staðir sem nökkurri sókn eða vörn mátti viðkoma váru af þeim haldnir, en heiðingjar þyrptust saman upp á þá hina dauðu, sem þykkvast féngu þeir staðit. Sem hertoginn er at kominn mjök⁴ þeirri fylking, sem stóð umbergis merkit, risu þeir fast móti um stundar sakir, en þegar at⁵ hertogans menn komast at öllum megin, þá viknar skjótt fylkingin. Ok sem konungarnir Magon ok Asperant, er fyrr váru nefndir, í hverra vald ok geymslu Jamund gaf höfuðmerkit. líta hertogann svá nálægt en sína menn falla hvern um annan, tala þeir sín í miðil þvílíkt sem hér má heyra: Satt prófast þat nú, sem Balam forðum sagði af Frankismönnum, at engir munu þeim vera jafnir at hreysti, því at svá miklir kappsmenn eru þeir, at aldri meðan lífit er í þeirra brjósti munu þeir sinn hlut láta. En Jamund gerir nú opinbert sitt dramb ok mikilæti meðr fáheyrðri heimsku, at hann dirfist þess at halda viðr þá bardaga án [Agulando feðr sínum,⁶ er þat⁷ ok líkara, at þessi hans ofmetnaðr stígi honum sjálfum í höfuð, ok allir er hans ráðum fylgja munu þvílíkrar heimsku gjalda. En at vísu meguum vér fól kallast, ef vér ætlum nökkur vinnu í þessum stað, þar sem Jamund þorir eigi koma lingat oss til hjálpar. En hvers biðum vér hér utan dauðans? ok meðr því at hann af-rækist sitt höfuðmerki, þá tjóar⁸ ekki þótt vit standim; því er þat miklu betra at leita brott or þessum nauðum ok sækja fund Agulandi ok gera honum kunnigt hvat fram ferr. Hvárt sem þeir tala hér um langt eðr skamt, kemr þat saman meðr þeim báðum, at þeir ríða brott undan merkinu gerandi Jamund enga vissu af sinni gerð, komast brott or bardaga mjök nauðuliga, hleyptu hestum sem mest gátu aftekit, ok er af þeirra ferð [framar ekki⁹ segjanda. Herra Girarð ryðr nú breiða götu, fylgja honum næst systursynir hans Boz ok Klares ok aðrir mest háttar höfðingjar, en síðan liverr hans manna eptir annan, ok höggva til beggja handa, svá at valköstrinu hleðst¹⁰ hátt upp hjá þeim tveim megin, svá ganga þeir fram undir merkit. Sem hertoginn er þar kominn, talar hann til sinna manna: Höggum djarfliga. Afríka konungr hyggst nú hafa unnit yðr ok eyða¹¹ land várt ok ríki, en¹² reka oss í útlegð eða selja hörðum

¹) tilf. b. ²) [saal. b; þeirra vápnum B. ³) er b. ⁴) mgl. b. ⁵) mgl. b. ⁶) [Agulandi feðr síns b. ⁷) því b. ⁸) þat tilf. b. ⁹) [at sinni ekki framar b. ¹⁰) hlóðst b. ¹¹) eytt b. ¹²) atlar at tilf. b.

þúslum. Nú mun reynt verða hversu vel þér standit frammi oss at verja, ek em gamall ok því byrjar yðr¹ styðja mína elli ok sækja því betr sem þér erut yngri. Sem hann er kominn undir höfuðmerkit, sækir hann meðr svá miklu kappi, at engi þóttist hafa sét þvílíka sókn jamgamals manns, því at hvern þann heiðingja hjó hann til bana í einu höggi,² er hans sverð mátti ná, hvar fyrir þeir fella á lítilli stundu meir en tíu þúsundir umbergis merkit. Flýja³ þá brott allir er máttu ok kómu aldri aprt undir þat merki síðan. Stendr þat nú eitt saman upp eptir á vellinum með þeim fjórum olifutrjám er heiðingjar höfðu reist, ok hélt þeim arni⁴ er merkit stóð á. Ok er allr sá fjöldi heiðingja var brottu sem merkit höfðu varðveita, sumir flýðir en flestir drepnir, eru menn hertogans margir sárir ok móðir, stígr herra Girarð af hestinum ok stórliga mæddr. Ganga menn þá til hans ok steypa af honum berklæðunum, taka hjálm af höfði honum ok færa hann or brynjuni, sezt hann niðr móðr⁵ af miklu erfíði, stökkv blóð fram⁶ or hans nösnum niðr á hjálminn, ok menn hans þat sjóndi hryggjast þaðan af. En hann talar til þeirra: Verit ekki hryggir fyrir mínar sakir, því at ekki er mér at angri utan þat at heiðingjar lifa of margir; því sækit fram til bardagans ok veitit drengiliga fullting konungi várum, en þegar er ek hefir niðr steypt þessu merki, skal ek til yðvar koma. Skal nú hverfa héðan brott, en greina hvat annarstaðar ferr fram.

49. Karlamagnús keisari gengr fram einkar vel meðr sínum mönnum, hefir hann enga vissu af, hvat herra Girarð hefst at, því at svá stóð bardaginn þykt ok víða. Ekki vissi ok⁷ Jamund, þar sem hann gékk gildliga fram ok drap margan mann með sínu sverði, hvat um leið hans höfuðmerki. Ok sakir þess at hvárigir máttu halda einart sinui sömu sókn,⁸ beiddu mennu hvíldar ok greindu sundr fylkingar, svá at nökkut lítit hlíð varð á miðil; létti þá hinum mesta bardaga, en héldust atreidir vaskra drengja. Því hleypir Triamódes konungr frændi Jamundar meðr ákafri atreid klæddr dýrum búnaði, haldandi dígrt spjót með miklu merki, fram ríðandi at einum riddara Frankismanna, leggrr í gegnum skjöld bók ok brynju ok kastar honum dauðum á jörð; ok þegar sem hann hefir sitt hvassa spjót út dregit, hindrar hann eigi sinni framreið, vísar hann því fram annan tíma, leggjandi í gegnum góðan herra Milum hertoga, bróður Bærings brezka ok dregr hans lungu með inniflum út á sínum spjótkrókum, berr hann hátt blóðugt spjótit ok þikist allvel leikit hafa ok hrósar sér fast, ok snýr við svá búit til sinna manna, æpandi hárrí röddu svá segjandi: Herra Jamund, segir hann, vertu gládr

1) at tilf. b. 2) mgl. b. 3) nú b. 4) saal. b.: arni B. 5) tilf. b. 6) þá b. 7) mgl. b. 8) stöðu b.

ok kátr, sé hér mitt fríða spjót. hvert fagrlega hefir blómgast í vörmun dreyra, því at þat hefir nú rétt gegnum smögit hjartaborg tveggja kappa kristinna manna, ok því sœkit snarpliga fram, því at þetta ríki er skjótliga alt í yðru valdi. því at aldri héðan af reisa þessir sitt spjótskapt oss í móti sér til verndar. Sem kristnir menn sjá Milun hertoga dauðan, því at hann hafði verit hinn snarpasti maðr til vápnis, harma þeir hann mjök, en einkanliga mismikar þetta Bæringi bræzka, hvar fyrir hann fyllist mikillar reiði, keyrir hestinu sporum ok hleypir eptir Triamode svá segjandi: Bíð, heidingi. [ef þú þorir, því at¹ ek vil hefna bróður míns. En Triamodes lætr eigi sem hann heyrri, ok vill eigi við horfa. Því leggr Bæringr, þegar hann kemst² í færi, spjótinu aptan miðil herðanna.³ svá at út gékk um brjóstit, dregr síðan at sér karlmaunliga ok lyptir honum upp or söðlinum fleygjandi honum á jörðina, með mikilli hermd⁴ svá talandi: Af baki skaltu nú verða at stíga, þó⁵ bæði sér þú digr ok feitr, ok aldri örglast héðan af á þína stirðu fætr: þú drapt bróður minn ok þóttist hafa allvel leikit, en⁶ nú hefir þú hann svá dýrt keypt, at aldri um aldr verðr þú hans arfi. En er Jamund sér Triamodem systurson sinn⁷ dauðan liggja á vellinum, harmar hann grátandi hans dauða ok talar mörg⁸ kveinkanarorð á sína tungu. Tóku⁹ Afríkar dauðan líkamann ok báru í faðmi sér í miðjan herinn, grétu þar¹⁰ ok sýttu.

50. Þessu næst riðu fram or fylking kristinna manna tveir riddarar Ríker ok Margant, annarr á bleikum hesti kurteisum, en annarr á grám hesti föxóttum. Margant lagði sínu spjóti til konungs þess er hét Mages;¹¹ hann átti ríki fyrir utan Jórsalaland, fullr af drambi ok miklum metnaði: en þó hann væri mjök þrúttinn af eitri drambseminnar, hjálpaði honum þat stórliga¹² lítit, því at it hvassa¹³ spjót kummi greiðliga gegnumr fljúga hans búk með öllum herklæðum. En Ríker lagði spjóti í gegnum náfrænda Jamundar, þessi hafði haft af sínu¹⁴ ríki hinn hvellasta lúðr Olifant, hvern Jamund berr nú á sínum hálsi: ok er Ríker leggr spjótinu fyrir brjóstit, ætlar Gizarið¹⁵ at ríða fram¹⁶ undan laginu, en í því bregðr Ríker sverði ok hjó utan á hálsinn, sníðandi af honum höfuðit rétt í augliti allra heidingja. Ríða báðir þessir riddarar vel af guði varðveittir aptr í sinn stað. Sem Jamund sér þessa tvá frændr sína dauða Triamodem ok Gizarið, en alla völlu hulda af¹⁷ líkum sinna manna. [Því at¹⁸ þar sem bardaginn stóð veitti guð svá mikla miskunn, at

¹) [mgl. b. ²) kemr b. ³) herða honum b. ⁴) grimd b. ⁵) þótt b. ⁶) ok b. ⁷) fallinn ok tilf. b. ⁸) saal. l; mjök mork B. ⁹) þá tilf. b. ¹⁰) þá b. ¹¹) Mates b. ¹²) sérlega b. ¹³) hvassasta b. ¹⁴) tilf. b. ¹⁵) Gizarð b, her og senere. ¹⁶) mgl. b. ¹⁷) með b. ¹⁸) [mgl. b.

svá hjuggu kristnir menn niðr heiðit fólk sem búfé, því gengr þetta allt saman mjök á Jamund, svá at hans ásjána sortnaði, kallandi Balam til sín meðr stóru¹ andvarpi svá segjandi: At sönnu var ek þá heimskr, er ek trúða eigi því sem þú sagðir mér satt. Hvat mun nú af mér verða, fallnir eru tveir frændr mínir, er mik eggjuðu til þessa lands at fara, hugðunst ek treysta mega þeirra riddaraskap, en nú liggja þeir dauðir; því, góði vin, legg til gott ráð, því at eigi veit ek hvern enda eiga mun mín úhamingja um síðir. Balam svaraði: Hvat undrast þú,² þótt þér fari þann veg fram? því at aldri mun þat vel út seljast, hvárki [meðr þér né nökkurum³ öðrum, at una eigi því ríki sem [hann á at⁴ réttu, ok ágirnast miklu meira en hófinu gegni ok rænast til meðr röngu ok⁵ grípa annarra eign. En fyrir þat at⁶ þú hefir ágirmina, þá byrjaði þér þat með, ok öllum þeim er höfðingjar þikkjast vera, at gera sik [styrka ok stöðuga,⁷ kunna vel því sem at höndum kemr; gleðjast eigi of mjök þótt þeir mikils afli, enda bera karlmannliga þótt nökkut misfalli. En sakir þess at ek lagði til þau ráð er ek kunni bezt með yðr, ok vildu þér þau at engu hafa, þá kann ek nú ekki til leggja, mun eigi hvern fara fram sínum ráðum sem líkar, en aldri muntu kristna menn yfir-stíga. Jamund svarar: Hversu sem aðrir gera, trúir ek aldri, at þú bregðist mér. Þrífir síðan lúðrinn er hann hafði á hálsinum ok þeytir meðr svá miklu afli, at víða kendist jörðin dyuja umbergis, en bregðr sverði sínu Dýrumdala keyrandi hestinn sporum ok ríðr at bardaganum fram at einum kristnum manni, höggv til hans⁸ sverðinu ofan í hjálminn ok klýfr niðr í búkiinn,⁹ ok gerir hér á ofan harðastu sókn.

51. Hefst orrosta nú at nýju. Ok meðr því at almáttigr guð vill hepta Jamund at gera¹⁰ skaða á sínum sauðum, vill hann ok tálma hans tröllskap um tíma¹¹ ok láta fréttu þat sem hertogi Girarð hefir svinkat, at þaðan af versni honum¹² í hug heldr en batni. Því kemr einn heiðinn¹³ riddari á flugskjótum hesti þar at sem Jamund sækir at sem harðast, ok leiðir hann brott or mestu þröng, byrjandi sitt mál svá: Ho, ho, herra Jamund, segir hann, mikil úhamingja þröngir oss á alla vega; mikil skömm ok svívirðing hefir þér ok öllum þínum mönnum í dag til borit. Ek er nú einn af þeim mörgum, er þitt höfuðmerki skyldu geyma, en í morgin kom at oss einn flokk, er stórliga¹⁴ mátti lítill sýnast; þeir váru flestir á fœti, frá því betr herklæddir en nökkurir aðrir, allar þeirru bryu-

1) þungu b. 2) þat tilf. b. 3) [þér né b. 4) [maðr á með b. 5) at b. 6) er b. 7) [saal. b; styrkan ok stöðugan B. 8) með tilf. b. 9) kviðinn b. 10) mikinn tilf. b. 11) saal. b; lítima B. 12) Jamund b. 13) mgl. b. 14) sérliga b.

júr váru tvísettar eða meir, hvítar sem skærasta silfr, svá öruggar at varla kunnir spillast, engi var sá hjálmr á þeirra höfðum, at eigi væri gyltr ok settr gimsteinum, sverðin váru græn af stáli sem gras; lágr maðr [ok þykk¹ gekk þar fyrir með miklu kappi, hvern ek trúir verit hafa þeirra foringja; ok svá leika þessir við vára menn, at á lítilli stundu drápu þeir meir en tíu þúsundir. Sem hér er komit, vill Jamund eigi bíða lengr ok talar svá: Þegi þú, vándi² maðr ok hinn saurugi þræll, því at þú veizt eigi hvat þú segir. Mun ek nökkut trúa framburði þeim, at sœmd míns höfuðmerkis sé minkuð, þar sem þat tóku til geymslu tveir konungar, er ek bezt trúða, ok eigi minnr en hundrað þúsunda styrkra manna. Hvárt sem þér líkar betr eða verr, skaltu enn heyra þaðan af meira: þeir³ konungar eru báðir brott flýðir, en drepnir þeirra liðsmenn flestir, höfuðmerkit niðr brotit ok komit í vald kristinna manna: nú trú, ef þú vill, þetta verðr þér at sömmu. Ok er Jamund þikist eigi mega við dyljast, fellr svá mikil hrygd honum í hjarta, at næsta fellr hann í úvit. En eptir tíma kallar hann til sín tvá konunga heiðna Salatiel ok Rodan, svá til þeirra talandi með harmsfullu yfirbragði: Góðir herrar, segir hann, svívirðliga eru vér útleiknir á marga vega, höfum látit fjóra guði vára, drepinn er mestr hluti [várs fjölda,⁴ en á þetta ofan erum vér ræntir sjálfu höfuðmerkinu, er faðir minn gaf mér sakir mikillar elsku. Nú meðr því at þit hafit lítt eða ekki komit í bardaga. en hafit gott lið ok vel búit, þá dugit nú sem drengiligast, því at lið kristna konungs er drjúgum fallit, en mart sárt ok mótt ok til lítils fœrt, hvar fyrir þér munut auðveldliga stíga þeim yfir höfuð; en ef þat gerist,⁵ skal ek ykk mest háttar setja allra minna höfðingja í þessu ríki. Þá svarar Salatiel: Herra Jamund, óttizt ekki vætta, því at áðr kveld komi, muntu sjá Frankismenn alla dauða. Jamund segir: Vel þeim augum er þat liti,⁶ því at allr tregi, harmr með sút hreinsadist þá í brott or mínu brjósti. Salatiel dubbar sik nú, tekr vápn sín, boga ok ör-
vamæli, ríða eptir þat fram til orrostu með fylktu liði, ok cepa mikit heróp. Eiga guðs riddarar enn at nýju⁷ heyja harðan hildar leik. Gerist þá mikill mannskadi í hvárratveggja⁸ liði, hnígr nú sýnt á Frankismenn, því at þessi heiðni konungr Salatiel, er var bæði harðr viðfangs ok ramr at affli, fór um it ytra sem einn veiðimaðr, gerandi ýmist, at hann lamdi hlífar en braut bein meðr þeim stóra lurk,⁹ er hann hafði sér fyrir spjót, eða af boganum skaut sem tíðast. því at í öllum herinum var engi bogmaðr þvílíkr; hvárki skjöldr né brynja stóðst hans skeyti, því at allir broddar hans örva

¹) [tilf. b. ²) rauðr b. ³) saal. b: því at B. ⁴) [liðs várs t. ⁵) gerit b.

⁶) lita b. ⁷) at tilf. b. ⁸) hvárratveggju b. ⁹) lurki b.

váru eitradir, hvar fyrir hverr fékk bana, er hann kom blóðinu út á. Svá berr til, at Oddgeir danski getr líta framferð Salatiels, hvat hann harmar mjök, ok treystandi á guðs miskunn fýsist hann gjarna at koma í leik viðr hann, rennir hestinum sem snarast, ok þegar hann mætir honum, leggur hann spjóti í hans harða skjöld, ok meðr því at guð sá til með honum, flýgr gegnum skjöldinn, brynjuna ok búkinn, steytandi honum¹ síðan dauðum á jörð. En í þessu hleypti fram Nemes hertogi virðuliga klæddr,² sitjandi á enum vænasta hesti ok mætir Rodan³ konungi, höggvandi ofan í hjálminn svá hart, at engi hlíf gat hólpit, klauf hann í herðar niðr, hrindr honum síðan af hestinum. Snúa þeir báðir aptr í sína fylking Oddgeir ok Nemes, en Janund, sem hann sér þessa tvá falla, talar hann: Færri eru vér nú [en fyrir litlu.⁴

52. Eptir fall Salatiels gerist hvíld á bardaganum. Stígr Karlamagnús keisari af hesti sínum ok sezt niðr, samankallandi þá höfðingja, sem eptir lifðu, Rollant, Oddgeir, Nemes, Salomon, Huga, Riker, talandi svá til þeirra: Míniir gódir vinir, hversu mikit lið mun nú standa undir várum merkjum? Þeir svara: Eigi vitum vér þat gerla herra, segja þeir, en þat truum vér, at eigi sé færri en þrír tigr þúsunda. Keisarinn segir: Þat veit guð, at þat er fátt hjá því sem þyrfti, en hvat mun líkast til framferða? Þá svarar Rollant ok Oddgeir: Þat at sækja sem bezt ok höggva heiðingja svá stórt, at engi hlíf standist, ok ef almáttigr guð sér til kristni sinuar, sem vér trúum, þá mun hann gefa oss sigr á heiðingjum. Sem þeir talast við þvílíka hluti, kemr þar einn riddari, sitjandi á góðum Gaskunia hesti; hann var svá búinn, at eitt digrt spjótbrott stóð í gegnum skjöldinn með fríðu merki ok síðu svá at tuglarnir drógust um jörðina, brynja hans var víða brostin, panzarinn slitinn. hjálmrinn brostinn, blóð rann fram undan hans brynstúkum, því at eitt mikit sár hafði hann miðil herða, hvar fyrir söðullinn var fullr af blóði. Riddarinn kveðr keisarann vel ok kurteisliga, svá segjandi: Guð signi yðr ok styrki, hinn góði herra Karlamagnús keisari. Karlamagnús lítr við honum ok svarar: Guð hjálpi þér, eða hverr ertu, ek kenni þik meðr engu móti. Ek heiti Valterus or borg Salastis, verandi einu af fylgdarmönnum herra Girards, er mik sendi til yðvar, en hann sendi yðr guðs kveðju ok sína ok allir hans menn. Almáttigr guð gleði þann⁵ gamla herra, en hvar er sá góði vin? Rétt undir höfuðmerki heiðingja, segir Valterus, svá fimr sem fiskr, snarpr sem leó, kátr sem kið, hann hefir niðr höggvit merkit. [dreptit suma,⁶ en rekit alla á flóttu, þá sem þat höfðu⁷ varðveita.

¹) tilf. b. ²) herklæddr b. ³) saal. b; Alfami B. ⁴) [eptir en áðr b.

⁵) hann b. ⁶) [mgt. b. ⁷) at tilf. b.

Keisarinn lofar allsvaldanda guð, ok þikirk nú fara vel at[. En með tilstuðningi Jacobi mun nú¹ skjótt um batna. Því skal þessu næst segja, hvat þeir fara fram Droim konungr ok Andelfrei, er sendust til herbúða keisarans, sem áðr var getit. En Karlamagnús skal tala við Valterum ok hvilast meðan.

53. Þegar Droim konungr kom til keisarans landtjalda, var sögð orðsending keisarans, at allir þeir er nökkut lið megi² veita skyldu búast, sem bezt væri füng á, ok koma til fulltings við [keisarann ok³ kristna menn, svá herra menn sem riddarar, ráðsmenn ok þeirra sveinar, steikarar, byrlarar,⁴ innverðir ok útverðir, ok hverr er vápnum gat⁵ valdit. En við þetta urðu flestir gladdir, því at í þessu liði var fjöldi ungra manna, þeirra er mikil forvitni var á at sjá skipaðar fylkingar ok prófa sína hreysti. Gerðist nú mikit hark ok skjótt umskipti í herbúðum, greip sá beztan hest með vápnum er fyrst náði, aðrir stigu upp á stírða vetrfúka; hér með skáru þeir fögr klæði, pell ok silki eða hvíta línúka, gerandi þar af merki, hverr bjó sik eptir því sem⁶ mátti, stíga eptir þat á sína reidskjóta. Margir af þeim váru sterkir ok miklir, eru fremstir af þeim fjórir fóstursynir keisarans, er honum þjónaðu dagliga at bordi ok sæng, er svá heita, Estor, Otun, Engeler ok Grelent. Þessir [ríða fyrst⁷ fram á brekkuna, er miðil lá, búðanna ok bardagans, ok áðr þeir kómu til valsins ríða þeir Droim ok Andelfreus⁸ fram fyrir ok koma rétt í þann tíma firir keisarann, sem hann talar við Valterum, ok kvedja hann upp á hátt Franzeisa, svá segjandi: Guð signi yðr, frægasti herra Karlamagnús keisari, son Pippins Frakkakonungs. En hann tekr þeim⁹ brosandir ok spýrr síðan: Eru komin ungmenni vár? At vísu, herra, segja þeir, Hversu mikill afli er þat, segir keisarinn. Þeir svara: Nærri¹⁰ fjórum tígum þúsunda. Sem keisarinn þat heyrandi, heldr höndunum með upplyptum augum til himinsins ok þakkir gerir guði með þvílíkum orðum: Lof sé þér, eilíftr konungr dýrðar, ok þínum elskara sælum Jacobo postola, því at nú þikjumst ek vita, at skjótt umskipti man¹¹ á várn máli verða, þá er þessir allir koma á móti liði heidingja; því köstum niðr öllum¹² angri ok ótta, því at oss man guð veita sitt blezada fullting. Eptir þat býðr hann Droim konungi víkja apr móti unguum mönnum ok segja þat,¹³ at hverr taki þat af vápnum ok hestum, þeim sem gnógliga¹⁴ mátti á vígvellinum fá, sem [þætti sér henta,¹⁵ Ok svá gera þeir, kasta¹⁶ nú margir þeim búnaði, sem áðr höfðu þeir, [en skryðast¹⁷ nýjum

1) [ok hugsar gott til, at nökkut muni b. 2) mátti b. 3) [mgl. b. 4) byrlar b. 5) fékk b. 6) bezt tilf. b. 7) [ráða fyrstir b. 8) Andelfrei b. 9) saal. b: honum B. 10) saal. b: herra B. 11) muni b. 12) öllu b. 13) mgl. b. 14) nógliga b. 15) [honum þætti sér heyra b. 16) hafna b. 17) [skryðandi sik b.

herskrúða, takandi þar með fríða hesta, er látit höfðu sína herra. Sem allir eru vel búnir at vápuum ok klæðum: hleypit nú fram drengiliga, segir Droim konungr, ok sœkit snarpliga, því at gnógr¹ er tími at hefna vana várra áðr kveld komi. Þeir gera svá, hleypa fram at bardaganum meðr miklum geysingi. En er heiðingjar líta þessarra manna atreið, æðrast þeir at marki í sínum hjörtum, ok segja svá: Engi hefir oss sannara sagt en sendimaðr Balam, þetta land verðr aldri unnit, því at hér þeysir nú at oss þat folk sem eigi² hefir áðr í bardagann komit, ok mun eigi gott [fyrir verða þeirra atgang.³ Ok er ungu menn koma til orrostunnar, má þar heyra mikinn gný, óp ok háreysti, því þótt þessir væri eigi dubbaðir riddarar, kunnu þeir alt eins djarfliga⁴ beita bitrum brandi. Hallaðist bardaginn þegar í lið heiðingja, svá at hverr fellr um annan, er⁵ nú ekki móttak, verðr þeim nú rétt eptir því sem þeir hugðu til. Jamund sem hann sér hvat nú ferr fram, at kristnir menn fjölgast mikit en hans lið gerist nær alt drepit, örvilnast hann í hjartanu, at hann muni fá sigriinn. Því litast hann um, hvar líkast sé til brottkvámu, ok er hann ætlar hneigjast til hægri handar, er þegar⁶ á ferð herra Girarð með tíu⁷ þúsundir vaskra riddara; því þikir Jamund meðr engu móti þar greiðligt fyrir, ok brýtr fylking sína á bak eigi skemra en þrjú örskot. En er þat sér herra Girarð, snýr hann þar til með mikinn flokk, ok kemr á bak honum⁸ þungu hlassi, drepr enn⁹ sem tíðast. Nú sér Jamund at ekki er til hjálpa, dregr hann sik aprt á leið, ok er þar fyrir Karlamagnús keisari með sínum mönnum.

54. Sem kristnir menn hafa tekit alt umbergis Jamund, ok drepa svá gersamliga heiðingja, at fátt stóð upp, en þat flýði sem því náði, þikist Jamund illa staddr, en hvat sem kostar, vill hann lífs gjarna undan komast, ef¹⁰ mætti. Því leitar hann til einhvers¹¹ staðar þar sem þynst stóðu kristnir menn ok [hélzt bardaginn,¹² kemst þar út með naudum ok með honum 2 konungar Goram ok Mordoam; ok ef hann getr í þetta sinn förðazt hendr Franzeisa, má hann vel yfir láta ok réttlíga segja, at aldri fyrr kom¹³ hann or þvílíkum öngum. Flýr Jamund nú sem sá¹⁴ fríði hestr mátti aftaka, ríðandi ofan með einum litlum hanni, ok hefir með sér lúðrinnu hvella ok sverðit góða ok et¹⁵ digrásta spjót, svá seigt ok hart, at eigi kummi at brotna, segist at skaptit væri af þeim vidi er ölr kallast. Hann ríðr þrúttinu af harni, kærandi sín vandræði, þegar frá bar mönnum, ok segir svá: Aumr ok vesæll er ek vordinn, svá

1) nógr b. 2) ekki b. 3) [at verða fyrir þeirra ágangi b. 4) snarpliga b. 5) var b. 6) þangat b. 7) 20 b. 8) þeim b. 9) heiðingja æ b. 10) hann tilf. b. 11) einshvers b. 12) [mgt. b. 13) komst b. 14) hans b. 15) hit b.

mikill ok máttigr¹ sem ek þóttist¹ vera. Því at þat hugða ek, at engi mundi sigr á mér vinna, en [eigi hefir mér² at því orðit í dag. Betr mætti ek við una, at hafa legit heima í ríki Affrica ok ofmetn-azt eigi upp á móti ráðum föður míns. Senniliga gerða ek mik ofdigran, þá er ek lét ekki annat mér líka en bera kórónu á höfði at feðr mínum lifanda. Barn var ek ok illa vanit, er ek hlýdda ráðum úvita. Fyrir þetta alt saman kom yfir mik sorgar dagr meðr svá mikilli bernsku, at aldri mun niðr leggjast. Balam heyrir gerla hvat Jamund mudlar ok tekr svá til orða: Þess háttar ummæli sem þú hefir, Jamund, væri konu blautrar náttúru, þeirrar er harmsfull gréti [sinn bónda eða³ dauða síns eingetins⁴ ertingja. En of síð sátt þú þat, at metnaðr meðr miklu kappi ok af annarri hálfu fávizka meðr úgæfu eru eigi samkvæmiligr⁵ hlutir sín í miðil, en hvat sem þú kærir, stendr nú svá sem vordit er. En ef þú lítr, á bak þér aptr, mun þér annat sýnast líkara en kæra sem mest, því at átta menn af Franzeisum elta þik ok vilja fyrir eins ná lífi þínu. Jamund sér, at svá er satt sem Balam segir, því at Karlamagnús hafði vordit varr brottkvámu þeirra ok hleypti eptir sínum fljóta hesti. Fylgdu honum í fyrstu Rollant, Oddgeir, Nemes ok fjórir skjaldsveinar. Ríða nú hvárirtveggju eptir megni, þar til at hestr Mordoans⁶ konungs þreytist meðr öllu, svá at hvárki gengr hann fyrir sporanna ístangan né⁷ höggum þungra spjótskapta. Þá mælti Jamund: Hvat er nú til ráða, eigi má ek þat þola at láta hér eptir meistara miun Mordoan konung, því snúum karlmannliga móti þeinu er eptir ríða, ok rekum þá af baki, fám svá hest kumpáni várum. Eigi man þér þann veg af verða meðr öllu, segir Balam, forða lífi þínu, meðan þú mátt, en lát þann deyja sem dauðr er. Jamund gefr nú engan gaum at⁸ orðum hans, snýr aptr hestinum fullr af reiði, snarar at sér skjöldinn en hristi spjótit, ok með því at Nemes hafði skjótastan hest annarr en Karlamagnús, þá mætir Jamund honum fyrstum, ok leggur til hans spjótinu í gegnum skjöldinn ok panzarann, er hann hafði utan yfir brynjunni. En sakir þess at meðr guðs forsjó bilaði hon eigi, þá féll Nemes af baki fyrir mikilleika lagsins. En í því er Nemes er af baki fallinn, kemr at Oddgeir danski ok höggur til Goram ofan í hjálminn meðr svá öflugri hendi, at höfudit klofnar ok nemr eigi sverdit fyrr stadar en í kviðinum, hrindr⁹ honum síðan dauðum [af baki.¹⁰ En er Jamund sér¹¹ Goram fallinn, bregðr hann sínu bjarta¹² sverði ok stefnir ofan í miðjan hjálm Oddgeirs. En hann víkr sér undan, ok kemr höggit

¹) Þóttumst *b.* ²) [nú hefir mér eigi *b.* ³) [tilf. *b.* ⁴) *saal. b;* getins *B.*

⁵) *saal. b;* samkenniligr *B.* ⁶) Mordoan *b.* ⁷) fyrir tilf. *b.* ⁸) *mgl. b.*

⁹) *saal. b;* hrindum *B.* ¹⁰) [á jörð *b.* ¹¹) litr *b.* ¹²) bitra *b.*

framar niðr en Jamund ætlaði,¹ snertr sverðit hestinn fyrir framan söðulinn ok tekr þar sundr í miðju, fylgir Oddgeir enum epra-hlut til jarðar. En senniliga gætti guð síns riddara, því at ef þat högg hefði staðar numit honum í höfði, mundi Jamund vel hafa hefnt Goram. Jamund víkr nú hestinum ok vill eigi við haldast lengr, snúandi undan hvatliga, því at Karlamagnús var þá at kominn. Sem hann riðr brott, víkr Balam aptr rennandi hestinum sem snarast, tvíhendir spjótit ok ætlar at leggja til þess kurteisasta keisara Karlamagnús. Ok er hann getr þat líta, lýstr hann sinn hvíta hest sporum, ok berr hann bráðara at² en Balam varði, leggjandi fyrr til hans meðr svá styrkri hendi, at Balam fellr af baki, þótt hann vildi eigi. En keisarinn hleypir þegar³ eptir Jamund, en Balam stökkkr skjótt upp ok fimliga, ok ætlar ná hesti sínum, en nú er eigi þess kostur, því Nemes hertogi er þar kominn ok verr hestinn, svá at hann nár honum meðr engu móti, bregðr hvárrtveggi sverðum, ok hefst þar hin harðasta atganga, höggkr hvárr til annars svá stórt, at flýgr eldrinn í móti or þeirra hlífum, er stórliga nærri um þeirra riddaraskap. En er Oddgeir sér þat, flýtir hann⁴ at ok vill veita Nemes lögumant sínum. En Balam þat sjáandi skilr eigi svá búit duga, því talar hann þvílíkum orðum til Nemes: Góði riddari, gef upp at sækja lengr, því at stórlítit⁵ sigrar þú í, þó at þú drepir mik við annan mann, en ek játti þat þeim er mik skóp, at gjarna vilda ek taka skírn ok merkjast heilagri trú; ok ef Nemes hertogi af Bealfer væri svá nálægr, at ek mætta tala við hann, þætti mér ván,⁶ at á þessum degi kæmi hann mínum hag til góðrar hjálpar. Þá mælti Nemes: Hverr [er þú⁷ riddari eða hvat á Nemes þér varlaunat?⁸ Hann svarar: Ek heiti Balam, mik sendi Agulandus til Karlamagnús at [forvitna herlið⁹ hans, þá er hann var staddr í Baion, en engan velgerning á ek at Nemes framar en hann vill gert hafa. Nemes segir¹⁰ þá: Þakkir sé almátkum guði, er [mik varðveitti¹¹ svá, at ek gerða þér enga smán eða¹² skaða. Sem þeir talast¹³ við, kemr Oddgeir at, hristir digrt spjót ok ætlar því gegnum Balam. En Nemes þikkist ofseinn ok grípr skaptit¹⁴ fyrir framan hendrnar svá segjandi: Fyrir guðs skyld ok mína böen ger þeim manni ekki mein, því at engi mátti öðrum meir at gagni koma¹⁵ en þessi riddari kom mér, ef hann er sá sami Balam, er forðum gékk svá drengiliga fram mér til hjálpar, þann tíma er ek var handtekinn af heiðingjum ok¹⁶ leiddr fyrir Agulandum ok dæmðr af honum til

1) til *tílf. b.* 2) *tílf. b.* 3) fram *tílf. b.* 4) sér *tílf. b.* 5) stórliga lítit *b.*
 6) *tílf. b.* 7) [ertu *b.* 8) vanlaunat *b.* 9) [forvitnast herbúdir *b.* 10) mælti *b.*
 11) [hann varðveitti mik *b.* 12) né *b.* 13) þetta *tílf. b.* 14) spjótit *b.*
 15) *saal. b;* verða *B.* 16) *saal. b;* var ek *B.*

dauda, því at eigi at eius bauð hann sitt fé mér til hjálpar, heldr var hann búinn at setja sitt líf út fyrir mína skyld, ef þess hefði þurft. Þar með gaf hann keisaranum þann hvíta hest, er nú sitr hann sjálf á, ok því er ek senniliga skyldr at veita honum þat gagn, sem framast má ek ok hann vill gjarnast þiggja. Balam þakkar hertoganum síu orð, játtandi fyrir þeim at með öllu vildi hann neitta fyrri villu. Ok er svá er komit þeirra máli, hleypir Rolfant at þeim ok sér standa hest Nemes á vellinum fyrir sér. Fyllist hann upp af miklu kappi, því at þat hugsar hann at hertoginn sé drepinn, því grípr hann hestinn ok stígr á bak, hleypandi fram eptir veginum, en sá féll daudr miðr af mæði, sem [hann ádr reið.¹

55. Nú er þar til at taka, at Karlamagnús ok Jamund ríða langt frá öðrum mönnum, hleypir Jamund fyrir, ok er nú skipt við hann scæmdunum, því at fyrra dag árla fylgdi² honum eigi minnr en sjau sinnum hundrad þúsunda, en nú er eigi eptir einn skjaldsveinn honum til þjónustu. Ok meðr því at hestr Jamundar var hinn skjótasti, er þat um stund at keisarinn kemst eigi eptir, þar til er Jamund ríðr fram undir einu lítinu álmuviðar skóg. Þar sér hann keldu litla með skærasta vatni, er upp rann undan rótum [þess olifatres³ er þar stóð, ok sakir mikillar mæðu⁴ ok erfðis fýsir hann at drekka, ok eigi var þat án líkendum. Því at meir en þrjú dægr höfðu svá liðit, at hvárki át hann né drakk, ok engi annarr sá er í bardaganum var, ok eigi þorði hann nökkut sinn á þeim tíma hjálminn taka sér af höfði; hvar fyrir hann stígr nú af baki, tekr af sér hjálminn ok skjöldinn, leggjandi miðr hjá olifaviðinum,⁵ leggst eptir þat miðr at vatninu ok drekk. En fyrr en hann rísi upp frá brunninum kemr Karlamagnús at öðrum megin svá skyndiliga, at Jamund náir eigi sínum vápnum, því at keisariinn tekr þau geyma. [þótti honum þat at, er hann hafði þann veg vangeymt sín.⁶ Karlamagnús talar þá: Tak vápn þín ok stíg á hest, því at engi móður son skal því bregða mér, at ek drepí vápulausan flóttamann, en vit þat, at þenna úsynjudrykk skaltu dýrt keypt hafa. Jamund gerir svá, klæðist ok stígr á hest, snarandi sér at brjósti skjöldinn sem fastast, en heldr spjótinu til lags. Ok af því at hann var ungr maðr, rann af mesta mæði hans hjarta viðr þat er hann drakk, svá at nú þótti honum ekki vætta sér mega granda, hvaðan af hann talar svá: Þat veit Maumet, segir hann, at eigi hefir þú, riddari, þann mann fyrir fundit, [at renni fyrir⁷ þér einum, en furduliga skjótan hest hefir þú, er svá langt bar þik brott frá þínum lagsmönnum,⁸ ok stórliga vel ertu búinn at vápnum, því at brynja þín er svá fúgr

¹) [ádr reið hann b. ²) fylgdu b. ³) [olivotrés b. ⁴) mæði b. ⁵) olivoviðinum b. ⁶) [mgl. b. ⁷) [er renni undan b. ⁸) mönnum b.

sem apaldrs flúr, en hjálmr þinn er svá góðr gripr, at hverr er slíkan vill¹ fá, mundi honum gjarna móti leggja þjár ríkastu borgir, ok þú munt vera mikils háttar maðr, því at senniliga hefir þú sýnt mér þat, at aldri [var þú² af meðalmanni getinn eðr or litlu kyni kominn, þar sem þú þyrmdir mér vápnlausum ok gerðir mér svá mikla hævesku, at þú gaft mér aprt mín³ herklæði, hafandi þau áðr í þínu valdi, ok þat skal ek þér góðu launa; því kjós um tvá kosti, fá mér vápn þín ok einkanliga hjálminn góða, ok far í mínu leyfi aprt til þinna manna sjálfráðr,⁴ en ef þú vill⁵ neita guði þínum ok gerast minn maðr, skaltu fá miklu vildara, því at allir ættmenn þínir ok vinir skolu vera sælir af þér einum; væri þetta kostaboð af minni hendi engum til reiðu utan þeim sem svá vel til mín gerði sem þú. Karlamagnús svarar: Vel ferr þér, Jamund, en eigi man ek at öllu úreyndu miðil okkar þessum kosti játta. Jamund talar þá nökkut stutt: Hverr ertu, er svá skjótt neitar þvílsku boði mínu, seg mér nafn þitt. Keisariinn svarar: Fyrir ekki kemr mér at dyljast fyrir þér, Karlamagnús heiti ek son Pippins Frakkakonungs, keisari kristinna þjóða. Jamund sem hann heyrir þat, þagnar hann líttat,⁶ svá sem varla tryði hann hans orðum, ok talar síðan: Sé þat satt, sem þú segir, þá fellr mér nú eptir því sem ek mundi æskja,⁷ ok eigi virði ek allan minn skaða eins hálfis penings, því at á þínum líkama skal ek hefna þeirra harma, er marga vega hafa til komit mínu hjarta af þér ok þínum mönnum, en þó alt eins sé ek, at góð fylgd er í þér, ok því vil ek enn minnast þeirrar hævesku er þú gerðir mér. Legg nú upp í mitt vald í yfirbót minna skaða, en þér til frelsis ok náða, París, Rómariki, Púl ok Sikiley, Lotaringiam, Frakkland ok Borgundiam, Brittaniam ok alla Gaskuniam. Karlamagnús svarar: Þat veit guð, segir hann, at þú vill⁸ vera stórliga ríkr mangari, ok meðr engu móti samir þér at stjórna svá miklu ríki, því at þú kant eigi haga því,⁹ en þess væntir mik, at guð skipti ríkjum sínum¹⁰ eptir sinni vild á þessum degi, er ok¹¹ líkara at fleira þurfir þú við en orð einsaman. Jamund keyrir nú hestinn sporum, rennandi at eptir endilöngum vellinum, komandi saman meðr svá hörðum lögum, at hvarki ístig né söðulgejarðir fá¹² haldit, því¹³ falla þeir báðir á jörð. Sprettandi skjótt upp, bregðandi sverðum hátt¹⁴ ok fimliga, sækir hvárr at öðrum með mestu karlmensku, gerðist svá harðr leikr þeirra á millum, at eigi var þvílík sókn af tveim mönnum. Var¹⁵ eigi alt eins nú jamkomit á meðr þeim, því at keisariinn var mjök hnignaðr af elli, en Jamund ungr, harðr¹⁶ ok hinn sterkasti at afli. Svá

1) vildi *b.* 2) [vartu *b.* 3) vápn mín ok *b.* 4) sjálfráði *b.* 5) vilt *b.*
 6) lít við þat *b.* 7) vilja *b.* 8) vilt *b.* 9) þér *b.* 10) *myt. b.* 11) *tílf. b.*
 12) *saal. t.*; fær *B.* 13) þar *b.* 14) hart *b.* 15) þó *tílf. b.* 16) herra *b.*

stór högg veita þeir, at fjórðungum heilum sníðst brott af skjöldunum. Því næst stígr keisariinn fram sínum hæggra fœti, en hefr upp hátt sverðit ok ætlar ofan í hjálminn. En í því vkr Jamund undan höfðinu, ok kemr höggit niðr á hægri öxlina svá hart, at brynjan brast ok varð Jamund mjök sárr. En er hann kendi sársauka, reiðist hann mjök ok veitir sókn því harðari. Karlamagnús kennir þat, at jafnan er sóknin linadist rennir Jamund augum til hjálmsins, er hann bar á höfði, hvar fyrir hann skilr, at honum vildi hann gjarna ná. Ok þat var satt, því at því optar sem Jamund leit hjálminn, þá-girnist hann því meir at fá hann, hvaðan af hann talar svá: Mjök virði sá þik, hinn kristni, er þvílíkan hjálm samdi þínu höfði, því at í honum eru þeir náttúrusteinar, at ek má eigi drepa þik, meðan þú berr hann; en senniliga ertu klókr ok kœnn í geymslu við þinn góða hjálm, ef ek fæ hvárki lypt honum né spilt eða meðr öllu af þér svipt, ok þat veit Makon, at eigi skaltu svá vel leika, því at fyrir engan mun skal hann vera lengr þinn, ef ek iná sjálfr ráða. Keisariinn segir: Þat veit guð, at hann skal eigi þinn verða, ok mjök er sá svívirðandi sjálfan sik, er hann gefr þér upp. Eptir þessor¹ orð fleygir Jamund [frá sér² skjaldarbrotinu ok ætlar at reyna afl við keisarann, heldr annarri hendi sverðinu en vill grípa annarri til hans. En af því at Karlamagnús kennir sik mjök mœddan en Jamund sterkan, vkr hann sér undan kœnliga, ok missir Jamund jafnan, er hann grípr til hans. Ok svá fór nökkurum sinnum, þar til at³ Jamund gat gripit í skjaldarspórðinu ok kippir, en [er þat tjóar honum eigi,⁴ grípr hann böndin hjálmsins ok togar, en keisariinn tekr í öðrum megin ok heldr, gerast nú harðar sviptingar, í hverju⁵ er hjálmrinn skriðnar af höfði keisaranum.⁶ Togast þeir nú þann veg um hann, at hvárr heldr í böndin. Nú sem þeir eigast við þvílíkan leik, skilr keisariinn sik munu verða yfirstiginn, ef þeir sjást tveir á, því angrast hann í hjartanu rennandi huganum⁷ til guðs í himinríki, at hann sjái nú til með honum, at eigi týnist öll heilög kristni ok leggist undir úvina vald, einkanliga treystir hann á sinn kæra vin Jacobum postola, at hann hjálpi til í svá mikilli hans nauðsyn. Ok senniliga heyrst hans bœn ok ákall, at eilífr guð fái eigi þvílíkan skaða sem nú⁸ horsði til, heldr sendir hann keisaranum gott⁹ fullting meðr þeim hætti, at rétt þann tíma sem Jamund hafði mjök brottsnarat af honum hjálminn, kemr at fram Rollant, hafandi [einn stóran spjótkurf ok digran,¹⁰ stökkvandi af hestinum sem fljótast, ok hefr upp lurkinn ljóstandi stórt högg ofan

¹) þessi b. ²) [mgl. b. ³) er b. ⁴) [þat tjóar ekki b. ⁵) hverjum b. ⁶) keisarans b. ⁷) huginum b. ⁸) tilf. b. ⁹) saal. b; þat B. ¹⁰) [eit stórt spjótskaptsbrot ok digrt b.

í hjálminn Jamundar. En er Jamund sér Rollant, bregðr hann ekki mjök við hans högg, utan talar þann veg til þeirra beggja þrúttinn allr ok bólginn af móði: Þat sver ek við Makon ok Terogant ok allan mátt guða várra, at mjök er guð ykkarr kröptugr umfram alla guði aðra, ef þit komizt báðir heilir frá mér. Hefir¹ síðan upp sverðit, er hann hélt á, ok ætlar höggva ofan í bert höfuð keisarans. En í því er hann berr upp höndina, lýstr Rollant öðru sinni meðr lurkinum með² öllu afli á handlegginn svá hart, at sverðit brýtr niðr or hendinni, hvert Rollant grípr ok lætr nú skamt miðil höggva, höggr í³ hjálminn ok klýfr sundr í miðju ok þar með höfuðit, svá at í neðri⁴ tönnum nam staðar. Féll Jamund þá áfram alt⁵ til jarðar ok stóð aldri upp síðan⁶ á sína fœtr.

56. Þegar Jamund er fallinn, sezt Karlamagnús keisari niðr á völlinn yfirkominn af mæði, ok talar til Rollants þvíliskum orðum: Þakkir geri ek þér, almáttigr guð, at⁷ þú sendir mér þvíliskan dugnaðarmann, ok mikill giptumaðr vartu nú Rollant frændi, því at Jamund hefði at vísu stigit yfir mik, ef þú hefðir lengr dvalizt. Rollant tekr [hest Jamundar, sverð⁸ ok lúðr til sín. Kómu þá Frankismienn Oddgeir ok Nemes með sínum félögum ok líta Karlamagnús mjök móðan ok Jamund dauðan. Sem Nemes kemr fyrir keisarann, tekr hann svá til orða: Góði herra, lofaðr sé guð, er ek sé þik heilan [á lífi,⁹ en úforsjáliga var þat gört at reka þvíliskan kapp einn samt, sem Jamund var, því at [þér máttut¹⁰ sjá, hversu úflóttamannliga hann skildist við, fellandi mik til jarðar, en hjó í sundr¹¹ hest míns góða kumpáns Oddgeirs danska, gerandi svá báða okkr¹² at göngumönnum ok til engis fœra. Keisarinn svarar: Minn góði vin, ger þér glatt í hjarta, ok þökkum þat guði ok hans helgum mönnum, er betr er vordit en mér þótti líkendi [um hríð,¹³ því at svá harða sókn veitti mér þessi heiðingi, sakir þess hjálms er ek bar,¹⁴ at ek þóttumst með öllu uppgefinn, ef guð hefði eigi sent mér Rollant frænda minn. Eptir þat [ganga þeir til ok taka¹⁵ hreint vatn ok gefa keisarann at drekka, þvá síðan blóð ok sveita af hans andliti, því at svá hafði Jamund við leikit, at víða var afhruflat keisarans¹⁶ andliti, er böndin¹⁷ hjálmsins höfðu inn gengit. Síðan fóru þeir þar til er búkr Jamundar lá ok líta sundrbrotinn hans hœgra¹⁸ armlegg, en hausinn meðr hjálminum klofnn niðr í tennr. Hvaðan af Nemes talar til Rollans meðr miklum kærleik: Guð styrki

¹) hefr *b.* ²) af *b.* ³) *tílf. b.* ⁴) miðjum *b.* ⁵) [þegar fram allr *b.*
⁶) þaðan af *b.* ⁷) er *b.* ⁸) [þá sverð Jamundar *b.* ⁹) [ok lífs *b.*
¹⁰) [þat máttut þér *b.* ¹¹) í miðju *tílf. b.* ¹²) *tílf. b.* ¹³) [á um stundir *b.*
¹⁴) ber *b.* ¹⁵) [taka þeir *b.* ¹⁶) *saal. b;* konungsins *B.* ¹⁷) *saal. b;*
borðin *B.* ¹⁸) *mgl. b.*

þá hönd, er svá sterk högg veitti þessum hundingja: því tak þér til eignar þat af herförum Jamundar sem þú vill, því at vér játtum. at þú ert verðugr at njóta þess, er þú sóttir svá drengiliga. Líkama Jamundar snúa þeir á gráfu ok færa upp undir olifatré,¹ kastandi yfir hann² skildi, ok stíga eptir þat á hesta. En áðr þeir riðu brott, víkr keisarinn at þeim Oddgeir ok Nemes svá segjandi: Ef þessi maðr hefði verit kristinn, fæddist engi drengr í heiminum honum gildari. Nemes svarar: Vei ok svei sé feðr hans, ok móður er hann fæddi, ok öllum þeim er hann [gráta ok sýta,³ þar sem hann er nú gefinn at eilífu öllum djöflum.

57. Keisariinn ríðr nú aprt til sinna manna. Var alt kristit fólk meðr mikilli hrygð ok harmi, sakir þess er þeir [mistu ok⁴ vissu eigi hvat um leið keisarann ok hans fylgdarmenn. Var þá rekit á flótta lið heiðingja, er lífit kunnu⁵ fá. Því ríðr Karlamagnús til þeirra landtjalda er þeir höfðu átt, stíga af hestum⁶ úti fyrir því stóra landtjalði, er Jamund átti, gengr þar⁷ inn með sínum kempum. Var þar harðla vel fyrir búit, því at [hvatki var⁸ þar, gnógar vistir ok hinn vildasti drykk er hverr kunnir sér kjósa, þar skorti eigi gull ok⁹ silfr meðr dýrum steinum. góðan borðbúnað smíðaðan¹⁰ bæði eptir gömlum¹¹ hagleik ok nýjum; í gnóg váru þar hin dýrustu klæði, skorin ok úskorin, svá mikil völ var¹² þar á allsháttar herskrúða, sem eigi er auðvelt at telja. Þótti Frankismönnum hér¹³ gott at hvílast eptir langa mæðu ok mikit erfíði. Settist Karlamagnús í sæti ok allir hans vildarmenn. Herra páviinn meðr lærðum mönnum sat hjá keisaranum í þessu landtjalði, lofandi guð eptir þann sigr er hann hafði veitt sínum þjónum. Náðaðu Franzeisar sik nú vel meðr vist ok drykk, er í gnóg var skemtiligr; gerðist þá mikil gleði í guðs fóلكi. Þetta landtjald er Jamund son Agulandi hafði flutt or ríki Affrica var gört meðr svá miklum hagleik. at Frankismenn þóttust aldri¹⁴ þvílíka gersemi hafa séna: þar máttu rúmliga inni sitja þúsund riddara, at fráteknum skutilsveinum ok þjónostumönnum. Sjálft tjaldit var af dýrastum vefnaði¹⁵ saumat meðr gull ok silfr, framan í brjóstinu váru settir fjórir karbunkuli, af þeim lýsti um alt landtjaldit, svá at eigi þurfti þar kerti brenna um nætr eða¹⁶ kveldum. heyrðust¹⁷ þar fagr fuglasöngr ok pípnahljómr, þar sýndust töfl sjálf¹⁸ leikast öðrum til skemtanar. Svá mikil birti gékk út af þeim fyrr greindum carbunculis, at umbergis dalinn lýsti af, svá at þeim sem vörð héldu mátti ekki á úvart koma, keisarans menn höfðu ok ørit

1) olivotréit b. 2) einum tilf. b. 3) [saal. b; grætr eða sýtir B. 4) [mgl. b. 5) kunnir b. 6) saal. b; hesti B. 7) keisarinn b. 8) [bæði váru b. 9) né b. 10) saal. b; smíðaðr B. 11) fornum b. 12) váru b. 13) þar b 14) eigi fyrr b. 15) vefjum b. 16) um tilf. b. 17) heyrðist b. 18) mgl. b.

ljós til sinna framferða. Í þessu landtjaldi sefr keisarinn [meðr herra páfanum um nóttina.¹ Um morgininn² býðr keisarinn, at vatn vígist af kennimönnum ok dreifist á alt liðit, síðan um tjaldit utan ok innan, ok þá hluti aðra sem heiðnir menn höfðu áðr með höndum haft. Eptir þat gert gengr keisariu með öllu sínu liði til borðs, sitja ok drekka [um daginn³ vel glaðir. Ok áðr borð váru upp- tekin ganga fyrir keisarann þrír menn, Nemes hertogi ok Oddgeir danski leiðandi Balam sendimann miðil síu, ok kveðja hann⁴ vel ok kurteisliga. Keisarinn tekr þeim blíðliga eptir spyrjandi, hverr sá þríflegi maðr sé, er þeir leiða. Hann svarar: Ek heiti Balam, er forðum var sendr af Agulando ok Jamund, þannu tína sem þér dvölduzt í borginni Baion, ek sendi yðr einn hest hvítan, ok nú skemstu, svá sem ek fylduust upp⁵ þeirrar dirfdar at ríða yðr á móti, feldu þér mik af baki. Ok meðr því at ek görla undirstendr, fyrir þá hluti marga sem fram hafa farit vár í millum, at sá siðr sem heiðnir menn hafa má heldr kallast villa en nökkur⁶ trúa, ok því vil ek nú meðr öllu hana fyrirláta ok taka trú rétta meðr skírni, ef þér vilit þat veita mér; en þat skolu þér vita undir vitni guðs yðvars, at þetta sama hefir löngu áðr verit með mínu hjarta, þótt ek fylgdi mínum lagsmöunum alt higat til. Konungrinn svarar: Ef þér er þetta alvara, [sem þú talar, þá⁷ vil ek eigi úgjarnari láta veita þér heilaga skírni en þú⁸ viðr taka. Hann svarar: Guð er vátrr yfir, at þetta er minn hjartaligr vili. Því næst segir keisarinn hvar komit er máli Balams sendimanns. En herra páfinn lofar almátkan guð ok segir svá til keisarans: Dvelit eigi, herra, at fullgera hans beiðni, því at hverr er sá góðr, er guð virðist brott draga or fjándans kverkum til sinnar kynningar. Keisariu býðr þegar, at nökkurir Frankismenn báí til djúpan brunn, ok svá gerist. Fara til síðan fjórir byskupar með öðrum klerkum ok vígja brunn þenna, ok at honum vígðum, bað keisarinn [at herra páfinn⁹ virðist þessum manni skírnarþjónostu veita, hvat hann gerði gjarna, ok skírði Balam í nafni heilagrar þrenningar gefandi honum nafn, ok kallaði hann Vitaelin eptir einum ríkum herra Karlamagnús keisara, er litlum tína áðr hafði andazt. Keisarinn lypti honum or skírnarbrunni ok klæddi hann sjálfr beztum klæðum, gefandi honum þar með eina dýrastu¹⁰ skikkju ok lagði yfir herðar honum. Sýndist öllum þessi maðr hinn þríflegasti, því at hann var fríðr sýnum, mikill vexti, sterkr at afli ok kurteiss í meðferði. Er nú úti at segja frá Vitaelin fleira at sinni, en nú skal geta í fám orðum ágæts¹¹ herra Girarðs

1) [um náttina. ok svá herra pávinn b. 2) sem tíni var kominn tilf. b.
3) [mgl. b. 4) keisarann b. 5) mgl. b. 6) rétt tilf. b. 7) [er nú talar þú b.
8) vill tilf. b. 9) [herra pávann, at hann b. 10) fríðustu b. 11) mgl. b.

gamla, því at þeir þat er hann hafði unnit höfuðmerki Jamundar, sneri hann til bardagans annat sinn, sem fyrr sagðist, ok svá framt sem hann vissi at Jamund flýði,¹ en Karlamagnús sætti þeir, gerði hann hina snarpastu² sóku ok eggjaði sína menn til framgöngu,³ rekandi [flótta heidungja⁴ langt um þat fram sem aðrir⁵. En er dimma tók af aptni. snýr hann sínu liði til þess sama turns, sem hann vann af Jamund, ok keisarinn gaf upp í hans vald, svá lengi sem hann stæði í stríði á Hispanialandi. Var þá drjúgan fallit af hans sveitungum, en márt sárt, en⁶ alt mótt bæði samt af hungri erfiði ok þorsta, tóku nú allir á sik hvíld ok náðir um nóttina. Skal herra Girarð hvílast í turni sínum með menn sína, en herra Karlamagnús skal sitja í landtjöldum með sínu liði, ok láta mæðu⁷ renna af heilum mönnum, en græða sjúka ok sára, ok búast þann veg við þeim lutum sem síðar kunnu at höndum koma. En þessu næst verðr nökkut at segja af Agulando, hversu vel ok drengiliga hann tekr við þeim tveim konungum Magon ok Asperant, er brott flýðu undan höfuðmerki Jamundar sonar hans, þá er þeir koma á hans fund.

58. Sem þvílíkir hlutir fara fram in Hispanis, er nú hafa verit greindir, sitr⁸ Agulandus konungr meðr miklum her í þeirri borg ríkis Africe er Frisa heitir, ok fréttir ekki hvat gerist miðil Karlamagnús keisara ok Jamundar. Því heldr hann nú mikinn þris ok gleði, fyrir þá sök at tveir ríkir konungar eru komnir til borgarinnar með stóran⁹ skipaflota. hét annarr Bordant öflugr. er stjórnadi því ríki er liggir fyrir utan Jórsalaland, en annarr Modal. Ok einn dag þeirra þarvistar, leika konungarnir skáktatl Agulandus ok Bordant, ok sem þeir hafa lengi leikit, hallar taflinu á Agulandum, hvat hann þolir lítt ok talar svá með reiði: Gef upp taflit, segir hann, því at þótt ek leggi við [alt Púl,¹⁰ féungir þú þat víst eigi unnit. Konungurinn svá sem brosandir líttat¹¹ af gráleik talar: Eigi er svá, herra, því at því síðr legða ek ríki út. ef ek sæti í yðru rúmi, at mér þætti betri glófi minn en ván taflsins. Sem þeir talast þessar orð við, koma greindir konungar Magon ok Asperant til hallarinnar, stíga af hestum ok ganga síðan¹² fyrir Agulandum, þar sem hann sitr at taflinu ok kveðja hann. En hann lítr við þeim ok kemir þá görla ok spýrr. hvat þeir kunni segja tíðenda. Þeir svara: Herra. mikil eru tíðendi. Hver þá. segir Agulandus. hefir Jamund son minn unnit Hispanialand. en drepit konung kristinna mamma eða rekit á flótta? Eigi er þann veg meðr öllu, segja þeir. sou þinn hefir barizt

¹) var flýinn b. ²) snörpastu b. ³) atgöngu b. ⁴) [heidungja á flótta b.

⁵) áðr b. ⁶) ok b. ⁷) mæði b. ⁸) saal. b; sér B. ⁹) stórum b.

¹⁰) [saal. b; Ful B. ¹¹) lítt þat b. ¹²) inn tilf. b.

við Karlamagnús, ok trúum vit¹ at flest þat lið er þú fékt honum til fylgdar sé drepit; en hann fékk okkr til geymslu sitt höfuðmerki ok eigi færra lið en hundrad þúsunda, en annan dag sem bardaginn tókst, kom at oss² úvart eitt fólk undarligs snarpleika, var þar foringi lítill³ maðr. vexti ok þykk, ok drap allt lið vart ok⁴ rak okkr á flóttu, veitti Jamund enga vernd sínu merki né okkr. Höfum vit farit síðan nótt ok dag til þess sem nú er komit. Agulandus spyr þá með reiði Asperant: Hvat kantu⁵ segja mér til Jamundar? Hann svarar: Þat veit trú mín, at ek kann eigi frammar segja en nú hefir ek greint. Agulandus, sem hann heyrir orð konungsins, leypr upp meðr bólginni reiði, hrindr fram á gólfrit tafinu, en grípr upp einn stóran fork ok ætlar setja (í höfuð) konunginn, en hann víkr sér undan, ok kom höggit á einn steinstólpa svá hart, at hann brotnaði sundr. Agulandus talar þá: Þit vándu svikarar skolut í stað verða⁶ teknir ok hengdir á gálga sem hinu⁷ verstu þjófar, eðr þola annan dauða svívirðiliga⁸ fyrir þann útrúnað,⁹ er þit hafit framit við son minn ok móti mér konungi ykkrum. Asperant svarar: Aukast man þín svívirðing því meir, sem makligt er, þótt þú látir drepa okkr fyrir enga sök réttu, en hvárki þú né Jamund þurfit þá dul ykk at ætla at vinna Karlamagnús. Því næst eru konungarnir gripnir eftir konungs boði, en hann gengr inn í eina stóra höll ok kallar til sín alla höfðingja er váru í liði heiðingja, ok talar svá: Góðir höfðingjar, öllum yðr sé kunnigt, hversu mikinn údrengskap þessir tveir konungar hafa gert við mik, svikit son minn ok flýit brott undan hans höfuðmerki sakir¹⁰ bleyði ok ragmennsku. Nú til þess at engi þori þvílíka údygd at veita sínum höfðingjum, býð ek yðr upp á yðvart líf, at fyrir þat yfirboð er ek á öllum yðr veita; at þér dæmit þessum svikarum réttan refsingardóm ok skjótan, at eigi standi lengi þeirra gerð úhegnd. Höfðingjar svara: Engi úhlýðni skal í þessu máli birtast af oss við yðr sakir nökkurrar úcinardar. Ganga síðan brott or höllinni tuttugu konungar í eina skemmu, váru margir af þeim bæði frændr ok vinir þeirra tveggja konunga, er nú sátu bundnir. Því var hér sem optliga kann til bera, þar sem nu vönd mál er at tala, at eigi sýnist öllum einn veg, mæla sumir með konungunum ok vilja þeirra efni leiða til meiri miskunnar, en aðrir standa á móti ok vilja gera eftir því sem Agulando mætti helzt líka. ok atskiljanligr verðr þeirra¹¹ framburðr. Skal nú greina með skömmu máli hvat [hverr legg til.¹²

1) vér b. 2) á tilf. b. 3) lágr b. 4) en b. 5) at tilf. b. 6) vera b.
7) hinir b. 8) svívirðiligan b. 9) vantrúat(!) b. 10) sinnar tilf. b.
11) saal. b; hvarar B. 12) [hverir til leggja b.

59. Nú sem greindir konungar eru í einn stað saman komnir, stendr upp í fyrstu Amustene konungr, því at hann var allra þeirra mest háttar, ok hafði í¹ forræði tuttugu þúsunda herliðs, hann átti tvá sonu vel til manns komna, var hann náfrændi konunganna, ok því vill hann sína ræðu byrja þeim til léttu, [ok talar svá² með snjöllum orðum: Meðr því³ at hér eru inni vitrir menn ok spakir, þá er þat til, at hverr heyri annars framburð meðr athuga. ok beri þolinmóðliga þat⁴ sem talat verðr; tókum þat⁵ af hvers tillögum, sem bezt er ok skynsamligast, látum brott reiði, heimsku ok ákafa, en kjósum oss til handa vizku með hógværi. En sakir þess at Magon ok Asperant eru systursynir mínir, byrjar mér eigi margt⁶ tala af þeirra efni, en þess væntir mik, at engi sé sá kominn á þessa stefnu, er⁷ þá vili með sínum dómi framar angra en rétt er, því at ek hræðumst, ef þeim verðr nökkut misþyrmt, at allr þessi herr sturlist eigi⁸ lítt. Eptir svá talat sezt Amustene niðr, en upp stendr Aquin konungr ok talar með hörðum anda: Stórliga mikit [tekst þú⁹ á hendr, herra Amustene, ef þú ætlar því við koma með glysligum orðum, at menn þessir, þótt þeir sé frændr þínir, sé með engum dómi angraðir, því at mér virðist at¹⁰ sjálfra þeirra orð geri þá dauðans verða, þar sem þeir vátta, at Jamund tignaði þá svá mjök, at sitt höfuðmerki seldi hann þeim í vald meðr miklu liði, en allir vér megum nú sjá þá hér komna, ok eru hvergi sárir á sínum líkama, eigi eru skildir þeirra höggmír né panzarar slitnir, hvárki er hjálmr þeirra stokkinn né brynja: hvar fyrir auðsýnt er, at þeir hafu brott flýit sakir bleyði ok hugleysis. Vér sendum þagat sonu vára ok frændr, ok megum vér senniliga um þeirra hag hræddir vera, en þú Amustene hyggst verða¹¹ glaðr ok feginn í aprtkvámu þinna frænda: en þér skal at öðru verða, því at rétt í [þínu angli¹² skipar ek þá undir þann¹³ dóm, sem allra várna harma sé hefnt í þeirra svívirðligum dauða. [Svá segir Aquin ok sezt niðr eptir þat.¹⁴ Þessu næst stendr upp mikill höfðingi Galinger gamli. hann stjórnadi miklu ríki ok réð fyrir mikilli borg er Sebastia heitir, hann var skrautligr maðr ok hafði yfir sér eina skikkju af dýrastu¹⁵ klæði, skegg hans var hvítt¹⁶ ok tók niðr á bringu, ok sem hann hjóst nökkut at tala, gáfu allir hljóð, því at hann var hinn mál-snjallasti í öllum her heidingja, hógværr ok úaleitinn ok virðr mikils af öllum. Því byrjar hann svá sitt eyrendi: Göfgrir herrar, segir hann, segja vil ek yðr hvat mér lízt um máll þetta: konungar þessir

1) *mgl. b.* 2) [*mgl. b.* 3) segir hann *tílf. b.* 4) hvat *b.* 5) því *b.* 6) at *tílf. b.* 7) at *b.* 8) *saal. b.*: ok *B.* 9) [takizt þér *b.* 10) sem *b.* 11) vera *b.* 12) [þinni angusýn *b.* 13) þvilikan *b.* 14) [*mgl. b.* 15) dýrasta *b.* 16) sitt ok fagrt *b.*

eru mikillar tignar, hraustir menn ok vápnðjarfir; nú ef þér vilit at nökkurr dómr falli með réttu lögmáli á þeirra sök, þá virðist¹ mér þat betr standa, at þeirra mál bíði þar til, er vér verðum sannleiksins vísir, hversu mjök þeir eru sekir. Kemr Jamund aptr heill meðr sínu föruneysi, dæmi hann svá mikla þeirra sök sem honum líkar, en ef Makon gætir eigi síns höfðingja ok fellr Jamund eða verðr særðr til úlífis, dæmit þá sem [yðr sýnist² sannast. Vili þér hafna þessu mínu ráði, mun ek alls ekki hlutast til yðvarra gerða; þér vitit sjálfir, at hvárki á þetta mál dæma meðr hrapan eðr ofmiklum skunda án lögligu prófi né nökkurt annat, skal ek ok engis manns vilja, hvárki meira né minna, í því þjóna at dæma öðruvís en mér sýnast³ réttindin segja, ok þó at mér væri boðið annat ríki jammikit, sem nú stjórna ek, væra ek meðr öllu eigi verðugr at sitja í minni sæmd, ef ek dæmdi rangt þat mál, sem mér til heyrði yfir at segja. Tali sá hér fleira,⁴ sem betr heyrst, en þegja man ek at sinni. Síðan stendr upp Mordanturus konungr ok talar: Undarliga [sýnist hér taka,⁵ at sá maðr, sem ek hugði at kominn væri til fullrar skynsemdar fyrir aldrs sakir, skal nú vorðinn litlu betri en örvita,⁶ en svá ferr þér, Galinger, sem vitringrinn segir, at svá kólnar hjartat brott af samvizkunni sem líkaminn þornar af ellinni. Undra ek þat, hví þér sýnist at dvelja eða lengja dóms atkvæði þessarra konunga, þar sem þeir eru eigi at eins sekir við Agulandum ok Jamund son hans, heldr ok jamvel við forna⁷ setning hinna fyrri hervíkinga, því at svá er skipat í⁸ hermannanna lögum, at engi nýtr drengr skyldi dirfast lengra flýja or orrostu en fram undir höfuðmerkitt, ok þola þar, hvárt sem heldr kynni til bera líf eða dauði. Hefði þessir konungar verit skipaðir í broddi fylkingar ok flýit brott or bardaga, svá at þeir hefði eigi geymt höfuðmerkis sakir felms⁹ ok hræzlu, mætti á þetta líta meðr miskunn, en nú meðr engu móti, þar sem þeir vátta sik hafa verit setta stjórnara merkisins, ok síðan þat fyrir látit ok svikit á þann veg siun meistara. Því játta ek þá sjálf-dæmda til hæðiligsta¹⁰ dauða. Eptir þessi orð gengr hann til sætis. En þessu næst ríss upp Gordiant¹¹ or Galacia,¹² ligggr sú út í Garsant, hann var stórliga ríkr, skegg hans ok hár var hvítt at¹³ hæru, breiðr var hann í herðum meðr digrum armleggjum, ríkuliga klæddr ok höfðingligr. Hann mælti hárrí röddu: Gófgir herrar, þér vitit at hvárki er ek barn at aldri né vitsmunnum, ok því megi þér vel hlýða [mínum ráðum.¹⁴ Þessir konungar er vér erum nú yfirskipaðir eru gódir riddarar, ok því er þat ofskadi at dæma þá til dauða,

1) sýnist b. 2) [þér sjáit b. 3) sýnist b. 4) um tilf. b. 5) [snýr hér til b. 6) örviti b. 7) mgl. b. 8) fornum tilf. b. 9) felmts b. 10) mgl. b. 11) Gordant b. 12) Galizia b. 13) fyrir b. 14) [minni ræðu b.

látit þat aldri verða utan sjálfr Agulandus dæmi, allra helzt meðr því at vér vitum eigi hverja raun á beri¹ þeirra máli. En þó at Jamund hefði mörgum hlutum mótstæðligr verit vilja föður síns ok oss [hans höfðingjum,² þá eigum vér alt eins við hann, þar sem hann er einga son höfudkonungs várs, ok³ bið ek alla fordast at gera þvílíkan hlut [við hann⁴ héðan af. Nú hvat ek tala eða ek vildi at væri, þikki mér líkligt, at sá verði endir þessa máls. sem öllum horti til mestu⁵ vandræða, ok því man ek uppgefa ok tala eigi lengr at sinni. Sem Ulien frændi Agulandi heyrir. hversu sundrleitun⁶ framburð konungarnir hafa, vill hann eigi lengr þegja, ríss upp ok hristir sik, talandi með hörðum anda, sem hann var optliga vangr: Heyrit görla. hvat er ek segi. Berliga sér⁷ ok. at þér verðit eigi til fulls ásáttir þenna dóm, er konungr várr Agulandus hefir oss öllum til komit, hvers boð vér erum skyldir at fullgera. því at sjálf gudin hafa skipat hann várn yfirhöfðingja. Játir⁸ ek, at þat var mikit úvizkuráð, er Agulandus gaf Jamund syni sínum kórónu, ok staðfesti svá með honum dramb ok ofbeldi móti sjálfum sér ok öllum hans vinum. En þó at vér gæfim þar eigi ráð til. þá verðr þat nú at standa sem hann skipaði, hvar fyrir þér megit álíta. góðir höfðingjar, hvílíka svívirðu þessir⁹ konungar hafa framit honum í móti, fyrirlátit herra sinn. hafnat ok útkastat ok svá illmannliga við hann skilit, at þá er þeir váru ofmjök tignaðir um aðra fram ok tóku til geymslu hans höfudmerki, flýðu þeir brott með illsku ok ragskap ok sviku þann veg sinnu meistara. því dæmi ek, at þeir hafi fyrirgert lífi ok limum. Nú ef uökkurr er svá djarfr hér inni, at þenna minn dóm kalli rangan, taki hann vápn sín án dvöl ok herklædist síðan móti mér, en ek skal rétt í stað sníða af honum höfudit ok sanna svá minn dóm réttan. En ef ek geri eigi eptir því sem [talar er,¹⁰ sé mér kastat niðr í djúpa dýllizu, ok svelt¹¹ mik þar til bana. Við þessor orð Uliens þögnudu konungar. ok leit hverr til annars. En hann settist niðr ok veik at þeim konungi. er Pharaon hét, svá segjandi: Nú þikkjumst ek hafa vel fram haldit vilja Agulandi, at engi þorir móti mæla mínum framburði. Sem þögn hefir staðit¹² lítinn tíma. stendr upp Pantalas konungr, hann var með reiduligri ásýnd, fyrir þat at¹³ frændr hans váru til dauða dæmdir. því talar hann meðr hvellri röddu. svá at vel máttu allir inni sitjandi menn heyra: Mikil djörfung ferr fram af munni þínum Ulien, segir hann. attu¹⁴ einn um alla fram gerir þik opinberan í því, at dæma svá hrausta drengi til dauða sem eru Magon ok Asperant.

1) berr b. 2) [höfðingjunum b. 3) því tilf. b. 4) [fyrir hans menn b. 5) mestra b. 6) saal. b; sundrligan B. 7) saal. b; segi B. 8) jatar b. 9) tveir tilf. b. 10) [ek talar b. 11) svelt b. 12) um tilf. b. 13) er b 14) at [ú b.

En þessu viltu ömbuna Agulando þat dýra vín, er þú treðr þik með dagliga, at gera þat eptir hans vilja, sem báðum ykkur mun¹ verða mikil vanvirða. Nú hverjum sem þat líkar eða mislíkar, man ek segja hvat mér sýnist líkast um þetta mál, at Agulandus konungr várr bíðl til þess, at Jamund son hans kemr aptr eða hann fréttir sannleik, hvárt þeir hafa brott flýit or bardaga fyrir fulla sök eða sakir bleyði einnar saman, því at þat veit Makon, at hvárki Agulandus né þú Ulien ok engi annarr má þetta mál at réttu fyrr dæma, ok ef ek ætta vald² svá mikils hers, sem hér er nú saman kominn í þessarri borg, skyldi engi svá djarfr, at þá þyrði únáða at öllu úprófaðu. Svá segir Pantalas ok gengr til stætis. Hér eptir³ ríss upp Gundrun konungr hinn karneski,⁴ hann var forráðsmaðr⁵ þess ríkis, er átti Temprer konungr ok kallað var Birangri,⁶ mikit land ok vel bygt, snjallr maðr í framburði, stórliga fróðr í heidungja lögum ok höfuðráðgjafi Agulandi konungs. Gundrun styðst við einn stólpa ok talar: Eigi samir oss at hafa fyrir ekki orð ok vilja höfuðkonungs várs Agulandi, þar sem hann bauð meðr sínu valdi, at vér dæmdim harðan refsingardóm ok réttan þeim tveim svikarum, sem hér standa [ok þat heimsliga hugsu,⁷ at oss muni vel líka sú mikla svívirðing, er þeir flýðu vándir þrælar ok huglausir frá sínum herra Jamund, er vald gaf þeim yfir sínu höfuðmerki sem hugdjörfum kempum, ok meðr því at þeir prófaðust⁸ fullir af údáð ok svikum, þá dæmi ek, at þeir sé hengdir sem dáligir þjófar, ok síðan brendir líkamir þeirra á báli, því at svá sómir at gera við vanda svikara. En þó at Pantalas frændi þeirra vili únýta vára dóma, þegar þeir ganga fram móti hans vilja, gef ek eigi einn frjálstan pening fyrir hans dramb ok metnað. En ef hann þorir, taki hann sverð sitt ok berist viðr mik, ok ef ek kvista eigi skjótliga sundr hans búk, brenni mik í eldi ok kasti öskunni út í vind, en reki brott arfa mína af sínu fóstrlandi. Eptir svá talat sezt hann niðr. Þá stóð upp kurtciss höfðingi Acharz⁹ or Amflor, hermaðr mikill, ok talar svá: Höldum þat sem í fyrstu var talat, at engi þótti né ofrkapp gangi inn vár í miðil um þetta¹⁰ mál, heldr tölum meðr hógsemd þat sem oss virðist satt vera. En betra hefði Agulando verit at sitja heima í friði ok náðum í ríki sínu Affrica, er svá er vítt ok mikit, at hverjum einum konungi er í gnóg, en sækja¹¹ með ágirni til þess ríkis annarra konunga, sem eigi er gagn í at hafa, ok fá þaðan af tjón fjár ok manna. Var þat ok ofmiklit skjótræði, at hann skipaði Jamund son sinn höfðungja svá margra góðra drengja, því at öllum

1) í tilf. b. 2) ráð b. 3) næst b. 4) karneski b. 5) forráðamaðr b.

6) Hiangri b. 7) [er ok þat heimskliga hugsat b. 8) prófast b. 9) Achaz her og senere b. 10) þeirra b. 11) seilast eigi b.

má líkligt þikkja, er hans ákefð er kunnig, at eigi at eins muni¹ þessir tveir konungar kenna þaðan af mikils kulda, heldr allir þeir sem hans ráðleysi² fylgja. Nú sakir þess at Magou ok Asperant, hverja þér dæmit³ dauða verða, eru góðir höfðingjar ok optliga reyndir í⁴ trúleik ok öruggum riddaraskap, býð ek mik ok mína peninga í vörðslu fyrir þá, at þeir nái⁵ lífi ok limum fyrst. Þar til er Jamund kemr aprt, en ef þér vilit eigi taka þenna kost, segist ek or allri tillögu um þetta⁶ mál. Svá lýkr Acharz sinni ræðu. En Abilant⁷ konungr hinn öflugi svarar hans framburð⁸ sem hér má heyra: Senniliga ertu Acharz, segir hann, eigi meðr lýmskligum orðum áminnandi heldr opinberri ásakan snarpliga hirtandi, ok ef makliga væri⁹ gert, ættir þú aldri at koma í auglit Jamundar eða nökkurs virðr vera af hans feðr Agulando. Þar sem þú ætlar svá fyrir koma¹⁰ þínum glysligum boðum, at vér brytim boðskap konungs várs ok svikum hann svá. Hygg af því ok gakk í brott í stað utar í loptit frá [váru augliti¹¹ ok hvískra þín ráð þeim í eyra.¹² sem þér eru líkir, en vit þat at eigi um aldr skulu heyrast þín tillög þessum konungum til hjálpar, því at eigi samir, at þeirra mál standi lengr úpínt fyrir nökkurs manns bæn eða vilja, ok nú beint í þínu augliti skulu þeir vera bundnir ok barðir, ok eigi eitt it minsta skulu þínar hendr þeim mega við hjálpa, heldr skulu fimtán skjaldsveinar þeim refsa sína údygd, svá at hverr þeirra hafi í sinni¹³ hendi stírdan hestavönd samanknýttan meðr stírdum álstrengjum ok berja þá meðr affli, en hverr þeirra sem eigi kemr blóði út á þeirra baki fyrir sitt högg, skal þegar hljóta annat högg af minni lægri hendi. Síðan þessir svikarar eru þann veg lei nir, skal þá [hengja eða binda í tagl ok draga um lióla¹⁴ ok steina ok leinja þá þann veg sundr, en brenna síðan á báli at köldum kolum. Þetta er minn dómr ok allra þeirra er mér vilja fylgja. En þér Acharz ok¹⁵ þeim öðrum, er þeim vilja fylgja eða kalla þetta rangt vera, skulum vér djarfliga þvílfkan dóm dæma, því at alla yðr tel ek sekja¹⁶ af samþykkt þeirra svika.¹⁷ Tali nú hátt ok framliga, ef nökkurr þerr þoran til at tala á móti mínu atkvæði. Melkiant konungr stendr þá upp, djarfr maðr í framburði ok einka vin Amusteni konungs, ok talar svá: Bædi er þat, [Abilant, er¹⁸ þú ert mikill ok digr, enda þikkist þú nú¹⁹ svá, þar sem þú hyggst, at engi þori sína tungu hræra móti þér. En til þess at þú kennir sjálfan þik eigi til svá mikils kominn,

1) munn b. 2) fram tilf. b. 3) nú tilf. b. 4) at b. 5) haldi b. 6) þeirra b. 7) Adilant b. 8) framburði b. 9) er b. 10) viðkoma b. 11) [várum augum b. 12) eyru b. 13) mgl. b. 14) [draga bundna í tagli um holt b. 15) eðr b. 16) sekta b. 17) [þessarar svikara b. 18) [Adilant, at b. 19) ok tilf. b.

mun ek úskjálfsandi tala þat sem mér líkar, svá at þú ok þínir lögumautar megi gerla heyra. Þagat hefir ek um stund ok heyrð, hvat hér hefir verit talat, ok virðist mér sem þeir þykist vitrastir, er mest þyngja mál konunganna, en þeirra dóm skil ek fram ganga meðr ákefð ok illri úeinurð við Agulandum, sem þá kalla dauða verða fyrir þat, þótt þeir leitaðu brott or bardaga síðan dauðinn var handvís; stóðu þeir eigi lengi ok börðust djarfliga, til þess at fallit var alt þeirra lið? mundi nökkut tveggja manna snarplig vörn mjök mikit í þeim stað vinna, ef áðr gátu ekki at gert¹ hundrað manna? Biðu þeir, ok kom ekki Jamund ok engi annarr þeim til viðrhjálpar. Nú þá segit einarðliga, hverr yðvarr, er nú sitr² hér, mundi svá snjallr ok mikill fullhugi, at þann tíma sem honum þætti sér ráðinn dauði, at hann liti³ eigi um sik alla vega, hvar líkast væri til brottkvámu? Ek man svara mér sjálfr, víst engi. Ok því síðr gefi þér gamu at úskyldum manni, þótt hann væri yðvarr höfðingi, at eigi mundu þér hugsa um, þótt faðir yðvarr eða móðir væri eptir í úvina valdi, ef því heldr gæti þér forðat yðru lífi. Þat mætti⁴ ok hugleiða, ef nökkut skyldi at skynsemi leita, hversu optliga kann til bera þeim sem í orrostu verða staddir, at svá mikill ótti kemr yfir þeirra manna hjörtu, sem áðr eru mörgu sinni reyndir at hugðirfð, at engis fýsir þá annars en snúa undan; en þegar þeir eru hólpnir við mestu hættu, undra þeir sjálfa sik, hví þeir urðu svá sigraðir at flýja undan vápnum sinna úvina, vildu þeir gjarna⁵ miklu heldr hafa þá þolat skjótan dauða en þolat⁶ þvílíka fölnan sinnar fyrri⁷ hreysti; fyrir hvat skiljanligt verðr, ef rétt skal álíta, at þeirra flótti varð eigi af hugbleyði heldr váveifligum atburð. Í þenna atburð virðast mér þessir konungar hafa ratat: þeir leitaðu brott síðan þeir sá engan annan⁸ grænna, ok fálust eigi í hellum eða öðrum jarðarholum sem hræzlufullir flóttamenn, heldr sóttu þeir á fund sjálfs höfuðkonungsins, því at þeim þótti engi annarr líkari at veita Jamund fullting en Agulandus faðir hans, síðan hann⁹ vissi, hvers hann þurfti við. Nú dæmi ek þá því¹⁰ síðr dauðans verða fyrir þessa gerð, at mér þætti þeir makligir góðra ömbuna. Svá lýkr Melkeant sínu máli ok sezt niðr. Þá ríss upp mikill höfðingi ok ríkr, er hét Sinapis hyggni, hann stjórnaði stóru ríki er Alpre kallast, var Sinahis mesti vin Agulandi ok hafði sóstrat langan tíma Jamund son pans, hann talar á þenna hátt: Þinn framburðr, Melcheant, má sýnast skynsamligr, ef skjótt er álitit af úvitrum mönnum, en ef hann er vitrliga¹¹ skoðaðr, finnst fátt hæft í, því at hann gengr

¹) mörg tilf. b. ²) sitit b. ³) sæi b. ⁴) mættit þér b. ⁵) mgl. b.

⁶) fengit b. ⁷) mgl. b. ⁸) sinu kost b. ⁹) saal. b; til B. ¹⁰) þess b.

¹¹) inniliga b.

fram af þeirri ofmikilli vináttu, er [allir vér vitum, at¹ þú hefir við þann svikla konung, er ek sé sitja þar hjá steinstólpanum klæddr rauðu klæði mjök at úverðu, því at hann hefir alla götu² lífs á illu setit ok jafnan verit údyggr sínum höfuðkonungi, en ek hefir æ fylgt Agulando konungi meðr fullri dygd ok heilleika; en þat er undarligt, at svá vitr máðr sem Agulandus er, þolir honum þat³ sem hann ferr fram, því at nú vildi hann undan koma þessum svikarum, er hann kallar sína systursonu, réttum dómi, eigi at eins fyrir sik, heidr ok aðra sína jafningja; því væri þat sannr vili minn, at Agulandus ræki brott or⁴ sínu ríki fyrst þann sem er upphaf lýmsku ok undirhyggju ok alla hans ættingja, þá sem nú opinbera sína úhlýðni við hann í þessu máli. En þá Magon ok Asperant dæmi ek, at þoli þann hæðiligsta⁵ dauða, sem vér megum þeim verstan fá; eigi skal þá meðr vápnum drepa sem nýta drengi, ok eigi þola gálga sem hreinir þjófar, heldr skolu þeir bundnir vera í tagl harðreiðastu hesta ok dragast um öll stræti, ok síðan niðr verpast í fúlan pytt, at þeirra sekt verði öllum opinber, ok at eigi frétti Jamund, at vér haldim hans svikara í friði meðr oss. Skal þenna dóm sem fyrst er tími til fullgera. En þó at þessi minn dómr þikki þér, Amustene, rangr, skal svá búit⁶ standa, ok gerla skil ek, at þér líkar stórilla minn orskurðr, því at þú bliknar allr ok sortnar svá sem jörðin; fyrr muntu þrútna ok digr gerast af bólginni reiði en þú fáir þína vini⁷ frelsta af várum dómi, því at [eigi syn(j)a ek, þótt þú kallir⁸ þenna dóm rangan, skal ek sníða af [ér þitt flæðarfulla höfuð ok hverjum öðrum, er þessu mæla móti. Sem hér er komit máli⁹ Sinapis, talar Madequin sterki: Eigi er þörf, at um þetta mál talist fleira at sinni, því at þessu öllu vil ek samþykkja, sem Sinapis hefir dæmt. Stendr upp ok gengr þar til er Uliu sitr, ok tekr í hönd honum svá segjandi: Göngum fyrir Agulandum ok birtum honum hvílíkr endir á er fallinn konunganna mál. Þeir gera svá ok finna konunginn sitjanda í höll siuni á eiuni silkidýnu, kvedja hann, ok talar Uliu síðan: Rýmit brott þungum harmi af [yðru brjósti, því at¹⁰ tveir svikarar hafa rétt þvílíkan dóm, sem yðarr vili stendr til. Agulandus svarar: Eru þeir til dauða dæmdir? At vísu herra. segja þeir, ok fyrir þat¹¹ látit þá án dvöl taka ok binda miðil tveggja hesta ok þenja þeirra líkama¹² sem mest í sundr, látit síðan hleypa eykjunum um hvert stræti borgarinnar ok grjótt ok hörnga, síðan látit brytja þá í smá stykki ok niðr sökkva í hinn fúlasta pytt. Agulandus sem hann heyrir orð Uliens, gleðst hann nökkut lítt ok býðr

1) [mgl. b. 2) síns tilf. b. 3) hvat b. 4) af b. 5) háðugligasta b. 6) búinn b. 7) frændr b. 8) [ef þú kallir b. 9) tilf. b. 10) [hjarta þínu, þeir b. 11) því b. 12) líkami b.

svá gera við konungana, sem nú var greint, at þeir váru dregnir mjök grimmliga í augliti karla ok kvenna, svá at hold þeirra ok blóð lá víða eptir á strætum ok steinum. Þótti flestum þessi dómr [mjök harðr,¹ þó engi þyrði þat opiuberlīga tala; gerðist af þessu efni mikit sundrþykki í her heiðingja.

60. Næsta dag eptir þessa hluti, sem Agulandus sitr² yfir bordum, koma í borgina þúsund flóttamanna af líði Jamundar, fannst engi sá í þeim flokki, at eigi væri mjök sárr. Var höfðingi þeirra einn riddari Valdibrun at nafni, hann gékk fyrir inn í höllina stórum sárum særðr, [hafði hann verit³ lagðr meðr kesju gegnum brynjuuna ok panzaram, svá at í beini nam staðar, flóði or því⁴, sári ok mörgum öðrum⁵ blóð á hallargólfit, þar sem hann gékk; Hann kvaddi Agulandum með lágri raust ok móðri af mikilli blóðrás [ok langri,⁶ svá segjandi: Öll yður guð styrki yðvart ríki, en af miklu tómi hugsí þér,⁷ hvat um líðr Jamund. Hví ertu þann veg leikinn, góði vin, segir Agulandus, eða hvat segir þú tíðenda? Valdibrun svarar: Mikil tíðendi hafa vorðit síðan vér skildum, því at þá er Jamund hafði tekit til geymslu af yðr turninn sterka, þótti oss um tíma horfast á vænliga, því at í fyrstu sem Jamund fór út af turninum með tuttugu þúsundum ungra ok hraustra hafandi til styrktar guðina sjálfa, varð bæði gott til fjár ok manna, snerist þá margr kristinn lýðr til annarrar trúar, brendum vér borgir en píndum konur ok karla. Ok sem þann veg gékk farsælliga várr hagr, vendi Jamund aptr [til turnsins⁸ með miklu herfangi, mættum vér þá njósnarmönnum Karlamagnús í fjallshlíð einni, hugðum vér einn veg gera [þeirra sem annarra manna,⁹ ræna lífi ok eignast fé, en þat fór alt annan veg, því at svá snarpliga géngu þeir í móti, at sú var¹⁰ endalykt várs fundar, at þeir drápu fjölda en ráku Jamund ok alla oss á flótta, tóku gull ok silfr svá gersamliga, at eigi einn minsta pening ætluðu þeir oss, þar með [guðina sjálfa.¹¹ En í annan tíma sem Jamund reid út með líð sitt af turninum at hefna fyrri svívirðingar ok vinna aptr guðin, urðum vér svá háðugliga brottreknir, at turninn var af oss tekiun, svá at vér áttum þangat aldri skjóls leita. Síðan samnaði Jamund saman úvígum¹² her ok fór til stríðs við sjálfan keisarann, ok er þat skjótt at segja, at vér börðumst þrjá daga, ok þó at kristnir menn væri fáir hjá várum fjölda, þá þröngdu þeir svá at oss um síðir, at þat vissa ek síðast til, at þeir ráku Jamund á flótta með þremr¹³ konungum, en drápu hvert manusbarn, svá at eigi einn komst undan. Þvílík eru mín tíðendi, segir

¹) [of harðr b. ²) sat b. ³) [hann var b. ⁴) þessu b. ⁵) mikit tilf. b.

⁶) [mgl. b. ⁷) um tilf. b. ⁸) [mgl. b. ⁹) [saal. b; sem annarra B.

¹⁰) varð b. ¹¹) [guðin sjálf b. ¹²) úvígum b. ¹³) þrimr b.

Valdibrun. Agulando þvílka hluti heyrandi batnar lítit í sínu hjarta, ok af mikilli sorg lætr hann sem eigi hafi hann gerla heyrt, hvat Valdibrun talaði ok talar¹ svá: Eigi mun ek rétt skilit hafa þín orð, riddari, segir hann, en svá heyrðist mér sem þú segðir, at þau glæs-
iligu guð, sem ek hugði oss mega veita mestan styrk, væri her-
tekín af kristnum mönnum. Valdibrun svarar: Rétt heyrðist yðr þat, herra, ok því heldr gripust þau brott or² váru valdi, at vér sáum um langt, hversu [undarliga var með þau³ farit ok, hér meðr með⁴ mikilli sneypu ok svivirðu ráku kristnir menn þau ofan á jörðina or þeim virðuliga vagni, sem þau áðr sátu í, ok géngu á þá⁵ ok trúðu⁶ undir fótum, hræktu í gullbúin⁷ skegg þeirra ok kampa, berjandi⁸ lurkum ok steinum, hengjandi þá⁹ upp at fótunum sem hæst oss til skapraunar. En aldri sá ek þau þar sýna krapt sinn né mátt, hvárki meira né minna, ok alla tel ek þá svikna, er á þvílka¹⁰ guði trúa, því at öllum¹¹ er auðsýnt, at eigi munu þau mikit hirða um annarra þurft,¹² er þau máttu eigi forða sér við þvílki sneypu.¹³ Agulandus svarar þá¹⁴ meðr miklum móði: Hvat kantu segja mér af Jamund syni mínum, hvárt hann muni¹⁵ vera lífs eða dauðr? Valdibrun svarar: Eigi¹⁶ veit ek til þess, segir hann, en líkast þikki mér, at hann hafi leitast undan til Benaris borgar meðr öðrum flóttamönnum,¹⁷ því at eigi kann ek¹⁸ ætla, at nökkurr hafi upp fyllzt þeirrar djörfungar at drepa Jamund son yð-
varn, en þó má eigi alls of¹⁹ synja hvat Frankismenn gera, því at aldri finnst þeim fræknari drengir, ok frá því vel búnir at vápnum sem nökkur þjóð önnur. Mikill harmr er þat hjarta mínu, segir Agulandus, at ek veit eigi, hvat af Jamund er vordit, en hvert ráð skolum vér nú upptaka? Valdibrun svarar: Annathvart at setjast um kyrt ok hætta eigi sér né liði sínu undir vápu Franzeisa eða halda sem skjótast á hendr þeim með þannu mesta her, sem þér kunnit fá. Agulandus svarar: Þat veit Maumet, at aldri skal mik þat henda at gefa upp þat land ok ríki at sækja, sem þeir hafa gripit undan mínu valdi, heldr man²⁰ ek halda til móts við þá ok drepa hvern mann ok leggja²¹ svá undir mik öll þeirra ríki. Ok þegar bordin eru uppi, býðr Agulandus saman stefna öllum konungum ok ríkum höfðingjum af borgum ok nálægum þorpum, ok segir svá til þeirra allra, er haus orð máttu heyra: Afríka höfuðkonungar, heyrit orð mín ok linit harmi mínum, búi hverr sik sem fljótast, bleyðizt eigi, blásit hornum yðrum ok hvellum lúðrum, ok

1) segir b. 2) af b. 3) [með þau var b. 4) tilf. b. 5) þau b. 6) trúðu b. 7) gulli búin b. 8) þau með tilf. b. 9) þau b. 10) slíka b. 11) oss b. 12) þörf b. 13) smán b. 14) þó b. 15) man b. 16) Ekki b. 17) fleiri mönnum b. 18) at tilf. b. 19) um b. 20) skal b. 21) koma b.

stefnit til skipa öllu liði váru, því at vér skulum ríða at Frankismönnum ok lægja þeirra dramb ok ofbeldi ok hefna þeirrar svívirðu, er þeir hafa oss á marga vega veitt, ef þeir þora bíða várrar tilkvámu. Madeqvin svarar orðum¹ konungs: Þat veit Makon, segir hann, at ef ek lifi langa stund, eru kristnir menn skjótt dauðir. Þá svarar Valdibrun: Eigi þarftu Madeqvin svá mjök sýsast fund Karlamagnús, því at eigi munu þér úgjarnari yðvarri ferð létta, þótt þar hafi þeir eina þúsund en þér eina ok tuttugu. Þessu næst má heyra [um alla borgina² margan lúðr þeyttan, mikit hark ok háreysti, því at hverr býr sik ok sína sveit at hestum ok vápnum sem líkast mátti. Ok at öllum her Agulandi saman komnum, heldr hann út af borg meðr útúlulgan fjölda ofan til skipa, settist í fríðasta³ lypting meðr dróttning sinni, siglandi blíðan byr þar til er hann kemr sínum skipaflota í fríða höfn Hispanie, er gengr upp í þá stóru á, sem fellr ofan eptir dalnum, er fyrr var greint at lægi ofan undan fjalli Asperment, í hverjum þeir börðust Karlamagnús ok Jamund. Ok þegar tími var til, gengr Agulandus af skipum⁴ meðr alt liðit, en⁵ lætr reisa landtjald bæði mikit ok frítt. [Dróttningu sína lætr hann at skipum dveljast,⁶ ok fær henni til geymslu marga menn ok kurteisa. En meðr því at hann hafði nökkura vissu af þeim sem brott kómust or bardaganum, at Karlamagnús mundi í⁷ þeim stöðum nálægr vera, þá skiptir hann liði sínu öllu⁸ í fim fylkingar, ok skipar fyrir hverja fylking þvílkkum höfðingjum sem síðar greinist.⁹ En hversu enn frægi herra Karlamagnús verðr viss tilkvámu Agulandi er þessu næst segjanda.

61. Karlamagnús sitr í landtjaldi Jamundar meðr herra páfanum ok öðru stórmenni, en annat lið er í tjöldum umbergis. Hefir keisarinn enga vissu af meðferði¹⁰ Agulandi, þar til at þann sama dag sem Affrikamenn taka höfn skamt frá herbúðum Franzeisa, gengr herra Vitaelin, er áðr hét Balam ok skírðr var af Karlamagnúsi, sem áðr sagdist, fyrir Karlamagnús keisara, kveðjandi hann vel ok kurteisliga, ok talar síðan leyniliga svá segjandi: Göfugr herra, segir hann, ek bið, at þú ok herra páfim gangit með mér brott frá öðrum mönnum. Keisarinn gerir svá, tekr í hönd herra páfans, ok ganga þrír samt út or tjaldinu, en aðrir sitja eptir. Vitaelin tekr svá til máls: Meðr því at þat er nú vordit, sem ek hugsaða löngu áðr, at gerast guðs maðr ok taka heilaga trú, þá sem ek er héðan af gefinn undir vald guðs ok yðvart, Karlamagnús keisari, því¹¹ byrjar mér eigi at leyua yðr þeim hlutum, sem ek skil nauðsyn

1) máli b. 2) [mgl. b. 3) fríðustu b. 4) sínum tilf. b. 5) ok b. 6) [Dróttningin skyldi eptir dveljast á skipum b. 7) mgl. b. 8) mgl. b. 9) greinir b. 10) ferðum b. 11) þá b.

til bera, at þér vitið, en ef ek gerði¹ þat, væri² ek sannr svikari. Ek vil segja yðr þá eina list, sem þér ok engi yðvarr maðr hefir geymt, at þessu landtjaldi fylgi. Lítit upp undir knappana ok munu þér sjá í ofanverðu brjóstinu einn dreka gerfan af gulli, í drekanum megi þér líta eitt speculum, þat er þeirrar náttúru, at ef maðr lítr í þat meðr stadfastrí sýn, sér hann þau tíðendi sem gerast á sjó eða á landi í nálægum stöðum. Nú góði herra, sjáit í skuggsjána, ok munu þér skjóttlga sjá sigla at landi útöluligan skipastól, drómunda þunga, snekkjur, galeiðr meðr stórum langskipum, þar er kominn Agulandus konungr meðr úvígjan³ her, takandi⁴ höfn skamt frá yðrum búðum.⁵ Þar með⁶ megit þér sjá, ef þér vilít, at hann gengr frá sjá⁷ meðr allan sinn her, ok lætr landtjöld reisa ok skipar líði sínu í fjórar fylkingar, en ætlar sér til stjórnar ena fimtu, ok er auðsýnt at eigi man hann fyrr aprt snúa til sinna ríkja en þér⁸ hañt fundizt. Keisarinn gengr at ök sér þessa hluti alla sanna sem Vitaelin sagði, hvar fyrir hann mælti svá: Lofaðr sé guð, er hann þvílíkan mann skapaði sér til þjónostu, sem þú ert, Vitaelin; en geri⁹ nú skjótt sendimenn til hertoga Girarðs, at hann komi á minn fund. Svá er gert, at menn eru sendir til turns hertogans. Ok þegar er herra Girarð heyrir orðsending keisarans, býr hann sik ok kallar sér til fylgðar systursonu sína Boz ok Clares ok syni sína tvá, er fyrr váru nefndir, ríðr veginn fram til herbúðanna. Ok er keisarinn veit, at hertoginn er kominn, gengr hann móti honum meðr mikilli gleði ok minnist við hann, takandi sjálfr í hans hægri hönd, en tveir lendir menn ena vinstri, ok leiða hann svá miðil sín. Karlamagnús talar þá: Guð launi yðr mikla mœðu, sem [þú hefir¹⁰ nú þolat skemstu í [drengriligri framngöngu ok¹¹ fulltingi við hans kristni; en undra ek þat, hví [þú hefir¹² eigi viðr tekit [konungliga sœmd,¹³ þvílíkr höfðingi. Hertugi Girarð svarar: Eigi vilda ek bera konungs nafn, því at ek þóttumst eigi vera makligr þeirrar tignar. en þótt ek sé¹⁴ einn hertogi, fær ek vel meðr guðs fulltingi haldit ríki mínu í frelsi ok náðum bæði fyrir kristnum víkingum ok heidnum. En þeim einum sómir réttiliga at bera tignarkórönu, sem guði líkar, at vaxi til þess at þjóna honum því frammar, styðja heilaga kristni ok styrkja lög ok réttindi, en únýta ok fyrirsmá ranga hluti ok guði móttæðiliga, hafa tættgóða menn sér næsta, ok þiggja af þeim gjarna heil ráð, sem hann kennir sér trúa. Konungi byrjar miklu stjórna ok gefa stórum, sá er eigi vill þann veg vera, honum samir [fyrir

¹) gerða b. ²) væra b. ³) úlfýjanda b. ⁴) hér tilf. b. ⁵) herbúðum b. ⁶) mgl. b. ⁷) skipum b. ⁸) þit b. ⁹) ger b. ¹⁰) [þér hañt b. ¹¹) [drengriligu b. ¹²) [þér hañt b. ¹³) [konungs nafni b. ¹⁴) tilf. b.

engan mun¹ konungs nafn bera. Keisarinn talar: Rétt segi þér, hertogi Girarð, en þat trúir ek, at þessa hluti hafir þú. Síðan ganga þeir fjórir saman í einn stað, Karlamagnús, herra páfínn, hertoginn ok Vitaclin. Segir keisarinn þá hertoganum alt, hvar komit er. Hertoginn sér þegar, er hann lítr í speculum, herlið Agulandi ok skipt sundr í fim fylkingar. Hann talar þá til keisarans: At vísu mun Agulandus hér kominn, ok er líkara, at hann ætli² hefna Jamundar sonar síns, en þó at þeirra lið sé útöluligr fjöldi, þá er guð várr svá máttigr, at þat má hann gera fyrir árnaðarorð heilags postola síns Jacobi, at svá dreifist þeirra hundheiðna fólk fyrir vápnum sinna sauða nú³ sem fyrr; en vei verði þeim, er í þessarri nauðsyn skilst við yðr, segir hertoginn til keisaraús, heldr skal ek ok mínir menn, þó at vér sém nú alls til fáir, svá harða hríð veita heiðingjum, at mörgum skal fult vinna. Keisarinn þakkar hertoganum sín orð, en mælir⁴ síðan: Bróðir Vitaclin, þú hefir verit lengi með Affrikamönnum, því seg oss ljósliga frá höfðingjum þeirra ok búnaði, ok hverja formenn Agulandus mun skipat hafa fyrir sínar fylkingar. Vitaclin svarar: Sannliga⁵ er mér kunnigt höfðingja val Agulandi, ok því skal ek yðr réttiliga greina hvers þeirra búnað. áðr⁶ kveld sé úti, en þér hugsit um, hvat [er ek kann⁷ yðr segja. Keisarinn segir, at svá skal vera. Vitaclin tekr þá til máls: Þér sjáit, herra, at næst oss undir einum skógi standa landtjöld mörg smá af hvítastu⁸ léreptum eða bezta silki, yfir hinu mesta landtjaldi mantu sjá eitt stórt merki af rauðum purpura, þat á enn öflugi Madeqvin, í öllu ríki Affrikanorum finnst honum engi meiri ok sterkari; hann hefir sterka menn ok vígkæna í bardaga. En öðrum megin við ána gagnvert tekr herbergi önnur fylking Agulandi með kurteisum tjöldum, stýrir þeirri, sem ek hygg, völdugr höfðingi⁹ Acharz or Amflor ok hans frændi Manuel, þekki ek þeirra búnað gerla, því at optliga var ek í ráðum meðr Acharz, ok vil ek þat segja yðr, at alla þá¹⁰ harðfengnustu menn sendi hann til Jamundar af sínu liði. Upp undir þann¹¹ stóra skóg ok dimma mantu sjá stór taudtjöld ok ekki¹² mjök skrautbúin, þau byggja undarligt fólk, þeim verða engir illgjarnari ok verri viðreignar, af flestum dugandis mönnum eru þeir hataðir ok fyrirlitnir, svá at engi ann þeim; þeir una¹³ við lítit brauð ok þó úvandát, matast jafnan síðla sem údygdarmenn, engis virða þeir hesta né góð herklæði, fuglar ok dýr er¹⁴ þeirra matr, engir verða þeim betri bogmenn, því at engi fær forðazt þeirra skeyti, eigi treysta þeir sínum¹⁵ spjótum, lítit vápn þikkir þeim í

1) [með engu móti b. 2) at tilf. b. 3) tilf. b. 4) talar b. 5) Senniliga b. 6) en tilf. b. 7) [ek kurni b. 8) hvítustum b. 9) herra b. 10) hina b. 11) þeim b. 12) eigi b. 13) lifa b. 14) eru b. 15) stinnum b.

sverðum eða öxum; þeir eru svá fljótir, at engi hestr stendst þeim; reki þeir flóttu, þikkir þeim vel at fara, en ef þeir flýja, ýla þeir sem hundar ok verða skjótt yfirstignir; þeirra foringi er ríki¹ konungr Kalades af Orfanie² ok annarr Floriades. [Upp meðr³ þeim hamri er gengr upp með ströndinni öðrum megin standa stórliga mörg landtjöld með gyldum⁴ knöppum, sá lýðr er þau byggir er af einu landi, þeir alast við betra vín ok brauð en aðrar þjóðir, þeir hafa gnægd gulls ok silfrs meðr dýrum steinum, fríðir eru þeir sýnum ok kurteisir í sínum háttum, vel búinir at öllum herskrúða ok öruggir til bardaga; þeim stjórna tveir höfðingjar ok kapps menn miklir Eliadas⁵ ok Pantalas. Í fimta stað munu þér, herra, glöggliga kenna, hvar upp er reist sjálfst höfuðmerkit Agulandi, trúi ek þar undir skipaða⁶ honum til verndar marga konunga ok ríka höfðingja, ok svá gersamliga ætla ek hér komna ríkismenn or Afríka, at fáir siti eptir. Nú hefir ek sagt yðr sem ek veit sannast, en þessu næst eigu⁷ þér at hugsa, hvat þér vilit upp taka, en tveir sýnast mér nú til, annat-hyárt at þér gefit ríkit í vald Agulandi eða verja meðr karlmensku, [eptir því sem⁸ gefr yðr styrk til. Karlamagnús svarar: Nei, minn góði vin, eigi meðan guð gefr mér at lifa skal ek upp gefa mitt ríki⁹ heiðingjum; en haf Vitaclin mikla þökk fyrir þá dygd er þú sýnir oss.

62. Sem Karlamagnús keisari er vordinn viss hins sanna af her Agulandi, talar hann til herra Girarðs: Legg til ráð,¹⁰ herra Girarð, á hvern hátt vér skolum fram fara, því at nú vitum vér, at Agulandus man skjótt koma á hendr oss með úfriði, svá at eigi verðr tími¹¹ at senda heim í vart ríki eptir liði; en þó¹² ek hafi lítit herlið, ætlar ek eigi undau¹³ flýja. Hertoginn svarar: [Herra, segir hann,¹⁴ guð man styrkja yðvaru góðan vilja ok hans postoli Jacobus; en meðr því at þér hafit marga unga menn líkliga til framgöngu, þá sem eigi prófaðu sik í höggorrostu, fyrir þá sök látit blása um allan herinn ok kallit til yðvar hvern ungan mann, er vápn má bera ok sik kann herklæðum skryða, meira háttar sem minna, ok gefit öllum herklæði. Keisarinn sendir í alla nálæga staði dygga menn ok stefuir saman lærðum sem leikum, ríkum sem fátækum: látit engan eptir sitja þann sem yðr má nökkura viðrhjálp veita, hvílíks stéttar, valds eða tignar hverr er. Keisarinn þakkar honum sín ráð, því talar hann síðar¹⁵ til herra páfans: Meðr því at ek veit engan af váru liði heitari ást ok meiri hafa til frelsis heilagri¹⁶

1) ríkr b. 2) Orfama b. 3) [Undir b. 4) gyltum b. 5) Abadas b. 6) saal. b.; skipat B. 7) eigit b. 8) [sem guð b. 9) fyrir tilf. b. 10) mgl. b. 11) til tilf. b. 12) þótt b. 13) at tilf. b. 14) [mgl. b. 15) síðan b. 16) heil-agrar b.

kristni en yðr, heilagr faðir, þá bið ek,¹ at þér takit yðr sæmilíga fylgd ok kallit til guðs bardaga alt þat fólk sem þér megit við² komast, ok búit til orrostu eptir yðvari vild, því at allir eigu yðru boði at hlýða. Herra páfnum játtar gjarna keisarans bæn, gerandi sína ferð meðr lærðum mönnum. En þegar hann er brottu, kallar keisarinn fjóra lúðrþeytara ok biðr þá blása um allan herinn fyrir hverjum manni³ meðr greindum boðskap. Ok þegar þessi tíðendi flugu um herbúðir, kómu þeir flestir á keisarans fund, sem í fyrra bardaga höfðu verit, vel búnir at vápnnum. Eptir þat skundaði hverr fyrir annan, þóttist sá bezt leika er fljótastr varð, svá at á lítilli stundu var mikill fjöldi ungra manna kominn fyrir keisarans landtjald. Karlamagnús talar þá hárrí röddu: Lof sé almáttkum guði, segir hann, þessi flokkur er mikill ok líkligur til góðs hlífskjaldar móti úvinum. En meðr því at feðr yðrir eru nú margir dauðir, en þeir sem lifa eru þungaðir bæði af elli ok miklu erfði, viljum vér at þér rísit upp í stað þeirra ok gerizt riddarar ok takit þvílíka sæmd sem hverr er um⁴ kominn; vili þér þessu gláðliga játta, skal ek gera yðr svá vel ríka, at þaðan af skulu yðrir frændr fullsælu eignast, ef guð gefr oss [heila apr til vár⁵ sóstrlanda. Hinir ungu menn urðu gláðir⁶ keisarans fyrirheitum ok játtadu at gera hans vilja: Karlamagnús segir: [Nú þá,⁷ farit þar til sem valrinn liggur, ok taki hverr sér þann herskrúða meðr hestum ok öðrum riddaraligum fórum.⁸ Þeir gera svá, ríða þagat sem bardaginn hafði verit, [ganga í valit,⁹ fundu þar mjök fríð vápn, gylða¹⁰ hjálma, silfrhvítar brynjur, harða skjöldu, sverð hin beztu,¹¹ þurftu þeir eigi meira kosta þvílíka gripi at fá, en fletta þá hina danðu er þar lágu. Þar með taka þeir sér fríða hesta meðr smeittum [bitlum ok gyltum söðlum,¹² ríða eptir þat til herbúða ok gáfu hestum sínum ærit korn um nóttina. Enn næsta morgin tók hverr sínar fóru ok stigu á hesta, ríðandi allir senn til landtjalds keisarans. Váru fremstir af þeim fjórir skjaldsveinar Estor, Bæríngur, Otan ok Engiler, heyrðu þeir einkanliga til hertoga Rollant unga systursyni Karlamagnús, hvarfyrir hann dubbar þessa fyrst alla til riddara sakir elsku við sinn frænda, en síðan hvern eptir annan. Tókust nú allir þeir er vápun þágu¹³ or þjónostu, en skipaðust frelsi ok sæmdum þeim sem riddarum til heyra, þat er, at vera undanteknir öllum sköttum ok skyldum lýðmanna eða pyndingum valdsmauna. Ok at þessu görvu játtu¹⁴ sik allir undir guðliga hlýðni viðr heilagan postola Petrum ok keisarann,

1) yðr tilf. b. 2) til b. 3) tilf. b. 4) til b. 5) [aptr til yðvarra b. 6) af tilf. b. 7) [mgl. b. 8) ríðit síðan apr svá búnir tilf. b. 9) [ok b. 10) gilda b. 11) géngu nú í valit tilf. b. 12) [söðlum ok bitlum gyltum b. 13) höfðu b. 14) játuðu b.

kystu eptir þat á hægri hönd keisarans, gerandi sik honum handgengna, heitandi at fylgja hans bodi ok vilja ok styrkja heilaga kristni eptir megni. Þá kallar Karlamagnús til sín Rollant ok tekr í hönd honum ok [minnist til hans¹ meðr mikilli ástsemd ok segir svá: Senniliga ætta ek þik at elska ok framari² sœma en nökkurn annan, því at guði til sjánda gaftu mér líf fyrir hans miskunn, ok fyrir þat trúi ek, at guð láti þér mikla giptu til handa bera; því gef ek alla þessa ungu riddara undir þitt vald, at þeir veiti þér allan heiðr sem sínum formanni, því at ek vænti, at þá [styrki þeir³ mest mína sœmd í því at fyrirkoma guðs úvinum, ef þvílíkr er oddviti þeirra flokks. Rollant þakkar keisaranum fögr orð, en allir játta gjarna þessu. Eptir þessa hluti tekr herra Girarð orlof til brottferðar, ok ríðr með sínum frændum til turnsins. Géngu allir honum glaðliga móti, þeir sem þar váru, ok spyrja hversu Karlamagnús mætti. Hertoginn svarar: Guði sé lof ok dýrð, at hann er bæði heill ok kátr, en stendr þó nú í miklu starfi, því at hann gerir fjölda riddara af mörgum kynkvíslum, ok eigi fréttir hann eptir, hvárt [hann er ríkr eða fátækr,⁴ því skulum vér þar eptir breyta ok dubba alla unga menn til riddara, þá sem váru líði fylgja. Allir svara: Guð styrki þetta vart ráð ok láti vel skipast með yðvarri forsjá. Girarð kallar þá Ancelin ríkan höfðingja ok talar til hans: Tak með þér sonu mína Milun ok Girarð ok fylg⁵ til Karlamagnús, ber honum kveðju mína, ok þat með, at ek beiði at þessa mína sonu virðist hann til riddara dubba. Ancelin gerir sem honum var bodit, stíga þeir á hesta ok ríða til herbúða keisarans, ganga fyrir hann ok kveðja hann sœmiliga. Hann tekr þeim vel. Síðan mælir Ancelin: Hertogi Girarð seudi yðr kveðju ok bað, at þér mundit⁶ gefa herklæði þessum tveim hans sonum, sem þér sjáit hér standa. Karlamagnús svarar: Gjarna góði vin, segir hann, skal ek gera hans bœn, því at engi [finnst honum hraustari drengr vápn (at) bera.⁷ Eptir þat⁸ tekr keisarinn í hönd [Miluns unga,⁹ hann var þeirra ellri bræðra, ok talar til hans svá segjandi: Ertu son hertoga Girarðs af Borgundia? At vísu, herra, segir hann. Karlamagnús talar þá til Eisants brezka: Fær oss þat sverð, sem á er lagðr heilagr kross meðr rauðu gulli. Hann gerir svá, tekr sverðit ok fíer konunginum.¹⁰ En keisarinn bregðr því ok lítr á, talandi þvílíkum orðum til Miluns unga:¹¹ Meðr því at þú ert sonr hins röskvasta höfðingja, svá at engi meðr hertoga nafni fœdist þeim¹² vildri, þá er líkligt, at þú

¹) [kyssir hann b. ²) framar b. ³) [styrkit þér b. ⁴) [þeir eru ríkir eða fátækir b. ⁵) þeim tilf. b. ⁶) mundut b. ⁷) [drengr honum hraustari berr vápn b. ⁸) þessi orð b. ⁹) [Milon b. ¹⁰) honum b. ¹¹) mgl. b. ¹²) honum b.

verðir góðr höfðingi, ok fyrir hans skyld skal¹ ek þik sæma; þetta² sverð gefr ek þér ok þar með ríki Utili borgar, hvert nú stendr laust undir váru valdi, utan ein ung jungfrú sitr yfir, hon skal vera þín, væntir ek at eigi finnist í þeim stöðum henni fríðari; skaltu jafnan hafa vára vináttu ok skipast miðil minna beztu riddara. Eptir þessor orð³ gyrðir hann Milun sverðinu ok klæðir öðrum klæðum, en hann hneigir keisaranum meðr lítileti þakkandi fögrum ordum þvílka sæmd. Eptir þat er framleiddr Girarð ungi, hann var drengiligr maðr, kurteiss í vexti, fríðr sýnum meðr sterkligum armleggjum. Keisarinn mælti:⁴ Riddari Eisant, fær mér higat þat sverð, er mest er af þeim sverðum, er mér heyra til. Eisant tekr sverðit ok leggr í kné konunginum. Þá mælti Karlamagnús: Þetta sverð átti einn frægasti riddarason, er tekit hafði í arf⁵ eptir föður sinn, meðr þessu sverði sótti hann tvær ríkastu borgir Gand-ok Lelei, ok þat ríki sem til þeirra ligggr. Ok fyrir því at þér, Girarð ungi, er tilheyriligr⁶ riddarans rétt, þá gyrði ek þik þessu sverði, þar til leggjandi hin beztu herklæði; gefi guð þér með þessu sverði langt líf ok gott, sigrsæli ok sannan vilja hans kristni at styrkja. Þar með var framleiddr hvítr hestr búinn til stríðs með hinum dýrastum herfórum. Gefr keisarinn þenna⁷ Girarð unga með kærri vináttu.

63. Nú er greinanda af herra páfanum, at hann ferr eptir bæn keisarans um borgir ok bæi, þorp ok kastala, kallandi með sér hvern mann er nökkut lið mátti veita, svá ungan sem gamlan, lærðan sem úlærðan, klaustramenn ok þjónostumenn, ríkan sem fátakan. Flýtir hann þó sem mest ok kemr aptr til herbúða, þá er Karlamagnús hafði lokit at gefa ungun mönnum herklæði, því gengr hann móti herra páfanum, takandi hann sjálfir af baki meðr fullri⁸ hœvesku ok leiðir hann inn í landtjaldit, setjast niðr allir samt. Ok sem keisariinn er víss vordinn, hvat herra páfinn hefir sýslat, talar hann með hárrí röddu svá segjandi: Lof sé almátkum guði fyrir sína mildi, því at nú hefir hann margan góðan dreng aptr skipat í þeirra rúm, er féllu í fyrra bardaga, hverjum hann bauð heim til sín undan váru valdi. En til þess at engi undrist, hvat vér förum fram í liðdrætti⁹ ok dubban nýrra riddara, sé öllum kunnigt, at Agulandus er kominn oss á hendr meðr úvigan¹⁰ her, er líkligt, at hann þikkist nú eiga gnógar sakir við oss, látit son sinn ok mestan hluta þess liðs, er honum fylgdi. En svá gerði guð meðr sinni forsjó, at aldri átti Agulandus sigri at hrósa í fyrrum várum viðrskiptum, ok enn vænir¹¹

¹) vil b. ²) saal. b; því at B. ³) [þat b. ⁴) saal. b; svarar B. ⁵) erfð b. ⁶) saal. b; tilheyriligt B. ⁷) þetta b. ⁸) allri b. ⁹) liðsdrætti b. ¹⁰) saal. b; úvíganda B. ¹¹) væntir b.

ek, at svá muni¹ verða. Ok þó at vér hafim² stórliga fátt lið hjá honum, skulum vér alls ekki óttast, heldr treysta því framár á guð ok gefa oss upp undir hans miskunn ok árnaðarorð hins heilaga Petri, einkanliga skulum vér nú undir krjúpa meðr alvöru fullting hins mikla vinar míns Jacobi postola, herra ok höfðingja lands þessa, at hann veiti auðsýniliga förstöðu sínum verkmönnum, svá at öllum verði ljóst, at þeir eiga sér öruggan formælara, sem í hans þjónustu vilja drengiliga standa. Ok sakir þess at skjótliga munum vér bardaga eiga, í hverjum engi má öruggt vera hvárt guð dróttinn veitir lengri lífdaga, þá er þat böen vár ok vili,³ at þér, postuligr herra, syngit messu á morgin sem fyrst er tími⁴ í váru landtjaldi, ok [fórnfæra öllum heimi⁵ til hjálpar dróttinligan líkama ok einkanliga oss, er í þenna pungt stöndum; skulu þá allir várir menn taka af yðvarri hendi heilaga þjónustu, ok styrktir aflausn synda meðr blezan af yðr veittri skulu búast til bardaga; því búist nú hverr ok einn svá við, at hann verði makligr guðligum⁶ stórmerkjum. Herra páfínn þakkar keisaranum sín orð ok allir aðrir ok⁷ játta gjarna hans vilja at gera. En þegar er dagrinn kemr, býr páfínn sik til messu ok aðrir lærðir menn, syngst guðligt émbætti vel ok sémiliga fram um guðspjall, en þá ganga allir nýdubbaðir riddarar til altaris gefandi mikit fé, gull ok silfr,⁸ at einn mátti langan tíma vel af fara, ef geymsla fylgdi. Ok sem þar er komit þjónustu, er lýðrinn skal taka corpus domini, ganga fyrst allir kennimenn til heilags altaris. Þar næst keisarinn, ok síðan hverr eptir annan. En áðr herra páfínn gengr frá altarinu, talar hann fagrliga fyrir fólkinu af margfaldri miskunn guðs við maunþynit, sýnandi⁹ ljósliga hvat þeir taka í ömbun, er trúliga þjóna sínum lausnara; þar með birtandi hvílíka eynd ok vesöld þeir eigu¹⁰ fyrir hendi, er hann fyrirlíta ok fóttröða heilaga kristni, alla fögrum orðum áeggjandi, ok einna framast nýju riddara, at allir standi nú karlmannliga undir keisarans merkjum, heitandi öllum þar fyrir aflausn allra sinna synda. Eptir þat lætr herra páfínn frambera heilagan kross dróttins or siuni hirðslu, er greint var snemma¹¹ í þessu máli, at hann flutti með sér af Róma til Hispaniam. Ok sem hann opinberast, falla allir til jarðar með miklu mjúklæti, heidrandi þat blezaða táknu sem mætara er hverjum dýrasta gimsteini. Herra páfínn talar þá með tárum sínum:¹² Synir mínir, segir hann, lítit meðr yðrum augum þenna háleita heilaga¹³ dóm, er fagrliga dýrkadist af hreinum [dreyra várs lausnara,¹⁴ á þessum þoldi hann

1) man b. 2) höfum b. 3) ráð b. 4) tóm b. 5) [fórnfærit öllum þeim b. 6) guðs b. 7) tilf. b. 8) svá tilf. b. 9) ok sýndi b. 10) eiga b. 11) snimma b. 12) mgl. b. 13) heilagan b. 14) [líkama várs herra Jesu Kristi. b.

sáran dauða fyrir várum syndum, undir þessu merki skolu þér nú framganga væntandi, at svá sem úsýniligir várir úvinir leggja fyrir hans krapti á flótta, svá munu¹ ok sýniligir guðs úvinir ok heilagrar kristni hneykiast ok at engu verða allr þeirra mátt, ef guð virðist þeim sýna hans mikla heilagleik. Eptir þessor orð hefr hann upp sína hægri hönd ok gefr öllum sína blezan. Ferr hverr síðan heim til sinnar búðar, ganga til borðs, eta ok drekka sem líkar. En synir herra Girarðs ríða til turnsins ok segja hertoganum, hversu stórmannliga keisaranum hefir farit til þeirra, ok svá hvat fram hefir farit [síðan með² Frankismönnum. En herra Girarð verðr glaðr við þá sœmd, er keisarin hefir [veitt þeim.³ Sem keisariñ hefir þvílíka stund setit yfir borðum, sem honum þótti fallit, býðr hann lúðra við kveða, ok þat með at hverr búi sik ok sinn hest til orrostu, ok sem þat er gert, skipar hann fim fylkingar af sínu liði. Í hinni fyrstu fylkingu skipar hann foringja Rollant frænda sinn með tólf jafningjum, leggjandi honum til fylgðar þrjár þúsundir ungra manna. Fyrir aðra fylking setr hann Salomon konung ok Huga jarl, váru þar Bretar, ok höfðu þat sigrmerki, er forðum bar hinn heilagi Milun er hvílir í Bretlandi; var þeirra sveit fim þúsundir. Þriðju fylking skal stjórna hinn hrausti höfðingi Gaskunie Droim konungr ok Nemes hertogi, ok höfðu sjau þúsundir. Fjórðu fylking stýrði góðr höfðingi Gundilber⁴ Frísa konungr, Segrís ok Enser váru í þeirra fylgd, Saxar ok Normandiar.⁵ Sjálfr Karlamagnús ætlar sér ena fimtu til forráðs, var þar Fagon⁶ merkismaðr, Vitaklin ok margir aðrir góðir drengir; en svá segir,⁷ at eigi hefði⁸ hann þá fleira⁹ í sinni höfuðfylking en sextán þúsundir eðr litlu meir. Síðan tekr keisarin einn langan reyrvönd sér í hönd, stígr á vápnhest gildan, ok greinir hverja fylking frá annari svá langt sem honum sýnist. Ok áðr hann víkr aptr sínum hesti, kallar hann Oddgeir danska ok segir svá: Meðr því, góði vin, at ek veit kapp ok harðfengi Rollants frænda míns, at optliga sér hann eigi fyrir, hversu honum gengr út sakir sinnar hreysti ok góðvilja viðr oss, þá biðr ek, at þú sér honum sem¹⁰ næst í þessum bardaga ok hjálpir honum við, hvat¹¹ sem þú mátt, [því at¹² engum manni ann ek meira, ok því verðr mér þat mikill harmr, ef honum verðr¹³ nökkut, því at þótt Rollant sé enn ungr, þá flunst honum eugi meiri kappi. Oddgeir svarar: Gjarna, minn herra, skal ek gera yðvarn vilja í því at standa hjá honum, þótt ek sé fyrir enga grein til þess kominn at veita honum nökkura umsjó, því at í öllum hlutum er hann röskvari, þó ek hafi

¹) muni *b.* ²) [*saal. b;* miðil *B.* ³) [þeim veitta *b.* ⁴) Gundebol *b.*

⁵) Nordmandiar *b.* ⁶) *saal. b;* Magan *B.* ⁷) segist *b.* ⁸) hafði *b.*

⁹) lið *tilf. b.* ¹⁰) *mgl. b.* ¹¹) hvar *b.* ¹²) [*mgl. b.* ¹³) grandar *b.*

vetratat meira, en guð kristinna manna geri við oss alla samt eptir sinni mildi.¹ Skal hér nú fyrst hvílast, en víkja þar til sem fyrr var frá horfit.

64. Agulandus konungr sem hann hefir látit reisa sínar her-búðir ok skipat liði sínu í fylkingar, kallar hann til sín sjau konunga, er vitrastir váru allra hans ráðgjafa, ok talar til þeirra þvilkum orðum: Mjök undarligt þikki mér, at Jamund son minn kemr eigi til fundar við mik, því at öll líkindi þætti mér, at hann mundi frétt hafa vára ligatkvámu, ef nökkur² dveldist hann í nálægum stöðum, ok yðr at segja, hefir ek á mikinn³ grun, at eigi muni [honum sjálfrátt⁴ um sínar ferðir. Þá talar Madequin öflugi: Herra, segir hann, mikil undr hefi ek at segja, engi nótt kemr sú yfir, síðan vér sigldum til lands þessa, at eigi dreymi mik býsn ok údæmi, kristna menn þikkjumst ek sjá svá undarlíga klædda, at frá höfði til hæls sýnast mér þeir huldur harðasta stáli, svá at þar fyrir meinar þeim hvárki starf né vökur, [en svá kynliga leika við oss,⁵ at hvítt ok rautt, þat er [heili ok blóð,⁶ þikki mér þeir samblanda í höfði várra manna. Nú fæ ek eigi skilit, hvat slíkt hefir þýða. Konunginum þótti undarligr hans framburðr, ok vildi þar ekki til tala. Því næst segir Maladien konungr: Margir undra þat, Agulande, um svá vitran mann sem þú ert, hví svá lengi skal dvelja⁷ at eiga bardaga við kristna menn, en ríða eigi sem skjótast á hendr þeim, svá fáliða⁸ sem þeir eru. Er þat ok sanuleikr, at Karlamagnús þessi hefir fengit mikla dirfð af sínum metnaði, er hann treystir⁹ sínum litla liðsafla at bíða yðvar, en þat mun til koma, at hann kann eigi hugsa, at þér hafit þvilkkan styrk honum í móti. En þó er váru máli nú þann veg komit, at nógu margá góða drengi þikkjumst vér hafa látit, þó at eigi færi héðan af fleiri, ef því mætti við koma; því væri prófanda enn um sinn, at þessi Karlamagnús vildi ríða á vit sín ok kennast við sjálfan sik, ok senda til hans skilríka mennu, þá er greiniliga útskýri yðvart vald, ríki ok fjölmenni, þar með [beri þeir¹⁰ einarðliga fram yðvarn boðskap. Vill hann yðr undirgefast ok hlýðnast, þá er vel, neiti hann þeim kostum, sem þér bjóðit, sé hann drepinn ok allir Frankismenn, taki þeir þá sitt dramb ok ofmetnað. Þá svarar Ulien: Herra konungr, dvelit sem skemst at fullgera þetta ráð Maladiens konungs,¹ því at þat er vel ok vitrlíga tillagt;¹¹ látit til annan at fylgja mér, ok munum vit¹² þetta eyrendi svá í alla staði vel fylla, sem þér fyrir segit. Agulandus [svarar þeirra orðum ok¹³ sendir eptir Galinger gamla ok segir honum þessa

1) miskunn b. 2) nökkut b. 3) nökkurn b. 4) saal. b; hann sjálfrátt(!) B.

5) [mgl. b. 6) [saal. b; heila þar með B. 7) fresta b. 8) fáliðir b.

9) með tilf. b. 10) [tilf. b. 11) samit b. 12) vér b. 13) [mgl. b.

ætlan, beiðandi at hann fari þessa sendiferð með Ulien. Hann játtar því gjarna, býr sik vel ok kurteisliga, bindr sér á fætr gullbúná spora, leggur yfir sik eina dýrastu skikkju ok setr sér á höfuð kórónu gimsteinum setta, stígr síðan á enn¹ sterkasta múl, svá at margir héldu í hans ístig. Ok er sá hinn gamli kærll er á bak kominn, fá þeir honum í hendr einn olifakvist til marks,² at hann var sendimaðr með góðum friði. Var maðrinn skrautligr,³ því at skegg hans hvítt fléttaðist langt niðr á bringu, en hárit lokkaðist ofan á herðar undan kórónunni. Ulien snarar⁴ upp á einn fljótan hest, þann er betri var at reyna en [tvá aðra,⁵ hann hafði steypt yfir sín⁶ klæði silki-panzara meðr gullsmauðum laufum, hann bar gullsmeittan bukklara ok hafði hit hvassasta spjót með miklu merki ok fríðu. Ríðu þeir brott síðan frá Agulando, annarr skipaðr til þess at bera fram konungsins orð með hógværð ok mikilli snild, en annarr skyldi hóta með snörpum orðum, ef þess þyrfti við. Sé, svá ríða þessir sendimenn Agulandi til þess at þeir nálægjast fyrstu fylking keisarans. Lætr Ulien blaka merkit fyrir vindinum, stíga báðir vel í stigreip, gera sik sem gildasta, at því meira. [skoli um finnast⁷ þeim er þá líta. Þeir ríða drjúgliga fram um hinar þrjár fyrstu fylkingar, kveðja engan, enda gaf engi gaum at hvar þeir fóru. Sem þeir koma at meginliðinu ríðr einn mikill maðr ok merkiligr á grám hesti fram fyrir þeim, á hvern Galinger kallar hárrí röddu svá segjandi: Þú maðr er þar ríðr, seg mér greiniliga hvar Karlamagnús er, konungr Frankismanna, ek kann engi skil á honum, en vit erum sendir til hans af hinum öfluga konungi Agulando. En þessi sami riddari var hinn kurteisi herra Karlamagnús, ok hafði þá nýgreint sundr sínar fylkingar, sem áðr sagðist. Ok hann heyrandi röddina mannsins,⁸ snýr hann⁹ aprt móti hestinum ok segir: Góðir vinir, segir hann, hér er ek rétt hjá yðr,¹⁰ ok eigi þurfi þér mín lengr¹¹ leita. Þá svarar Galinger: Enga kveðju hefir ek þér at bera,¹² því at engu ást né góðan vilja hefir [konungr várr¹³ á þér né nökkurr hans manna, en heyr þann boðskap, sem ek man fram bera af hans hendi. Gjarna góði vin, segir hann, ger þitt eyrendi svá frjálsga sem þér líkar, engi minna manna skal ykkir misbjóða. Sakir þess, kvað Galinger, at þú kennist við, hversu þolinmóðr Agulandus er, þá bauð hann, at þú sendir honum fjóra höfuðgudi sína heila ok úskadda, ok þar með skatt, þat er þúsund hesta klyfjaðra¹⁴ af brendu gulli ok silfri ok öðrum dýrum gersemum, hér á ofan svá margar

1) einn b. 2) merkis b. 3) skörugligr b. 4) snaraðist b. 5) [tveir aðrir b. 6) saal. b; sik B. 7) [finnist um b. 8) mannanna b. 9) mgl. b. 10) ykkir b. 11) lengra b. 12) af Agulando konungi tilf. b. 13) [hann b. 14) klyfjaða b.

fríðastu meyjar úspiltar; þetta svá mikit skaltu honum leggja þér til lífs ok þínum mönnum. En ef þú vill halda þinni sæmd ok ríki, þá bauð hann, at þú takir¹ kórónu þér af höfði, legðir niðr konungs skrúða, en klæddist hárklaedum ok géngir berfœtr,² berandi sjálfr þína kórónu þér í hendi, ok framkomandi fallir á kné ok gefir honum í vald höfuð þitt með lítilæti. Ok ef þú gerir svá, skulum vér hans ráðgjafar með þér fram falla ok biðja þér miskunnar, þikkist ek þat vita, at gjarna³ gefr hann þér aptr þína sæmd ok kórónu, ef þú vill gerast hans maðr. Karlamagnús heyrandi orð Galinger brosir nökkut lítt í kambi ok talar meðr hógværum orðum: Vel ok skörulega berr þú fram eyrendi þíns höfðingja, en þat veit guð, at mjök þunga þjónostu kýss sá heidni konungr mér til handa, en⁴ illa ömbunadi ek þá dróttni mínum marga sæmd ok mikla, sem hann hefir mér veitt,⁵ ef ek gæfa sjálfkrafi sakir⁶ lítilmensku hans kristni undir vald ok yfirboð heidinna þjóða, alls til lengdar⁷ hefði Karlamagnús þá lifat, ef hann svá dýrt keypti eins heidins konungs vináttu, at neita guði sínum⁸ údauðligum konungi, en þjóna ok lotning veita bölvæðum skurgoðum⁹ dumbum ok dauðum;¹⁰ nei, segir hann, bannar guð, at svá gerist, heldr er ykkir þat satt at segja, at eigi meðan lífit liggr mér í brjósti, skal ek leggja mína sæmd með kórónu í kné Agulandi; en gull ok silfr man eigi finnast svá mikit í váru valdi, sem hann krefr, ok guð láti oss aldri girnast meðr eigingirni¹¹ utan til styrktar heilagri kristni ok sæmdar [góðra riddara.¹² Meyjar fríðar þær sem Agulandus vildi sér senda láta, eru nú fjarlægjar luktar í öruggum borgum ok kastalum svá trúliga, at engi maðr má þeim grand vinna, enda er þat mjök úfallit, at kristnar brúdir selist til samlags ok saurlifnaðar heidinna manna. Þau fjögur skurgoð er þér kallit [(at) verit hafi guðir yðrir,¹³ eru nú eigi til reiðu honum at senda, því at fyrir nökkurum dögum váru þau pútum í vald gefin, ok brutu þær þá sundr í smátt. Sem Ulien heyrir hvat konungrinnu talar, reiðist hann ákaflega, lætr síga brýnn, hefir sik úkyrran, reisir upp merkit en hristir spjótit, styðst á súðulbogann, ok segir svá: Hvaðan kom svá mikil dirfd þínu hjarta, at þú tekr þann veg rembiliga eyrendi þvílíks konungs? Fyrir þá eina sök bauð hann þét þetta, at honum þótti, sem er, lítilræði í at láta¹⁴ drepa þik ok þitt lið. En fyrir því at þú kant eigi þekkjast hans góðvilja, þá vir þat ifalaust,¹⁵ at Agulandus er kominn með úflýjanda her ok ætlar at drepa alla þá er þér fylgja, en taka sjálfan þik höndum ok binda

1) legðir b. 2) berfœtr b. 3) þegar b. 4) enna (!) b. 5) veitta b. 6) með b. 7) lengi b. 8) mínum b. 9) skurgoðum b. 10) daufum b. 11) saal. b; eigenligri B. 12) [góðum riddurum b. 13) [verit hafa guði yðra b. 14) mgl. b. 15) efalaust b.

sterkum rekendum, flytja með sér í yðra höfuðborg Rómam ok kóróna þar Jamund son sinn ok gefa honum til stjórnar alla Ítaliam, en þik ok alla kristna menn reka í þrældóm, utan [þit vilit¹ þeim glaðliga hlýða. Keisarinn svarar þá brosandí: Mjök úvitrlig hugsan at ætla einn ráða öllum heimi, ok ef guð lofar, mun Agulandus því síðr kóróna Jamund í Róma, at honum skal þess eigi auðit at koma þar sínum fótum. Galinger talar² þá: Herra konungr, segit mér, í hverju hafi þér svá mikít traust, er nökkut yðvart lið meira, en þat sem nú hefir ek sét? mér virðist þat stórliga fátt hjá styrk Agulandi, því at í hans fremstu fylking er Madeqvin stýrir [eru tuttugu þúsunda³ bæði stórir menn ok sterkir, en í hverri annari fleira; því fæ ek eigi annat skilit, en svá [breiðist niðr yðvart fólk sem lauf af viði,⁴ ok þat munda ek hyggja, at feigð tali nú fyrir yðrum munni. Keisarinn svarar: Verða má at svá sé, en eigi máttu sjá várn mesta styrk, því hann er hvárki í dauðligra manna höndum né skurgoðum, senniliga heldr í einum guði ok hans heilagum.⁵ Ulien svarar: Ger boðskap Agulandi, ok lát til reiðu skattinn. Karlamagnús segir: Bíðit þolinmóðliga litla stund, meðan ek ráðumst um við menn mína. Skjótliga víkr keisarinn aptr til herbúða ok gerir orð hertoga Girarð, at hann komi á hans fund. Þegar sem hertoganum [kemr keisarans orðsending,⁶ ríðr hann án dvöl með sínum frændum, ok áðr hann kemr fyrir Karlamagnús, stígr hann af hesti gangandi þar til sem keisarinn sitr, ok fellr á kné minnandi við hans hægri hönd, svá segjandi: Guð ömbuni yðr, góði⁷ herra, þá⁸ sæmd er þér veittuð sonum mínum. Keisarinn svarar: Alt var þat með minna móti en þú vart makligr. Eptir þat segir hann honum, at þar eru sendimenn Agulandi, þar með greinandi alt þeirra eyrendi. [Sem hertoginn hefir þat heyrt, segir hann:⁹ Góði herra, margt er enn gott til ráða, sendit Agulando höfuð Jamundar sonar síns, er honum þó helzti gott ok miklu skapligra at leggja honum í kné¹⁰ en höfuð yðvart með kórónu, vænir¹¹ ek, at við þá fórn bregði¹² honum mátuliga vel, er ok því betr er¹³ honum líkar verr. En óttumst alls ekki at berjast, styrki hverr annan, en guð alla oss; vei verði þeim er eigi rekr djarfliga þeirra¹⁴ tuttugu þúsundir á flóttu meðr þeim tíu er mér fylgja. Svá gerir keisarinn, sem hertoginn leggr ráð til, sendir tvá riddara Baldvina ok Riker til þess olifatrés, er búkr Jamundar lá undir, ok þeir þar komandi

1) [þú vilir b. 2) svarar b. 3) [saal. b; hann tuttugu þúsundum B.

4) [dreifist yðvart fólk sem lauf fyrir vindi b. 5) mönnum tilf. b.

6) [koma keisarans orðsendingar b. 7) völdugi b. 8) miklu tilf. b.

9) [Hertoginn svarar b. 10) þat tilf. b. 11) veit b. 12) bregðr b.

13) sem b. 14) tilf. b.

hjuggu brott höfuðit af búkinum ok armlegginn hægra með fingrgulli, höfðu þetta tvent með sér, en létu¹ bolinn² eptir liggja, ríða síðan aprt ok kasta niðr á jörðina fyrir fœtr keisarans. Eptir þat kallar herra Karlamagnús á þá Galinger ok Ulien hárrí röddu svá segjandi: Komit hingat, sendimenn, [því at nú er skattrinn reiðu búinn.³ Í fyrstu sem þeir heyrðu skattinn nefndan, urðu þeir geysi glaðir, en svá sem þeir sjá hvílíkt⁴ er, bregðr þeim alt öðruví⁵ við en þeir hugðu til. Karlamagnús talar þá til þeirra meðr blíðu andliti: Nú þó at þeir hlutir sé eigi til reiðu at senda Agulando konungi yðrum, sem hann beiddi, þá skal eigi alt eins engis virða orð þvílíks höfðingja, allra helzt⁶ er hann sendi þvílíka menn til vár. Því takit hér⁷ fjóra gripi ok fœrit konungi yðrum, þat er höfuð Jamundar með hjálmi, ok armleggr hans með fingrgulli; segit þar með Agulando, at þetta skal hann fyrr eiga umfaðma en gulliga kórónu Karlamagnús keisara, ok ef guð lofar, ætlum vér þvílíkan at gera hans sem Jamundar. Galinger sem hann lítr höfuð Jamundar þann veg tilbúit, andvarpar hann hátt ok segir: Hó⁸ herra Jamund, þunga dagleið áttir þú fyrir hendi, þá er þinn varð⁹ þvílíkr gerr; en hvat gerðir þú, hinn bannsetti Makon, er þinn bezti vin skyldi svá háðuliga vera leikinn? Konungrinn svarar: Þat var at líkendum, þó at sá veitti enga hjálp öðrum, sem sjálfum sér mátti eigi forða við hrakförum.¹⁰ En tak þú, Galinger, til meðferðar,¹¹ hvárt sem þér líkar [höfuð Jamundar eðr armlegginn¹² ok fœr Agulando. Nú þó honum væri hvárki mjök viljat, fœrist honum höndin, en Ulien höfuðit, ok sem þat er borit at honum, ýglist hann á¹³ höfuðit, blæss hátt ok segir: Þat veit Maumet, at mikilla hefnda er sá verðr af Agulando, er þvílíkt¹⁴ hefir unnit at drepa hans einga son; því tak hér glófa minn, talar til konungs, í einvígis veð, ok lát fram í móti hinn vildasta af þínum,¹⁵ ok ef ek sigra hann, takit allir trú vára, en ef hann sigrar mik, þá vil ek snúast til yðvars síðar. En vit þat, ef þit finnizt þú ok Agulandus, at þetta lið er alt til dauða dæmt, hvar fyrir örlög yður eru þrotin ok með öllu únýft. Karlamagnús svarar: Vel segir þú, stillt lunderni þitt, þá er betr, því at þú hefir nasar¹⁶ svá bráðar, at eigi geymir þú hvat þér byrjar tala; guð ræðr örlögum várum, en eigi orð þín, er þat ok líkara, at hann sýni, hvárr réttara hefir í þessu máli, hann er sœkir þetta land eða ek er þat ver. Nú fœr Agulando höfuðit með þeim orðum, at eigi um

¹) *saal. b;* lætr *B.* ²) búkinn *b.* ³) [Nú er til reiðu skattrinn *b.* ⁴) hvílíkr *b.* ⁵) öðruvegs *b.* ⁶) fyrir þat *tilf. b.* ⁷) *saal. b;* þér *B.* ⁸) óhó *b.* ⁹) var *b.* ¹⁰) hrakför *b.* ¹¹) ferðar með þér *b.* ¹²) [höfuðit ok hjálminn Jamundar eðr armlegginn með fingrgulli *b.* ¹³) *saal. b;* ok *B.* ¹⁴) slíkt *b.* ¹⁵) mönnum *tilf. b.* ¹⁶) nasir *b.*

aldr berr hann kórónu í heilagri Róma. Við þessar orð skiljast þeir, líkar þeim Ulien stórilla.

65. Sendimenn Agulandi ríða nú brott eigi svá kátir sem fyrr, ok meðr minna ríkdómi en þeir hugðu til; eigi gengr Karlamagnús berfœtr¹ fyrir hestum þeirra,² eigi fylgja þeim til gleði fagnar meyjar, heldr er sá einn þeirra afli at líta blóðugt höfuð ok fyrir allar greinir lítt fágat, hvar fyrir þeir ríða seint með döprum hug, til þess at³ þeir koma nálægt fremstu fylking Agulandi, ok mæta fyrst Madeqvin, hann heilsar þá ok segir: Verit góðir af tíðendum, segit með auðveldi, hversu mátti hinn digri Karlamagnús, hefir hann sent oss guði vára? Sem Ulien heyrir hvat Madeqvin talar,⁴ reiðist hann ok vill engu svara. Hvaðan af Galinger segir: Hví⁵ lætr þú sem galinn maðr? hvárki þína guði né [annat gott⁶ mun Karlamagnús láta kúga af sér, dauðr er Jamund,⁷ brotnir sundr guðirnir. Madeqvin svarar: Farit með engan hégóma, engi maðr mundi dirfast at gera þvílíka smán⁸ ok skapraun konungi várum. Galinger segir: Líttu hér þá höfuð Jamundar, ef þú trúir mér eigi. En forsjóliga⁹ gerði Karlamagnús þat, því at hvárki Agulandus né nökkurr yðvarr vissi,¹⁰ at Jamund var¹¹ dauðr, utan hann hefði látit fylgja skýrar jartegnir, kenn nú þá þat fingrgull, er Jamund berr sér á armlegg. En er Madequin má eigi lengr dyljast við, svarar hann með andvarpan: Alt vill oss til harms snúast, ok létti hárit¹² sér af höfði, ok allir hans kumpánar, er þat fréttu, kveinaðu hátt með illum lætum sakir hræðslu ok ótta, er yfir þá kom. Síðan ríða sendimenn fram til annarrar fylkingar, er stýrði Aehars or Amflor, ok þegar hann kendi silkimerki Uliens, snýr hann móti honum¹³ ok mælti: Velkomnir lögunautar várir, hafa kristnir menn undir gengit meðr sínum höfðingjum vár lög. Galinger svarar: Mikil heimaska væri þeim þat, því at alt vart traust verðr oss at engu, en þeir megu alt þat vinna sem þeim líkar. Aeharz svarar: Hví beri þit ykk svá lítt, eigi munu þau údcemi¹⁴ at hendi komin, at Jamund sé dauðr. Galinger segir: At vísu er hann¹⁵ dauðr, sem sjálfr máttu þínum augum sjá; lít hérna hönd hans með fingrgulli. En Ulien hefr höfuðit ok hjálminn, klofit hvartvegga sundr, er Karlamagnús sendi Agulando. Aeharz ok allir hans menn urðu svá daprir af þessu efni, at nær vissi engi hvat at skyldi hafast. Fram ríða sendimenn héðan at þriðju fylking, er Kalades stjórnar, hann víkr fyrir þá svá segjandi: Makon signi ykk; þat var enn ván Ulien, segir hann, at þér mundi sœmdin vilja, enda man Agulando þat

1) berfœtr b. 2) tilf. b. 3) er b. 4) segir b. 5) Hér b. 6) [nökkut annat b. 7) ok tilf. b. 8) skömm b. 9) forsjálliga b. 10) mundi trúa b. 11) væri b. 12) saal. b; hartt B. 13) þeim b. 14) tíðendi b. 15) Jamund b.

bezt líka. Gékk harði konungr glaðliga undir at gjalda skattinn, eða¹ hví fari þú svá fálíða? Váru hestarnir eigi til reiðu? Ulien tekr reiðast við þat spott, er hann þikkist mæta, ok svarar með mikilli reiði: Vei verði yðr, svá mart sem þér rabbit, er þat ok líkara, at þú Kalades ok þínir fylgdarmenn verði skjóttliga vísir, hvern eða hvílíkan skatt kristnir menn ætla yðr, ok ef þú nýtr eigi annarra við, mun þér þá² at fullu vinnast; en vit þat, at guð vár hafa svikit oss ok látit drepa Jamund, en seljast sjálfa sik í hendr þútum; hafa þær svírvðliga farit með þá ok brotit sundr í smátt. Kalades gékk nálíga af vitinu, sem hann heyrði hvat Ulien sagði, ok talar: Bölvaðr sér þú, Makon, [svá lítt geymandi³ þíns höfðingja! Hverr mun héðan af þagat þurfa til trausts at léita, sem þú ert? Vei verði þér fyrir þinn údrengskap, þeir munu ilt at ömbun taka, er þér þjóna. Síðan ríða þeir fram til fjórðu fylkingar. Ok þegar Eliades ok Pantalas kenna þeirra ferð, snúa þeir móti þeim ok kveðja þá svá segjandi: Velkomnir sendimenn konungs várs, hvar eru þær fríðu meyjár, er Agulandus beiddi? gott eiga ungir menn sér við þeirra faðmlög at una. Galinger svarar: Eigi eru Frankismenn svá auðveldir við at eiga, sem þér ætlit, ok annars hygg ek at þeim þikki þér makligir en at leika⁴ at gersemum þeirra. En nú er þat framkomit, Pantalas, sem margir töluðu, þá er Agulandus skipaði Jamund son sinn formanu svá góðra riddara, at þat mundi öllum oss horfa til mikillar úgæfu at fara eptir hans ákefð til þessa lands, því at kristin þjóð hefir svá mikit traust í sínum guði, at þeir þikkjast öllu á leið koma, þegar hann hlutast til með þeim, lítit skilda ek af, en mart heyrða ek þá segja af honum; drepit hafa þeir Jamund ok alt [lið hans,⁵ tortímt hafa þeir gudunum sjálfum, ok vilja enga sœmd Agulando fyrir unna, þvílíka vanvirðu ok skömm sem þeir hafa gert honum ok öllum hans vinum. Þvílíkt höfum vit at segja, ok þó annat miklu fleira. Pantalas þagnar ok kann engu svara. Þessu næst koma þeir at höfuðmerki Agulandi, fara margir miklir höfðingjar ok spyrja þá æ sem tíðast at tíðendum, en þeir láta mjök drjúgliga ok vilja engum nökkut segja fyrr en þeir koma fyrir⁶ Agulandum. En er Agulandus sér þeirra ferð, verðr hann geysi glaðr, heilsaði⁷ þeim fyrri, ok spyr hvar Karlamagnús var⁸ eða hvárt hann ætli⁹ koma á hans fund, biðr þá segja hátt ok greiniliga sitt¹⁰ eyrendi. Galinger svarar konunginum: Meðr því at þér beiðit þess, skal ok svá gera. At vísu ætlar Karlamagnús at koma¹¹ á yðvarn fund, ok¹² eigi meðr svá mikilli undirvorpningu at

1) ok b. 2) sá b. 3) [er svá lítt geymdir b. 4) yðr tilf. b. 5) [þat lið er honum fylgdi b. 6) til b. 7) heilsandi b. 8) fari b. 9) nökkut tilf. b. 10) sín b. 11) sækja b. 12) en b.

gefa upp í yðvart vald sína kórónu með konungligri sœmd, heldr at eiga við yðr bardaga. Er þat ok satt at segja, at engis kyns ótta [sám vit¹ snerta hans hjarta, ok eigi it minsta bregða sínum lit, þá er vit bárum honum yðvart eyrendi, heldr var hann heill ok kátr ok hafði skipat sínum fylkingum. Þá svarar Agulandus nökkut stutt: Sendi hann oss skattinn? Já, herra, segir Ulien, þvíllkan sem nú megi þér sjá. Kastar fram hjálminum með² höfðinu fyrir fœtr honum, ok talar: Þenna sendi Karlamagnús þér skattinn, en eugan annan, er þat höfuð Jamundar; ok til þess at þér þurfit eigi lengr³ dyljast við at son yðarr er dauðr, lét hann fylgja skýrrar jartegnir, hverjar Galinger [kann yðr at⁴ sýna. Galinger leggr þá fram armlegginn á gólfrit fyrir kné konungi. Sem Agulandus sér höfuð Jamundar, visnaði hans hjarta, svá at alt megn⁵ dró brott or hans limum, fallandi fram or sínu sæti yfir höfuðit mjök í úvit, ok liggr þar til þess, at hjástandandi menn taka hann sér í faðm. Ok sem af honum líðr it mesta úmegnit,⁶ talar hann með þungu andvarpi: Hó hó, son minn, til mikillar úgiptu [var þú⁷ fœddr; því at fyrir þitt forsjóleysi stingr⁸ œsiligr harmr hjarta þíns föður; en þó er þat makligt, því at ek veitti þér ofmikrit efni til mótgangs við mik, þá er ek setti kórónu þér á höfuð, aldri síðan fylgdir þú mínum ráðum, heldr héltu⁹ þeirra félagskap, er hvárki vildu mína sœmd né þína, svá at Estor er mik vildi svíkja, gerðir þú þinn merkis-mann, ok þökk hafi þær hendr er hann drápu. Eptir þetta talar hann til Galinger: Hvar eru guðir várir fjórir? Hann svarar: Engá ván eigi þér¹⁰ þeirra, herra, því at kristnir menn hafa háðuliga við þá skilit, svá at skœkjur tóku þá í sitt vald, drógu þá ok bundu brjótandi sundr at síðastu, ok undra ek, hví þeir létu [þann veg¹¹ með sik fara, eigi sýnandi né eitt mark¹² síns máttar, en þat mun reyndar, at þeir megu sér miklu minna en vér látum, hefði þeir mátt við gera, þá þyldi þeir aldri [þvíllka smán¹³ hefndalaust. Sem Agulandus heyrir þat, þíkkir honum lítit um batna, ok segir svá bæði¹⁴ með hrygð ok mikilli œði: Hví má þann veg til bera? Áðr vér byrjaðum herferð til þessa lands, báðu vér guðina fulltings, er margan tíma höfðu oss vel dugat, ok vér hyldumst þá svá mjök¹⁵ at, at vér sendum þá fram¹⁶ í Arabialand ok létum öll búa með skærasta gulli ok dýrastum gerssemum, ætlandi at því öllu framar stœði þeir frammi með oss; en nú er sú ván horfin, at þvílíku sem sjá má. Hvat kantu at segja, Galinger, af Karlamagnúsi? Galinger svarar: Karlamagnús virðist mér hinn merkiligasti maðr ok hafa

1) [sá ek b. 2) ok b. 3) mgl. b. 4) [má yðr b. 5) megnit b. 6) úmegnit b. 7) [vartu b. 8) stangar b. 9) hélt þú b. 10) til tilf. b. 11) [svá b. 12) merki b. 13) [mgl. b. 14) báði b. 15) mgl. b. 16) mgl. b.

svá¹ snörp augu ok mikla giptu. Mart heyrða ek þá segja af guði sínum, kváðu hann hafa niðr stigit af himnum í kvið heilagrar nökkurrar meyjar, þeirrar er þeir nefndu Mariam, segjandi at hon bæri hann í sínum kviði marga mánuðu,² ok fæddi síðan sem eitt lítit barn í heiminn, ok þat létu þeir þar fylgja, sem mér þótti móti öllum líkendum, at hon væri jafnhrein mæð síðan hon hafði getit hann ok fœtt sem áðr. Þenna piltinn unga sögðu þeir vera sem annan mann ok taka skírni af einum manni, er bygði³ eyðimörk, ok nefndu hann Johannem. En eptir þat er Jesus var skírðr, sögðu þeir hann predika sanna trú, en þat þoldu Gyðingar illa, ok hefði farit til at pína hann ok negla⁴ á kross, ok dœi⁵ sem annarr maðr, ok eptir þat risi hann⁶ af dauðanum til lífs ok stigi upp aptr til himnanna ok settist í sitt háseti, byggjandi þar æ síðan. Ok þat sögðu þeir, at sá einn mætti hjálpast, er á hann trýði. Ok þá spurða ek, hvat þeir hefði, er eigi trýði honum, en þeir sögðu þá brenna í eilífum eldi. Í þessum guði sínum sögðust þeir hafa svá mikit traust, at þeir ætlaðu glaðir ganga til bardaga móti yðr, ok þótti sigrinn viss fyrir hendi; en sú þeirra ætlan var mér eigi skiljanlig, því at yðr, herra, satt at segja, mun eigi taka lið þeirra til þriðjungs við yðvarn fjölda. Agulandus svarar: Fyrir þeim mikla harmi er ek þoli fyrir dráp sonar míns, má ek eigi eptir hugsa hvat er þú talar. Eptir þetta er tekit blóðugt höfuðit or hjálminum ok fœrt konungi, en hann minnist við leggjandi á brjóst sér. Endrýjast þá hans harmr ok angr, ok réttlíga mátti þat segja, at um allar fylkingar Agulandi væri hit sama orðtak at heyra, er hverr sagði öðrum: dauðr er Jamund. Þar með störfuðu allir í sorg ok gráti. En meðr guðs lofi man þetta hrygðarefni lítit hjá því, sem þeim man skjótt til⁷ bera.

66. Þessu næst er greinanda, at svá sem sendimenn Agulandi váru brott riðnir, talar Karlamagnús við hertoga Girard: Þú minn elskuligsti vin, segir hann, skaltu⁸ hafa blítt orlof til þinna manna ok búa þá til bardaga, því at í stað ætlum vér⁹ láta blása til atlögu. Hertoginn svarar: Verði vili guðs ok yðvarr, en geymit þess einna framast, at hin fyrsta atlaga yðvarra manna verði sem snörpust, því at ef heiðingjar kenna engan bilbug á yðr, munu þeir skjótt vikna. Ok ef guð gefr þat fyrir sína mildi, at fyrr orkaði á þeirra lut, þá væntir ek, at eigi fái þeir viðfall þaðan af; því at lengstum ferr svá, at þeim veitir erfiðara, er fyrri hliða. Ok [ef hin¹⁰ fremsta fylking gengr fram or sinni stöðu, søeki aðrir því

¹) mgl. b. ²) mánaði b. ³) í tilf. b. ⁴) hann tilf. b. ⁵) deyði b. ⁶) upp tilf. b. ⁷) handa tilf. b. ⁸) skalt b. ⁹) at tilf. b. ¹⁰) [saal. b; ek man B.

drengiligar eptir, ok styði svá hverr annan, en standi meðan sem bezt, er eigi sér hvern veg ferr. En ek man þar leita til atsóknar meðr mínum mönnum, sem guð gerir ráð fyrir; vilda ek gjarna, at eigi gæfi¹ þeim setuefni² sem vér fyrst mœttim. Keisarinn þakkar hertoganum sín tillög, kvazt þess vænta, at vel dugi Rollant frændi hans til með sínum jafningjum. Skiljast síðan, ríðr hertoginn sinnu veg, en Karlamagnús lætr blása sínum konungligum líðri, en er hann heyrst, gerist mikill gnýr ok úkyrrleiki í herinum, skipast hverr þeirra í þá stöðu ok undir þat merki, er hann á at standa. Sem hér er komit, ríðr herra páfínn frami meðr mikla sveit manna, váru þeir flestir herklæðum skryðdir berandi dróttinligan kross. Ok meðr því at enn var eigi ráð fyrir gert, hverr þat dýrmæta merki skyldi um bardagann bera, þá víkr herra páfínn at einum herra-manni, er honum var vel kunnigr af þeirri sveit er Mauri kallast, ok segir svá til hans: Þú góði vin, skryð þik sœmiliga ok ber í dag kross dróttins fyrir váru liði. Herra, [segir hann,³ þér talit undarliga, hversu má ek bera þann blezaða kross úlærðr maðr? Hvat vinn ek þá með þeim vápnum, er þér féngut mér fyrra dag? Ek segi yðr, herra, at eigi skryðumst ek fyrri öðrum skryða, en þessi bilar mér. Skolu þér ok þat sjálfir mega sjá, at svá drengiliga skal ek guði þjóna ok yðr, at dýrkeypt munu þau verða heiðingjum. Því látit annan bera krossinn, þann sem hans heilagleik sé makligri. Herra páfínn kallar þá til sín mikilsháttar mann ok vel lærðan Ysopem at nafni, ok segir: Son minn, vér viljum at þú berir⁴ í dag dróttinlegan kross fyrir váru liði. Heilagr faðir, segir hann, ek játti, at yðru boði á ek⁵ hlýða, en bið ek, at heldr fái þér krossinn dróttins öðrum manni til meðferðar, því at alls til fá guðs úvini ok yðra þikkjumst ek mega slá mínu sverði, ef ek ber hann; hvar fyrir ek biðr, at þér gerit mik frjálstan ok liðugan af þessu, skal ek því heita, at eigi gangi heiðingjar þar frjálsliga fram, sem þeir mæta mér. Sem þeir talast þessor orð við, ríðr at einn þrifligr maðr sitjandi á vænum hesti rauðum, stórliga vel búinn at vápnum, kurt-eiss í vexti [ok hinn hreinmannligsti á hesti, meðr þrifligum herðum ok digrum armleggjum.⁶ Þessi hneigir herra páfanum ok segir: Guð signi yðr ok styrki, heilagr faðir! heyrst hefir ek á um hríð, at yðr verðr⁷ svá sem handbyndi at⁸ hinum heilaga krossi, ok fáit eigi þann er hann vili bera; nú meðr yðrum vilja mun ek heita⁹ þessu vandræði ok bjóðast til at bera krossinn, er þeir hafa áðr neittat svá sem miklum þunga. Herra páfínn lítr við honum ok

¹) gæfist b. ²) setugrið b. ³) [tilf. b. ⁴) saal. b; berit B. ⁵) at tilf. b.

⁶) [með þrekligum herðum ok digrum armleggjum, ok hinn hreinmannligsti á hesti líta b. ⁷) verði b. ⁸) tilf. b. ⁹) létta b.

kennir eigi í fyrstu manninn, því at herklæðin huldu hans ásjónu, ok spyr: Hverr ertu, góði riddari, eða af hverju ríki, er þann veg gláðliga býðst undir at bera [svá háleitan heilagdóm¹ ok léttu váru starfi? Hann svarar með gamni: Herra, fyrir norðan Púl var ek fœddr í Frakkakonungs ríki, ek var munkr í klaustri Umages meir en tíu vetr, hvert stendr í borginni Kun, þaðan var ek brott tekinn ok gerr byskup Reimensis² kristni; en nafn mitt, herra, man yðr kunnigt, því at ek heitir Turpin. Herra páfinn segir: Son minn, at vísu ertu mér kunnigr, ok viltu bera í dag þetta blezaða merki? Gjarna, segir hann, því at svá byrjar, at vér yðrir þjónostumenn standim karlmannliga frammi í guðs bardaga, en þér biðit oss miskunnar. Eptir þat stígr erkibyskup af hesti ok gengr lítillátliga [kyssandi hægra fót páfans,³ en tekr síðan glaðr ok feginn við dróttinligum krossi, stígr á bak ok ríðr síðan alt í fremstu fylking. Ok þegar Rollant ok Oddgeir danski ok þeirra félagar sjá Turpin erkibyskup þar kominn meðr kross dróttins, stökkva þeir allir af baki, falla til jarðar með miklu lítillæti ok tigna þann háleita heilaga⁴ dóm, en stíga síðan á hesta. Sem hér er komit, stendr vel at greina þessu næst, hvílfkt traust ok fullting er allsvaldandi guð auðsýniliga sendir heilagri kristni af sínu himnesku sæti fyrir háleita⁵ verðleika síns elskuligsta postola, því at Jacobus sér ástundan Karlamagnús ok heyrtr hefir hann keisarans bæn, ok fyrir því at hann skilr eigi nú mega algerliga yfirstígast af sinni jörðu til lokins herskap⁶ úvinarins ok hans kumpáns Agulandi meðr mannlígu styrk, því biðr hann sinn háleita meistara dróttin Jesum son Marie meyjar, at hann virðist nökkura senda sér⁷ af himneskri hirðsveit, at makliga niðr brjóti⁸ ok djarfliga sundr sníði drambsama limu andskotans. Ok þat veitist⁹ þegar, því at svá sem kross dróttins várs Jesu Kristi er kominn í fremstu fylking kristinna manna, líta allir, at¹⁰ sjá máttu fyrir þröng manna eða hæðum jarðar, at þrír riddarar björtum herklæðum skryðdir ok á hvítum hestum ríða ofan undan fjalli¹¹ Asprement svá djarfliga, at eigi taka þeir fyrr sína hesta af skeiði, en þeir nema staðar¹² rétt í framanverðri fylking Rollants takandi sér stöðu hjá Oddgeiri danska. Ok¹³ sakir þess at þeir kendust af engum, þá talar Oddgeir til þess er fyrir þeim var, ok undraði hví þeir [riðu þann veg¹⁴ ákast, ok segir svá: Þú riddari, er sitr á þeim¹⁵ hvíta hesti, er ek sá engan stoltara, seg mér nafn þitt eða af hverri borg þú ert kynjaðr, aldri man ek þik mér fyrir augu hafa

¹ [þenna heilagan dóm b. ²) Renensis b. ³) [at pávanum kyssandi hans hægra fót b. ⁴) helgan b. ⁵) háleitan b. ⁶) saal. b; skap B. ⁷) mgl. b. ⁸) kvisti b. ⁹) veittist b. ¹⁰) er b. ¹¹) fjallinu b. ¹²) stað b. ¹³) En b. ¹⁴) [riði svá b. ¹⁵) hinum b.

borit, eða hvert ætlar þú, er þú ríðr svá geustr? Nýkomni riddari svarar honum meðr hógværrri rödd: Stíllt þik vel, góði vin, segir hann, ok tala þægiliga, en þat er líkligt, at fleiri sé menn í heimi en þú berir kenst á alla; en ef þú vill nafn mitt vita, þá nefn mik Georgium, en þeir tveir, sem mér fylgja, heita Demetrius¹ ok Mercurius, skal ek þik ekki leyna því, at vér erum sendir af konungi várum at veita yðr líð, ok ekki skaltu þat undra, þótt ek skipi mér í brjósti fylkingar, því at hvervetna þar sem ek verð í þardögum staddr, gerir ek æ hina fyrstu atreið móti úvinum, en hana vil ek nú gefa þessum unga manni keisarans frænda, sem hér stendr hjá okkr, meðr þeim formála, at aldri skal honum koma æðra í hjarta né bleyðiorð af munni, hvar sem hann verðr staddr. Sem Oddgeir þikkist gerla undirstanda, at þeir eru guðs heilagir menn, lítillætti² hann sik sem mest í þeirra augliti ok talar meðr fagnaði: Lofaðr sé sá dróttinn [er vér eigum,³ er svá miskunsamliga umhugsan-veitir sínum sauðum; enn bið ek þik, hinn heilagi guðs kappi, at þú takir þá geymslu yfir Rollant systursyni keisarans, sem hann skipaði mér. Georgius svarar: Ríðum fram djarfliga allir samt, en ger þú⁴ ekki orð á fyrir öðrum af váru efni. Rollant heyrir þat sem þeir talast um, ok lofar allsvaldanda guð af öllu hjarta, ok víkr djarfliga fram í miðil þeirra, standa síðan allir samt.

67. Skjótliga sem greindir guðs riddarar eru í komnir fylking Frankismanna, sjá þeir hvar fram ferr Madeqvin mikli meðr sinni⁵ fylking. Gerist þá úkyrrleikr mikill, hark ok háreysti, því at hvárritveggju öpa stór⁶ heróp, blása í horn ok þeyta lúðra, berja bumbum en ljósta trumbum, ok svá mikill gnýr varð af öllu saman ópi [ok háreysti⁷ mannanna ok miklum hljóðm stórra horna, háfum þyt hvellra lúðra, stórum dyn⁸ digra trumbna ok allskyns lætum hesta ok múla meðr margri⁹ hvískran fagra söngbjallna, at í hverri¹⁰ hæð ok fjalli kvað dvergmála, en langt ok víða skalf jörðin ok pipraði hvern veg út í frá; ok sannliga máttu þeir eigi kallast huglausir, er í því líkum úkyrrleik stóðu meðr öllu úskelfðir. Því gaf [guð óumræðiligan¹¹ styrk í hjörtu sinna manna, at þeir glöddust ok dirfðust við alt slíkt, svá sem þeir skyldi inn ganga til dýrasta snæðings. En af annarri hálfu kom mikill ótti í hjörtu margra heiðingja, þegar þeir litu fylkingar Franzeisa. Nú síga fylkingar saman, svá at eigi er lengra miðil en eitt örskot, ok áðr en [þær mæstast,¹² rennir Madequin fram á völinn sínum stóra hesti, sem prófandi ef nokkurr væri svá mikils hugar, at við hann þyrði prófa.¹³ En Georgius sem

1) Demetrius b. 2) lítillækkar b. 3) [mgl. b. 4) þó b. 5) sína b. 6) mgl. b. 7) [mgl. b. 8) saal. b; þyt B. 9) nógrí b. 10) saal. b; hverju B. 11) [hann mikinn b. 12) [saal. b; þeir mæðaz B. 13) at reyna b.

hann lífr¹ Madequin, talar hann til Rollants takandi í beislistaumana, ok segir svá: Sé, segir hann, liversu þessi hinn drambláti hrósar sér, hræðst ekki þótt hann sé mikill ok digr, prófa til hversu leikrinn fari, því at þér byrjar² heyja fyrstu atreið þessa³ bardaga. Rollant hneigir sik ok talar: Ef þat er vili guðs ok yðvarr, skal ek gjarna fyrstr manna brand⁴ rjóða í heidingjans blóði. Síðan slær hann þann⁵ skjóta hest sporum, er Jamund hafði átt,⁶ tvíhendir spjótit, en snarar at sér skjöldinn, ríðandi at sem snarast, ok leggur spjótinu í skjöld Madeqvins, ok sakir þess at hann var stórliga þungr fyrir, fékk Rollant hvárki komit honum af hesti né nökkut sveigðan. Madeqvin leggur spjóti [til Rollants⁷ svá hart, at í gegnum gengr skjöldinn, en með því at guð hlífði, brast sundr spjótskaptit í þrjá hluti, en Rollant varð ekki sárr. Rollant fyllist upp af miklu kappi ok bregðr góða sverði Dýrumdala,⁸ ok sakir þess at þeirra var svá mikill [vaxtar mun,⁹ at Rollant náði varla hans höfði, reisist hann upp sem lengst ok höggur sverðinu ofan í miðjan hjálm Madeqvins, kljúfandi hans digra bók meðr öllum herklæðum ált niðr, svá at í hestinum nam staðar. Varð mikill dyn¹⁰ í vellinum, er hann féll til jarðar. Sem heidingjar sjá sinn höfðingja falliun, skelfast þeir stórliga mjök ok tala¹¹ svá: Herra Madequin, segja þeir, í engu landi fannst þér meiri ok sterkari maðr, en furðuliga mikit afl er gefit þeim litla manni, er þik herklæddan svá ramliga sundr klauf; þat veit Makon, at aldri sám vér einn lagan dverg þvílík högg veita, ok ef aðrir Franzeisar eru jafnsterkir, man Agulandus hart niðr¹² koma, ok skjótt man öll Affrika í eynd sitja. Rollant ríðr eptir Madeqvin feldan¹³ djarfliga fram at heidingjum ok drepr hvern er fyrir verðr. Ok er Georgius sér hvat Rollant hefst at, talar hann: Ríðum fram til fulltings við þenna mann, er svá drengiliga hefir oss rutt til vígvallar. Eptir þat ríða þrír guðs riddarar, Oddgeir danski ok ellifu¹⁴ jafningjar fram tveim megun¹⁵ hjá Rollant, ok öll þeirra fylking, gerist þá hin snarpasta höggorrosta.¹⁶ Þeir guðs riddarar bregða sínum sverðum, er svá váru hrein ok bitrleg at lýsti af, ok höggva niðr heidingja til beggja handa. Sem bardagi¹⁷ hefir fastliga tekizt ok Affrikar falla, en aðrir verjast vel ok drengiliga, kemr frægr herra Turpin erkibyskup móti heidnum mönnum berandi þann heilaga kross, er á þessum tíma birtist yfir háleitr kraptr guðligrar miskunnar, at hann skein svá hjart, at alla vega ljómaði af¹⁸ sem sólar ljósi, ok svá sýndist hann guðs úvinum mikill ok ógurlig, at

1) leit b. 2) at tilf. b. 3) í tilf. b. 4) sverð mitt b. 5) sinn b. 6) áttan b. 7) [tilf. b. 8) Dýrumdala b, her og senere. 9) [munr um vöxt b. 10) dynr b. 11) mæla b. 12) viðr b. 13) fallinn b. 14) hans b. 15) megin b. 16) orrosta b. 17) bardaginn b. 18) honum tilf. b..

eigi þorðu þeir móti honum líta, heldr sneru þeir undan hans nálægð sem lengst mátti,¹ þar til at öll fylking Madeqvins tekr rjúfast. En Rollant með sínum mönnum drepa svá margan mann á lítilli stundu, at þat var eigi auðvelt tína, því at meðan hans jafningjar váru úmóðir, þurfti engi lífs at vænta, er varð fyrir þeirra vápnum. En meðr því at víðara verðr við at koma, skal Rollant meðr krapti hins heilaga kross ok stuðning þriggja guðs ástvina, er jafnan gengu honum næstir, þann veg dreifa þeirri fyrstu fylking Agulandi, sem guð skipar, en nú skal greina þessu næst, hvat hinn hrausti hertogi Girarð hefst at í þenna pungt.

68. Girarð sem hann skildist við Karlamagnús keisara, ríðr hann sem hvatligast til sinna manna, ok kallar saman alla höfðingja ok býðr til bardaga búast, ok er allir eru búnir at hestum ok vápnum svá vel, at engi flokkur þurfti betr ok fagrligra² vera búinn, en sá er hertoginn hafði fóstrat af þeim sœmdum er guð léði honum, talar hann til þeirra ungu manna, er nýtekit höfðu við riddaraligum búnaði, ok segir: Þér ungu menn, segir hann, gerit yðr harða í hjörtum ok vápnðjarfa, bili spjótin eða brotna kunni, gripit skjótt til sverðanna, látit [yðr jafnkungt at³ höggva sem leggja, hvárt sem betr dugir, hræðizt alls ekki Affrika vanda menn ok fúla, rekum djarfliga þeirra flóttu, eggji hverr annan til hugdirðar, því at með vilja lausnara várs skulum vér af þeim vinna alt þat sem þeir [úmakliga hafa⁴ halda, lönd ok ríki, gull ok silfr, en vænta þar á ofan meiri ömbuna ok háleitari af almátkum guði fyrir várt starf ok erfiði, því at harla gott er at leggja sitt líf út fyrir hans skyld. Allir játta svá gera sem hann býðr. Boz ok Clares frændr sína skipar hann í fremsta lagi sinnar fylkingar. Ok þegar sem þeir ungu riddarar eru á hesta komnir, ríða þeir ákafst, þóttist sá bezt leika, er fyrst mátti⁵ rjóða sinn brand⁶ í hörðum heiðingja beinum. Hertoginn stefnir á bak liði Karlamagnús ok ætlar, ef svá vill verða, at komast í nánd höfuðmerki Agulandi, því at þar þykkir honum⁷ enn bezt við at eiga, sem mestr er styrkrinn fyrir. Því ferr hann fram um einn lítinn skóg ok vill ekki koma í bland við aðrar fylkingar, ok stefnir á hœgra veg at höfuðmerkinu Agulandi. En á þeim skógi váru nökkurir njósnarmenn Agulandi ok verða varir við hertogans menn, því hleypir einn af þeim til þess er hann kemr fyrir Agulandum, berandi sitt eyrendi með ákefð ok segir: Maumet hjálpi yðr, því at þurfa munu þér nú þess; hér ferr at yðr einn flokkur kristinna manna stórliga vel búinn⁸ at herklæðum, ok ef þér búizt eigi við þeim, munu þeir at vísu gera yðr mein. Sem Agulandus heyrir þat, bregðr

¹) máttu b. ²) fagrligar b. ³) [saal. b.; jafntkungt (l) vera B. ⁴) [hafa úmakliga b. ⁵) mætti b. ⁶) eðr reyna tilf. b. ⁷) saal. b.; þeim B. ⁸) búnir b.

honum við¹ undarliga, því at hann skelfðist í sínu hjarta, ok allir hans höfðingjar er með honum váru saman komnir, ok var þat fyrir guðliga miskunn, at hundrað þúsunda, sem Agulandus hafði skipat undir sitt merki,² mætti óttast, hvar sem færi³ þeim (í) nándir [nökkurr hundraða⁴ flokk. Ok er heiðingjar líta hertogans ferð ok spyrja hvat nú sé til ráða talar fyrr greindr Ulien: Herra, segir hann, hryggizt eigi af þessu efni, þessir hafa fá menn ok engan [liðkost til þess⁵ at granda yðvarri sæmd, því at þeirra afl virði ek lítills; fáit mér til fylgdar tuttugu þúsundir riddara, ok skal ek makliga⁶ ganga þeim at veita nætrgisting,⁷ ok ef ek hefir eigi drepit þá alla údr sólin sezt, verði rangsnúnir sporar mér á fætr settir, en brott tekinn toppr or mínum hesti, en ek sjálfir hafðr at athvarfi. Agulandus svarar: Þú ert hraustr riddari⁸ ok líkligr at veita mér heil ráð með trúrri þjónostu, Ulien frændi, því vættir⁹ ek, at þú hjálpir mér við meðr þínum riddaraskap; ok ef vér fám þetta ríki unnit, skal þat gefast yðr til stjórnar, svá sem í arf eptir Jamund frænda þinn. Ulien svarar: Þat veit Machon, at eigi beiði ek framar. Gengr síðan ok kyssir hans hægri hönd. Galinger heyrir hvat þeir talast við ok segir: Undarligt er þat, Ulien, at þú kennist eigi við hvat þú mátt; hygg af því, at þér beri þá giptu til handa at vega sigr á Franzeisum, eða mantu eigi hversu lítit þeir gáfu sér¹⁰ at [hábrókan þinni,¹¹ heldr [fór. þú,¹² þó at naudigr, með blóðugt höfuð Jamundar, ok vart feginn at¹³ þú komzt¹⁴ brott or þeirra aug-sýn. Ulien reiðist mjök orðum Galingers,¹⁵ ok ef Agulandus væri eigi svá nálægr, mundu þeir prófat hafa sín í miðil, hvárr drjúgari vyrði. Eptir þat sem Ulien hefir tekit orlof af konungi, tekr hann með sér vel tuttugu þúsundir ok fylkir. Flestir af þeim báru engar brynjur né hjálma, sá var þeirra búnaðr, at þeir váru í þykkum¹⁶ leðrpanzarum, ok brynhettur læstar at höfði, boga meðr örvamæli, en öxar héngu við söðulboga; svá búnir ríða þeir móti hertogans mönnum. Sem hertogi Girarð lítr þeirra ferð, kallar hann saman sína menn, er áðr fóru nökkut dreift, ok segir: Geynum vel til ok förum ekki lausir,¹⁷ þröngum oss saman sem mest, ok gerum vára fylking sem þykkvasta, svá at skjöldr liggi við skjöld, en spjót við spjót, látum¹⁸ þá at sækja, en vér tökum móti djarfliga, hlífum oss sem bezt, ok bregði engi sinni stöðu, þar til er heiðingjar taka¹⁹ mæðast, en veitum þá sem drengiligsta atsókn. Svá gera þeir, slá

¹) tilf. b. ²) höfuðmerki b. ³) saal. b; fera B. ⁴) [tíu þúsunda b.

⁵) [liðskost b. ⁶) fyrir tilf. b. ⁷) vetrasting b. ⁸) maðr b. ⁹) vættir b.

¹⁰) sik b. ¹¹) [drambi þínu b. ¹²) fórtu b. ¹³) er b. ¹⁴) komt b.

¹⁵) Galinger b. ¹⁶) þískum (d. e. þýzkum) b. ¹⁷) dreift b. ¹⁸) saal. b;

lítum B. ¹⁹) at tilf. b.

á svá stinna fylking ok þykkva, at langt mundi líða áðr en glófi kæmi til jarðar, þótt yfir væri kastat. Ok er Ulien kemr át, rennir herra Clares systurson hertogans fram á völlinn, er miðil var fylkinganna, ok ætlar fyrst¹ byrja þessa orrostu, ef nökkurr [vili honum móti² horfa. En er Ulien sér þat, kallar hann á einn riddará er hét Jafert ok talar [: Þú Jafert, segir hann,³ líft þann hinn kristna, er svá lætr brakstinnliga,⁴ [senniliga felhtar⁵ hann til dauðans, ríð hann af baki, falli hann fyrir þér, öll þeirra fylking er uppgefin ok í váru valdi. Jafert játar svá gera ok setr [sínum hesti⁶ spora ok ríðr sem mest á völlinn ok leggr til Klares digru spjóti í gegnum skjöldinn svá hart,⁷ at í brynju nam stað,⁸ en spjótit⁹ brast sundr í tvá hluti. Sé, riddari, segir Clares, þar fórtu nú. Ok leggt í því til hans ok gegnum járnbundinn skjöld ok brynjuna ok búkinn, fleygjandi honum¹⁰ niðr á jörðina, ok segir hárrí röddu: Þann veg kendi mér minn gamli meistari at steypa dramblátum. Snarar síðan aprt í sína stöðu. En Ulien eggjar [sína menn¹¹ til frangöngu, sækja heiðingjar þá at, ok tekst seint at vinna, því at engu losi koma þeir á hertogans lið, en hverr sem kemr í nánd er skjótliga drepinn; því fýstist¹² engi optar en um sinn undir ganga þeirra högg, fellr margt af heiðingjum, en nær ekki af hertoganum.¹³ Girarð kallar þá: Gangit fram djarfliga ok rekit þessa vándu¹⁴ hunda af várum höndum, er engi dugr er yfir. Þeir gera svá, veita hina hörðustu hríð, höggva á tvær hendr með ópi ok háreysti, er hverr eggjar annan, slíðra æ sem tíðast síu snarpeggjaðu sverð í blóðvörmum hjörtum heiðingja. Má þessu næst líta skjót umskipti, Affrikar renna, en hertogans menn eptir sækja drepandi hveru sem þeir við komast. Ulien gengr hart fram, ok sem hann lítr marga flýja, æpir hann hárrí röddu ok talar svá: Skömm bíði¹⁵ þér, vándu pútusynir, hverfit aprt ok svívirðit eigi svá alla oss, at renna meðr bleyði en verjast eigi¹⁰ meðr karlmensku. En þótt Ulien kalli hátt, lætr engi sem heyri. Hertogi Girarð sækir nú fram at heiðingjum ok [ryðr með öllu¹⁶ þeirra fylking, því at þótt hann sé nú gamall, þarf engi sér lífs at vænta, er honum mætir. Því fellr á litlu bragði [af Ulien¹⁷ hundrað við hundrað, þúsund við þúsund, svá at víða gerast vellir þaktir af manna búkum. Ok er Ulien sér þann veg fara, en má ekki at gera, talar hann með sjálfum sér: Vesæll er ek vorðinn, hvat mun nú af mér verða? Ek hugðumst á þessum degi vinna undir mik alla Ítalam ok skipa þat ríki mínum þjónum,

1) fyrstr b. 2) [vill við honum b. 3) [svá b. 4) bragðstinnliga b.

5) [felmtir b. 6) [saal. b; sinn hest B. 7) mgl. b. 8) staðar b. 9) skaptit b.

10) tilf. b. 11) [tilf. b. 12) fýsist b. 13) hertogans mönnum b. 14) vándu b.

15) bíðit b. 16) [ríðr með allri b. 17) [mgl. b.

þeirra. En ek sé nu at þat sannast, þat sem Balam sagði, ok em ek at sönnu heimskr, er ek tortrygði orð hans, þó at ek finna þat síðla. Karlamagnús konungr reið þá fram með fylking sinni, þar sem valrinn lá, hann lét liggja þá sem dauðir váru. Í hans fylking váru 30 þúsunda hinna vöskustu riddara, ok 2 þúsundir váru fyrir ríðandi konungs fylking, ok váru foringjar fyrir þeim Anketill ok Alemund af Normandi. Þá reið fram Salamon ok lagði til þess manns er Bordant hét, hann var konungr yfir Nubialandi, ok gátu herklæði hans ekki hlíft honum. Salamon lagði spjótinu í gegnum hann ok bar hann dauðan af hestinum. Hann rétti fram hönd sína ok tók Olivant hinn hvella lúðr af hálsi honum. Sem Jamund leit at konungr var fallinn, ok tekit horn af hálsi honum, þá angraðist hann mjök ok mælti hárrí röddu á sína tungu ok mælti: Þú hinn kurteisi riddari, segir hann, harmr mikill er þat, er þú vart fœddr. Hann hélt á Dýrumdala ok klauf hinn þegar ofan í herðar ok af honum hina hægri öxl,¹ svá at sverðit nam staðar í söðlinum, ok í öðru höggi hjó hann Ankirim ok klauf hann í herðar niðr, ok tók hornit ok hengði á háls sér, ok sneri síðan aptr til sinna manna, en hinn féll dauðr af hestinum. Ok er þetta sá Frankismenn, þá var engi svá vaskr, at eigi hræddist þau banahögg er hann gaf. Ok ef hann væri á himna guð trúandi, þá væri engi höfðingi í kristninni hans maki. Þá er konungr sá, at Ankerim var fallinn, þá harmaði hann fall hans ok mælti svá: Vinr, kvað hann, mjök harma ek fall þitt, ok guð felli þann er þik feldi. Ek fósturaða þik or barnæsku þinni, þér þekkiligri var engi maðr mér þjónandi, ok ef guð vildi nökkuru sinni mína bæn heyra, þá bið ek með öllu hjarta þér miskunnar. Ok æpti konungr þá heróp ok mælti: Höggvit úvini yðra. Þeir gerðu svá sem konungr mælti, ok veittu nú harða sókn ok lögðu með spjótum ok hjuggu með sverðum, ok ef þeir hefði svá lengi fram haldit, þá yrði aðrir hvárir skjótt fyrir at láta. Tveir sendi(menn) Karlamagnús konungs, þeir sem hann hafði senda til herbúðanna, skunduðu ferð sinni ok kvámu því næst til liðsins ok sögðu orðsending konungs, at (hann) bað alla koma til sín, þá sem honum megu lið veita, svá at engi siti eptir hvárki herrar né riddarar, engi þjónustumaðr né rekkjusveinn né skjaldsveinn, innvörðr né steikari, stigi sá á reiðhest er eigi hefði vápnhest. Þar mátti sjá skjótan umbúnað, þeir hlupu í landtjöldin ok skáru lérept ok gerðu sér merki ok festu á spjótin, einir tóku dúka ok aðrir rekkjublæjur, svá at þeir únýttu rekkjublæjur. Þar váru fyrstir í flokki 4 fóstursynir keisarans, Estor ok Otun, Bæringr ok Rollant, ríðandi

¹) haxl a.

einum harðreiðum fákhesti betr en 2 örskot fram frá öllum öðrum. En þeir sem eptir fóru váru saman 40 þúsunda.

38. Nú er at segja fra herra Girarði. Þá er hann kom til bardagans, þá slóst hann í fylking konungs hjá hinum hægra fylkingararmi í móti 20 þúsundum, er þar höfðu fylkt, ok var herra Girarð eigi huglauss, þar sem hann reið með hinni hörðustu atreið, svá fáliða, at hann hafði 2 þúsundir en hinir 20. Sem Affrikamenn litu til Frankismanna, þá tóku þeir at grúfa undir hjálmum ok skjöldum betr en 20 þúsundir Frankismanna, ok hleyptu¹ þá á þá með góðum hestum ok vel búnir at herklæðum, ok hófst þá bardagi mikill. Þá skutu heiðingjar sem tíðast af tyrkneskum bogum, en kristnir menn hræddust þat ekki ok géngu í gegnum fylkingar þeirra, ok váru þá gefin mörg stór högg, ok hjuggu þá höfuð ok herðar, brjóst ok bak, þar sem þeir váru berir er kómu í flokk þeirra er herklæddir váru, þá kendu þeir varla hvára frá öðrum ok seldu þá Frankismenn hesta þá er þeir höfðu látit fyrir skotum heiðingja. Girarð mælti þá hárrí röddu til sinna manna: [Góðir félagar,² segir hann, bindumst eigi svá í millum heiðingja ok höldumst saman utan fylking þeirra, ok hendum af þeim slíkt er vér megum. Ok látum þá aldri³ koma oss á flótta, heldr skulum vér gefa almáttkum guði lof ok verum honum ömbunandi þat er hann var oss skipandi. Ok er hann lauk sinni tölu, þá laust hann [með sporum⁴ vápnhest sinn ok hristi spjót sitt ok breiddi í sundr merki sitt ok lagði Malkabrium einn ríkan höfðingja í gegnum skjöldinn ok panzarann ok skaut honum niðr sjarri hestinum öllum heiðingjum ásjándum, ok ypti merki sínu ok mælti til sinna manna: Riddarar, segir hann, höggvit nú stórt, vér eigum rétt at mæla. Fyrr en þeir væri í komnir bardagann, þá stigu 5 þúsundir hans manna af hestum ok féngu þá til gæzlu, því at eigi mátti ríða fyrir valnum, ok kómu skjótt í bardagann herklæddir hinum bestum herklæðum, ok gáfu þá heiðingjum stór högg ok klufu þá höfði ok herðum, limi ok líkami, ok géngu þeir sem kyikir váru á hinum er dauðir váru. Nú (er) þeir sem berir váru kómu í millum þeirra er herklæddir váru, ok þeir höfðu reynt þeirra viðrskipti, þá þorðu þeir eigi síðan svá mjök fram at bjóðast. Girarð cepti þá á sína menn ok mælti: Herra(r), segir hann, höggvit stórt, Affrika konungr hyggst nú hafa unnit yðr ok vill land vart eyða ok fólk vart útlægja. Nú mun reynast, hversu þér vilit oss ok land vart verja. En ek em, svá þér vitit, nökkut við aldr, ok eigi at síðr, ef þér fylgit mínum ráðum, þá mun yðr jafnan sæmd af standa, meðan þér lifit, þá munu þér aldri mega óttast um yðr. Þeir svöruðu þegar allir: Óttizt eigi, herra,

¹) hleypti a. ²) [Góðr félagi a. ³) aldri eigi a. ⁴) [mateplum a.

um oss, segja þeir, aldri skulum vér bregðast þér, meðan einn várr lifir.

39. Affrikamenn váru þá at raun komnir, at kristnir menn tóku þá alla staðina fyrir þeim, ok snerust þá at þeim Arabia-mönnum Tyrkir Persar. Ok váru þá allir staðir fullir af líkum, vápnum ok hestum, nema í þeim stöðum er Frankismenn höfðu tekit fyrir þeim, mátti nökkut við hjálpast ok varast, er Frankismenn váru svá nær komnir höfuðmerkinu. Þeir mæltu þá sín í millum Magon ok Asperant, þeir váru konungar í heiðingja landi: Slíkt sem nú má sjá, sagði oss at sönnu Balam sendimaðr frá Frankismönnum, at þeir eru kappsmenn miklir ok munu aldri láta sína hreysti meðan þeir lifa. En Jamund gerir nú opinberliga mikilæti sitt, ok heimska mikil ok dirfð, er hann þorir þenna barda(ga) at halda án Agulande feðr sínum. Eigi mun sólina fyrr kvelda at hann mun at vísu sinna, at þessi metnaðr mun honum illa hlýða, ok heimsku hans munu margir gjalda, alls enskis verðum vér vísir né virðir, ef vér hneigjum (eigi) nökkut undan höfuðmerki váru. Nú sem herra Girarð var kominn at höfuðmerki heiðingja, þá sótti hann með hinu mesta kappi, því at aldri varð honum hugdjarfari höfðingi. Þá váru liðnir vel 100 vetra hans aldrs, en varla var sá nökkurr undir höfuðmerkinu, er hann hjó eigi, svá vel þúsund manna af heiðingjum féllu umhverfis höfuðmerkit. Þá mælti hann til sinna manna: Herra(r), segir hann, almáttigr guð styrki yðr. Nú megu vér at sönnu vita at oss sönnu fallit, ef ek gæti haldit skildi mínum, þá mundum vér sigrast á þessum Affrikum. Herra Girarð at komanda höfuðmerkinu heiðingja, hann hafði með sér hinu hraustustu riddara. Hann hafði ok svá góða brynju, aldri bilaði hvárki þá né fyrr. Hans 2 systursynir er hann hafði fóstrat or bernsku með mikilli vild ok vörðingu gerðu svá rúman veg í fylkingu heiðingja, at hverr sem einn hélt undan ok fyrirlétu¹ höfuðmerkit. Svá fóru þeir báðir þaðan hræddir ok huglausir, at aldri kómu þeir aprt undir merkit. Þá mælti Esperam konungr til Mordans konungs: Víst megum vér halda oss fyrir fól ok heimska menn. Jamund þorði nú eigi hér at koma at hjálpa oss nökkut við í slíkri þurft, nema lét oss sjálfa fyrir oss sjá. Maðr mun svá lengi vilja höfðingja sínum fylgja, at hann sé bæði tapandi sér ok honum. Þeir kómust þá nauðugliga á sína hesta ok héldu þegar undan sem hestarnir máttu mest hlaupa. Undir Aspermunt var þessi hinn langi bardagi.² Ok sem Karlamagnús konungr bardist við Jamund son Agulandi konungs ok Asperant flýði undan sem skjótast á 2 vápnhestum, ok fyrirlétu Jamund ok höfuðmerkit. Hann bardist í miðjum³

1) flettu a. 2) bardade a. 3) milium a.

herinum, engi orð sendu þeir honum um sína brottreið ok létu standa merkit eitt saman á vígvellinum, er heiðingjar báru þangat á 4 olifutrjám. Sem Girarð hafði sótt höfuðmerkit, þá sté hann af hesti sínum, ok tóku þá menn hans hjálm af höfði hans ok skjöld hans af¹ honum, ok géngu þeir þá undir hendr honum ok leiddu hann. Brynja hans var hin þröngvasta, ok varð honum orðit mjök heitt af þungum vápnum ok snarpligri sókn. Þeir leystu þá sverðit af honum ok settu hann á hjallinn þann er gerr var undir höfuðmerkinu; ok rann þá blóð or nasraufum hans ok niðr í munninn. Allir menn hans þeir sem þetta sá, andvörpuðu með miklum harmi. Þá mælti hann til þeirra: Verit aldri fyrir mínar sakir hryggir, seekit heldr þat sem eptir er sœmda yðvarra. Nú berst undir Aspermunt Jamund son Agulandi konungs við Karlamagnús konung. Þá kallaði hann til sín Oddgeir ok Nemes ok Desirim, Riker, Fagon ok Bæring, Milon ok Drois konung ok Salamon, því at eigi fundust þar þá fleiri höfðingjar. Þessir váru hjá konungi fyrir landtjaldi hans, en Jamund öðrum megin ok með honum Balam ok Goramaron ok Triamodes. En af Affrika konungum Kadon ok Safagon, Salatiel ok Lampalille. Þessir ræddu sín í millum ok mæltu: Dýrligr drengr er Karlamagnús konungr ok aldri sigruðumst vér á honum.

40. Nú skal segja frá konungum þeim er undan kómust. Þeir riðu sem mest máttu þeir, alt þar til er þeir fundu Agulandum konung, ok segja þeir honum öll tíðendi sín. Þá vildu sumir, þeir sem fyrir váru, fyrirdæma þá þegar, er þeir höfðu flýit undan höfuðmerkinu, ok segja þá verðuga dauða, er þeir höfðu svívírdan sinn herra. Þá stóð Melkiant konungr (upp) ok mælti svá at allir heyrðu: Þat veit Maumet, segir hann, at þér mælit svá heimsliga, at þér dæmit dugandi menn til dauða, þar sem þér vitit enn eigi hversu bardaginn kann skipast eða hvárir sigrast. Svá mjök er mér kunnigr Jamund, æska hans ok dirfð, áræði ok mikilæti ok metnaðr, at hann² mundi eigi heim orð senda né þeim viðrhjálp veita né í þeirra þurftum þá hugga. En hvat var þat kynligt, at þeir flýði undan, þá er þeir höfðu látit alt sitt lið. En ef þeir hefði þar lengr dvalizt, þá væri þat engi hreysti né riddaraskapr, heldr hin mesta heimaska, því at þar var en(s)kis at bíða nema dráps ok dauða, ok féngi aldri vinir þeirra³ bœtr þeirra lífláts. En þó at þeir hefði varazt, þá hefði þeim þat ekki tjáð. Nú gerit þér fyrir því rangt, at þér dæmit þá fyrir öngvar sakir, en mál þeirra eru sannprófuð, því at ef þeir hefði þar lengr dvalizt, at alt þessa heims gull féngi eigi frjálsat. Þá stóð upp Kalides konungr yfir Orfanie, hann var ríkr maðr ok fésterkr, undir hans valdi váru 4 konungsdómar:

1) at a. 2) honum a. 3) fá tilf. a.

Herrar, kvað hann, berit þolinmóðliga þat sem hér er talat. Þá er vér höfum heyrt þat er þeir mæla, þá tökum þat af, er vér finnum bezt vera, fyrirlátum heimsku en kjósum vizku. Agulandus konungr hafði alla Affrika í sínu valdi, því at hon er réttfengin hans föðurleifð. Hver nauðsyn rak Agulandum hingat at fara? Hans ríki er svá mikit ok vítt, at hinn bezi múll er vér höfum hér af Jórsalalandi, þó at hann fœri hvern dag sem mest mætti hann hina mestu dagleið, þá mætti hann eigi á 7 vetrum fá farit yfir ríki Agulandi konungs. Nú er hann enn vel heill ok hestfœrr, sterkr ok vápn-djarfr, ok sá riddari, at engan veit ek í öllu yðru liði, þann er skjótara geti brotit digrt spjót en hann, eða betr kunni at höggva með sverði. En um einn hlut hefir hann mjök misgert, at hann vildi kóróna son sinn at sér lifanda ok gefa honum ríkit, meðan hann er heill ok kvíkr; því at síðan Jamund tók við ríki föður síns at ráða, þá skipti hann ríkinu ok gaf þeim er öllu tapaði fyrir sakir heimsku sinnar. Jafnan síðan hirti hann lítt um yðvarn félagsskap. Nú eru hér komnir njósnarmenn hans or hinu sæta Frakklandi. En þér vitit at sönnu, at kristnir menn trúa á son heilagrar Marie ok hafa sannfregit alt þat er hér er títt með oss, ok hví Jamund þrætir til þessa lands ok fór hingat um haf með hinu mesta skipaliði. Þat sem Jamund hefst nú at mislíkar föður hans, því at hann heldr með sér alla ena yngstu menn ok hit vildasta lið. En Karlamagnús konungr hefir með sér lenda menn ok alla hina göfgustu menn ok alla þá er elzúr váru. En þat fólk er nú berst hann við, ef þeir koma honum í háska ok lætr hann líf sitt, þá munu þeir sjálfir skipta ríki sínu sem þeim líkar. Nú höfum vér mörg lönd ok ríki fyrirlátit ok spilt fyrir sakir þessa lands, ok er eigi þetta mætara en eins keisara ríki, ok er þetta ríki-mjök gagnstaðligt váru ríki, er vér látum nú á baki oss.

41. Síðan stóð upp hinn gamli Galingererir, hann var miklu ríki valdandi, hann réð fyrir Sebastiam hinni dýrliku borg, ok hafði hann yfir sér ríka pellsskikkju ok ágætan búnað undir. Hann hafði hvíta kampa ok hvítt skegg hangandi á mitt brjóst með þríkvísluðum fléttingum. Ok er hann tók at tala, þá hlýddu allir, í öllum herinum var engi honum málsnjallri maðr: Herrar, kvað hann, ef yðr líkar at hlýða, þá vil ek sýna yðr nökkut af því sem mér lízt. Þessir 2 konungar várir eru mikillar tignar, hraustir menn ok vápn-djarfir, ok ef þér vilit hafa þat at framkvæmd sem þér hafit dæmt um þeirra mál, þá er betr fallit, at þeirra mál standi til þess er vér fregnum sannindi. Ef Jamund kemr heill aprtr ok hans föruneysi, þá sé þetta mál dæmt eptir því sem hann er til segjandi. En ef Makon gerir sinn vilja ok fellir Jamund, eða verðr særðr til úlffis,

þá dæmit þá eptir því sem þér sjáit sannast ok þeir¹
konungr ok mælti: Þat veit Makon, kvað hann, at þetta þikir mér
undarligt. Hverr kann segja mér at þeirra dómr er rangr. Með
því at Jamund fékk þeim höfuðmerkit at gæta, þá samdi þeim eigi
annat en flýja aptr undir, þó at þeir hefði fyrir ofrefli stokkit; því
at engum manni samir lengra at flýja en undir merkit, ok eigu aldri
þaðan at hverfa fyrir sakir einskis dauða ok svíkja svá sinn herra.

42. Þá mælti Talamon með mikilli reiði, hann var grimmr sem
león er öll dýr hræðast, hann var ríkr maðr ok forstjóri mikils
valds, hann (var) konungr þess lands er heitir Mememunt; hann
var rauðr í augum með hlæjanda ok blíðu andliti, hinn öflugasti
un(d)ir vápnum á hesti: Herrar, segir hann, ek veit at sönnu, at
þetta sé eigi þolt þeim lengi, er 2 konungar várir hafa illa gert við
sinn höfðingja ok alla oss, þeir fyrirlétu herra sinn er þá fram dró
ok sœmdi ok gaf þeim vald yfir miklu liði. Nú vitit at vísu, at
mér er mikill harmr af þessu, ok fyrir því at mik væntir at þetta
sé eigi, hvárt Jamund er vel fallit eða illa, en þó bíðum vér þolin-
móðliga ok látum standa þetta mál til þess er vér fregnum sannindi,
síðan dæmit þá eptir yðrum vilja, ok á báli brennit eða aðrar píslir
[þola látit, því² at þat veit Makon, segir hann, er öll mín sœmd
horfir til, ef þér vilit eigi svá gera, þá mun leikr várr illa fara, því
at 20 þúsundir manna af þessum sökum verða blóðgir, fyrr en kon-
ungarnir sé fyrirdæmdir. Ulien konungr vildi þá eigi lengr þegja
ok mælti til allra áheyrandi: Herrar, segir hann, gefit mér hlýðni
ok hljóð; ek sé berliga, at þér deilit allir um einn dóminn at gera.
Til hvers konungr komtu öllum oss á þessa stefnu? Þá er minn herra
hafði her sínum samnat áðr en hann færi hingat³
þeir hafa fyrirlátit sinn nátturligan herra er fékk þeim höfuðmerki
sitt at varðveita ok sœmdir sínar at verja, en þeir flýðu sem
vándir þrælar ok huglausir, höfnuðu Jamund herra sínum, er vald
hafði yfir þeim. Nú dæmit með réttu, hverjum sem mislíkar, at
þeir sé hengdir sem hinir dálígustu þjófa(r), ok síðan látit á báli
brenna líkami þeirra, því at svá sómir at gera við dróttins svika.
En þó at Pantalas frændi þeirra, er ek sé þar sitja, vili únýta dóma
vára, þá gef ek eigi einn frjálsan pening fyrir hans dramb ok of-
metnað. Ef ek hefi sverð mitt í hendi ok þorir hann at verjast
mér ok tek ek eigi þegar höfuð af honum, þá brennit mik í
eldi ok kastit ösku minni í vind ok rekit brott arfa mína or ríki
mínu.

¹) Her er over Halvdelen af et Blad afskaaren, hvorved omtrent 20 Linier
ere tabte i a. ²) [polet svá a. ³) Her mangler atter 20 Linier af nyt-
anførte Grund.

43. Þá kallaði Pliades með mikilli reiði sem león mjök angraðr fyrir sakir síns herra, honum jafnungr maðr var aldri vaskari: Ek veit at vísu, segir hann, at minn herra mun nú heimsliga fara fyrir sakir þessarra svikara. En Makon gerir sína reiði á þeim, svá at þeir komi aldri fyrir sinn herra Jamund, er svá illmannliga fyrir-lét(u) hann í bardaga. Þessir svikarar hafa fyrirgert lífi sínu ok limum, at menn brenni þá í eldi eða þeir deyi öðrum jafnháðuligum dauða, svá at hestar dragi þá dauða í augliti alls hers várs, ok síðan kasta þeim í fúlan pytt, svá at allir þeir er þetta spyrja sjá við at gera slíkt. Ek segi upp at sönnu ok réttum dómi, at þat veit Makon, er sál mína á sér einkaða, at ef þeir eiga sér nökkurn þann frænda eðr vin, at þetta mál vili fyrir mér verja ok segja svá, at ek dæmi þetta af hatri en eigi eptir tilverkum, þá standi sá nú upp, ef hefir nökkura hugdirfð at verjast ok mæla á móti þessum dómi, ok segi með hverjum hætti at hann sé rangr. Ok ef ek tek eigi með þessu sverði, er ek ber við síðu mér, jafnskjótt höfuð af honum öllum yðr ásjándum, ok sýna yðr hann upp gefinn ok yfir-kominn, þá verði svei mínum herra, ef hann lætr eigi höggva mik skjótt.

44. Því næst stóð upp Gorhant or Florence, miklu ríki valdandi, hann var höfðingi yfir Kipr ok Barbare, hann var hinn illgjarnasti ok hinn lymskasti, engi var hans jafningi at svikum ok metnaði, svá at engi riddari þorði við hann at eiga. Hann var bróðir Musteni yfir Karsialandi, hann angraði mjök er frændr hans váru svá mjök fyrirdæmdir, ok er hann tók at tala, þá þögnuðu allir: Pliades, segir hann, þú ert alt of heimskr, er þú vilt ræna þessa 2 konunga lífi sínu, því at þeir hafa til einskis dauða þjónat, ok eigi væntir mik at þér drepit þá svá búit, því at herra Jamund ok hans lið vildu þeim ekki við hjálpa; svá lengi stóðu þeir undir höfuðmerkinu, at engi vildi þeim við hjálpa. Af 100 þúsunda er þeim váru fengin at verja merkit, þá kómust eigi 2 undan. En þá er þeir máttu eigi lengr standast, þá vildu þeir forða lífi sínu, ok váru þá hvárki svik né illska né hugleysi.

45. Síðan stóð upp Malavent konungr, hann var höfðingi til austrættar af Affrikalandi. Fyrir utan hans ríki veit engi maðr hvat títt er, hvárt nökkur skepna lifir austar eða engi, nema þat at (þar) er ok vindr ok himinn yfir. Hann átti hit audigasta ríki, fyrir utan hinar ríkustu borgir betr en 100 kastala. Hann var hinn bláðasti maðr ok hinn fríðasti ok jafnan hlæjandi, hár at vexti ok grimmr at reiði, mjór um mitt en breiðr í herðum með löngum ok digrum armleggjum, hvítr á höndum sem snjór með liðmjúkum fingrum ok hæverskligri brynju, þá er hann sat á hesti sýndist hann maðr hinn

mesti; hann var tiguligr ok klæddr ríku purpurapelli með snjóhvítum skinum, skikkja hans var gullsamuð ok sett gimsteinum, svá at hon var eigi lakari en 100 marka silfrs. Þessi mælti djarfliga öllum áheyrundum: Þat veit Makon, segir hann, herra Amuste, at yður kynkvísl vill spilla várri ætt. Ek em nú búinn at sanna þat, at hvárgi þessarra konunga er verðugr dauða, svá sem ek segi, svá skal ek sanna; en ef ek geri eigi svá, þá láti minn herra hengja mik upp. Þá hlupu upp betr en 40 hundraða heiðingja; ok vildu þeir allir sanna með honum. Þá mælti hann: Komit, segir hann, at þér sannit orð yður með eiðum; en ef þér vilit eigi þat, þá mun illa fara með oss. Eptir þetta skildu þeir svá, at engi varð lykt á dómum þeirra. Ok hefr hér upp hina fimtu bók, er leiðir oss aprt at vita hvat líði bardaganum.

46. Triamodes kom þá hleypanði með ákafri atreið ok breiddi í sundr merki sitt af enu digra spjóti sínu. Hann lagði til Miluns hertuga í gegnum skjöldinn ok brynjuna ok hinn hvíta skinnkyrtil hans ok dró or honum innyflin fyrir framan söðulbogann, ok hörmuðu kristnir menn mjök fall hans, því at hann var góðr höfðingi ok hinn vaskasti riddari. Triamodes sneri aprt sem skjótast, ok reisti spjót sitt með merkinu er hann hafði blóðgat í brjósti hertuga, ok æpti þá hárrí röddu: Herra Jamund, segir hann, sœkit kostgæfliga þetta ríki, því at aldri mun þessi maðr gera oss síðan mótstöðu. Ok sem hann mælti þetta, þá kom Bæringr hleypanði svá skjótt sem hans hinn góði hestr gat borit hann ok hristi spjótit með mikilli reiði ok lét síga merkit, ok í því angri er hann hafði þá mundi hann nálíga í sundr hrista spjótit. En Triamodis kunni eigi aprt at snúast í móti honum, ok lagði Bæringr hann í millum herðanna, svá at spjótit stóð út fyrir brjóstinu, ok tjáðu honum eigi herklæði hans, þat er vert væri eins glófa, ok bar hann dauðan or söðlinum. Ok er hann dró spjótit or honum dauðum, þá mælti hann: Ofan skaltu stíga, segir hann, hinn vándi maðr, ok héðan skaltu aldri upp rísa, því at þú drapt bróður minn. En nú hefir þú svá dýrt keypt hann, at aldri nýtr þú þeirra eigna er hann átti. Triamodes lá þá dauðr á vellinum. Ok er Jamund sá þat, harmaði hann grátandi fall hans ok mælti á sína tungu mörg hörmulig orð. En Affrikamenn kærðu með mikilli hörmung fall hans ok báru hann dauðan í [föðmum sínum,² ok margir féllu í úvit á lík hans af sorg. Því næst riðu fram or konungs fylking Riker ok Marant, [annarr á bleikum hesti en annarr á grám,³ ok lagði annarr til þess riddara er Mates⁴ hét, hann var konungr yfir því landi⁵ er liggir fyrir utan

1) *Her begynder atter A, som nu igjen lægges til Grund.* 2) [faðmi sér a.

3) [tilf. a. 4) Marant a. 5) ríki a.

Jórsalaland. Hann var metnaðarmaðr mikill, en öll herklæði hans tjáðu honum ekki, því at hann bar hann af hestinum á spjóti sínu ok kastaði honum dauðum á jörð.¹ En Riker lagði til Garisanz, hann var frændi Jamund son Meysanz, hann hafði Olivant inn hvella² húðr. [á hálsi sér³ utan af Affrikalandi. Riker lagði hann í brjóstit, ok flaug⁴ spjótit í gegnum hann. Ok er hestrinn bar hann umfram, þá brá hann sverðinu. Sem páfinn leit til þeirra,⁵ þá signaði hann þá ok mælti: Hinn helgi Pétr postuli, kvað hann, í þína miskunn gef ek þessa tvá menn.]

47. Sem Jamund sá tvá frændr sína fallna ok allan völlinn huldan af líkum, þá sortnaði alt andlit hans ok andvarpaði hann þá hörmuliga ok mælti: Herra Balam, segir hann, hvat mun nú af mér verða, þessir tveir konungar⁶ eggjuðu mik mest at fara hingat, ok hugða ek at þeir skyldu vinna mér alt þetta ríki, er ek sé nú hér liggja dauða. Þá svarar Balam: Undarliga mæli þér; sá er eigi vill una því ríki er honum er heimilt ok ginnist með röngu þat sem annarr á, mun aldri vel endast. Svá samir ok öllum er höfðingjar eru, at kunna eigi of illa, þó at þeim misfalli, verða ok eigi of feghir, þótt þeir sé mikils aflandi, ok þat sem at þikkir vera segja þeim⁷ vinum sínum, er nökkura [hjálp megu honum⁸ veita. Þú sendir mik í Valland at gera sendiferð þína at stefna Karlamagnúsi konungi til þín, ok sagða ek honum þat sem þér mæltuð, ok óttaðist hann við engi þau tíðendi, er ek kunna⁹ segja, ok ógnaða ek honum [þat alt¹⁰ er ek máttu. En þegar jafnskjótt lét hann fram leiða 100 hinna beztu hesta fyrir mik, at ek skylda kjósa af hvern¹¹ er ek vilda. Ok fann ek jafnskjótt, meðan ek var með þeim, at þeir váru hinir hörðustu riddarar ok [at aldri mundu¹² þeir undan flýja.¹³ Sem ek var aptr hingat kominn, þá hugðumst ek segja yðr alt þat er mér fannst sannast í, ok varaða ek yðr alla við at sjá¹⁴ þeim vandræðum, en þér létuð þá allir sem ek hefða svikit yðr. En nú vil ek eigi optar sýna yðr minn vilja, nema nú leiti hverr fyrir sér ok bjargi lífi sínu, aldri munu kristnir menn flýja. Þá svarar Jamund: Aldri samir þér at bregðast mér. Ok tók þá Olifant [ok blés at¹⁵ hugdjarfa menn sína með svá hvellri röddu, at jörðin þótti dynja undir vel þriggja fjórðunga lengd umhverfis. Ok reið hann þá aptr til bardagans ok stefndi at einum kristnum manni ok hjó hann ofan í hjálminn,¹⁶ sverðit nam eigi fyrr staðar en í miðjum bók hans.

1) völlinn a. 2) hvellasta a. 3) [mgl. a. 4) fló a. 5) mgl. a. 6) mgl. a. 7) þeir a. 8) [viðrhjálp megu a. 9) honum at tilf. a. 10) [alt þat a. 11) þá a. 12) [aldri munu a. 13) ok aldri verða þeir reknir or sínu ríki tilf. a. 14) við tilf. a. 15) [ok setti á munn sér ok blés ok vildi a. 16) ok svá at tilf. a.

48. Svá sem Jamund kom¹ í bardagann, þá váru höggvin mörg stór högg. Herra Girarð [þá er hann hafði sótt² höfuðmerki heiðingja, hann var farinn or brynju sinni ok öllum herklæðum sínum at hvílast. Þá sendi hann eptir 2 systursonum sínum Booz ok herra Klares, ok kómu þegar sem hann mælti. Hann ræddi við þá: Þit skulut nú taka, segir hann, með ykk 400 af váru liði ok ríða sem skjótast í bardagann með liðinu³ fylktu. En jafnskjótt sem ek hefi upp tekit merkit⁴ ok rækt allan þeirra⁵ stað, þá kem ek til yðvar. Gjarna herra, sögðu þeir. Einn þeirra heiðingja er undan höfðu⁶ komizt var hinn fimasti maðr, hann hljóp þegar á hinn skjóta⁷ hest, er svá flaug ákaflega sem in [skjótasta svala eða valr⁸ sækir bráð sína. Ok er hann kom [fyrir Jamund, talar hann svá til hans:⁹ Herra Jamund, kvað hann, mikill harmr ok angr er oss [gerr ok yðr mikil¹⁰ svívirðing. Nökkurir menn kristnir kómu at oss¹¹ á fæti, aldri sámm vér menn svá herklædda, þeir höfðu enga þá brynju er eigi væri þreföld ok hvítari hinu skírasta silfri, svá at aldri folsudust þær fyrir vápnum; í þeirra liði var engi sá hjálmr er eigi sé¹² gyltr ok settr gimsteinum, ok léku þeir svá við vára menn undir höfuðmerkinu með sverðum sínum, at öll váru svá græn¹³ sem hit grænasta gras, ok drápu þeir fyrir oss meir¹⁴ en þúsund manna undan höfuðmerkinu. Sem Jamund skildi¹⁵ orð hans, leit hann [við honum¹⁶ með grimmum augum ok mælti: Þegi, kvað hann, hinn saurgi ok hinn syndugi maðr, þú veizt eigi hvat þú mælir. Ek fékk höfuðmerki mitt [til varðveizlu tveimr konungum ok tíu þúsundum¹⁷ riddara. Þá svarar hinn heiðni:¹⁸ Alla hafa kristnir menn þá-drepið ok ráku oss undan höfuðmerkinu ok tóku þat í sitt vald. Þá tók Jamund at hryggjast ok kallaði til sín Salatiel konung ok Rodan¹⁹ hinn harða: Herrar, kvað hann, vér erum nú svívirðuliga sviknir, fjórir guðar várir eru í brott teknir frá oss, ok hafa þeir jafnan hatr á oss fyrir þat. Kristnir menn hafa nú engan styrk, sumir eru fallnir, en sumir særðir til úlffis ok hestar þeirra únýtir, en þér erut enn eigi í bardaga komnir, ok hestar yðrir heilir ok þér vel herklæddir. Á þessu sumri skal ek vera kórónaðr í Rómaborg, fellum nú þetta fámenni er eptir er. Salatiel konungr laut honum ok mælti: Óttizt²⁰ alls ekki Frankismenn, segir hann,

1) var kominn a. 2) [er sótti a. 3) öllu a. 4) höfuðmerkit a. 5) saal. a; þenna A. 6) hafði a. 7) fljóta a. 8) [skjótasti valr sá er a. 9) [at liðinu þar sem þeir börðust, þá reið hann þegar þar sem þröngin var mest ok spurði hvar Jamund var. Ok er honum var sagt, þá tók hann í hönd honum ok leiddi hann með sér ok mælti a. 10) [orðinn ok yðr ger nú mikil skömm ok a. 11) ok allir tilf. a. 12) var a. 13) af stálinu tilf. a. 14) betr a. 15) hafði skilt a. 16) [til hans a. 17) [í gæzlu 2 konunga ok 10 þús. a. 18) mgl. a. 19) Roddan a. 20) óttast a.

Þetta kveld skaltu alla þá sjá dauða. Hann tók þá skjöld sinn ok boga ok örvamæli¹ með sér, ok riðu síðan allir með fylktu liði í bardagann.

49. Sem þessir tveir konungar kómu í bardagann, þá blésu þeir hornum ok lúðrum ok börðu á tabor, ok gerðist þá mikill gnýr² í hvarstveggja³ liði. Þá mælti páfinn: Nú er ekki annat til⁴ en gefa alla oss alnátikum guði, er sálur várar frjálsaði með dauða sínum. Sá er nú gefr hér stór högg [til friðar heilagri kristni,⁵ allar hans syndir meiri ok minni tek ek upp á mik á þessum degi. Þá kom Oddgeir leypanði fram or Frankismanna liði með digru spjóti huldr góðum skildi. En Salathiel reið⁶ sem veiðimaðr hjá bardaganum meiðandi Frankismenn með [sínu skoti⁷. Engi maðr gat staðizt hans skot, því at allir váru eitradir broddar hans, svá at [sá hafði engi⁸ lif er hann [gat blóði or komit.⁹ En Oddgeir leitaði hans, ok því næst mætir hann honum, ok hjó þegar til hans í skjöldinn með svá miklu höggvi, at [hann klauf þann illa hund í herðar niðr ok kastaði honum dauðum á jörð. En er Jamund sá Salathiel konung fallinn, þá harmaði hann dauða¹⁰ hans með miklum harms gráti. Eptir þetta kom fram hleypanði herra Nemes hertugi yfir Bealver vel ok virðuliga herklæddr á Mozeli hinum vildasta vápnhesti sínum. Engi hestr þess [hins mikla fjölda¹¹ kunni síðr at mæðast en hann, ok engi riddari var sá er síðr kunni¹² hræðast en hertugi Nemes. Ok er hann reið at fylking heiðingja, þá mætti hann fyrst Fulfaiio¹³ konungi, ok hjó hann þegar [í sundr í miðju ok skaut honum dauðum í miðjan valina. Sem Jamund leit fall ins heiðna,¹⁴ þá mælti hann: Nú eru enn færri várir menn en váru. Þá sneri herra Nemes aptr í lið Frankismanna. Þá kallaði Karlamagnús konungr til sín Oddgeir ok Nemes, Riker ok Fagon, Drois konung ok Salomon konung, ok mælti hann við þá: Hversu mikinn fjölda riddara eigu vér um höfuðmerki várt. Þeir svöruðu: 30 þúsunda. Karlamagnús mælti þá: Guð veit, segir hann, þat er alls of fátt. Góðir riddarar, segir hann, hvat er oss ráð hafanda? Þá svarar Oddgeir: Vér viljum vaskliga verjast ok svá [stór högg veita,¹⁵

1) örmel a. 2) ok mannskaði tilf. a. 3) hvarutveggju a. 4) ráðs tilf. a.

5) [á þessum velli a. 6) svá tilf. a. 7) [skotum sínum: aldri varð honum betri bognaðr í öllu heiðingja liði a. 8) [engi hafði sá a.

9) [mátti blóði or koma a. 10) [öll hans herklæði tæðu honum eigi þat er vert væri eins glófa, ok skaut honum dauðum or söðlinum fjarri á völlinn, ok kærði Jamund mjök fall a. 11) [hans liðs a. 12) at tilf. a.

13) Alfamen a. 14) [svá miklu höggi, at engar hlífar gátu hólpit honum, ok skaut hann honum or söðlinum. Sem Jamund leit, at hann féll dauðr af hestinum a. 15) [stórt höggva a.

at engar hlífðir¹ skulu við standast, ok ef guð ann heilagri kristni, þá mun hann gefa oss sigr á heiðingjum.

50. Sem þeir töludu þetta, kom sira Valteri á einum góðum Gaskunie hesti ok hafði á spjótbroti sínu svá mikit merki, at hann dró eptir sér tuglana² á jörðinni, spjótbrot³ stóð í gegnum skjöld hans, brynja hans⁴ fölsuð ok slitinn panzari hans, ok lágu [brynju-böndin slitin⁵ á höndum hans⁶ ok hjálmr hans í mörgum stöðum bilaðr, ok rann blóðit undan brynju hans, svá at söðulboginn var fyrir honum allr blóðugr, ok leggir hans ok fœtr með sporum, ok hann var sárr mjök milli herða ok hélt⁷ blóðgu sverði sínu í hendi sér. Ok er hann leit Karlamagnús konung, þá mælti hann: Guð signi þik, Karlamagnús konungr.⁸ Konungr svarar: Guð fagni þér, riddari.⁹ En eigi kenni ek þik, ok seg mér nafn þitt. Hann svarar: Menn kalla mik Valteriom¹⁰ af Salastius borg. Herra Girarð [Boy son¹¹ sendir yðr guðs kveðju, ok hans systursynir herra Boz ok Clares, ok vér höfum sótt höfuðmerki heiðingja. Sira Valteri, segir Karlamagnús konungr, lifir enn sá inn rausti maðr. Guð veit, segir hann, at svá er hann heill sem fiskr ok kátr sem kið, svá at engi hans manna höggv stœrra¹² en hann. Þá mælti konungr: Hvar er nú herra Girarð? Þá svarar Valteri: Rétt¹³ undir höfuðmerkinu sjálfu heiðingja, er hann sótti af þeim, ok höfum vér [gert þar svá mikinn haug af heiðingjum, at þeir liggja betr en 10 þúsundir¹⁴ dauðir hverr á öðrum. Dauðr er Jamund nema hann sé betr at sér, aldri biðr hann kvikr þetta kveld. Ok þá kom Andelfræi á eplóttum hesti. Sem hann sá Karlamagnús konung, þá kvaddi hann konung í Frankismáli ok mælti: Guð signi yðr, Karlamagnús konungr, son Pippins konungs. Guð fagni þér, Andelfræi ungmenni, segir konungr, ok hér fara nú, segir konungr, sveinar várir. Já, segir Andelfræi, guð veit, segir hann, at [fím tigr þúsunda eru í hinni fyrstu fylking, ok¹⁵ er engi svá vanbúiur í öllum þeim¹⁶ fjölda, at eigi hafi silkimerki gott, ok flestir allir silfrhvíta hjálma ok önnur góð herklæði. Sem konungr skildi [hvat Andelfræi sagði,¹⁷ þá lypfi hann höndum til himna ok þakkaði guði [með tárur. En er þetta lið kom fram, þá¹⁸ stóð þeirra fylking tvá fjórðunga. Nú er þar kostr þeim er hesta vilja fá at taka svá góða sem bezta vilja or

1) hlífar a. 2) tyglana a. 3) eitt tilf. a. 4) var tilf. a. 5) [brynjuslitin a. 6) honum a. 7) á tilf. a. 8) [Karlamagnús konung himu ríka a. 9) [herra riddari a. 10) Valteri a. 11) [mgl. a. 12) stœrri högg a. 13) Þat veit trú mín, beint a. 14) [þeim gert svá mikit högg, at betr en 10 þúsundir liggja a. 15) [50 í þessari hinni fyrstu fylking a. 16) þeirra a. 17) [þetta a. 18) [. Þá er Albanie sveinar kómu á vígvöllinn a.

100 þúsunda, þeir er þurfi er herklæða þursu eigi meira fyrir at hafa¹ en taka af þeim er dauðir liggja.

51. Nú svá sem þeir váru allir vel herklæddir ok á góðum Gaskunie² hestum eigi færri en fjórtán þúsundir. en³ í enni síðarri fylking váru 60⁴ þúsundir. En [Droim hertugi⁵ af Stampesborg reid þegar at móti þeim ok mælti: Enn megu þér í góðum tíma, segir hann, hefua vina yðvarra. Nú riðu þeir ofan fyrir brekkuna ok glitraði gull ok stál í móti sólskininu, ok gerdist þá⁶ mikill moldreykr undan [hesta fótum⁷ þeirra. Þá mæltu heiðingjar: Engi maðr sagði oss sannara en Balam sendimaðr, aldri verðr þetta land sótt af várri hendi oss til sœmdar. En ef Jamund hefði sent eptir feðr sínum í ðagan, þá væri nú Valland⁸ í hans valdi, ok nú verðr þat aldri sótt. Nú sanir hverjum at unna⁹ hesti sínum er góðan á. Sem hinir kómu at þar er bardaginn var. þar mátti þá heyra mikinn gný ok ógurligan hörkul. Ok er Jamund sá at bardaginn hallaðist á hans menn, þá hætti hann at ljósta leða heitast við þá, ok þó hét hann þeim at þarflausu fé¹⁰ ok ríki. Því næst leit hann á hægri hönd sér þangatferð herra Girarðs ok við honum 10 þúsundir riddara,¹¹ ok dró hann þá á bak fylkingar sínar betr en þrjú örskot. En inn gamli Girarðr lagðist¹² með þungu hlassi á bak þeim ok [feldi sem tíðast¹³ af þeim mikinn fjölda. Ok er Jamund fann at ekki var til viðrhjálp, þá dró hann at sér beisl¹⁴ sitt ok skundaði alt þat er hann mátti til aprferðar.

52. Svá sem Jamund sá, at kristnir menn höfðu tekit umhverfis hann betr en 10 þúsundir hinna vápudjörfustu riddara,¹⁵ þetta var fylking herra¹⁶ Bez ok Clares, ok leit hann [þá á bak sér ok¹⁷ sá [á hægri hönd sér Karlamagnús konung sækja fast fram, ok snerist hann¹⁸ þegar or flokki þeirra, ok ef hann getr forðat sér sem hann hygger, þá má hann at sönnu segja, at aldri komst hann fyrr or slíkum háska. Nú flýr Jamund undan berandi spjót sitt ok merki í hendi sér, ok var þat harmr er þat spjót var svá seigt,¹⁹ at hvárki²⁰ kunní bogua né brotna. Þenna við kalla sumir menn aiol.²¹ Þetta spjót ok tvau önnur þess hins sama viðar hafði hann með sér [til bardagans.²² Hann sat á²³ svá skjótum hesti, at [í

1) [þeirra þurfa, en til herklæða þarf ekki meira at vinu(a) a. 2) *mgl. a.*
 3) hinir *tílf. a.* 4) 40 a. 5) [herra Droim a. 6) svá a. 7) [fótum hesta a.
 8) alt land a. 9) inna a. 10) [þá né hæta þeim, þá hét hann þó at þarflausu gjöfum a. 11) hinna hörðustu manna a. 12) þá *tílf. a.*
 13) [*tílf. a.* 14) *tílf. a.* 15) manna a. 16) þeirra a. 17) [*tílf. a.* 18) [at Karlamagnús konungur rak hann, ok snerist á hægri hönd ok fór a.
 19) ek hart *tílf. a.* 20) aldri a. 21) niol a. 22) [þangat í bardagann a.
 23) einum *tílf. a.*

öllum þeim fjölda var engi hans maki,¹ ok reið hann þá ofan hjá bergi nökkuru ok kærði um vandræði sín ok mælti:² Vesall ok syndugr em ek nú, segir hann. Ek þóttumst vera svá mikill ok máttugr, at aldri mundu³ menn á mér sigrast, en nú í dag hefir mér eigi svá gefizt. Ek gaf þeim rangar sakir er⁴ eigi lifa, ok misgerða ek í því, at ek vilda⁵ bera kórónu [föður míns⁶ at honum lifanda. Sá gerir sér⁷ at sönnu harm ok skaða, er barn er ok barna [ráðum vill fylgja.⁸ Þá svarar Balam: [Heyr, kvað hann,⁹ ertu kona er kærir dauða [einka barns síns.¹⁰ Metnaðr ok ofrefli eru samlíkir félagar. Sá er í flestum úgæfum hefir sinn trúnað, lendir jafnan í þann vanda, er of seint verðr at kæra. En nú¹¹ með því at þér vildi illa¹² fara, þá samir betr at aðrir kæri [fyrir þik¹³ misfarar þínar, en þú sjálfir [kveinir sem börn eða hugveykar konur.¹⁴

53. Nú ferr Jamund leiðar sinnar, ok fylgja honum þrír konungar. Hann hallaðist í úvit á söðulbogann aptr, ok leit hann þá á bak sér ok sá at Karlamagnús konungr rak hann ok Nemes hertugi ok Oddgeir, ok fylgdu þeim fjórir skjaldsveinar Estor delangres¹⁵ ok Rollant á grám hesti,¹⁶ Otun¹⁷ ok Bæringr. Því næst stóð¹⁸ hestr Magons konungs svá mœddr ok sprengdr, at hvárki gékk hann fyrir sporum né höggum. Þá mælti Jamund: Nú kaun ek sízt at sjá hvat til [ráðs sé,¹⁹ ef Magon minn meistari ok fóstrfaðir skal hér eptir liggja, ok er mér mikill skaði ok skömm at láta hann. Snúumst²⁰ við þessum, er hér fara eptir, ok ríðum þá af [hestum sínum ok tókum einn þar af.²¹ Þá svarar Balam: Þat mun lítt tjá oss, þó at þú klandir²² ríki þeirra; en þeir munu fylgja þér ok drepa þik, ef þeir megu með nökkurum hætti ná þér. En Jamund [gaf eigi gaum at²³ hvat hann sagði, ok [tók þegar skjöld sinn ok hélt at sér sem fastast, ok lypti spjóti sínu ok hristi með svá miklu afli, at nálíga braut hann í sundr, ok²⁴ hleypti þegar fram hestinum ok lagði spjótínu til herra Nemes ok hjó²⁵ ofan í hjálminn ok or allan fjórðunginn, ok ef eigi hefði brynjan verit svá örugg,²⁶ þá hefði hann at vísu drepit hann, ok síðan²⁷ skaut hann honum or söðlinum. Oddgeir dānski hjó til Gorham²⁸ með svá [styrkri hendi, at hann

1) [varla mátti nökkurn finna í öllum þeirra fjölda, at jafngóðr væri sem sjá a. 2) vei mér tilf. a. 3) myndi a. 4) tilf. a. 5) skylda a. 6) [Agulandus a. 7) mgl. a. 8) [ráði vilja trúa a. 9) [Sjám, kvað hann, kærandi slíkt a. 10) [barns þíns a. 11) mgl. a. 12) nú illa at a. 13) [mgl. a. 14) [látir of illa a. 15) delagres a. 16) vápnhesti a. 17) Utun a. 18) stöðvaðist a. 19) [ráða er a. 20) Snúizt a. 21) [hestunum, ok vinnum einn af hestum þeirra a. 22) klandrir a. 23) [hirti eigi a. 24) [mgl. a. 25) hann tilf. a. 26) at hon bilaði eigi tilf. a. 27) því næst a. 28) Goram a.

klauf höfuð ok herðar til beltisstaðar ok skaut honum dauðum á jörð. Sem Jamund leit fall síns meistara ok ræðismanns,¹ þá brá hann þegar sverði sínu ok ætlaði [mitt ofan í höfuð Oddgeiri.² En sverðit flaug ofan á³ söðulbogann ok tók af höfuðit hestinum. En ef þetta högg hefði tekit hinn danska, þá mundi Jamund vel hafa hefnt ræðismanns síns. Ok þá dró hann at sér beislit ok sneri undan. Balam sneri þá aprt ok hnefaði spjót sitt sem hann mátti fastast, ok hleypti fram á⁴ hinum góða hesti sínum ok stefndi at leggja til Karlamagnús [konungs hins kurteisa.⁵ En konungrinn varð skjótari ok lagði [til hans með svá miklu afli, at hann kastaði honum langt⁶ af hestinum saurgandi hin silfrhvítu herklæði hans.⁷ Balam hljóp því næst upp ok ætlaði hann at komast á hestinn, ok er herra Nemes sá þat, brá hann sverðinu sem skjótast at verja hestinn fyrir honum, ok hófst⁸ þar svá hörð atganga, at horfði til mikils váða; hvárr hjó til annars með þeim inum góðum sverðum svá styrkliga, at fjarri flaug eldrinn or [hlífum þeirra.⁹ Sem Balam sá at Oddgeir skundaði þangat haldandi ok skakandi þat it digra spjót, ok með honum Estor delangres, Otun ok Bæringr ok Rollant á sínum hesti, þá sá hann, at honum mundi eigi duga at verjast, ok mælti þá til herra Nemes: Herra riddari, segir hann, nem staðar ok hætt at berjast, þú sigrast lítt í því at þú drepir mik. Ek vilda láta skíra mik ok signa¹⁰ guði ok heilagri trú, ok ef ek mætta finna herra Nemes hertuga or Bealfer, þá mundi hann þenna dag mér til hjálpar koma. Þá mælti hertugi Nemes: Hvat manna ertu, segir hann? [Herra, segir Balam, ek em¹¹ sendimaðr, sá er var í Franz at gera sendiferð Agulandi konungs. Þá svarar herra Nemes: Almátkum guði¹² þakkir. Ok þá mælti hann til Oddgeirs: [Gerit honum ekki mein, engi maðr var honum raustari; ok þá er ek var fyrirdæmðr til dráps ok dauða af hermönnum Agulandi, þá varð þessi maðr mér at hjálpa í mínum þurftum, ok hann frjálsaði mik í augli þeirra, ok lét bera fyrir mik svá mikit fé gulls ok silfrs, at engi maðr hirti sér fleiri né betri gersimar at kjósa né æskja. Hann gaf Karlamagnúsi konungi hinn hvíta hest. Heyr góðr riddari,

1) [öflugri hendi ofan í skjöldinn, at hann klauf at endilöngu, ok bilaði brynjan fyrir högginu, ok blóðgaði hann sverð sitt í miðjum bók hans ok skaut honum hundheiðnum fjarri af hestinum, ok féll hann dauðr á jörðina. Ok sem Jamund leit þenna atburð um meistara sinn ok ræðismann a. 2) [hann ofan í hjálminn í mitt höfuðit a. 3) í a. 4) *mgl. a.* 5) [hins kurteisa keisara a. 6) [fyrir til hans svá styrkri hendi, at ekki ístíg gat honum haldit, ok feldi konungr hann a. 7) sín a. 8) er a. 9) [annars hlífum a. 10) mik *tilf. a.* 11) [Ek em Balam a. 12) geri ek *tilf. a.*

segir hann,¹ viltu halda nú þat sem þú hefir mælt? Já herra, segir hann, þat vil ek at vísu ok þess em ek biðjandi. Ek gef mik guði ok undir yðra græzlu, at ek vil trúa á almátkan guð, er hin helgasta mey² María fæddi í Betlemborg. Þá svarar Nemes hertugi: Guð veit, segir hanu, at þat vil ek gjarna veita þér. Þá kom Rollant ríðandi á einum farahesti³ svá móðum ok nær sprungnum af erfiði, ok leit hann þá Morel⁴ standa á [miðjum veg sínum,⁵ ok spurði ekki at nema hljóp þegar á [bak honum,⁶ ok fékk hann þá svá mikiun harm, at aldri fékk hann meira, því at hann hugði at Nemes væri fullinn.

54. Nú flýr Jamund reiðr ok hryggr, því at nú er umsnúit valdi hans. Í gær árla er daga tók, þá hafði Jamund undir sínu valdi 7 sinnum 100 þúsunda, nú er eigi eptir hans liðs af öllum þeim enn minsti skjaldsveinn. Karlamagnús⁷ rekr hann ok getr eigi farit hann⁸ innan mikilla fimm fjórðunga, ok kom Jamund þá at nökkurum skógi litlum álms eða olifaviðar, þar sem hiit skifrasta vatn spratt upp undir rótum viðarins. Sem hann sá þat, þá fýsti hann mjök til, fyrir því at hann var móðr mjök af erfiði ok vöku; því þá váru liðnir þrír dagar síðan hann bergði [á nökkuru hvárki at eta né drekka,⁹ ok aldri þess í milli þorði hann hjálm sinn af höfði at taka, ok þá steig hann af hesti sínum ok skaut því inu mikla sverði með skálpinum niðr, ok setti skjöld sinn [niðr við viðinn, ok batt¹⁰ hest sinn, ok gékk til keldunnar ok lagðist niðr at drekka, ok drakk svá mikit sem honum líkaði. En fyrr en hann væri upprisinn, þá kom þar Karlamagnús konungr at honum svá skyndiliga, at Jamund mátti eigi ná vápnum sínum eða¹¹ hesti, ok þótti honum skömm¹² er hann hafði svá mjök vangætt sín. Þá mælti Karlamagnús konungr: Ef guð vill, þá skal engi maðr mega bregða mér því at ek drepa flóttamanu slyppan, tak vápn þínu ok [stíg á hest þinn,¹³ því at ek em kominn at klanda¹⁴ kélðu þessa af þér, ok úsynju [drakk þú af þessi keldu¹⁵ ok þenna drykk skaltu

1) [Gör honum aldri mein, engi varð öðrum meir at gagni en þessi riddari varð mér í mínum þurftum. Þá mælti hertugi Nemes: Ertu sá Balam, segir hann, er svá mjök vart mér at hjálp fyrir Agulando konungi, þá er þeir dæmdu mik í heyrn minni sjálfs undir dráp ok dauða, en þú fjaltsaðir mik í augliti þeirra ok lézt bera fyrir mik svá mikit fé gulls ok silfrs, svá margar hvítar brynjur, svá marga gylta hjálma ok svá mörg vel bítandi sverð, ok svá marga góða hesta, at engi maðr hirti sér fleiri né betri gersimar at kjósa né óskja. Þú gaft ok Karlamagnúsi konungi hinn hvíta hest. a. 2) mar a. 3) fararhesti a. 4) morel eitt a. 5) [vellinum miðjum a. 6) [hann a. 7) konungr tilf. a. 8) mgl. a. 9) [nökkurri fæzlu né drykk a. 10) [at viðinum ok festi a. 11) né a. 12) í tilf. a. 13) [saal. a; steig á hest sinn A. 14) klandra a. 15) [drapt (!) þú a.

dýrt kaup. Þá tók Jamund skjótt vápn sín ok hljóp þegar á hest sinn, ok hélt fram inum stinna skildi sínum at brjósti sér sem fastast ok¹ inu digra spjóti sínu til lags, ok mælti: Þat veit Maumet, herra riddari, segir hann, syndir þínar eggja þik til slíks, sem nú hefir þú gert. Eigi em ek sá maðr, er þú megir reka á flóttu. Sé ek, at þú hefir fríðan hest ok skjótan,² er svá fjarri hefir borit þik öðrum mönnum; hvít er brynja þín sem apaldrs flúr, svá at engi vápn fá³ henni spilt, en hjálmr þinn er [grænn sem gras,⁴ gerr af inu bezta stáli ok settr gimsteinum, ok sá er slíkan vildi fala,⁵ mætti kaupum við verði [þriggja hinna ríkustu borga⁶ ok kastala. En þat hefir þú mér berliga sýnt, at aldri vartu getinn af meðalmanni né af⁷ litlu kyni, er þú þyrmdir mér, meðan ek var slyppr fyrir,⁸ ok gaft mér hest minn ok vápn. Þú hefir svá kurteisliga þjónat mér, at þessi þjónusta skal þér vel duga, en hér verðr þú at játa mér klæði þín, ok gef ek þér leyfi aprt at fara úspiltum. [En ef þú vill af kristni ganga ok guði neita, þat veit Maumet at ek skal gera þik svá ríkan, at allir frændr þínir skulu af þér ríkuliga auðgast.⁹ Þá svarar Karlamagnús: Þessum kosti, segir hann, sem nú hefir þú gert,¹⁰ játa ek þér eigi svá búit, ok svá finnst mér í, sem ekki¹¹ vilir þú mikit fyrir¹² hafa at sækja mik. Þá mælti Jamund: Hvat [er nafn þitt, segir hann?¹³ Guð veit, segir Karlamagnús, aldri [vil ek leyna fyrir þér¹⁴ nafni mínu. Karlamagnús heiti ek keisari kristinna höfðingja, mér þjóna Frankismenn ok [Alimunie Bealveri ok af Loerenge,¹⁵ Mansel ok Rómverjar. Þá þótti Jamund undarligt, er hann var þar einn, ok mælti: Nú er mér [eptir því¹⁶ fallit sem ek yilda æskja, [því at nú virði ek eigi minn skaða eins lágs penings, fyrir því at þinn líkami skal gjalda þess harms ok trega, er býr í mínu brjósti af falli minna frænda ok höfðingja.¹⁷ Jamund spurði í annat sinn: Ertu sá Karlamagnús er [felt hefir fyrir mér fim hundruð þúsundir fráteknum¹⁸ þeim er undir merkjunu féllu. Nú vil ek at þú gefir mér upp Paris til umbóta skaða míns, Rómarríki,¹⁹ Púl ok Sicili, Tutalis²⁰ ok Loereng, Bealver ok Alimauni, Frakkland ok Burguniam, Nordmandi ok Brittaniam ok alla [Gaskuniam, ok²¹ til landamæris í Spáni. Þá svarar Karlamagnús keisari: Þat veit guð, at þú vilt vera ríkr mangari, þér samir eigi at eiga

1) hélt tilf. a. 2) skjótan a. 3) geta a. 4) [grasgrænn a. 5) falan láta a.

6) [hans 3 hinar ríkustu borgir a. 7) or a. 8) mgl. a. 9) [mgl. a.

10) mér tilf. a. 11) eigi a. 12) við a. 13) [heitir þú, seg mér nafn þitt a.

14) [leyni ek a. 15) [Alemaner, Peito ok Bretanie a. 16) [svá a.

17) [Nú virði ek eigi skaða minn eins penings, því at á þínum líkam

skal ek hefna minna skaða ok harma. a. 18) [svá margan ríkan félaga

hefir felt fyrir mér 5 hundruð þúsunda at ótöldum a. 19) Romaniam a.

20) Putalis a. 21) [Gaskon út a.

mörg lönd, er svá vilt latliga sækja. En mik væntir, at vit munum svá skipta, at í skilnaði okkrum mun annarr hvárr¹ okkarr lítt lofa sinn lut. Jamund var ungr maðr, stinnr ok sterkr, harðr ok² hugdjarfr í viðrskipti. En keisarinn² var hygginn ok forsjáll, trygg ok inn vaskasti. Síðan létu þeir hlaupa hesta sína at endilöngum vellinum, svá [sem þeir máttu mest af taka,³ ok lagði hvárr [til annars svá styrkliga, at þeir⁴ féllu báðir senn af hestunum til jarðar, ok var engi sá herbúnaðr keisarans⁵ er eigi [vörgaðist af moldunni í⁶ falli þeirra. Jamund ljóp þegar upp ok brá Dýrumdala, en konungr brá Jouse konungligu sverði, ok gerðist þá svá hörð atganga í millum þeirra tveggja, at aldri varð þvílík milli tveggja dauðligra manna, ok hjoggust þeir þá svá stórum höggum, at þeir klufu skjölduna, svá at fjarri flugu fjórðungarnir í brott. En konungr steig þá fram fœti ok hjó⁷ Jamund ofan í hjálminn, ok flaug sverðit ofan hægra megin ok sleit brynjuna⁸ af öxlinni ok særði hann miklu sári. Sem Jamund sá⁹ blóðit renna um sik, þá sprakk hann nálíga af harmi ok angri, ok þat sá hann, at konungr ætlaði honum þegar annat högg, ok at¹⁰ hann vildi með engum kosti stað sinn láta fyrir honum. Þá sá hann gullgjörð er ger var um hjálm konungs settan¹¹ með hinum dýrstum gimsteinum, ok mátti hann þá eigi lengr leyna því er honum var í hug, ok mælti:¹² Þú hinn kristni, gott [tóm ferr¹³ þú þá, ef ek fæ eigi af þér slitit hjálminn þann enn góða, ok [ek geta¹⁴ hvárki lypt honum né spilt; því eigi má ek drepa þik, meðan þú hefir hann á höfði, ok þat veit Maumet, eigi skaltu hans kunna gæta fyrir mér. Nú veit konungr at Jamund tekr hann höndum, nema almáttigr guð dugi honum ok heilagr andi. Þá getr hann eigi staðizt honum, ok veik hann þá herðum sínum undan honum, er hann vildi grípa hann höndum, ok misti¹⁵ hans jafnan. Nú sá Jamund at konungr varðist honum, ok er hann leit opt á hjálminn; girtist hann æ þess meir,¹⁶ er hann leit¹⁷ hann optar, ok mælti þá: Þú hinn kristni konungr,¹⁸ segir hann, mjök virði¹⁹ sá þik ríkuliga, er svá virðuliga bjó þinn hjálm. Þetta er smíð Salomons konungs hins ríka. Ek segi þér, at í þínum hjálmi eru þeir steinar, at sá er þá getr sótt, hann mun eigi sækja mætra,²⁰ ok þat veit Maumet, at [aldri skal hann þinn vera lengr.²¹ Þat veit guð,

1) tveggja a. 2) konungr a. 3) [mjök sem þeir gátu skjótast keyrt þá a.

4) [annan í skjöldinn svá hart, at engi söðulgjörð né istig né brjóstgjörð gat þeim haldit ok a. 5) konungs a. 6) [vörgaðizt í moldunni af a. 7) til tilf. a. 8) ofan tilf. a. 9) leit a. 10) ef a. 11) setta a.

12) síðan tilf. a. 13) [rom fær a. 14) [ef ek get a. 15) hann tilf. a.

16) til hans tilf. a. 17) sá a. 18) maðr a. 19) virti a. 20) mætara a.

21) [þinn skal hann aldri verða a.

segir konungr, aldri skal hann þinn verða, ok mjök er sá svívirðr er fyrir þér lætr hann.

55. Undir olifatré¹ gerðust þessir atburðir. Þessir tveir höfðingjar börðust með hinni hörðustu atgöngu.² En hvert sinn er Jamund veitti áræði Karlamagnúsi konungi, þá tók hann³ svá vaskliga við honum, at hann fékk⁴ ekki unnit at honum. Þá greip Jamund í skjaldarsporðinn ok vildi slíta⁵ af honum. Ok er hann gat þat eigi gert, þá greip hann í böndin ok vildi slíta af honum hjálminn, ok var þá höfuð konungs bert. En Karlamagnús hélt⁶ á hjálmnum, ok tókust þeir þá höndum. Ok er Jamund hafði náliga tekit hjálminn af Karlamagnúsi konungi, þá kom Rollant riðandi ok steig þegar af hestinum undir viðinum, ok hafði í hendi spjótsbrot eitt digrt. Ok er Jamund sá hann, þá [gaf hann ekki gaum at honum, því at hann var⁷ hinn mesti ofmetnaðarmaðr ok⁸ hugði engan dauðligan mann sinn jafningja vera mundu. En konungr var þá mjök angraðr, ok ef guð sendir honum eigi skjóta viðrhjálp, þá er alt ríki hans týnt ok tapat. En í því kom Rollant hlaupandi þangat, ok hafði í hendi sér mikit spjótsbrot,⁹ ok laust þegar á hjálminn Jamunds svá mikit högg sem hann mátti mest. Þá sór Jamund við Machun¹⁰ ok Terrogant ok allan þeirra mátt ok styrk, ok mælti: Allmjök verðr þá guð yðvarr kröptugr¹¹ yfir alla aðra guða, ef þit komizt báðir heilir frá mér, sem þit eruð hér tveir komnir. Jamund var sterkr, grimmr ok illgjarn, en Karlamagnús konungr var eigi barn í sínum athæfum. Þá hnefaði Rollant spjótsbrotit¹² báðum höndum ok ætlaði sér annat högg¹³ í þann hvíta hjálm, ok skaut Jamund við hægri hendi, ok kom svá mikit högg á armlegg hans, at it hvassasta sverð flaug [langt or hendi¹⁴ honum. Sem Jamund kendi at hann hafði ekki í hendi nema brynglófann tóman, þá minkaði metnað hans ok bliknaði hann þá. En Rollant greip þegar sverðit ok ljó til Jamunds í gegnum hjálminn, svá at þegar flaug blóðit ok heilinn af¹⁵ munnni hans, en sverðit nam staðar í hinum neðrum tönnum, ok steyptist hann með svá miklu falli, at aldri síðan stóð hann upp á sína fætr. Nú hefir Jamund fundit þat er hann hefir lengi leitit. Keisarinn¹⁶ settist þá niðr at hvíla sik ok mundi lítt hrósa sínum hlut nema [at því er¹⁷ Jamund var dauðr; fyrir því ef guð hefði eigi sent honum slíka viðrhjálp, þá bæri hann aldri¹⁸

¹) olifaviði a. ²) hvártveggja gefandi ok viðrtakandi *tilf. a.* ³) konungr a.

⁴) gat a. ⁵) skjöldinn *tilf. a.* ⁶) þá *tilf. a.* ⁷) [hirti hann ekki um hann, því at hann var þrútiinn af reiði ok a- ⁸) svá at hann a.

⁹) spjótskaptsbrot a. ¹⁰) Makon a. ¹¹) kraptigr a. ¹²) spjótkurf sinn a.

¹³) ofan *tilf. a.* ¹⁴) [fjarri höndum a. ¹⁵) or a. ¹⁶) Konungrinn a.

¹⁷) [í því at a. ¹⁸) optar *tilf. a.*

kórónu. Rollant tók þá [hest sinn¹ með öllum búnaði, ok kómu þá Frankismenn, Oddgeir ok Nemes, ok stigu þegar af hestum sínum ok fundu Karlamagnús konung móðan ok blóðgan [um andlit.²

56. [Oddgeir ok Nemes stigu þegar af baki. Sem Nemes sá Karlamagnús konung, þá varð hann hryggr ok mælti:³ Jlla ok úforsjáliga gerðir þú, er þú rakt hann einn,⁴ þar er þú sátt, at hann feldi mik af hestinum ok hjó í sundr hest Oddgeirs með sverðinu, ok gerði okkr báða með kynligum hætti sem pedmenn eða göngumenn. Þá fór hann eigi sem [flóttamaðr, heldr sem hinn mesti víkingr.⁵ Þá svarar konungr: Herrar, kvað hann, ek mun nú framleiðis við sjá slíkum háska, en nú má engi únýta þat sem gert er. Hann veitti hina hörðustu mótstöðu fyrir sakir hjálms míns, er hann girntist [mjök til,⁶ ok ef guð hefði eigi sent mér Rollant, er míu hefndi á honum, þá [væra ek at vísu⁷ til dauða dæmdr. Þá tóku þeir lík Jamunds ok sneru opuu. En Rollant hafði svá ákaflika sótt hann, at hann hafði í sundr lostit hinn hægra armlegg hans fyrir framan ölbogann. Þá [kysti Nemes hertugi Rollant þryssvar⁸ ok mælti: Þessa gripi er þú hefir nú sótt, játum vér þér görsamliga, því at⁹ þú ert verðugr at njóta þess er þú hefir svá drengiliga til sótt. Fyrr en konungr stigi á hest sinn, þá þógu þeir blóðit ok sveitann af andliti hans, ok báru Jamund undir olifatré eitt ok lögðu hann þar niðr. En Rollant hafði svá mikit högg lostit hann í hnakkann, at bæði augu hans lágu¹⁰ á kinnu úti, en heilinn með blóðinu var ofan siginn í angastaði¹¹ hans. Þeir sneru honum á grúfu ok köstuðu yfir hann skildi. [Þá mælti konungr:¹² Herra Nemes, segir hann, ef þessi væri kristinn, aldri fæddist honum vaskari maðr, síðan Krístr kom í heiminn. Nemes svarar: Vei sé þeim er hann grætr, ok svá [þeirri konu er slíkan son¹³ fæddi, þar sem hann er nú gefinn öllum djöflum.

57. Síðan riðu þeir Karlamagnús konungr til liðs síns ok fundu hvern mann hugsjúkan ok hryggvan,¹⁴ því at engi vissi hvar¹⁵ konungr var kominn. Hestarnir váru svá mæddir,¹⁶ at nálíga váru til enskis nýtir. En ef hann¹⁷ hefði lengr dvalizt, þá væri alt þeirra traust týnt. Sem konungr var þar kominn, þá sté hann af hestinum, ok leiddu þeir hann til [landtjalds Jamunds¹⁸ ok tóku af honum

¹) [hestinu a. ²) [í andliti a. ³) [þeir stigu þegar af hestum sínum ok fundu þegar Karlamagnús ok mæltu a. ⁴) á flótta tilf. a. ⁵) [hræddr flóttamaðr, er hann reið okkr báða af hestnum a. ⁶) [saal. a; hann A. ⁷) [hefða ek at vísu verit a. ⁸) [lagði Nemes hertugi báðar hendr um háls Rollants ok kysti hann 3 sinnum a. ⁹) saal. a; þvit A. ¹⁰) tilf. a. ¹¹) au(gn)astaði a. ¹²) [Ok þá kallaði Karlamagnús ok mælti a. ¹³) [þeirri er hann a. ¹⁴) saal. a; hugrakan A. ¹⁵) Karlamagnús tilf. a. ¹⁶) meiddir a. ¹⁷) konungr a. ¹⁸) [landtjaldsins a.

hans herklæði, tóku þá Frankismenn [sitt herbergi.¹ En hinn gamli Girarð rak flóttu heiðingja betr en röst, ok komst enginn þann veg kvíkr í brott, en allir vellirnir váru huldir af² líkum ok vápnum, svá at eigi mátti ríða [fyrir eða fram komast.³ En svá mikit fé var þar, at hverr er vildi fylði [skjöld sinn ok hosur sínar⁴ af gulli ok silfri.⁵ En hinn gamli Girarðr steig þá af hesti sínum fyrir turninum, ok váru allir hinir vildustu mjök angraðir, fyrir því at þeir höfðu vakat ok fastat fjögur dægr, ok var þá öllum mikill fagnaðr á, er þeir féngu hvíld, ok settist Karlamagnús konungr þá til matar. En ef Agulandus konungr⁶ vissi þat sem nú var þar tíðenda, þá mundi hann verða bæði styggr ok reiðr.

58. Agulandus konungr var þann tíma í borg þeirri er Frisa heitir, ok váru þar þá landfastir orðnir Bordant konungr hinn máttugi, hann⁷ var af því landi er liggr fyrir utan Jórsalaland, ok Modas konungr með mikinnu her, ok gerðu þar mikinn fagnað ok skemtan, ok settust til skáktafls at leika við Agulandum konung, ok tóku⁸ til um morguninn snemma,⁹ en gáfu eigi upp fyrr en nón var liðit. Ok er Agulandus sá at dáligrí var hans hluti í taflinu, þá varð hann mjök reiðr ok mælti: Til enskis dvelr þú þetta tafl, ek legg við alla¹⁰ Púl í móti þínum¹¹ hæggra glófa. Þá hló hinn at, ok mælti: Gef ekki Púl,¹² sverð ok spjót eru fyrir oss at verja þat. Síðan daga tók¹³ hefir Jamund fram riðit, ok með honum sjau¹⁴ þúsundir riddara, en þat veit ek eigi, hversu þeim hefir tekizt. Nú lýkr hér hinni séttu bók, sem Karlamagnús konungr var til hvíldar kominn ok lið hans eptir it mikla starf ok meinkæti hins mikla bardaga, ok er nú sagt í hinni sjaundu bók frá athæfum Agulandi, síðan Magon ok Asperam kómu til hans, þeir er flýð¹⁵ höfðu undan höfuðmerki Jamunds.¹⁶

59. Magon ok Asperam konungar koma nú ríðandi sveitugum¹⁷ hestum til Frise borgar, þar sat Agulandus konungr hinn öflugi.¹⁸ Hestar þeirra váru blóðugir af spora höggum, þeir kvöddu konung með tigulígunum orðum, þegar þeir kómu fyrir hann, er hann sat yfir¹⁹ skáktafli. Hvat gerir þú, sögðu þeir, sonr þinn hefir barzt²⁰ við

1) [herbergi sín a. 2) mgl. a. 3) [þar né fram koma a. 4) [skaut sín ok hosur a. 5) En þá er þeir höfðu sem þeim líkaði. þá var enn svá mikit eptir, at þá angraði at sjá tilf. a. 6) *Her følger et Blad i a. hvoraf Halvparten er bortskaaren, saa at de nederste 26 Linier mangle; og dernæst er den levnedé Halvpart igjen skaaren tvers over; saa at kun det halve af de tilbageblevne 16 Linier er tilovers.* 7) er kominn a. 8) taka a. 9) árla a. 10) allan a. 11) hinum tilf. a. 12) því at tilf. a. 13) í gær tilf. a. 14) hundruð tilf. a. 15) flýit a. 16) Jamundar a. 17) sveittum a. 18) [hinn öflugasti konungr a. 19) at a. 20) barizt a.

Karlamagnús konung, vit höfum tekit¹ við höfuðmerkinu ok hundrað þúsunda með; þá kómu at úvöru á hægri hönd oss eitt fólk, ok foringi þess liðs var einn lítill gamall maðr, ok drap alt lið vart ok kom okkr á flótta, ok af þeim tuttugu þúsundum er eigi einn sá er skjöld megi bera. Þá svarar Agulandus: Asperam, kvað hann, hvar er son minn? Herra, segir hann, þat veit trú mín, at vér erum þess enn eigi sannfróðir. Sem Agulandus heyrði þat, þá hljóp hann nálíga or viti sínu ok greip þegar staf einn, er lá hjá honum, ok skaut upp ok kastaði at honum. En er hann sá stafinn fljúga at sér, veik hann undan sem skjótast. En þat it mikla högg tók á brott hálfan stólpann þann sem hann kom á. Þá mælti Agulandus: Hinn gamli svikari, kvað hann, aldri skulu vér því trúa, at nökkurr maðr sá er við kristni hefir tekit muni koma syni mínum á flótta. En fyrir ykkarn útrúnað skal ek láta hengja ykkur báða sem hina verstu þjófa. Þá svarar Asperam: Skilit hefi ek orð yður, herra, segir hann, en ek vænti, at þat mun yðr eigi upp gefast vetrangt, er þér segit mik stólit hafa. Þá stefndi Agulandus til sín öllum höfðingjum er í váru liðinu, ok kómu þeir allir samt fyrir hann í hina miklu höll, er Jerimias konungr hafði átt. Þá talaði Agulandus ok mælti: Herrar, kvað hann, heyrít hvílfkan údrengskap þessir tveir konungar hafa lýst við mik, svikit son minn ok illmannliga svikit hann. Nú býð ek yðr, at hverr yðvarr dæmi þat sem rétt er um þetta mál. Þeir svöruðu: Eigi skulu þér þess missa, herra. Þá géngu or hölliuni 20 konungar ok sömnuðust í eitt lopt. Þessir váru mestir höfðingjar, Almazor ok Amustade. Nú talaði Amustade fyrstr: Herrar, segir hann, þessir tveir konungar eru ættingjar mínir ok systursynir. Mik væntir, at engi sé sá á þessa stefnu kominn er þá vili með sínum dómi angra, því at þeir eru hinir vöskustu riddarar, ok hræðumst ek mjök, ef þeim verðr misþyrmt, at allr þessi herr sturlist ok sundrþykkist.

60. Þá stóð upp Akvin konungr ok ræddi sem reiðr maðr: Herra Amustade, segir hann, mikit taki þér yðr á hendr, er þér segit, at engi skuli angra þessa menn í dómi. En með því at þeir hafa flýð undan merkinu, er herra Jamund fékk þeim til gæzlu, eigi á líkam sárir ok engi þeirra vápn spilt eða fölsuð, þá er þat hverjum manni sýnt, at þeir hafa sik sjálfir fyrirdæmt. En vér sendum þangat syni vára ok bræðr ok náskylda frændr, ok erum hræddir ok² hryggir um þeirra hag, en þú vilt vera feginn ok hafa frændr þína frjálssa. En nú beint hér í augliti þínu skulu þeir vera

¹) Her mangler Resten af første Side af det overskaarne Blad i a. ²) Her begynder anden Side af det overskaarne Blad i a.

fengnir í vald þessarra höfðingja,¹ at slíkr dómur se görr um þá, at vér sémm allir hefndir af.²

61. Þá stóð upp Ankaris konungr or Amflors ok mælti hárrí röddu: Herrar, segir hann, verit eigi svá mjök angraðir, þat vitum vér, at mikil ok víð er Affrika, ok margir eru þar fémiklir menn, er aldri girntust annarra konunga ríki. Betr sœmdi Agulando, at hann væri nú heima í Affrika eða í öðrum stöðum síns ríkis, hann mætti ríða á veiðar með hundum ok veiðimönnum at allskyns dýrum, eða með haukum at allskyns fuglum. En Jamund son hans ok þessir nýju riddarar, er fyrir skömmu tóku herklæði, ok vér³ berserkir ok kappar er⁴ hér erum samankomnir mundum sækja ok vinna sœmdir ok ríki, ef mikillæti rósara slíkra, er nú töluðu áðr, teldi sik eigi hverjum manni vildri ok vaskari. En Magon konungr ok Asperam rauði er þér vilít nú fyrirdæma, þá eru eigi hraustari menn um allan riddaraskap í allri Affrika né öflugari⁵ at fyrirkoma várum úvinum, [þá væri þat of⁶ skaði, ef þeir væri drepnir eða spiltir. En ef konungi líkar, þá göngu vér⁷ í vörzlu fyrir þá, til þess er [sannendi koma⁸ upp, hvárir sigrast hafa í bardaganum.

62. Síðan stóð upp Abilant konungr hinn öflgi⁹ ok mælti: Ankaris. [segir hann, sannliga sýnir þú þik eigi réttan um þetta mál.¹⁰ Gakk í brott utar í loptit ok haf ráð þín við þann er þér líkar, ok seg þat er þú heyrir, en aldri skaltu fyrir þessa menn í vörzlu ganga, því at eigi samir at þetta mál standi lengr.¹¹ Ok nú [fyrir sjálfs þíns¹² augliti skulu þeir vera bundnir ok bardir, hvárki skulu þeim tjá¹³ fœtr né hendr; þeim skulu fylgja fimtán skjaldsveinar, ok skal hverr þeirra hafa í hendi einn hestavönd görfan með hörðum knútum af hinum seigustum álum, en hverr þeirra er eigi kemr blóði út or baki þessarra svikara við hvert högg, þá skal sá hjóta it mesta högg af minni hægri hendi. Eptir þat er þessir svikarar eru svá leikuir, skulu vér láta hengja þá ok því næst á báli brenna. En ef þér látit illa yfir, þá skulu várar tungur jafndjarfliga þann sama dóm yðr dæma.

63. Þá talaði Amustene yfir Fameborg. Þessi var hinn hygg-nasti maðr ok inn auðgasti, ríki hans liggur umhverfis Galliam ofan með sjónum endilöngum. Hann mælti á þessa leið: Lendir menn, segir hann, heyrít hvílíka svívirðing þessir konungar hafa gert, er

¹) til þess tilf. a. ²) á þeim a. ³) saal. a; váru A. ⁴) saal. a; ok A.

⁵) listaligrí a. ⁶) [þat væri ok a. ⁷) [vilj]um vér ganga a. ⁸) [satt kemr a. ⁹) öflugí a. ¹⁰) [kvað hann: Opinberum orðum ertu þat þú Agul. konung né Jamund a. ¹¹) . . .

né leysist með vörzlu, ok aldri eigu þeir at bera kórónu ne tilf. a.

¹²) [beint í þeirra a. ¹³) *Her mangler Resten af anden Side af det over-skaarne Blad i a.*

Maumet ok allir guðar várir bölfir þeim, þeir ganga við mikilli illsku ok ragskap, þeir hafa hafnat sínum herra af hugleysi. Þessa gerði Jamund höfðingja ok fékk þeim mikit ríki ok tignaði þá með viðtöku höfuðmerkis síns, ok hafa þeir við gengit at þeir flýðu undan, ok engi sá er viti hvat líði um svá mikinn her ok maunfjölda. Nú er sá minn dómr sannligr, at þeir hafi fyrirgert lífi ok limum. En ef nökkurr mælir móti þessum dómi, þá standi hann upp til einvígis í móti mér; ok ef ek tek eigi höfuð af honum fyrir þetta kveld; þá gef ek honum upp alt ríki mitt. Ok var engi sá er í móti honum mælti.

64. Samnel konungr svarar þá af mikilli reiði: Herra Amustade, segir hann, þú mælir of heimsliga, allir vér vitum, at þú vart aldri vinr várs afsprings. En nú vil ek segja þér, hversu þín ætt hefir æ vára ætt hataða. Þat var fyrir því at þeir kómu eigi því fram, er þeir vildu, fyrir því at várir frændr ráku þína frændr af sér, ok fýsti þá aldri optar við þá at eiga. En faðir minn gerði vilja sinn ok gaf upp löndin ríkuliga. Asperam er inn ágætasti höfðingi, ok svá Magon félagi hans. En ef þú hatar þá með illsku þinni, þá samir þér eigi at fyrirdæma þá svá svívirðliga, enn veiztu eigi hvárir sigrazt hafa; þeir eigu ok svá marga frændr ríka ok vini, at engum kosti þola þeir, at þú fyrirdæmir þá fyrr en vér vitum hvat títt er um vára menn.

65. Hinn hyggni Sinapis stóð þá upp, hann var höfðingi yfir Alfre, hann réð turninum í Antioehia, hann var hinn mesti vin Agulandi ok Jamunds, hann hafði verit fóstfaðir Jamunds: Herrar, kvað hann, heyrið hversu mikit þessir tveir ættingjar Norons hafa¹ misgert, er systursynir eru þess hins svikala konungs, er ek sé þar sitja undir steinstólpanum klæddr rauðu cielatun.² Hann hefir lengi á illu setið, en ek hef jafnan konunginum fylgt. Konungr várr skyldi reka þessa í brott Akari ok Lampalilla, Salatiel ok Safagon konung, Esperigam ok Managon konung, Estor³ ok Malgernin konung ok alla ættingja þeirra bölvada. En svikara dæmu vér at hengja⁴ sem þjófa ok brenna þá síðan á báli í augliti alls lýðs, [at hverr maðr viti ok sakir ok syndir þeirra.⁵ En ef Amustene kallar þetta rangt, þá skal honum⁶ rangt en oss rétt. Í gær árla reið Jamund á hendr kristnum mönnum ok skipaði þessum svikorum undir höfuðmerki sitt,⁷ en nú sjám vér⁸ þá hér komna heila ok úsára; eigi þurfum vér at gefa þeim svikara sök, þeir ganga sjálfir við, ok dirfast svá, at þeir sjálfir segja upp svikin, ok fyrir því

1) *Med dette Ord begynder atter a.* 2) siklatun a. 3) hinn rauða tilf. a.

4) þá tilf. a. 5) [tilf. a. 6) vera tilf. a. 7) ok foringja fyrir lið sitt tilf. a. 8) allir tilf. a.

samir oss at skunda þessum dómi, at eigi spyri Jamund þat til vár, at vér höldum svikara hans. En þú Amustene,¹ er ek sé þar sitja, bleyðist þú nú ok bliknar allr, jörðu ertu líkr sem dauðr maðr. Nú ef þú vilt þenna dóm falsa ok þínir frændr er nú heyrit orð mín, þá gangit til vápna yðvarra, en ek mun stíga á hest minn herklæddr, ok ef ek get eigi sannat þenna dóm í aftöku höfuðs þíns, þá láti konungr hengja² mik sem hiun versta³ þjóf er til galga er dæmdr. Af þessum orðum urðu allir svá dumbi, at engi þeirra kvað eitt orð upp.

66. Ulien ok Madekvin⁴ konungr stóðu þá báðir upp, ok tók hvárr í hönd öðrum, ok géngu or loptinu inn í höllina ok fundu Agulandum [konung sitjanda á einni silkidýnu ok⁵ andvarpanda kapp-samliga. Ulien sór þá við Makun ok Apollin ok mælti til Agulandum: Hugr þinn, herra, er alls of [blautr við þessa svikara⁶ hins bölváða kyns Kains,⁷ er jafnan hafa [svik gert,⁸ látit nú draga þá kvika at hestahölum í sundr. Agulandus konungr [gékk þá með þeim út í loptit til dómsmanna ok⁹ mælti hárrí röddu: Eru dæmdir þessir svikarar? segir hann. Já, sögðu þeir. Fyrirkomit þeim þá sem skjótast. segir hann, hestar skulu draga þá í gegnum herinn at¹⁰ augliti alls lýðs, svá karla sem kveuna, ungra ok gamalla. Síðan látit [saman samua öll þeirra stykki ok kasta¹¹ í hinn fúlasta pytt. Samnit þá saman pátum [90 eða hundrað,¹² þeirra er seljast fyrir silfr, ok munu þær gjarna koma, ok gefit hverri þeirra bisund¹³ gulls, ok mígi þær ok saurgi ofan¹⁴ á þá, svá at hverr maðr sjái þat. Tendrit síðan mikinn eld þá¹⁵ í at brenna. Sá er [öðruvís refsar¹⁶ svikorum, þá sœmir sá¹⁷ þá of mjök er á galga hengir.¹⁸ Síðan váru fram leiðdir þessir tveir konungar, er fyrirdæmdir¹⁹ váru. Þá mælti Agulandus: Hinir vándu svikarar, kvað hann, hvat hafit þit gert af syni mínum? Kunnit þit nökkut at segja mér hvat af honum er orðit? Nei herra, segja þeir, vit várum eigi þar svá lengi, at vit vissim hvat [um hann²⁰ varð síðarst. [Eiun gamall maðr litill á miklum vápuhesti grám var foringi eins fólks, svá vel kunnandi at berjast, at engi skepna gat staðizt honum, ok ráku oss þegar frá merkinu ok hjuggu þegar niðr í augliti okkru 20 þúsundir. En Jamund var þá í öðru liði ok barðist í móti þeim, er þar váru, ok kunnum vér alls ekki frá honum at segja.²¹ Þat veit Makon,

1) Samnel a. 2) leika a. 3) dáligasta a. 4) Madikun a. 5) [tilf. a. 6) [blauðr, þessir 2 svikarar ættingjar a. 7) Tames a. 8) [at svikum verit a. 9) [mgl. a. 10) ok síðan um alla borgina í a. 11) [bera stykki þeirra öll saman ok kastit a. 12) [áttatigum eða 100 a. 13) saal. a; pisund A. 14) mgl. a. 15) þeim a. 16) [aðra leið þjónar a. 17) hann a. 18) hangir a. 19) dæmdir a. 20) [af þeim a. 21) [tilf. a.

segir Agulandus, at víst em ek fól, ef ek spyr ykkur fleira. Ok krafði [þá fjögurra hesta ok lét binda¹ Asperam milli tveggja en Magon millum annarra tveggja, ok hljópu þá þjónar [til ok keyrðu hestana² þegar sem þeir horfðu um berg ok hamra, svá at hvervitna var vegrinn blóðugr ok grjót af blóði þeirra ok holdi. Eptir þat váru þeir kastaðir í hinn saurgasta pytt, [okfeldu þá portkonur á þá hland ok annan saur líkama sinna at öllum herinum ásjánda.³ En eptir þetta fúla⁴ starf tók hver þeirra bisund gulls. Eigi lauk leiki þeim fyrr en kvelda tók, ok gerðist [mikil umræða í liði heiðingja, ok mælti hverr við annan:⁵ Jlla hefir Jamund þeim⁶ við hólpit.

67. Þá er Agulandus konungr hafði til borða⁷ sezt, þá stigu af hestum sínum í konungs garði ein þúsund af flóttamönnum, ok faunst engi í þeirra liði sá er eigi væri⁸ sárr, [ok hestar þeirra mjök sárir,⁹ skildir þeirra klofnir at únytu, ok gékk sá fyrir er ríkast var inn í höllina fyrir konungs borð. En hann var lagðr með kesju í gegnum brynjuna ok pansarann, ok [féll blóðit um alt hallargólfít or sárinu.¹⁰ Hann mælti lágt, því hann mátti eigi hátt: Herra, segir hann, þú mant alt of lengi hér dveljast ok of seinn verða. Síðan Jamund son yðvarr fór at búa í turninum, þá riðu vér með þrjár þúsundir riddara [ok útalt bogmanna lið vart,¹¹ ok fór Jamund þá fyrir liði váru at fá oss vistir, ok höfðu vér guða vára með oss at snúa kristnum mönnum undir lög vár. Vér sóttum borgir ok kastala, alla hina ágætustu menu er eigi vildu guði sínum níta,¹² lét Jamund drepa, ok brjóstin skera af konum þeirra. Í þeirri¹³ ferð tóku vér it mesta fé. Sem [Jamund var við oss skiliinn ok vér snerum¹⁴ aptr, mættum vér þá njósnarmönnum Karlamagnús konungs,¹⁵ ok¹⁶ þá hugðumst vér gera skyldu atreið á hendr þeim, ok tæði alls ekki hvárki bogaskot né spjótalög. Þar féll Entor merkismaðr várr, ok þá létu vér fjóra guða vára, en í ánni drukuðu svá margir af várum mönnum, at þurruum fótum mátti [fara á líkum¹⁷ þeirra, ok sá ek þá einn Frankismann reka Jamund til þess er hann kom í garðshlið¹⁸ turnsins, ok drap hann þá hestinn

1) [hann þá 4 hesta harðreiða ok bundu a. 2) [á hestana ok keyrðu a. 3) [en þá kómu portkonur öllum herinum ásjánda okfeldu á þat sem eptir var af líkömum þeirra hland ok annan saur líkama sinna a. 4) saurga a. 5) [hvíslan mikil, ok í Affrika liði mælti hverr til annars a. 6) þessum 2 a. 7) borðs a. 8) var a. 9) [mgl. a. 10) [gaus blóðit or sárinu, svá at alt gólfít var blóðugt, ok hjálmr hans var höggvinn ofan til banda, svá at hlutirnir lágu á herðunum a. 11) [at útöldu liði bogmanna várra a. 12) neita a. 13) þeirra a. 14) [mánuðr var liðinn, snerum vér a. 15) í hirðinni tilf. a. 16) sem vér riðum ofan af fjallinu tilf. a. 17) [gauga á líkömum a. 18) garð a.

undir honum¹ ok tóku þeir þá af oss² alt þat er vér höfðum saman dregit, ok höfðum vér allir eigi svá mikit, at vert væri eins penings.

68. Þá svarar konungr: Er þat satt, Valdebrun, eru fjórir guðar várir teknir? Já, sagði hann, vér höfum nú barzt³ þrjá daga við Karlamagnús konung; fáir eru Frankismenn, eu eigi munu aðrir finnast vaskari. [Þeir tóku höfuðmerki vart ok ráku oss á flóttu, ok ekki tjáði oss allr fjöldi várr;⁴ en Jamund dvaldist eptir með fjórum konungum, Balam ok Gorham, Mordruin⁵ ok Sinagern. Þá er þeir tóku guða vára,⁶ þá börðu þeir þá með spjótsköptum⁷ ok með hvössum hégeitlum oss ásjándum, ok drógu þá þegar af fjórum [olifatrjám ok⁸ niðr á jörð ok sneru höfðunum⁹ niðr¹⁰ en fótunum upp, ok lýstu þeir eigi þar [mátt sinn¹¹ né krapta, ok alla tel ek þá svikna er [sér trúa slíka guða hjálpa mega.¹² Herra, kvað Valdebrun, skilit þat er ek segi yðr, vér sáam gerla [lið Frankis- manna ok¹³ njósnarmenn þeirra, foringjar eru tólf hertugar ok tveir konungar kórónaðir, en lið þeirra er fjórtigir¹⁴ þúsunda,¹⁵ en fylking sjálfs konungsins er hundrað þúsunda, en vér höfum drepit¹⁶ fjórðung liðs þeirra. Nú herra, ef þér vilit þetta land sækja, þá ríðit sem skjótast ok hryggizt eigi, því at þeir hafa [ekki liðsfjölda í móti yðr at standa.¹⁷ Ef þeir væri gerðir¹⁸ oss til matar, þá mundu þeir eigi vinnast oss til hálftrar fylli. Þá svarar konungr: Valdebrun, segir hann, þú fyllir mik harms,¹⁹ þú kant ekki segja mér frá Jamund. Víst ekki, segir hann, nema þat, ef nökkurir eru kvikir, þá eru farnir til Beiuere²⁰ borgar at taka²¹ þar hvíld.

69. Agulandus konungr reiddist þá ok mælti: Hau,²² kvað hann, Afríkamenn, verit eigi nú harmafullir²³ eða latir, góðir riddarar, blásit nú hornum ok lúðrum ok ríðit sem skjótast á hendr þeim, ok takit með yðr 20 þúsundir riddara. Fyrir þessum skulu vera höfðingjar Madekvin²⁴ ok Almazor, en fyrir annarri fylking skulu vera²⁵ Akarð or Amflor ok Ulien, þeim skulu fylgja þrirtigir þúsunda. Þessir skulu mér fylgja at gæta líkama míns ok sœmda minna, Modes rauði ok Galingres gamli, Ambilant hinn mikilláti ok

¹) ok ef höggit hefði tekit ham hálfan. Þá þurfti hann eigi meira *tílf. a.*

²) honum *a.* ³) barizt *a.* ⁴) [Allir hafa þeir brynjuhöt undir brynjum ok brynjur fótisðar. Þessir keyrðu oss ok þröngdu, at ekki téði oss allr fjöldi várr, ok tóku þeir höfuðmerki vart. en vér flýðum *a.*

⁵) Mordium *a.* ⁶) frá oss *tílf. a.* ⁷) spjótkurfum *a.* ⁸) [alifantum *a.*

⁹) *saal. a.*; höfðinu *A.* ¹⁰) á þeim *tílf. a.* ¹¹) [sínar jarteignir *a.* ¹²) [á slíka guða trúa ok slíkt hyggja sér mega hjálpa *a.* ¹³) [mgl. *a.* ¹⁴) 60 *a.*

¹⁵) riddara *tílf. a.* ¹⁶) vel *tílf. a.* ¹⁷) [lið til at halda viðstöðu í mót yðr *a.* ¹⁸) görvir *a.* ¹⁹) því at *tílf. a.* ²⁰) Befueris *a.* ²¹) fá *a.*

²²) Ho *a.* ²³) hugblauðir *a.* ²⁴) Madekun *a.* ²⁵) foringjar *tílf. a.*

Amuste ok með honum tveir drambsamir synir hans. Vér skulum riða at Frankismönnum ok lægja dramb þeirra ok metnað. En ef vér hefðim Jamund son minn með oss, þá mundu vér skjótt verða vísir, hverir vildastir væri. Þá svarar Valdebrun: Herra, segir hann, vitið at vísu, at þér þurfið eigi svá mjök girnast at leita [Frankismanna, væri þeir þúsund, en þér tveir ok 40 þúsunda, þá mundu þeir eigi síðr leita¹ yðvar en þér þeirra. Agulandus stóð þá grátandi fullr af harmi ok plukkaði skegg sitt. En herr hans allr tók at blása ákafliga ok riðu or borginni 100 ok 40 þúsunda, ok létu þó eptir mikit lið at gæta skipanna ok [hina fríðu dróttningu Agulandi, henni til þjónustu váru fengnir tuttugu þúsundir riddara.²

70. Madeqvin konungr talaði þá við sína menn: Þat veit Maumet, ef ek má nökkura stund lifa, at allir eru kristnir menn dauðir, er fyrir mér verða. Í annarri fylking eru 30 þúsunda. Þar mátti sjá [mörg góð hervápn,³ yfir þessi fylking váru höfðingjar Akart af Amflor ok Manuel systrungr hans, yfir annarri fylking var höfðingi Floriades, hans lið var með⁴ öðrum hætti vápnat, þessir höfðu eigi brynjur né panzara, heldr hin beztu spjót. Ef þessir reka flóttu, þá ætla þeir nær at sækja, en ef þeir verða reknir, þá eru þeir hundum skjótari, yfir þessum var annarr foringi Chalides hinn ríki. Hina 3 fylking varðveitti Eliades,⁵ hans lið var vel⁶ vápnat, þeir eru saman 40 þúsunda hinu⁷ mestu ofmetnaðarmenn.⁸ En í fylking sjálfs Agulandi var Ulien ok Moadas inn mikli, Galingres gamli ok Abilant. En Amustene riðr⁹ andvarpandi, fyrir sakir systursona sinna mikinn harm hafandi, er með hestum váru í sundr dregnir fyrir¹⁰ augliti sjálfs hans. [En ef Amustene vildi lýsa¹¹ sínum hug eptir því sem var, þá ætlar hann at vísu Affrikamönnum hefudina.¹² Í þessi fylking váru allir vel herklæddir ok höfðu marga tyrkneska boga með hinu vildasta skoti. En ef eigi hjálpar¹³ guð nú kristnum mönnum, þá munu eigi margir eptir lifa af þeim¹⁴ þat mund er þessir mæta þeim [í bardaga.¹⁵

71. Nú hafi þér heyrt, hversu Agulandus leitar kristinna manna, þar til er hann finnr þá. En nú er segjanda frá athæfi Karlamagnús konungs ok hans manna.¹⁶ Þá nótt herbergdist Karlamagnús konungr í landtjaldi Jamunds, ok hafa þeir þar svá nógar

1) [mgl. a. 2) [varðveita hina fríðu dróttning. Aldri væri enn fríðari kvennaðr, ef hon tæki kristni ok tryði á guð, 20 þúsundir riddara varðveittu hana ok þjónuðu henni. a. 3) [marga panzara, hvítar brynjur, gylta hjálma, góða hesta, hinu hvössustu sverð, hina beztu boga a. 4) tilf. a. 5) Eleadas a. 6) klætt ok tilf. a. 7) hinir a. 8) ok hinir grimustu, þessir gera kristnum mönnum skaða nema Krístr stöðvi þá. tilf. a. 9) upp tilf. a. 10) í a. 11) saal. Fragment i norske Rigsarkiv; lymnska hug sinn a. 12) [tilf. a. 13) helpr a. 14) í tilf. a. 15) [mgl. a. 16) liði a.

vistir ok góðan drykk, at í öllum heiminum þurfa þeir eigi [nógari né vildri¹ at leita. Hit mesta gull ok silfr var þar samankomit, hin dýrstu pell, hinn mesti fjöldi gullkera ok silfrkera, ok allskyns önnur gögn af brendu silfri ok gör með hverskyns hagleik fornra smiða ok nýrra. Svá mikit val var þar á dögum spjótum ok hvössum sverðum ok allskyns vápnum dýrum, at aldri sá dauðlig augu svá úmæðiligan fjölda; ok þó höfðu þeir keypt at harðri kaupstefnu, því at þeir möngudu þau með varningi holds ok blóðs líkama sinna. [Annarr hlutr var í sá er þá huggaði, er þeir höfðu hefut síu á Affrikum. Þeir vörðu sjá þá sem bezt með allskonar góðum mat ok drykk ok féngu hina hógværustu hvíld.²

72. Keisarin vildi³ þá eigi lengr dveljast ok sendi þá eptir einum erkibyskupi ok lét vígja vatn ok bað kasta yfir alt liðit, ok settist hann þá til dagverðar borðs í landtjaldi Jamunds, ok géngu þá þúsund riddara at því hendr sínar, en allir máttu rúmliga sitja í því landtjaldi, ok þó rúmliga skutilsveinar ok [byrlar at sinni þjónun ganga.⁴ En vant er at telja hversu mörgum⁵ hagleik þetta landtjald var gert, því at engi lifaudi maðr hafði því líkt⁶ sét; 4 karbunculi steinar váru í knöppunum⁷ á landtjaldinu, ok lýstu [ok birtu⁸ allan dalinn umhverfis; þar váru fuglar jafnan syngjandi. En um kveldum [at náttverði ok fyrir ok eptir⁹ er þar leikit með allskyns skemtan.¹⁰ Engi þurfti kerti at tendra, ok ef ránsmenn fara it efra eða it ytra at brjóta borgir eða kastala eða at öðrum ránföngum, þá megu þeir engan veg undan víkja, at eigi megi sjá, ef þeir¹¹ við snúast at berjast. Svá gáfu steinar af sér ljós um nætr sem hinn ljósasta dag.

73. Mjök er sá sendimaðr lofandi, er kom í Franz til Karlamagnús konungs at segja honum tíðendi ok konungr feldi af hesti sínum.¹² Hann kom nú gangandi [fyrir Karlamagnús konung¹³ ok mælti: Herra, segir hann, látit nú skíra mik, síðan vil ek segja yðr þau tíðendi, er yðr hæfir [með skyldu¹⁴ at vita. Vinr, kvað konungr, viltu svá mjök skunda til þess? Já, sagði hann, guð er váttr minn. at mik hefir lengi til þess fýst. Guð sé lofadr, segir Karlamagnús. Þann¹⁵ sama dag sem konungr var mettr, þá gerðu Frankismenn skírnarbrunn, ok kom þar páfinn at tala¹⁶ við Karlamagnús. Herra, segir keisarin, séð¹⁷ hér sendimann Agulandi konungs, er hann sendi til mín í Franz at gera sendiferð sína, Oddgeir ok Nemes færðu hann hingat,¹⁸ en nú vill hann við kristni taka. Páfinn svarar: Lof sé almáttkum guði. Síðan vígðu fjórir fontinn,

1) [nægri né vildari a. 2) [tilf a. 3) þar tilf. a. 4) [þjónostumenn a. 5) margföldum a. 6) fyrr slíkt a. 7) klöppunum a. 8) [þeir a. 9) [tilf. a. 10) töflum a. 11) vilja tilf. a. 12) mgl. a. 13) [ok stóð fyrir konungi a. 14) [at vísu a. 15) hinn tilf. a. 16) ræða a. 17) sjáit a. 18) þangat a.

ok gékk þá páfínn til at gera sína þjónustu. En Balam af klæddist¹ öllum klæðum nema línklæðum,² ok drektu þeir honum þrysvar.³ Þá kom Karlamagnús ok tók hainn or vatninu. En sá er kaupavildi krismuker þat er þar var fram borit,⁴ féngi eigi keypt⁵ fyrir þúsund marka⁶ silfrs. Þá mælti páfínn til Karlamagnús konungs: [Herra, segir hann, sœmit nú ok tignit þenna mann, er guði er gefinn, ok gerit yðr hann kœran vin.⁷ Konungr svarar: Guð veit, at þat skal ek gjarna gera. Í skírninni sneri Karlamagnús konungr nafni hans ok gaf⁸ honum ríka skikkju. [En hann var mikill maðr ok öflugr, sterkr ok harðligr, í öllum her kristinna manna var eigi fríðari riddari, hann kunni vel í söðli at haldast, hann var hinn vildasti maðr. En pávinn skírði hann,⁹ ok var hann kallaðr Vitaclin¹⁰ eptir einum lendum manni konungs ok vin. Hann tók þá í hönd Karlamagnúsi konungi, ok þá gékk páfínn með þeim út af landtjaldinu, ok þá mælti Vitaclin: [Eigi samir mér nú at leyna, at ek em gefinn guði ok ykk.¹¹ Guð veit, segir Karlamagnús konungr, í því hefir þú vel gert, ok fyrir þat muntu öðlast¹² sœmiliga ömbun af guði.

74. Þá mælti Vitaclin: [Ykk vil ek engu leyna. En nú lítið¹³ upp in speculum landtjalds yðvars, er undir er knöppunum, er drekin stendr á. Séð¹⁴ nú þat hit mikla skipalið¹⁵ er siglir í höfnina, svá at útalligr herr er. Nú megum vér sjá turninn í Risaborg ok öll útvígi borgarinnar. Nú megum vér sjá fimm fylkingar, ok eigi munu þeir aptr snúa¹⁶ fyrr en þeir mœta¹⁷ oss. Nú takit ráð, hvat vér skulum at hafast, hvárt ver skulum bíða eða undan halda. Þat veit guð, segir Karlamagnús, at eigi em ek hér kominn undir Aspramunt¹⁸ til þess at flýja eða¹⁹ upp at gefa heiðingjum ríki mitt. Þá leit Karlamagnús í skuggsjó landtjaldsins, ok²⁰ sá hann galeiðr ok langskip ok drómunda [ok hafskipa fjölda údcemiligan fljóta,²¹ ok þá leit hann turninn í Risaborg ok stólpa ok vfg-skörð, ok andvarpaði hann þá af harmsfullu hjarta. [Þá sá hann at páfínn grét ok illa lét, svá at vötnuðust bæði augu hans²² ok runnu tár af kinnum hans. Þá mælti Karlamagnús til páfans: Hætt sem skjótast ok lát eigi svá, í slíku²³ máttu hryggja allan her várn, skunda heldr til Girarðs hertuga ok seg honum, at hann komi til

1) Þá tilf. a. 2) línbrókum a. 3) 3 sinnum a. 4) þá tilf. a. 5) þat tilf. a. 6) brends a. 7) [Takit nú þenna mann ok tignit, guði gefinn a. 8) færði a. 9) [tilf. a. 10) Vitaklin a. 11) [Því at ek em nú guði gefinn, ok samir mér nú eigi at leyna a. 12) fá at vísu a. 13) [Ef ek leyni ykk, þá em ek sannr svikari. Lítit nú a. 14) Sjáit a. 15) skip ok lið a. 16) snúast a. 17) finna a. 18) Aspermunt a. 19) né a. 20) sá at páfínn grét, ok þá tilf. her urigtig A. 21) [fjölda ok hafskipa údcemiligan flota a. 22) [tilf. a. 23) slíkum látum a.

mín sem skjótast at ræða við mik. Þá svarar páfinn: Þat geri ek gjarna. Með því ráði er Karlamagnús sagði honum, fór páfinn þegar brott, ok fylgdu honum fjórir erkibyskupar. Sem þeir kómu heim, þá stigu þeir þegar af hestum sínum, ok er þeir kómu til turnsins, þá stóð herra Girarðr ok því hendr sínar, albuinn til dagverðar. Þá kom páfinn ok bleaði þá¹ ok mælti: Karlamagnús keisari er oss sendi hingat, hann [sendi yðr þau orð er vér leynum eigi. Hann² bað at þér [skyldut koma³ sem skjótast á hans fund, fyrir því at hann vill yðrum ráðum fylgja. Þá svarar hertuginn: Þat má vel vera, segir hann; en ek verð nú fyrst at matast ok mitt lið, því at vér bergðum [á öngri fæzlu⁴ á þessum þrimr dægum;⁵ en þegar⁶ ek em mettr, þá skal ek fara; sé sá svívirðr, er í þessarri þurft bilar. Þegar er hertuginn er mettr, váru framleiddir hestar þeirra söðlaðir, ok steig þá herra Girarðr á hest sinu með tveimr systursonum sínum ok 2 sonum sínum ok riðu upp um brekkuna. Ok er þeir kómu meðal herbúðanna, þá sá þeir þar mikil auðæfi gulls ok silfrs ok útalligan fjölda góðra hesta.⁷ Herra Girarðr steig þá af hesti sínum, ok héldu ístigi⁸ hans Droim ok Amfræi, ok tók þá Karlamagnús konungr í hönd honum hina hægri, en í aðra tveir⁹ lendir menn, ok heilsaði hann þá Karlamagnúsi konungi með hollum¹⁰ trúnaði. Þá mælti Karlamagnús konungr til herra Girarðs: Fyrir hví vartu eigi konungr? Þá svarar Girarðr: Eigi vilda ek, herra, því at ek em eigi verðugr svá mikillar tignar, ok hefi ek eigi þann er þat gerir mér, en ek held í friði ríki mitt. Hinu ríki keisari, fyrirkunnit mik eigi,¹¹ þeim einum samir at bera kórónu, er guði líkar at vaxi ok bætist til þess at þjóna kristni heilagri en únyta röng lög, eu alt gott styðja ok styrkja, ættgóða menn hafa jafnan sem næst¹² sér er góð tilbrigði eigu, ok hversu honum samir konungdómi at stjórna, heita fá ok gefa stórum. Sá er eigi vill svá lifa, honum samir eigi at bera kórónu. Þá svarar páfinn: Þeim samir at vísu þínum ordum at hlýða, er vit ok vizku vilja sér hirða. Karlamagnús keisari sendi mik eptir þér, hann vill undarligan atburð segja yðr.¹³ aldri [heyrða ek¹⁴ annan þvílíkan. Þessir þrír höfðingjar ok Vitaclin var hinn fjórði, [ok engi annarra vissu hvat þeir ætluðu,¹⁵ þeir géngu vel 3¹⁶ örskot frá öllu liðinu, ok [þá mælti¹⁷ páfinn: Sjáit herra Girarðr, segir hann, undir knappinum á landtjaldinu í skuggsjó, þaðan máttu¹⁸ sjá alla ströndina, sem áin fellr

1) alla tilf. a. 2) [tilf. a. 3) [komit a. 4) [eigi á mat né drykk a. 5) dögum a. 6) er tilf. a. 7) vápnhesta. Sá er aldri hafði fyrr jafngóða, hann mátti nú fá þar ærna a. 8) í ístig a. 9) ríkir tilf. a. 10) öllum a. 11) því at tilf. a. 12) næsta a. 13) þér a. 14) [heyrðir þú a. 15) [tilf. a. 16) 4 a. 17) [mælti þá a. 18) mátti a.

ofan í sjá, svá margar galeiðr, langskip ok knerri¹ ok drómunda, [at trautt verðr tölu á komit.² Sér þú Affrikamenn³ er upp ganga af þessum skipum, þeir hafa fimn⁴ fylkingar ok fyrir utan þá er undir höfuðmerkinu eru. Nema guð vili nú sjá til vár, þá munu oss of síðla koma aðrir til hjálpa. Karlamagnús konungr sýndi honum með fingri sínum þat er lítt var [in speculo.⁵ Þá mælti hann lágliga⁶ í eyra honum: Mæl ekki þat er her várum sé⁷ til angrs. Þá svarar Girarðr: Herra, segir hann, þat játa ek yðr gjarna. Karlamagnús konungr mælti þá: Er eigi þetta⁸ Agulandus konungr ok⁹ hér höfuðmerki hans? Hér hljótum vér¹⁰ bardaga. Vitaclin bróðir, segir hann, gör mik sannfróðan, svá at ek mega vita meðserð þeirra [ok hversu viðvarit er um þeirra búnað.¹¹ Já herra, segir hann, guð veit at þat kann ek vel greina,¹² því at ek verð nú hér dveljast með yðr, ok hefi ek enga [ástundan til þeirra aprt at¹³ koma, ek hefi látit¹⁴ son minn. En hvat þarf ek yðr þetta langt at gera, ek skal yðr alt þetta fyrir kveld sýna, svá at þér skuluð¹⁵ yðrum augum sjá sjálfir.

75. Sjúi þér herra, segir hann, undir þeim fyriskógi, þar taka þeir nú herbergi hinir fyrstu heiðingjar með svá mörgum land-tjöldum af hinu bezta silki [ok hinum hvítustum léreptum¹⁶. Ok þar er þér séð¹⁷ hit mesta [merki purpura gert,¹⁸ þat á hinn öflugi Madekuín, í öllu Affrikalandi fær¹⁹ öngan hans maka, ok svá eru Affrika höfðingjar hér görsamliga komnir, at eigi einn ríkrar ættar er eptir sitjandi, ok allir hinir beztu riddarar er nú váru í Affrika, þá hefir hann með sér, ok ætlar sér at hefna þeirra er í gær féllu; hann hefir ok sent eptir Jamund frænda sínum. Þá svarar páinn: Þat veit sú hin helga trú, er ek á at gjalda hinum helga Mártino,²⁰ at sannliga samir Karlamagnúsi keisara at sœma þik ok einkannliga at elska. Þá mælti Vitaclin: Lítit nú, herra, undir vínviðarskóg öðrum megin gegnt við ána, er rennr í gegnum dalinn, þar tekr önnur fylking heiðingja herbergi, þetta er fylking Akarz or Amflor. Ek var optluga í ráðagerðum með honum. Hann sendi hveru riddara þann er nökkur var hreysti at til Jamunds, en allir þeir sem hann sendi sínum herra Jamund váru gersamliga drepnir í gær [á þessum velli.²¹ En hinn veg hjá skóginum²² tekr nú herbergi eitt undarligt fólk, [þat er mjök er illgjarnnt.²³ Svá [er þeim háttat,²⁴

1) knörnu a. 2) [mgl. a. 3) Affrika a. 4) 4 a. 5) [innan spekulum a. 6) með lágum orðum a. 7) er a. 8) þessi a. 9) er tilf. a. 10) 5 tilf. a. 11) [tilf. a. 12) gera a. 13) [ván né vilja optar til þeirra a. 14) einka tilf. a. 15) skulit a. 16) [tilf. a. 17) sjáit a. 18) [purpura merki a. 19) á hann a. 20) Marteine a. 21) [hér á velliinum a. 22) þeim mikla skógi a. 23) [þeir er engir verða illgjarnari a. 24) [eru þeir háttaðir a.

at þeim ann engi, ok engi gerir þeim gott; þeir hafa lítit brauð ok matast sílla,¹ þeir virða enkis góð herklæði né vápnhesta ok eigi eins fúins eplis alt bóndastarf, þeir allir lifa við skógar veiði. [Engir í heiminum eru² svá góðir skotmenn,³ engi kemst undan skoti þeirra, en ef þeir taka flótta⁴ ok fellr þeim boginn, þá treystast þeir spjótum sínum, ok engi hestr er þeim jafnskjótr.⁵ Þessir eru liðsmenn Calades af Orfanie. Séð enn, herra, [undir hamrinum⁶ hjá keldunni mörg rík laudtjöld [sett gullörum;⁷ þetta fólk er af⁸ hinu signaða landi, þar vex⁹ hit bezta brauð ok vín, hit nógasta gull ok silfr, hvít skinn ok grá, ok hinir vildustu vápnhestar. Þessir eru hinir kurteisustu menn, ok konur unna þeim mjök, ok þeir eru kvennamenn miklir, Eliadas ok Páitalas konungar eru höfðingjar ok herrar þeirra. Nú herra, óttizt¹⁰ ekki, allir þeir sem með þeim váru vildastír riddarar liggja hér með félögum sínum drepnir á þessum velli. Þá mælti páfinn: Þat veit heilög trú, segir hann, at vér skulum vera þínir vinir. Herra, kvað Vitaklin, skilit vel orð mín. Þá er yðrir menn höfðu [keyrt ok sveift vára menn,¹¹ þá sem Jamund hafði¹² með sér, ok tóku fjóra guða vára, þá þreifst aldri síðan vár ætlan. Nú, herra, ef þér vilit hafa ríki yðvart í friði,¹³ þá ríðit sem skjótast á hendr þeim; en ef þér vilit flýja undan ok gefa þeim upp ríki yðvart, þá munu þeir gjarna taka við. Eptir þessi orð lagði keisarinn hendr um háls honum, ok mælti: Ef þú ert staðfastr í þessu, þá skaltu vera mér kærast ok [jafnan við mína ráðagerð.¹⁴

76. Girarðr heftugi tók þá at tala: Herra konungr, segir hann, látit nú blása um allan herinn, at allir hjnir yngstu menn komi til yðvar sem skjótast, þeir sem vápn¹⁵ bera ok brynjum ok hjálmum kunnu¹⁶ klæðast. En ek vil nú fara til minna manna ok hugga þá, því at ek vil búa þá til ráðagerða várra. Þá svarar konungr: Þat er vel geranda. Síðan kallaði hann til sín fjóra [af beaueis¹⁷ at blása um allan herinn ok bera orð hans ok boð. [Fjórir beaueismenn¹⁸ riðu um allan herinn æpandi ok lýsandi konungs boð: Komit allir til konungs¹⁹ ungir ok vápnfærir, þjónostumenn, skjaldsveinar, steikarar, dyrverðir, rekkjusveinar, ræðismanna þjónar ok²⁰ skutilsveinar, undirbyrlar ok kertasveinar;²¹ þér skulut allir herklæði taka, er til nökkurrar viðrljálpar erut færir, ok þeim er vel duga í þessarri hans þurft, þá hefir hann heitit at gera yðr ríka.²² Þegar

¹) síðla a. ²) [Eigi eru í heiminum a. ³) veiðimenn a. ⁴) þá tjáir ekki tilf. a. ⁵) at þá geti tekit tilf. a. ⁶) [við hamarinn a. ⁷) [eða gullara þá hina stóru er á standa knöppunum a. ⁸) or a. ⁹) finnast a. ¹⁰) óttast a. ¹¹) [rekit vára menn ok svipt a. ¹²) heiman tilf. a. ¹³) frelsi a. ¹⁴) [í viðursetu ráðagerða minna a. ¹⁵) megu tilf. a. ¹⁶) at tilf. a. ¹⁷) [bauægismenn a. ¹⁸) [þessir a. ¹⁹) hans a. ²⁰) eða a. ²¹) kertisveinar a. ²²) menn tilf. a.

kómu þessi tíðendi um allan herinn, ok kómu þeir fyrstir er í hinum fyrra bardaganum höfðu verit, brynjaðir¹ ok hjálmaðir. Þá mælti konungr: Ef guð sendir mik heilan í Franz² fóstrland vart, þá skal ek gera yðr svá mikla menn ok ríka, at [alt yðvart sólk skal af yðr³ tignast. Þá gerðust þeir fegnir ok riðu betr en röst þangat sem bardaginn hafði verit, ok fundu þar mörg fríð vápn, gylda hjálma, silfrhvítar brynjur, harða skjöldu, hin beztu⁴ sverð, ok tóku þegar til sín ok kusu⁵ hina vildustu hesta⁶ með gyldum söðlum. Síðan riðu þeir til herbúða sinna ok tóku af hestunum söðlana, ok hvíldu þá um nóttina með nógu⁷ korni ok fódri.

77. Fjórir fóstrsynir keisarans⁸ Rollant ok Estor, Bæringr ok Otun frágu alt þat er títt var. Þeir ræddust þá við allir saman ok mæltu: Hvat skulu vér nú at hafast, keisariinn heldr oss sem hertekna menn. Nú er engi svá-vánder knapi, at konungr, gefi eigi⁹ herklæði, ef hann vill hafa. Förum nú ok vitum, ef vér skulum nökkur herklæði af honum hafa, en ef hann synjar oss, förum í brott ok skiljumst við hann. Þá svarar Rollant: Guð signi [yðra ráðagerð,¹⁰ ok gerit svá sem þér segit. Rollant steig þá á hest sinn ok hans félagar með honum. Þeir fundu konung sitjanda með fámenni, því at öngir menn váru þá hjá honum nema hertugar hans Oddgeir ok Nemes ok Flovent. Konungr andvarpaði þá¹¹ með harmsfullu hjarta ok tárin runnu [ofan á kinn honum.¹² Hertugarnir mæltu þá við hann: Hættit, herra,¹³ harmi þessum, dauðr er Agulandus, ef hann mætir oss. Herrar, segir hann, mælit eigi slíkt; þá er vér börðumst á fyrra velli, höfðum vér konunga ok jarla ok hertuga mikla ok máttuga höfðingja; hina ríkastu af þeim höfum vér látit [sjau hins fjórða tigar¹⁴ ok 300. En nú verð ek at hafa þeirra viðrhjálp, er áðr¹⁵ váru þjónustumenin annarra, ok fyrir því springr nálíga hjarta mitt af harmi. Ok þá vildi hann ekki [fleiri um¹⁶ tala, því at páfinn ok herra Girarðr höfðu fyrirboðit honum at segja [nökkut af því sem hann hafði¹⁷ sét. En í því kom Rollant ok steig af hesti sínum, ok er hann leit Nemes hertuga, þá tók hann í skikkjuskaut hans¹⁸ ok annarri hendi í beltissprota Oddgeirs, ok leiddi þá skamt í braut þaðan¹⁹ er keisarinn var. Þá mælti Rollant í reiðu skapi: Hvat segir Karlamagnús? Hví heldr hann oss sem hertekna menn? Vér förum í her þenna með honum sem göngumenn, ok reið ek á einum svá harðreiðum verkfák, at nálíga

1) allir *tílf. a.* 2) í *tílf. a.* 3) [öll ætt yður skal af mér *a.* 4) björtu *a.* 5) kjöru *a.* 6) vápnhesta *a.* 7) ærnu *a.* 8) Karlamagnús konungs *a.* 9) góð *tílf. a.* 10) [vára ætlan *a.* 11) mjök *tílf. a.* 12) [honum á kinnr *a.* 13) ok látit af *tílf. a.* 14) [7 ok 30 *a.* 15) fyrr *a.* 16) [fleira *a.* 17) [nökkurum þat er þeir höfðu *a.* 18) honum *a.* 19) frá því *a.*

hristist¹ or mér allar tenn; svá skók hann mik, at aldri kenda ek slíkt. Nú ef Karlamagnús konungr vill eigi fá oss herklæði, þá munu vér skilja við hann. Þá tók Oddgeir hann í faðm sér ok kysti hann ástsamliga² ok mælti: Þér skulut [fullkomliga hervápn bera.³

78. Nemes hertugi ok Oddgeir danski knésettust⁴ fyrir Karlamagnús konung. Þá mælti herra⁵ Nemes: Herra konungr, segir hann, systurson yðvarr vill gerast riddari. Guð veit, segir Karlamagnús, þat má [enn vel gerast í góðu⁶ tómi, en Rollant frændi várr er enn of ungr vápn⁷ at bera. Þá mælti hinn ungi Rollant: Guð má miskunna mér; en þó at ek sé ungr, þá em ek þó eigi huglauss, ok sótt hefi ek it bezta sverð. Ek hefi ok þjónat yðr með borðkeri at matborði, en Estor delangres hefir skorit mat fyrir yðr. En ef þér vilit eigi gera oss fjóra féлага riddara, þá sýslit yðr aðra þjónustumenn, en vér munum leita fyrir oss. Rollant, segir konungr, eigi mun ek yðr þetta sýnja, enu minnir mik, þá er ek var undir olifaviði, ok sá ek þik þá hlaupa af hestinum svá skjótt sem [leóns hvelpr,⁸ ok hafðir í hendi [af spjótbroti lítinn kurf ok laust Jamund⁹ svá mikit högg, at fjarri flaug [sverðit or hendi honum, þá er hann hugðist mik skyldu höndum grípa. Nú¹⁰ ef þú biðr mik nökkura bæn, þá þarf hvárki til¹¹ at hlutast Oddgeir né Nemes. Bið fyrir 20 eða 30, hundrad eða þúsund, allir skulu af þínum bænum vápn taka, er [vilja ok bera kunna.¹² En er Rollant heyrði keisarann svá mæla, þá vildi hann á kné falla. En Karlamagnús konungr tók í hönd honum ok kysti hann með mikilli ástsend ok mælti: Mér samir sannliga at elska þik, góði systurson, um hvern dauðligan mann fram, því at þú¹³ gaft mér líf¹⁴ guði tilsjánda. Þá lét Karlamagnús keisari blása fyrir öllum landtjöldum, at allir skyldu [fyrir hann¹⁵ koma. Þar mátti sjá hina ungu menn til ganga kistna sinna, ok drógu þá fram sjóða sína með nógu¹⁶ gulli ok silfri ok pellum, ok ætluðu þá gjafir sínar, fyrir því at hverr þeirra hafði þar¹⁷ fengit svá mikit fé, at þeir vissu eigi hversu þeir skyldu fyrir sjá.

79. Nú ferr herra Girarðr or konungs hirð ok með honum herra Booz¹⁸ ok Clares, ok stígu af hestum sínum fyrir landtjaldi

¹) hristi a. ²) með mikilli ástsend a. ³) [brátt bera herklæði a. ⁴) þá tilf. a. ⁵) hertugi a. ⁶) [vel vera af a. ⁷) herklæði a. ⁸) [mjóhundr a. ⁹) [spjóturf af apaldri til mín, ok er Jamund hugðist reiða sverðit í höfuð mér, þá laustu hann a. ¹⁰) [honum sverðit, þat er hann hugðist halda á. ok armleggr hans gékk í sundr fyrir framan ölbogann, svá at síðan nýtti hann aldri sína hönd. En a. ¹¹) í a. ¹²) [megu bera ok hafa vilja a. ¹³) fannt mik ok tilf. a. ¹⁴) með tilf. a. ¹⁵) [til hans a. ¹⁶) gnógu a. ¹⁷) mgl. a. ¹⁸) tilf. a.

Girarðs, ok géngu þá í móti þeim jarlar ok lendir menn ok spurðu hversu keisariinn mætti. Þá svarar Girarðr: Lof sé guði, at hann má vel ok er heill, ok skulu nú allir þjónustumenn verða¹ riddarar, ok svá² skulu vér allir gera eptir sama hætti. Þá svöruðu allir: Guð signi ætlan vára ok láti vel skipast eptir yðru ráði. Nú kalladi Girarðr [til sín³ systursonu sína ok tvá sonu sína, ok mælti: Herrar, kvað hann, nú skulu allir [vápn bera, þeir er megu;⁴ ok ef guð sendir mik í mitt ríki, þá skal ek þat vel yðr launa. Sem herra Girarðr hafði búit þá, þá var flokkur þeirra þrjár þúsundir. Þá mælti hann til [sona sinna⁵ Miluns ok Girarðs, þá⁶ fékk hann í hendr Ancelin hertuga, ok mælti:⁷ Þú skalt fara á fund Karlamagnús konungs ok bera⁸ honum guðs qveðju ok mína⁹ vináttu. Seg honum, at hann gefi sonum mínum herklæði, ok haf þá síðan með þér til mín apr. Þá svarar hertuginn: Þat geri ek gjarna, herra. Síðan ljópu þeir á hesta sína ok kómu¹⁰ til hirðar Karlamagnús konungs, ok fundu þeir þar ríka [höfðingja ok margt annat fólk þeirra, er gera létu¹¹ riddara bræðr sína ok sonu ok aðra þjónustumenn sína, ok mælti þá Karlamagnús, at hertugar ok jarlar skyldu sjálfir dubba menn sína. Þá mæltu höfðingjar sín á millum: Víst hefir Karlamagnús konungr fengit oss þetta starf at þarflausu. Ok vissu þeir eigi hvat þeir mæltu, því at þeir vissu eigi [hers at ván.¹²

80. Keisariinn er nú í landtjaldi Jamunds ok gerði fjölda¹³ riddara af ýmsum¹⁴ kynkvíslum, ok ekki fór hann at því,¹⁵ hvárt þeir váru ríkra manna synir eða fátækra.¹⁶ Öllum hefir hann nú gefit gott frelsi ok sæmdir sem riddorum, öllum er frelsi gefit fyrir bæjar tókum ok konungs skyldum. Sem þeir höfðu [skilt þat¹⁷ frelsi, ok at fyrir sakir Rollants váru þeir frjálsaðir,¹⁸ þá handgengu þeir konungi ok gáfu sik almátkum guði ok hinum helga Petro postula, ok mæltu við Karlamagnús konung: Herra konungr, sögðu þeir, látit oss nú æ sem fyrst finna þat hit bölvada fólk, vér skulum svá slátra þeim í augliti yðru, at aldri skulu þeir fá bætr [sinna skaða ok svívirðinga.¹⁹ Keisariinn skundaði þá starfi sínu, ok valdi af²⁰ flokki þeirra 300 ok 30 ok sjau menn. Meðan þessir lifa, þá munu þeir verja guðs lög ok [sæmd keisarans²¹ ok í hans augliti munu þeir eptir mætti höggva höfuð af heiðingjum. Sem Karla-

niðr merki þessu, þat er allra mest. Þeir gerðu svá ok riðu í fylking þeirra betr en mikit kólfskot, ok vægðu þá Persar hvárt sem þeir vildu eðr eigi. Herra Fagon bar gullara konungs merki, hann hafði verit merkismaðr keisarans 3 vetr ok 30. Hann fylkti liði sínu þúsund riddara svá þykt, at langa leið mátti áðr riða en á jörð félli eitt epli, þó at kastat væri í millum þeirra. Hann mælti þá ástsamliga til sinna manna: Dýrligir drengir, kvað hann, ek hefi alla yðr fóstrat ok tignat ok foringi verit hingat til úkunnigs staðar. Séð hér fyrir oss eitt hatat fólk; ömbunit mér nú vel minn góðvilja, mœtit heiðingjum með svá stórum höggum, at öll hugdirfð þeirra hverfi þeim, heyrít hversu mikinn gný ok óp þessir gera. Þeir svöruðu honum drengiliga: Ríðum herra, kváðu þeir, Affrikar skulu nú fá örlög sín svá skyndiliga, at þrjár þúsundir þeirra manna skulu opnir liggja gapandi munnum, en vér skulum yðra sœmd svá vel varðveita, at gott skal æ ok æ til at fregna.

119. Nú ríðr herra Fagon til bardagans, hann var ræðismaðr Karlamagnús konungs ok hafði lengi borit gullara hans ok flýði aldri or bardaga. Nú fylgir honum þúsund riddara, ok ætlar hann heiðingjum ógurlikt áraði, fámennr at mæta svá miklu fjölmenni, 30 þúsunda var lið Almacii. Þá kallaði Fagon til sín Remund, er höfðingi var yfir Ozakarent, raustr riddari ok vápnðjarfr, hann var systurson Faguns, ok hafði hann mikit traust á honum, ok fékk honum þá höfuðmerkit ok mælti til sinna manna: Höggvit heiðingja ok ræðizt ekki. Þeir gerðu svá, riðu fram höggvandi þá ok stingandi með öllu afli. Engi Persianna var svá vel herklæddr, at eigi skalf af hræzlu. Ok kómu þeir þá fyrst at liði Moadas, ok flýði undan höfuðmerki Agulandi konungs yngri maðr ok ellri. Þá reið Fagon ræðismaðr ok konungs frændi fyrir liðinu inn hraustasti riddari; hann var vel ördrag fram fyrir öllum öðrum, vel herklæddr á góðum hesti, höfðingliga klæddr góðum stálhjálmi, í þykkri brynju ok stinnan skjöld ok steindan við leóns líkneskju, berandi it bezta spjót, ok reið þangat sem þykkvast var fylkt fyrir honum ok lagði til Moadas sonar Aufra konungs. Þessi var systurson Agulandi, son innar fríðu Angelen, hon var dróttning borgarinnar Balatim. Fagon lagði í gegnum hann ok skar lifr hans ok öll innyfli hans, svá spjótit stóð í gegnum inn epra söðulbogann, ok skaut honum dauðum á jörð. Ok er hann snerist, þá brá hann sverðinu ok hjó í hjálm Matusalems konungs ok kastaði honum dauðum af hestinum, ok æpti hann þá hárru röddu sigrarmerki konungs. Ok er menn hans heyrðu, þá kómu þeir leypandi með svá miklum gný, at í fyrstu lögðu þeir til jarðar þrjár þúsundir heiðingja, er allir báðu sér Makun hjálpar.

120. Sem Affrikamenn sá Frankismenn komandi ok Moadas ok Abilant fallna, þá fundu þeir, at þeir máttu eigi lengr við standast, sneru þá undan sem skjótast á fjöll ok skóga. Ok er Karlamagnús konungr sá þat, þakkaði hann guði fagrliga þenna sigr. Því næst mælti hann til sinna manna: Raustir riddarar, segir hann, skundum ok höggum heiðna hunda. Ok hjuggu þeir þá svá kapp-samliga, at 20 þúsundir flýðu þegar undan, allir á vígvellinum. Þar mátti heyra spjót bresta, brynjur bila, ok þrjár þúsundir Persiemanna féllu þar jafnskjótt sem flóttinn hófst, ok snerust þá flestir upp undir höfuðmerkit sér til nökkurrar viðrhjálpar.

121. Sem Ulien leit sína menn höggna, þá sprakk hann nálaga af harmi, því hann mátti eigi til komast at duga þeim við né stöðva flóttu þeirra, því at inir fremstu menn tóku nökkut við, þá hjó hann Eðvarð ok klauf hann ofan í tenn ok steypiti dauðum á jörð. Ulien var inn vaskasti riddari, sem hann sá sik eigi hept geta Affrikamenn, þá mælti hann: Hinir vándu pútusynir ok illmenni, hvar er nú hœlni yður, er þér keptuzt í höll Agulandi konuugs, þá er þér drukkut vín hans, ok virðu þér Frankismenn ok allan þeirra styrk eigi eins falspennings. En þeir eru dugandi menn, sem þér megut sjá, aldri fái þér af þessu ríki þat sem vert sé eins pennings, nemit staðar undir höfuðmerkinu. En þeir stefndu leiðar sinnar, ok létust eigi sjá merkit, með svá ákafri reið at eigi beið faðir sonar síns né sonr föður síns. Sem Ulien sá Frankismenn drepa Affrikamenn meir en 100, þá tók hann spjót sitt með digru apalirs skapti ok leypiti sem skjótast at leggja í skjöld Ríkirs, hann var son Antoiene ok systurson Nemes hertuga ok dótturson Bærings. En er Ulien mætti honum, þá klauf hann skjöld hans þegar. En Rikir var inn beztir riddari, brynja hans var örugg ok bilaði eigi. ok braut þá Ulien spjótskapt sitt fyrir ofan falinn. En Rikir hjó hann með svá miklu höggvi, at hann klauf hann ofan í gegnum. en sverðit nani eigi fyrr stað en í söðulboganum, ok steypiti honum dauðum á jörð. Ok er Affrikar sá þetta, þá flýðu þeir undan um fjöll ok dala, ok var þá ekki at vitja höfuðmerkis. Sem Agulandus sá þetta, þá mundi hann nálaga or viti laupa, ok mælti til sinna manna: Hvar eru nú. segir hann, ráðgjafar mínir, er mér réðu þat ráð at klanda þetta ríki? nú skyldu þeir hjálpa í þessarri þurft mér. Ok var engi svá hugdjarfr. at eigi réð honum undan at flýja, ok gerðist þá mikill guýr hjá höfuðmerkinu. Þá lóðu kristnir menn Affrikanis hverjum ofan á annan. ok skundaði hverr er mátti at bjarga lífi sínu, ok flýðu sem ákafast gátu þeir. Undir höfuðmerkinu stóð bardagi lengst, ok miukaði þá mjök lið herra Girards. Því at þar féll þúsund riddara hans manna. En Agulandus var þá svá mjök svívirðr, at 10

konungar hans váru fallnir ok niðr brotit drekamerki hans. Sem várir menn sá at höfuðmerki Agulandi var felt, þá vóx þeim hugdirfð ok áráði. En Karlamagnús barðist svá mjök, at nauðsyn rak hann af hestinum, ok hjó hann þá mörg mikil högg. Þá er Agulandus var sannfróðr at menn hans váru yfirkomnir, þá varð hann óttafullr ok beið hann eigi lengi, hann stefndi þá undan ræddr ok hamstoli ofan til Risoborgar. Þá æptu þeir sigraróp á bak honum, ok ef hann vill nú krefja skattsins, þá man hann fá maktigan.

122. Karlamagnús nam þá staðar á vellinum, því hann hafði eigi megn til at reka slóttann, ok lið hans svá mart fallit, at eigi var fjórðungrinn eptir. Agulandus stefndi undan höfuðmerkinu, en kristnir menn ráku hann ok höfðu felt fyrir honum 10 hundrað þúsunda. Boz ok Clares feldu margan dramblátan til jarðar. En herra Girarðr reið til Risoborgar, en fyrr en hann kæmi þangat, þá var honum því møett, at slótti leiddi hann í eitt díki, er grafit var or fjalli skógsins, ok varð þá nauðigr aptr at hverfa. Þá kómu til hans Boz ok Clares, ok gerðust þá harðar atreiðir. Sem heidingjar kómu illa vápnaðir at kristnum mönnum vel herklæddum, þá féllu svá margir af því inu hataða fólki, at engi lifandi maðr kunni frá segja.

123. Agulandus nam þá staðar á vígvellinum, ok snerust þá um hann menn hans ok vörðust. En Frankismenn drápu þá niðr svá mart, at varla varð talt. En inn gamli Antoiene dýrligr maðr drap hestinn undir Agulando, svá at hann skyldi öngan veg í brott mega komast. En Karlamagnús tók þá hvíld í landtjaldi sínu ok kallaði til sín Oddgeir ok Nemes, Fagon ok Rikir, Hugon ok Droim ok Salomon, ok mælti: Setið nú landtjald umhverfis merkit. Ok gerðu þeir svá. Þá kallaði Karlamagnús til sín Rollant ok Estor ok Greleut, ok með þeim þúsund manna inna vildustu riddara, ok mælti: Ríðit, segir hann, ok viðr hjálpit Girarð inum vaskasta riddara. Gjarna, sögðu þeir, aldri skulum vér honum bila. Karlamagnús konungr kallaði þá á Nemes ok Oddgeir, Droim ok Salomon, Fagon ok Rikir, ok mælti: Herrar, kvað hann, búit yðr sem skjótast yfir brekkuna, ok hjálpit herra Girarð. Fagon var merkismaðr þeirra. Þeir riðu þá skyndiliga um brekkuna. Sem Afríkar sá þá, þá ætluðu þeir undan at slýja, því þeim tjáði ekki við at taka. Frankismenn váru þá fjórar þúsundir, þeir er við kómu allir vel herklæddir, ok riðu þeir þá svá þykt, at þótt glófa væri kastat á millum þeirra, þá mundi maðr ganga lásbogaskot fyrr en á jörð félli glófinn. Sem Afríkar litu þá at sér ríðandi, þá fundu þeir, at hverr er beið fékk skjótan dauða, ok slýðu þá allir svá görsamliga, at eigi beið faðir sonar né sonr föður.

124. Sem Agulandus sá sína menn niðr höggna ok Frankismenn at sér riðandi, þá mælti hann: Vesall em ek ok syndugr; ek hugðumst eignast mundu alla Franz ok skipa þessi ríki lendum mönnum mínum, en nú eru þeir niðr höggdir, ok eigi vænti ek mér nú lífs né brottkvámu; hjargi þeir nú lífi sínu er þat megu, en mér er ekki annat til en verjast sem bezt, því betr samir mér at deyja í hjá vinum mínum en flýja yfirkoninn af þessum vígvelli. Hann hafði sér í hendi gott sverð, ok hjó hvern banahögg er hann mátti til ná. Nú var Agulandus bæði reiðr ok hryggr, er hestr hans var drepinn undir honum, ok sá menn sína drepna niðr. svá at engi varð eptir nema tólf konungar, er honum fylgdu¹ af Affrika. En honum maðr fannst engi harðari eðr sá er síðr kynni hræðast, en hans menn gátu eigi svá mikit hólpit honum. at þeir kæmi honum á hest, ok aldri féngu þeir honum svá mörg höggvápn. at eigi braut hann öll. Þá bjoggu þeir honum öxi er skaptit var af olifanthorni ok alt bundit með járnspöngum. Öxin var in bezta, því at engi stálhjálmr né tveföld brynja gat staðizt henni.² Ok er hann náði öxinni. þá var engi svá hugdjarfr, at síðan þyrði at honum at ganga, ok stóð hann þá lengi einn saman. Ok mælti þá Karlamagnús keisari, at engi skyldi sækja hann með vápnum. ok sendi hann þá munk einn með þessum orðum: Ef hann vill Makun neita ok við kristni taka ok sönnum guði játast, þá mun hann sína daga marga góða finna. En hann kvezt við engum nýjum lögum vilja taka né guði sínum neita fyrir hræzlu sakar. ok tjáði ekki þess við hann at leita. Ok slógust þá Frankismenn umhverfis hann ok drápu inniliga alt lið hans, er þar var at verja hann. En hann varðist harðla hraustliga ok drap margan mann fyrir þeim. Ok þá kom riðandi Klares at honum ok hjó þegar í sundr fyrir honum skjöldinn. en áðr en hann mætti nökkuru höggvi við koma. þá fal hann merki sitt í hjarta Agulandi. En Agulandus braut spjótit af sér. Ok þá hjó Klares hann ofan í hjálminn ok klauf hann þá ofan í brjóstit, ok féll hann þá á kné. En því næst kom Rollant ok hjó höfuð af honum. En allir aðrir þeir sem því kómu við, flýðu undan, ok vissi engi hvat af sér skyldi gera fyrir sakir harms ok hræzlu. En satt at segja. þá kómust eigi undan af þeim 10 riddarar. þeir er þar váru. svá drápu þeir görsamliga niðr. En öllum konum ok meyjum var friðr gefinn. ok féngu þeirra síðan at fyrirlátinni villu sinni kristnir riddarar.

125. Eptir þenna sigr sem Karlamagnús konungr hafði þá unnit, fór hann um alt Hispaniam ok Galieiam ok öll þau ríki er þar fylgja ok kristnaði alt fólk, en drap þat sem eigi vildi sönnum

¹) fylkdu A. ²) honum A.

guði játa, ok lét vígja kirkjur ok alt endrbæta þat sem þetta it vesla fólk hafði saurgat ok brotit, skipaði síðan þetta land sínum mönnum til stjórnar ok þeim sem á hans vald höfðu gengit. En eptir þenna bardagann inn mikla var svá aleytt öllum villumönnum í því landi, at engi mótstaða var honum veitt frá því sinni í Hispania-landi. Fór Karlamagnús konungr þá með spekt ok friði ok hvíldi lið sitt, en lét alla þá sem fallit höfðu flytja til heilagra staða undir bænahald kennimanna. En þá er var lokit, er svá sagt, at Karlamagnús konungr færi heim til Frakklands ok sat þá í náðum nökk-ura vetr eptir, þurfti þá ok mjök hans tilkvámu, því at þar hafði mart mikit til úspektar gert verit.

FIMTI PARTR KARLAMAGNÚS SÖGU AF GUITALIN SAXA.



vá¹ er sagt, at þessu næst eflir Karlamagnús konungr ferð sína til Spanialands, ok var í för með honum Rollant frændi hans ok inir beztu menn af² Frakklandi. ok dvaldist í þessi ferð 3 vetr. En síðan fór hann³ til borgar þeirrar er Nobilis hét, ok mátti hvárki yfir geta komit⁴ höfðingjann, þann er fyrir réð borginni, né borgina, ok sat hann þó lengi um hana. En [dróttinsdag einn er konungr var undan borðum genginn.⁵ Þá kómu 3 sendimenn af Frakklandi ok sögðu mikil tíðendi: Guitalin konungr inn drambláti⁶ ok guðs úvin mikill, segja þeir, hann hefir herjat á lönd þín, ok hann hefir brenda Kolni ena helgu borg, ok hann lét drepa Pétr byskup⁷ fyrir háðungar sakir við þik, [ok lét höfða⁸ hann þér til úsæmdar.⁹ En við þessi tíðendi úgladdist mjök Karlamagnús konungr ok mælti til Rollants frænda síns:¹⁰ Aldri verðum vér gladdir áðr¹¹ þessar

1) *Denne Episode af Sagaen begynder i B saaledes:* Svá er sagt ok á fornum bókum ritat, at Karlamagnús keisari hefir ráðit fyrir Frakklandi. hann var son konungs þess er Pippin er nefndr. Hann var mikill orrostumaðr ok sóti í mörg lönd með herskildi. Svá er sagt, at hann var staddr nokkurt sinn þrjá vetr í herför einni á Hispanialandi, ok var þar með honum Rollant systurson hans ok Nemens hertogi ok allir enir beztu menn er í vǫru Franz. Síðan fór hann aptr til borgar þeirrar er Nobilis hét o. s. v. *I b begynder den saaledes:* Eptir þat er hinn frægasti herra Karlamagnús keisari hafði frelsat Hispaniam af valdi heiðinna þjóða, svá sem nú hefir um tíma sagt verit, fór hann aptr til þeirrar borgar er Nobilis hét o. s. v. 2) *Med dette Ord begynder Nederdelen af et Blad i -a-, hvis øverste og største Part er bortskaaren.* 3) aptr tilf. a. B. b. 4) unnit B. b. 5) [svá bar at dróttinsdag einn, þá er konungr var mettr at náttverðar máli. a. B. b. 6) heiðinn konungr tilf. a. B. b. 7) ok lét taka hann frá stóli sínum tilf. a. B. 8) drepa a. 9) ok þínum mönnum tilf. a: [mgl. B. b. 10) hvat er nú til ráða. Því at tilf. B. b. 11) áðr en B. b: fyrr en a.

skemdar ok skaða er¹ heft. Þá svarar Rollant: Kynlig er ætlan yður, vér höfum enn trautt hér verit mánuð;² ok þess þætti mér mest ván vera, at ek muna eigi héðan fara fyrir alt veraldar gull, þótt mér væri til boðit, áðr ek hefir³ unna⁴ þessa borg. Þá svarar konungr: Bleyðimaðr ertu frændi, segir konungr, ok af lítilli vizku ok álitit talar⁵ þú mart. Ok laust glófa sínum á nasar honum, svá at or stukku [þrjár blóðrásir.⁶ En Rollant mundi þess sárliga⁷ heft hafa, ef konungr nyti eigi frændsemi þeirra eða tignar sinnar, ok sá mundi fyrir þat lífi sínu týna, ef annarr maðr hefði þat gert. Síðan⁸ lét konungr blása í 30 þúsunda lúðra ok horna ok lét upp taka landtjöld sín ok [herbúðir ok hélt⁹ heim til Frakklands. En Rollant ok [margir menn aðrir¹⁰ sátu um borgina eptir. En Karlamagnús konungr létti eigi fyrr [en hann kemr í Kolni hina¹¹ helgu, en þat var at jólum, ok dvaldist hann þar um jólin í [miklum fagnaði¹² ok skemtan.

2. Þrettánda dag at aptni er konungr var mettr,¹³ þá hét hann á höfðingja sína ok sagði þeim fyrirætlan¹⁴ sína: Á morgin er dagr kemr, þá vil ek fara yfir Rín ok skemta mér með haukum míntum, segir hann, ok vil ek fara í ríki Saxa konungs ok taka mér þar gísla. Þá svarar Nemes hertugi máli konungs: Eigi er þat vart ráð, því at Guitalin¹⁵ [konungi mun þat illa líka,¹⁶ at þú farir í land hans. Þá svarar konungr: Þat hirði ek [aldri, hvárt honum fyrir þikkir í því eðr eigi;¹⁷ vér skulum fara á morgin meðr hundum várum ok haukum, ok skulum taka trönur ok elftr, gæss ok allskonar fugla. En njósnarmaðr einn var í her¹⁸ konungs heiðinn, ok fór um nótt er tungl kom upp or [her Karlamagnús konungs¹⁹ ok yfir Rín, ok létti eigi fyrr en hann kom til landtjalda Guitalins konungs, ok cepti þá hárrí röddu: Eunn ríki konungr Saxa, segir hann, Maumet hjálpi þér!²⁰ Ek kann²¹ segja þér þau tíðendi, at þú mátt taka Karlamagnús konung, ef þú vill [, ok hefir hann hælzt um,²² at hann skyldi fara í ríki yðvari at úvilja yðrum ok taka veiði yðra,

1) sé *B, b.* 2) 3 mánaði, *a, B, b* 3) hafa *B.* 4) unnit, *a, b.* 5) mæli *a, B, b.* 6) [þrjár dropar blóðs *B, b.* 7) greypiliga *b.* 8) Þá nótt dvaldist konungr þar, en er morginn kom *B, b.* 9) [búðir. Síðan þeysti konungr her sinn *B, b.* 10) [margr lýðr annarra manna *a;* mart annarra góðra manna, *B.* 11) [fór sinni en hann kom til Kolni ennar *a, B, b.* 12) [mikilli gleði *a, B, b.* 13) ok menn hans *tílf. a. B, b.* 14) ætlan *a, B, b.* 15) Gutelin *B;* Gvitelin *b, her og senere.* 16) [konungi heiðinna manna mun þá illa þikkja *B, b.* 17) *Her ender förste Siue cf Bladfragmentet i a;* [eigi. þó at honum fyrirþikki (mislíki *b*) í því *B, b.* 18) herinum Karlamagnús *B, b.* 19) [herinum *B, b.* 20) ok öllu liði þínu *tílf. B, b.* 21) man *B;* má *b.* 22) [á morgin, því at hann hefir hælzt (heitit *b*) því, *B, b.*

ok svá enn fleira [ef hann má.¹ Ok er Guitalin konungr heyrði þessi tíðendi, þá glotti hann at, ok svarar svá síðan: Eigi mun Karlamagnús konungr gera þat þessa tólf mánuðu² at fara í veiðistöð mína at úleyfi mínu. Þá svarar njósnarmaðr: At vísu segi ek þér konungr, at eigi mun [Karlamagnús rjúfa³ stefnu sem hann hefir sagt. En er konungr⁴ vissi þat,⁵ þá kallaði hann á bróður sinn, þann er hét Gioza, ok annan Maceram,⁶ hann var af landi því er Macedoniam⁷ er kallat; hann kallar á⁸ son sinn, [sá er hét Defred:⁹ Herklæðit yðr allir, segir hann, sem hvatligast, ok hafit með yðr 30 þúsunda saxneskra manna allvel¹⁰ vápnaða, ok skulu þér fara í skóg. þann er Trabia¹¹ heitir ok leynast þar; en er¹² Karlamagnús konungr kemr þar, þá skulu þér hann¹³ taka ok færa mér bundinn.

3. Nú er at segja frá Karlamagnúsi konungi, at hann stóð¹⁴ upp í dagan ok fór til kirkju Pétr's postola ok hlýddi þar¹⁵ messu. En er hon var sungin, þá bjóst hann, en í ferð með honum fór¹⁶ þúsund riddara vel vápnaðra,¹⁷ ok fór síðan yfir Rín. En er þeir kómu yfir ána, þá stigu þeir af hestum sínum. ok tók hverr þeirra hauk á hönd sér, ok géngu síðan ok [fleygðu haukum sínum,¹⁸ ok tóku allskonar fugla er áðan váru nefndir. En heiðnir menn urðu þegar varir við þá ok kómust á milli þeirra ok Rínar áðr¹⁹ þeir vissi. En þá er leið at miðjum degi, þá varð Karlamagnúsi konungi litit til hægri handar sér, ok sá²⁰ fjölda heiðinna manna fara or [skóginum, þeir er áðr váru nefndir.²¹ Þá mælti Karlamagnús konungr til Nemes hertuga: Sér þú þetta it mikla lið, [þar ferr Guitalin konungr Saxa enn heiðni,²² ok vill hann á hendr oss. Þá svarar Nemes: [Eigi var sem ek segða²³ eigi²⁴ þetta áðr fyrir, ok gerðir þú þá²⁵ mikla siflsku, er þú fórt svá fámennr í þetta ríki. En nú erum vér allir yfirkomnir nema guð [Maríu son²⁶ hjálpi oss: [mikit er at mismunum um lið vart,²⁷ þeir eru 30 þúsunda, en vér erum [með eina þúsund fyrir.²⁸ Þá²⁹ kom Guitalin konungr ok

1) [af landi þínu, ef hann má ná *B. b.* 2) mánaði *B. b.* 3) [Karlamagnús konungr ljúga (*buga b.*), koma mun hann í *B. b.* 4) Gutelin *B.*; Gvite-lin *b.* 5) skýrt *tilf. B. b.* 6) mannr Ceran *B.*; Maderan *b.* 7) Madonie *B. b.* 8) ok *B. b.* 9) [þann er Desred var nefndr *B. b.* 10) alla yðr (vel *b.*) *B. b.* 11) Trobat *B. b.* 12) ef *B. b.* 13) höndum *tilf. B. b.* 14) riss *E. b.* 15) tíðum ok *tilf. B. b.* 16) váru *B.*; *mgl. b.* 17) vápnaðir *B. b.* 18) [flugauk haurkar þeirra *E.* 19) en *tilf. B. b.* 20) hann þá *tilf. B. b.* 21) [skógum þeim er áðr nefndum vér (var nefndr *b.*) *B. b.* 22) [er hér ferr með Gutelin konungi *B.*; er fylgir Gvite-lin konungi, *b.* 23) sagði þér *B.* 24) [Sagða ek þér *b.* 25) þar *B.*; *mgl. b.* 26) [*mgl. B. b.* 27) [mikill mur er liðs várs *b.* 28) [þúsund *B. a.*; med dette Ord begynder Bag-siden af Bladfragmentet i a. 29) er sagt at þar *tilf. B.*

mælti til Karlamagnús konungs: Úsynju komtu hér í mína veiðistöðu,¹ ok leysa skaltu fugla þá alla, er þú hefir tekit,² ok sjálfr skaltu á hönd mér ganga. [Karlamagnús konungr reiddist þá ok reið at Guitalin konungi³ ok lagði spjóti til hans, ok hvárr⁴ til annars. En í þeirri atlögu varð Guitalin konungr at ganga af hesti sínum, ok dugðu honum þá djöflar í því sinni, er hann fékk⁵ eigi bana. Nemes hertugi reið fram at móti þeim manni, er nefndr er Amalun, hann var ættuðr⁶ af borg þeirri er Turine hét, hann var ráðgjafi Guitalins konungs ok virkta vin hans. [Þar varð hörð atreið af hvárumtveggja,⁷ en um síðir fór sem skyldi, at Amalun hueig⁸ til jarðar ok var felldr dauðr af hesti sínum. En hvat þar⁹ [þat lengja¹⁰ at í þeirri¹¹ var¹² konungr Saxa¹³ yfirkominn, ef eigi kæmi [lið úsárt til með þúsund¹⁴ riddara ok skutu undir hann skjótum hesti. Síðan kallaði Guitalin konungr á menn sína ok mælti: Sækit fram fræknliga, segir hann, því at þá sýn sé ek á Karlamagnúsi konungi ok liði hans, at þeir munu brátt undan ganga, því at þeir hafa engan liðsafla við oss í þessu sinni;¹⁵ en ef hann kemst nú undan, þá mun hann [ei ok ei skelkja at oss.¹⁶ En þeir svöruðu allir sem eins manns munni: Aldri skulu vér hann undan láta ganga, því at oss sýnist sem vér hafim alt [lið hans oss í höndum.¹⁷

4. Nú er at segja frá Nemes hertoga, at hann heitr nú á Karlamagnús konung: [Herra, segir hann,¹⁸ nú erum vér nauðugliga¹⁹ staddir, ok þat er eigi sýnt, hve²⁰ vár viðrskipti fara ok heiðingja, því at mikill er [liðsmunr várr²¹ ok þeirra, ok hafa yður ráð, konungr, miklu um valdit.²² En ef þú hefðir vár ráð tekit, þá mundi sýna um hag várn en svá sem nú er; en þó skal enn eigi illa um mælast, því at brátt mun guð bæta [várn hag,²³ ef hann vill. En nú sé ek eitt ráð konungr, segir Nemes, ok man þat vel duga, ef guð vill. Kastala nökkurn sé ek²⁴ upp frá oss, þann hafði²⁵ risi nökkurr forðum, en nú er þat mitt ráð, at vér [sækim þangat

1) veiðistöð *B, b.* 2) handtekit *a*; hér tekit *B, b.* 3) [En síðan sneri Karlamagnús konungr hesti sínum ok reið at G. hvatliga, *a, B, b.* 4) þeirra *tíl. a.* 5) hafði *a, B, b.* 6) æzkaðr *B.* 7) [Ok kom þar hvártveggi í mót öðrum ok átti hart vápuaskipti *a*; þar reið hvárr þeirra at öðrum ok áttu þrátt vápuaskipti *B, b.* 8) féll *a.* 9) skal *a, B.* 10) [um þat lengra *B*; hér um lengja *b.* 11) *saal. ogsaa a, B, b.* 12) mundi vera *B, b.* 13) hinn heiðni *a, B.* 14) [konungi lið margt 300 *B, b.* 15) *saal. a, B, b*; landi *A.* 16) [æ ok æ skelkja ok at oss hlæja *a*; æ ok æ hlæja ok skelkja *B, b.* 17) [ráð þeirra í hendi *B, b.* 18) [*tíl. a, B* 19) nauðliga *a.* 20) hversu *a, B, b.* 21) [mismunr (munr *b*) liðs várs *B, b.* 22) ollat *a.* 23) [vårt mál *B, b.* 24) í heiðinni *tíl. a*; standa í hlíðinni *tíl. B, b.* 25) hefir gert *B, b.*

til ok farim á hæli undan,¹ ok nemum þar staðar ok verjumst þaðan sem drengir, ok göngum aldri á hönd heiðnum mönnum, meðan nökkurr várr stendr upp, ok til vista oss skulum vér hafa² hesta vára ok hauka, meðan³ þeir vinnast. En áðr vér deyim af hungri,⁴ þá skulum vér gera Söxum svá harða hríð, at æ ok æ skulu þeir minni til reka er undan komast. En Karlamagnúsi⁵ sýndist þetta þjóðráð, ok fóru síðan [á hæli undan⁶ til kástalans. Nú kvaddi Karlamagnús konungr sér hljóðs ok mælti [til höfðingja sinna, þeirra⁷ er honum fylgdu: Góðir höfðingjar, segir hann, hversu höfum vér háldit liði váru? En þeir [sögðu konungi, at þeir höfðu⁸ hvárki týnt mönnum né hestum, hundum né haukum. Þá svarar Karlamagnús konungr: [Mikinn bug hafa Saxar á oss unnit,⁹ ok uggi ek, at þessa verði seint hefnt. Þá svarar Nemes hertugi: Fjölda sjám vér þeirra eptir oss fara,¹⁰ er meir hræðast oss eu vér þá; enda mun¹¹ þat eigi til [vammis vera¹² lagt, því at mikill [er munr liðs þeirra ok várs, ok er þat meiri ván, at vér vinnim oss lítit til afla á þessu landi, ok er þat meiri fíflska at sjá eigi efnitré sitt; því gæti¹³ hvern vel til sín, meðan hagr hans [er í efnun,¹⁴ því at minna er at gæta¹⁵ ríkis en fá fyrir öndverðu, ok þat er sýnt,¹⁶ at guð var í fulltingi [með Karlamagnúsi konungi þann dag, er engi týndist af hans mönnum, en hann drap fyrir Guitalin fjórar þúsundir.¹⁷ Nú kemr Guitalin konungr¹⁸ ok setti utan um kastalann landtjöld sín ok herbúðir, ok settist um kastalann. Síðan lét Guitalin konungr skera upp herör ok lét fara [um alt Saxland fjögurra vegna ífrá sér¹⁹ ok stefndi [til sín²⁰ hverjum manni er vígr var ok vápnum mátti valda. Nú [sækja inir heiðnu menn þegar at kastalanum með allskonar brögðum, er til máttu fást.²¹ En þeir verja vel ok drengiliga er fyrir eru staddir, þeir kasta grjóti ok skjóta²²

1) [farim þangat *B. b.* 2) taka *a. B. b.* 3) *Hermed ender Bladfragm. i a, og nu følger en Lacune af 1 Blad.* 4) sulti *B. b.* 5) konungi *B. b.* 6) [svá at sumir hlífðu en sumir vágu, til þess er þeir koma *B. b.* 7) [síðan við höfðingja þá *B. b.* 8) [svöruðu, at þeir hefði *B.* 9) [mikil (mikla *b*) blygð hafa Saxar gert oss, er þeir hafa elta oss *B. b.* 10) í dag *tilf. b.* 11) oss *tilf. B.* 12) [úmælis *B;* ámælis *b.* 13) [var munr liðs várs, ok er þat, konungr, engi fíflska (engum manni minkan *b*), at maðr (hann *b*) kunni sjá efnitré sitt ok viti sjálfr hvat er hann má, því at ilt er at setjast aptar niðr en hann rís upp. Gæti ok *B. b.* 14) [gengr vel *b.* 15) fengins *tilf. b.* 16) auðsýnt *b.* 17) [þann dag, er Karlamagnús konungr týndi öngum riddara sínum, en hann feldi fyrir Gutelin konungi meir en fjórar þúsundir riddara. *B. b.* 18) með her sinn *tilf. B.* 19) [fjóra vega frá sér á (um *b*) Saxland *B. b.* 20) [þangat *B.* 21) [er þar hörð atganga, er þeir gera enir heiðnu at kastalanum með allskonar brögðum, er þeir megu til finna, bæði með valslöngum ok margskonar vélum (öðrum vígvélum *b*) *B. b.* 22) allskonar *tilf. B. b.*

skotvápnnum ok fella heiðna menn þá er næst ganga kastalanum, svá at [umhverfis kastalann¹ ok svá langt út frá sem lengst mátti ör draga, þá var öll jörð [þakið af² líkum heiðinna manna. Nú leið at aptni, ok sá Guitalin konungr at mikit [mannfall var gert í liði þeirra,³ ok bað þá fara í landtjöld sín ok hvílast.

5. Nú er dauflíkt þeim er í kastalanum eru, [ok þeir eru með öllu matlausir.⁴ Nú sjá [Saxar at skot⁵ þeirra ok vápn váru eigi verð eins penninga. Guitalin konungr var ráðamaðr mikill. Nú er þar⁶ úvígr herr heiðinna manna alt frá borgarhlíði því er Turme⁷ hét, ok allr Saxa herr er þar kominn úvígr,⁸ ok ætla þeir at sitja Karlamagnúsi konungi mat [ok drykk. Þetta hafa þeir gert sex dægr, at þeir hafa barizt nætr ok daga, ok svá var sókn sú hörð, er heiðnir menn gerðu ok áttu við þá, svá at hvárki höfðu þeir sex dægr svefn né mat, því at engi var fozla til.⁹ Nú váru Frankismenn hugsjúkir [mjök of ætlan sína, ok vissu eigi hvat ráðum þeir skyldu til taka eðr¹⁰ saman bera. Hestar þeirra gneggiuðu¹¹ ok gnöguðu beislin, svá at niðr féllu á jörð melin, haukar þeirra [gnullu leiðiliga,¹² ok gékk þeim þat nær en¹³ matleysi sjálfra sinna. En konungr varð um þetta allra úglaðastr, því at hann sá aumleik ok hryggleik á sínum mönnum, ok þóttist hann því [of mjök ollat hafa.¹⁴

6. Nú bar svá at einn dag, at Karlamagnús konungr var genginn upp í vígskörð at sjá til liðs heiðinna manna, ok kallaði á Guitalin konung Saxa, en allr herrinn gaf þegar hljóð. [Karlamagnús konungr tók á þá leið til orða:¹⁵ Enn ríki konungr Saxa, hver er ætlan þín við oss, gef oss gang or kástala þessum, því at vér erum hér fámennir ok lítt¹⁶ við búinir orrostu; tak af oss gull ok silfr eða gisla í¹⁷ þessu sinni, ok eig at oss ömbunar ván,¹⁸ ef svá berr at¹⁹ þú þurfir slíks við, þótt þér þiki þat nú úlíkligt. En Guitalin konungr tók meinliga²⁰ orðum hans ok vann eið við Maumet [guð sinn,²¹ at hann skyldi þess [engan kost eiga, er hann beiddist,²² heldr skalt þú [vera dreginn með þínu inu hvíta skeggi or kastalanum²³ ok með

1) [liðit firrist kastalann alt it næsta *B*; þeir hrökkva frá sem lífa *b*.

2) [þökt með blóði ok *B*, *b*. 3) [mannspell var gert á liði hans *B*.

4) [er þeir hafa eigi svá mikinn mat, at eins riddara fozla sé *B*, *b*.

5) [heiðnir menn at valslöngur *B*, *b*. 6) ok þangat kominn *B*, *b*.

7) Turnit *B*; Turme *b*. 8) *mgl.* *B*, *b*. 9) [*mgl.* *B*, *b*. 10) [ok vissu ógerla hvat ráðum þeir skyldu *B*, *b*.

11) fyrir hungrs sakir *tilf.* *B*, *b*.

12) [gnollroðu (gullu *b*) ok hundar gó *B*, *b*. 13) ok *B*; með *b*. 14) [of miklu af (því *tilf.* *b*) valda *B*, *b*.

15) [Hann tók til máls á þessa lund *B*, *b*. 16) eigi vel *B*, *b*. 17) at *B*, *b*. 18) annat sinni *tilf.* *B*; annan tíma *tilf.* *b*.

19) at at *B*; til at *b*. 20) hermiliga *B*, *b*. 21) [goð sitt *B*, *b*.

22) [enga ván eiga *B*, *b*. 23) [út vera dreginn or kastalanum með því enu hvíta skeggi er þú dregr eptir *B*, *b*.

mér fara til Villifrislands ok þar vera kastaðr í ina mestu myrkva-
stofu ok ena verstu, er þar er til, ok í þeim stað [líf þitt láta¹ ok
koma aldri til [ríkis þíns, ok skal ek þat undir mik skattgilda; 4
penninga þá er í landi yðru ganga þá skal hverr maðr gjalda at
jólum, en öðru sinni at páskum 4 penninga, ok skaltu ekki fyrir
hafa nema ilt eina.² [Þá svarar Karlamagnús konungr: þessi sætt
er újafulig ok ill. En svá hjálpi mér Pétr postuli, at fyrr skal ek
hengdr vera við hátt tré en Frankismenn skuli vera þér skattgildir.³
En er Karlamagnús konungr varð þess varr,⁴ at Guitalin konungr
vildi ekki [öðruvísi vera láta,⁵ þá fór hann ofan [í kastalann ok
mælti til sinna manna brosandí:⁶ Herklæðizt þér sem skjótast,⁷ því
at ek sé upp í fjaldshlíð þessa muni fæst lið vera, ok fara þaðan⁸
hvaðanæfa menn með vistum til konungs;⁹ en oss væri nauðsyn,
[ef vér mættim, af þeim at taka oss nökkut¹⁰ til fæzlu, ok er þat
betra at falla við drengskap en lifa með skemd ok vera yfirstignir.¹¹
Síðan dvaldu þeir ekki¹² ok riðu or kastalanum sjau 100^c riddara
[brynjaðra ok skjaldaðra,¹³ ok stöðvoðu eigi fyrr [hesta sína,¹⁴ en
þeir kómu til landtjalda Guitalins konungs ok riðu upp á þau¹⁵ ok
drápu mikinn fjölda heiðingja ok tráðu undir fótum hesta þeirra
fleira en 400, ok sóttu betr en 400 hesta klyfjaðra með mat ok
vistum. En eptir þeim sótti fjöldi heiðinna manna, ok var þá engi
annarr til en flýja til kastalans, ok [féngu þar harða sókn af heið-
ingjum. Þá verða (þeir) yfirstignir, ef eigi kæmi Karlamagnús kon-
ungr til þeirra með þau 300 er eptir váru í kastalanum. Síðan
kómu þeir til kastalans með fengi sínum ok höfðu vel annazt ok
váru kátir ok glaðir.¹⁶ Í því bili kom Guitalin konungr af veiðum
ok með honum 20 þúsundir riddara,¹⁷ en hann úgladdist mjök við
[úsigr sinna manna.¹⁸ Nú it fyrsta vaxa vandræði Karlamagnús
konungs, fyrir því at nú kemst hann eigi þaðan, nema hann njóti
Rollants við ok liðs síns.¹⁹

1) [bíða dauða *B*; dauða þola *b*. 2) [konungs ríkja þinna landa. Ek skal leggja þitt ríki undir mik ok gera (*i tilf. b*) skattgjald fjóra penninga. Þá er á landi þínu ganga. Þat skal maðr (*mér b*) gjalda of sinn (*hvert sinn b*) at jólum, en í annat sinn at páskum, ok skaltu eigi hafa (*ok kunna þér enga b*) aufusú fyrir þat nema illa eina *B. b.* 3) [*mgf. B. b.* 4) viss *B.* 5) [annars kostar vera láta en svá sem hann sagði *B.* 6) [or vígskörðum ok niðr í kastalann til sinna manna ok mælti við þá læjandi *B. b.* 7) ok riðit (*riðum b*) út or kastalanum *tilf. B. b.* 8) þar *B. b.* 9) kastalans *B.* 10) [at þér getið (*ef vér gætum b*) nökkut af þeim unnit oss *B. b.* 11) yfirstignir *B*; yfirstignir *b.* 12) við *tilf. B. b.* 13) [*mgf. B. b.* 14) [lið sitt *B. b.* 15) *saal. B. b*; þá *A.* 16) [*mgf. B. b.* 17) heiðingja *B.* 18) [þessi tíðendi, at mönnum hans hafði svá illa til tekizt *B. b.* 19) hans *B.*

7. [Nú mælir Karlamagnús konungr til sinna manna: Vel hefir guð oss hólpit í þessu sinni, ok eigum vér honum þat vel at þakka ok vera ávalt staðfastir í hans ást bæði dag ok nótt, ok nú hefir guð oss gefit fœzlu, ok skulu vér leita annarrar fœzlu áðr sjá sé farin. Nú vil ek þess guð biðja, at Rollant kæmi með her sinn, ok mundum vér þá komast héðan í brott,¹ því at hann er fjölmennr ok hefir lið [vårt it frœknasta með sér. En hann ligg² nú um Nobilis borg ok vill vinna hana, [en hon er ein af inum stærstum borgum er vér vitum,³ ok ef hann vissi þessi tíðendi⁴ er oss eru á hendi, þá mun⁵ hann lítinn gaum gefa at henni, ok mun⁶ hann heldr vár vitja. Þá svarar [sá maðr er Ermen hét:⁷ Ek bjóðumst til at fara í þá sendiför, ef þér vilit konungr, því ek kann allar tungur at [skilja, ok engan mann mun ek hræðast, meðan ek sit heill á hesti mínum. En Karlamagnús konungr þakkaði honum vel ok mælti svá: Þat veit ek, ef þú getr framkomit ferð þessi, svá at oss mætti verða til gagns,⁸ þá skal ek gera þik höfðingja [yfir kastala, ok skaltu ráða einn fyrir öllum tekjum, þeim er til liggja, ok heroðum.⁹ Því næst bjóst Hermoen¹⁰ til fararinnar ok herklæddist vel. En þeir létu hann síga út [í glugg nökkurn ok hest hans, er á var kastalanum. Ok er hann kom niðr á jörð, bjóst hann um vel ok fimliga, ok reið síðan¹¹ leiðar sinnar, ok urðu heiðingjar eigi fyrr varir við, en hann kom at herinum.

8. Einn maðr er nefndr Deklandore,¹² hann var ríkr maðr ok höfðingi mikill,¹³ hann æpti hárrí röddu [ok orti orða á Ermoen:¹⁴ Hverr ertu, segir hann, [ertu þjófr eða hví ríðr þú svá óðliga ok um nætr? Hermoen svarar: Ek em einn af mönnum ins danska Gafers á verðhaldi í nótt, segir hann, ok hefir þú illa mælt, er þú hefir þýft mik, ok nýtr þú þess, er vit erum eins liðs bádir, ella munda ek gjalda þér; en nú gæt betr orða þinna í annat sinn, ok mun ek fyrirgefa þér þessa sök.¹⁵ Ok fór hann síðan¹⁶ leiðar

¹⁾ [mgl. B. ²⁾ [it hvatasta, ok Rollant sitr B; fra *Begyndelsen af de te Capitel hertil har b*: Þá mælti keisarinn: Of fjarri er Rollant frændi minn nú, þar sem hann sitr ³⁾ [mgl B, b. ⁴⁾ vandræði B. ⁵⁾ mundi B, b. ⁶⁾ mundi B. ⁷⁾ [máli konungs maðr sá er nefndr er Ermoen (Hermoin b) B, b. ⁸⁾ [tala. Þat veit ek, segir konungr, ef þú getr framkomizt (kemr þessi ferð fram b) svá at oss gagni B, b. ⁹⁾ [mgl. B, b. ¹⁰⁾ Ermoen B; Hermoin b. ¹¹⁾ [í gegnum glugg einn, er á var kastalanum, ok svá hest hans með honum. Síðan ferr hann B, b. ¹²⁾ Elskandrat B; Esklandrat b. ¹³⁾ í heiðinna manna landi (her b) tilf. B, b. ¹⁴⁾ [á Ermoen B; at Hermoin b. ¹⁵⁾ [er þú ríðr svá ósiliga á nóttum sem þjófar eða illmenn. Hann svarar honum: Ek er maðr ins danska Margamars, ok ek er einn af hans varðmönnum (njósnaarmönnum b), ok hefir þú illa mælt, er þú hefir þjófat mik (þú kallaðir mik þjóf b). Ok veit ek þat víst, ef eigi værim vit bádir með einum höfðingja, þá skylda ek þat illa gjalda láta. B, b. ¹⁶⁾ fram tilf. B.

sinnar. Ok er hann var [mjök svá kominn í gegnum lið¹ heiðingja, þá mætti hann þar riddara. En sá hafði riðit hesti [lávarðar síns til vatns, þess'er nefndr er Alfráðr enn danski. sá var þá beztr² í herinum Guitalins konungs. En er Hermoen sá þann hest. þá [girnti hann mjök hann at eiga, ok sagði at annattveggja skyldi vera, at hann skyldi falla eða ná þeim hesti,³ ok reið fram harðliga at riddara þeim er á baki sat, ok hjó af honum [hönd aðra.⁴ ljóp síðan á bak ok reið ákafliga⁵ ok lét renna hest sinn lausan.⁶ ok kom farandi [til árinna Rín⁷ ok leypti þegar út á⁸ ok [komst því næst á land.⁹ Hann reið þá nótt alla ok [létti eigi¹⁰ fyrr en hann kom til borgarinnar Kolne. En at móti honum kom mikit fjölmenni, bæði Frankismenn ok brezkir.¹¹ Ok er þeir kendu ferð¹² hans. spurðu þeir¹³ eptir Karlamagnúsi konungi. En hann [kvað honum illa tekizt¹⁴ hafa ok úheppiliga, ok sitr hann nú í kastala einum ok hefir fátt lið, en umhverfis þann kastala¹⁵ sitr Guitalin konungr með [her sínum.¹⁶ En landslýðr varð við þessa sögu hrygggr. en erkibyskup einna¹⁷ úgláðastr. Þá mælti Ermoen við erkibyskup: Herra, segir hann, ger mér rit til Rollants af hendi Karlamagnús konungs, ok [seg at hann vill,¹⁸ at hann komi til hans með öllu liði því er hann má fá, ok [seg svá á ritinu.¹⁹ at eigi hafit konungi verit²⁰ meiri þörf²¹ liðs en nú, [ok ger kunniga alla þá luti. er ek hefi yðr til sagt.²² Erkibyskup [gerði sem hann beiddi.²³ Síðan fór hann sem skjótast í gegnum borg þá er Stampes heitir, ok létti eigi fyrr en hann kom til²⁴ Nobilis borgar, ok hafði hann sprengt 7 hesta en hélt²⁵ heilum sínum hesti. [Rollant var í landtjaldi sínu ok lék skáktafl. Hermoen gékk fyrir Rollant ok féll á kné²⁶ ok bar hon;

¹) [or kominn herinum *B.* ²) [lávarðs síns til brunns. sá var beztr hestr *B. b.* ³) [hugsar hann þat. at annathvat skal hann ná hestinum eða hafa bana ella *B. b.*: *her begynder atter -a- med Ordet baða (d. e. bana?)* ok reið fram harðliga. ⁴) [höfuðit *B. b.* ⁵) leiðar sinnar *B. b.* ⁶) hjá sér tilf. *B. b.* ⁷) Rínar *a.*: [til Rín *B.*: at Rín *b.* ⁸) ána tilf. *a. B. b.* ⁹) [létti eigi fyrr en hann kom yfir Rín *a.*: [mgl. *B. b.* ¹⁰) [dvaldist ekki (hvargi *B.*) *a. B. b.* ¹¹) Grikir *B.* ¹²) fór *a. B.* ¹³) allir þegar *B.* ¹⁴) at farizt *a.* ¹⁵) [sagði. at hann sat í kastala einum inni byrgðr, en utan um *B. b.* ¹⁶) [öllum her Saxa *a. B. b.* ¹⁷) var miklu *a.*: þeirra varð miklu *B. b.* ¹⁸) [set þat á *B. b.* ¹⁹) riti þinu *a. B.*: [lát þat fylgja *b.* ²⁰) orðit *a. B. b.* ²¹) góðra drengja tilf. *a.* ²²) [mgl. *B. b.* ²³) [jätti því ok gerði þegar rit sem skjótast ok innsiglaði síðan ok seldi Ermoen *a.*: [gerði þat (bréfit *b.*) skjótt ok fékk í hendr Hermoin *B. b.* ²⁴) borgar þeirrar er Orliens heitir ok þaðan til tilf. *a.* ²⁵) þó tilf. *a. B. b.* ²⁶) [Hann fann Rollant sitja í landtjaldi ok lék at skáktafli. en at móti honum lék sá maðr er hét Giugarðr (Giugart *B.*: Gvibert *b.*) af Valbrun. Hermoen steig af hesti sínum ok féll á kné fyrir Rollant, *a. B. b.*

um kveðju Karlamagnús konungs ok erkibyskups af Kolne [ok öllum höfðingjum er þar váru,¹ ok fékk Rollant ritit. En hann fékk² þegar ritit kapalín³ sínum ok bað hann⁴ ráða, [ok vil ek vita, hverju vér skulum um⁵ svara. Svá segir rit þetta,⁶ at Karlamagnús konungr hefir mikla nauðsyn tilkvámu yðvarrar ok liðs þíns, fyrir því at hann er nú nauðugliga staddr í kastala einum, ok sitr Guitalin konungr utan um hann með öllum⁷ her Saxa, ok er honum eigi brautkvámu auðit nema hann njóti [yðvar við,⁸ því hann er þar fámennr ok vistalauss. En er Rollant heyrði þessi tíðendi, þá [skiptust litir hans, ok var hann stundum bleikr sepn bast, en stundum rauðr sem blóð. Síðan mælti hann til sinna manna: Jlla líkar mér nú, ef Karlamagnús konungr frændi minn verðr yfirstiginn af heiðnum mönnum, ok er þat eigi vel er vér erum honum nú svá fjarri staddir; herklæðumst⁹ skjótliga ok sækjum til borgarinnar, ok [gerir nú eigi at dvína við,¹⁰ skal nú annattveggja vera, at vér skulum vinna borg þessa eða ella [héðan aldri lífs¹¹ komast.

9. Síðan gerðu liðsmenn sem hann bauð, herklæddust fimliga ok settu gylta hjálma á höfuð sér, tóku í hönd sér skjöldu ok höggvápn, ok gerðu síðan atgöngu til borgarinnar, ina hörðustu er vera mátti. En áðr en aptann kæmi, þá sá þeir [eigi sinn kost annan¹² er borgina bygðu, [en ganga glaðir ok þó nauðgir á hönd Rollant.¹³ En um morguninn eptir, þá var blásit til húsþings,¹⁴ ok þeysti Rollant her sínum¹⁵ á fund Karlamagnús konungs, en setti sína menn til gæzlu [við borgina eptir,¹⁶ ok lagði undir sik alt ríki þat er [til lá, ok lét alt þat bæta at borginni, er þeir höfðu brotit.¹⁷ Síðan skar hann upp herörvar ok [sendi fjögurra vegna¹⁸ ífrá sér, ok stefndi til síni hverjum manni er vápnnum mátti valda, ok vann eið

1) [ok öllum höfðingjum þeim er með þér eru q. guðs ok sína a; [mgl. B, b. 2) seldi a; fékk í hönd B, b. 3) kapellani a; kapalini B; klerk b. 4) skjótt tilf. a, B, b. 5) mgl. a. 6) [ok uppborit bréf hefir þvilíkan framburð sem hér má heyrta: Erkibyskup af Kolni sendir kveðju Rollant jarli systursyni Karlamagnús konungs ok öllum höfðingjum þeim er með þér eru, q. guðs ok sína. Svá hefi ek sannspurt B, b. 7) allan a, B, b. 8) [þín við ok liðs þíns a; yðvars gengis B. 9) [gerðist hann svá stundum ásýnis sem dauðr maðr, en stundum sem blóð. Ok síðan kallar hann hárrí röddu ok mælti svá: Jlla líkar mér nú, ef Karlamagnús frændi minn er svá nauðugliga staddr í kastala einum, ok er þat illa, er vér erum honum nú svá fjarri; herklæðizt nú a; [mælti Rollant: Herklæðizt nú B. 10) [skulum vér nú (skal nú B) eigi sofa við þetta mál, því at í þessarri sókn a, B. 11) [eigi í brott a; héðan skal engi várr B, b. 12) vænna tilf. a; [þat líkast B, b. 13) [en ganga glaðir á hendr Rollant ok Frankismönnum, a; at gefast upp, ok gænga þeir glaðir á hönd Rollant B, b. 14) saal. a, B, b; þinghúss A. 15) sínu a, B, b. 16) [borginni B. 17) [Tilla heitir B, b. 18) [lét fara fjóra vega B, b.

[at ef nökkurr væri sá eptir, er hann krefði til þessarrar ferðar, þá skyldi dauða þola með Dýrumdala sjálfé síns sverði.¹ Síðan fóru þeir til Kolne² ok fundu [þar Romam ok Kemerem ok inn frækna Oliver ok mörg hundrað riddara af liði Karlamagnús konungs.³ En er Rollant fann þá þar, þá [varð hann við þat gláðr,⁴ ok fór í páskavíku með [her sinn,⁵ ok mættu [þeir þá⁶ höfðiugja miklum, þeim er kominn var utan or löndum, heiðinn sem hundr, ok vildi þá fara á fund Guitalins konungs.⁷ Hann hafði mikinn her, en hann er nefndr Perun,⁸ hann var kallaðr þeirra manna hvatastr heiðinna er þá váru uppi. Þeir áttu við hann orrostu snarpa ok mikla, ok féll⁹ hann ok alt lið hans, þat er honum fylgdi. Nú kemr til þeirra sjálfir páfinn er Milun heitir, ok Turpin erkibyskup af Reimsborg. Ok nú lætr Rollant þegar kveðja¹⁰ húsþiugs. Ok þá er [menn hafa sezt í sæti sín,¹¹ þá stendr upp Turpin erkibyskup ok þakkar þeim liðveizlu, þá er þeir veita Karlamagnúsi konungi, ok mælti [við þá:¹² Þess er engi ván, at vér komimst yfir Rín, því at hér er hvárki vöð né brúar [þær er vér megim yfir komast; en þó at þat væri, þá mundi Guitalin konungr mikinn her fyrir oss hafa, svá at oss mundi ekki þat stöða,¹³ ok mundi hann svá mikit mannsPELL gera á liði váru, at oss mundi þat verða mikilgæft.¹⁴ En nú er þat mitt ráð, at vér farim til borgar þeirrar er Garmasie¹⁵ heitir; sú er mest¹⁶ í öllu ríki Guitalins konungs, [ok væri þat mikit snildarverk ok gott bragð, ef vér gætum hana unnit. En ef oss sækir¹⁷ gæfa, þá mundu¹⁸ vér mega koma Karlamagnúsi konungi at liði.¹⁹ Þá svarar Rollant ok sagði, at honum sýndist þat þjóðráð²⁰ vera. Ok gerðu svá síðan ok sendu mann til Guitalins konungs.²¹ En er hann kom fyrir konung, þá heilsaði hann honum ok sagði síðan þau tíðendi, at Rollant væri²² á för til Garmasie borgar með [fjölda hers,²³ ok vill upp taka borgina, ok biðr þik til fara at verja. ef þú vill. ok hann vill. at þetta komi eigi á þik úvaran, ok þikkir honum ámælis vert at²⁴ slíkum hlutum. En við þessi tíðendi úgláddist mjök Guitalin

¹) [sinn at því, ef nökkurr vill eptir sitja, þá skal sá dauða þola fyrir Dýrumdala sverði hans *a*; sinn, at allir þeir er kunnir verða at því at eptir sæti. þá skyldu þeir þola dauða af Dýrumdala *B, b.* ²) Kolno *B.* ³) [þar Freri, Erker ok Romam ok Oliver ok marga aðra riddara Karlamagnús konungs *a*; þann hertoga er þar var. *B, b.* ⁴) *saal. rettet*, úgláðr *A*: feginn *a*: [gerði hann sik gláðan við þat *B, b.* ⁵) [úvigan her *a*; mikinn her *B, b.* ⁶) [*tilf. a, B, b.* ⁷) ok (því þar *B*) var vinda áttu mikil með þeim *tilf. a, B, b.* ⁸) Perus *b.* ⁹) feldu *a, B, b.* ¹⁰) blása til *B, b.* ¹¹) [allir eru komnir í sæti *B, b.* ¹²) [á þessa lund til lýðsins *B.* ¹³) í móti at rísa *tilf. a.* ¹⁴) ógæft *a*: [*agl. B, b.* ¹⁵) Garmaise *B, b, her og siden.* ¹⁶) hin bezta borg *B, b.* ¹⁷) sætti sú *B, b.* ¹⁸) mundim *B.* ¹⁹) vel at haldi *B.* ²⁰) vel ráðit *b.* ²¹) [*agl. a.* ²²) var *a, B, b.* ²³) [útlýjanda her *B, b.* ²⁴) stelast at *tilf. B, b.*

konungr, [svá at hann tjáði¹ eigi tanna,² ok heimtu til sín Sibilio dróttning ina kurteisustu konu, ok frétti hvat þá væri til ráða at taka. En hon svarar: Ver kátr ok glaðr ok kvíð engu, þú hefir sent eptir syni þínum ok Elmídan³ bróður þínum, ok mun þik eigi lið skorta, þegar⁴ þeir koma, ok mun engi svá djarfr⁵ hvárki konungr né keisari, at í móti þér [mani þora⁶ at standa. En konungr þakkaði henni vel ok gerðist [við þetta⁷ einkar kátr ok glaðr.

10. Í því bili kom at farandi maðr er nefndr er Margamar, ok mælti við konung: Herra, segir hann, ek vil at þú vitir ætlan mína; ek ætla at fara til borgarinnar⁸ með lið mitt, ef þat er yðvarr vili, ok skal ek halda borginni⁹ fyrir Rollant ok svá [gæta vaða á ánni,¹⁰ at engi Frankismanna megi yfir komast at¹¹ veita lið Karlamagnúsi konungi. Þá svarar konungr: Þetta ráð skal taka. Ok þakkaði honum vel. Síðan bjóst Margamar¹² ok [herklæddist ok alt lið hans, ok fóru eptir þat til borgarinnar. En í öðrum stað páfínn ok Rollant ok þeirra lið, ok taka¹³ sér náttstað skamt frá borginni, ok mælti Rollant við menn sína [í dagan, at þeir skyldu búast ok sækja til borgarinnar.¹⁴ Falteri¹⁵ er maðr nefndr, hann var fæddr á landamæri því¹⁶ er skilr [Saxland ok Frakkland;¹⁷ hann var [í njósn¹⁸ ok 100 riddara með honum af hendi konungs sonar þess er Defred¹⁹ hét [ok Mazeran²⁰ frænda Guitalins konungs.²¹ En er hann²² varð varr við ætlan þeirra, þá skundaði hann [ferð sinni til móts við konung sinn²³ ok sagði honum þessi tíðendi. Síðan fimuðust²⁴ inir heiðnu við²⁵ skjótt ok vurðu fyrri at bragði, ok fóru með fjölda hers á hendr [mönnnum Rollants, þeim sem²⁶ um aptaninn höfðu yfir ála farit,²⁷ en þat var Reinir²⁸ hertugi ok með honum 20 hundruð²⁹ hans manna. Ok kómu heiðingjar á þá úvara ok tóku þá undir tjöldum³⁰ ok feldu af þeim 15 hundruð. Þeir gerðu ok 300 hrossklyfja af höfðum kristinna manna. Síðan færðu þeir þau³¹ Guitalin konungi, ok sendu með þann mann er

1) téði *a.* 2) [mgl. *B.* *b.* 3) Helmidan *B.* 4) er *tíl. a.* *B.* 5) ríkr *a.* *B.*

6) [þori *a.*; muni þora *B.* 7) [þaðan af *a.* 8) Garmaiseborgar *b.*

9) borgina *B.*; hana *b.* 10) [saal. *B.* *b.*; geta varða hana *a.*; varða hana *A.*

11) né *a.* 12) til farar *tíl. a.* *B.* *b.* 13) [fór til borgarinnar. en Rollant tók *B.* *b.* 14) [at þeir skyldu búast þá nótt alla, ok skyldu í dögum sækja at borginni *a.*; at þeir skuli búast alla þá nótt, ok skulu vér í dagan sækja til borgar *B.* *b.* 15) Valteri *a.*; Kalki *B.*; Falki *b.* 16) þar *a.* *B.* *b.* 17) [lönd Saxa ok Frankismanna *B.* *b.* 18) [sendr á njósn *B.* *b.*

19) Defre *a.*; Desred *B.* *b.* 20) Mazeran *a.* 21) [mgl. *B.* *b.* 22) Var kominn í liði (lið *B.* *b.*) þeirra Rollants ok *tíl. a.* *B.* *b.* 23) [aptr til konungs síns (konungs sonar *B.* *b.*) *a.* *B.* *b.* 24) bjuggust *B.* *b.* 25) menn *a.* *B.* 26) [kristinna manna. þeir er *a.* 27) [Frankismönnnum. þeim er til hurfu árinna (er fóru til árinna *b.*) um aptaninn *B.* *b.* 28) Remund *a.*

29) þúsundur *a.* *B.* *b.* 30) skjöldum *B.* *b.* 31) þessa veiði *B.* *b.*

nefndr er Dorgant.¹ Ok hann kom fyrir konung ok mælti: Heill herra, segir hann, Maumet gæti yðvar, ver kátr ok glaðr, tíðendi hefi ek at segja yðr bæði góð ok mikil. Rollant er yfirstiginn, ok drepit höfum vér flest alt lið hans, ok hleypt honum út á Rín ok því liði er undan komst með honum. [Þá svarar Guitalin konungr: Segir þú satt, Dorgant, eða lýgr þú? Já, já, segir hann, úvanr var ek at ljúga fyrr. Ok bað svá Maumet hjálpa sér sem hann sagði² satt. Ok vér höfum annan³ vitnisburð, því at vér höfum hér 300 hesta klyfjaðra af höfðum kristinna manna. Ok er konungr nam trúnað á því,⁴ þá varð hann⁵ svá glaðr, at [mjök svá⁶ gékk hann af viti sínu, ok spurði ef þeir hefði nökkut [brotit at⁷ borginni.⁸ En hann [svaraði: Engan kost léðum⁹ vér þeim á því.¹⁰ Nú kallar konungr á Sibilio dróttningu [ok mælti: Nú máttu segja, at flestir allir Frankismenn eru nú fallnir ok yfirstignir ok Frakkland unnit til handa okkr ok sonum okkrum.¹¹ Þá svaraði dróttning: Trú eigi þú orðum riddara þíns, enn ríki konungr Saxa! Still gleði þinni, ok úgerla¹² veiztu hvat síðast¹³ kann verða í [viðrskiptum yðrum Karlamagnús konungs,¹⁴ því at liðsmenn segja opt [vilhalt ok segja¹⁵ þat er þeir vildu at væri, [en viti eigi þat (er) verða mun,¹⁶ en hvatki¹⁷ er þeir segja, þá er Rollant heill¹⁸ ok páfinn ok erkibyskup ok margir aðrir góðir drengir ok fræknir höfðingjar.¹⁹ En Guitalin konungr reiddist henni mjök ok laust til hennar [svá hart, at hon tók blóð í serk sér,²⁰ [ok skaut henni út or landtjaldinu.²¹ Síðan lét hann söðla²² hest þann er beztr var í herinum, ok reið til kastala þess, er Karlamagnús konungr var í, ok kallaði hátt, bað konung Frankismanna lýða sér, [ok fékkst þegar hljóð:²³ Þau tíðendi [hefi ek (at) segja, at dauðir eru allir þínir inir beztu riddarar;²⁴ Rollant hleypti út á Rín ok flest lið²⁵ er honum fylgdi. [Nú ertu sjálfr yfirkominn, gef upp kastalann ok gakk nú oss til handa ok á vára miskunn, ok þat til jartegna um þetta mál, at vér höfum at sýna þér 300 flesta klyfjaðra af höfðum liðsmanna þinna.²⁶ En við þessi tíðendi urðu Frankismenn mjök daprir, en Karlamagnús konungr miklu úgláðastr, ok géngu upp allir í kastalann²⁷ ok leiddu²⁸

1) konungi b. 2) mgt. b. 3) [sté á hest eptir þat b. 4) lönga hrið b.

5) [þar fengit herbergi nökkut b. 6) [hvaðan hann væri, en hann segist b.

7) [Um morginina eptir b. 8) vill b. 9) [þeir sömdu þetta með sér b.

10) musteri b. 11) við staðinn b. 12) þat tilf. b. 13) [Tók Vilhjálmr þá við b.

14) munkar b. 15) plógi b. 16) talaði b. 17) við tilf. b.

18) [nökkur ár b. 19) [þetta, ok ætluðu þat vera fyrir sakir illgerða b.

20) [skemri ok betri b. 21) man b. 22) [ek vil b. 23) verja b. 24) lofa

ek b. 25) þá tilf. b. 26) at taka í móti tilf. b.

mik er ráðit ok dreginn or klæðum, eða¹ skal ek fatlauss á brott ganga? Ábóti svarar: Auðsét er þat á þessi [orð ok² eptirleitan þinni, at þú hefir verit ofsamaðr. Lofa ek, at þú lát³ eigi rænast skyrtunni, en öðrum klæðum skaltu rænast láta. Vilhjálmr mælti: Bið gullsmið þinn gera mér brókabelti ok búa gulli. Ok svá var gert. Síðan var honum fenginn leiðtogi. Þeir höfðu tvá asna ok fara hina lengri leið, þeir kómu til kaupstaðarins ok kaupa⁴ malt ok hveiti; en er þeir váru búnir, þá var skamt til jóla, svá at þeir máttu eigi heim komast at jólum, ef þeir færi [hina lengri leið.⁵ Ok er þeir kómu þar sem leiðir skildust, þá mælti Vilhjálmr: Nú munu vit fara hina skemri leið. Leiðtoginn svarar: Nú finn ek, at þú ert ærr, er þú vill [bæði tapa þér ok mér ok öllu því er vit förum með.⁶ Vilhjálmr mælti: Þat frá ek í kaupstaðnum, at illvirkjar eru á brottu. Þeir snöru hina skemri leið ok fóru um nóttina ok um daginn, ok urðu við ekki varir, ok fóru svá alt þar til at atfangadag⁷ jóla sjá⁸ þeir til klaustrans, ok þóttust or háska komnir. Vilhjálmr gékk fyrir ok var í kuffi [ok uppi hattrinn,⁹ ok hafði staf í hendi sér, en sá er honum fylgdi gékk eptir ok keyrði asnana. Ok er Vilhjálmr varði sízt,¹⁰ hleypr sjá er eptir fór upp á hann, ok segir at illvirkjar hlaupa eptir þeim. Vilhjálmr mælti: Gakk fyrir til klaustrans, en ek man bíða þeirra. Þar koma 12 menn albrynjaðir, ok spurðu hverr sá væri hrottinn? Hann nefnir sik ok spyr, hverr formaðr [þeirra var?¹¹ Hann nefndist Darziburt:¹² Ok vilju vér hafa fé þat, er þú ferr með. Vilhjálmr mælti: Þat er staðar eign, ok gefit [fyrir guðs skyld frið,¹³ þá man yðr vel takast, ella man yðr skamt til ills.¹⁴ Þá hljóp einn þeirra at honum ok laust með flötu sverði um herðar honum. Þá mælti Vilhjálmr: Hin dýra dróttning María, gæt mín [við freistni, at ek megi standast.¹⁵ Síðan taka þeir af honum alt þat fé sem hann fór með, ok snúa brott síðan.¹⁶ Ábóti stóð úti ok bræðr hans¹⁷ ok sá á. En er illvirkjar ætluðu brott at hverfa, þá mælti Vilhjálmr: Þér erut kynligir menn, takit vistir, er fær hvervetna, en takit eigi dýra gripi, sem þér megit hér sjá. Þeir mæltu: Þú ert víst fól, ok mjök toga tröll tungu or höfði þér. Snúa þeir¹⁸ at honum síðan ok ráðu á hann. Vilhjálmr mælti: Gerit [nú eigi svá illa við mik,¹⁹ kneppit mik eigi, kippit heldr upp kuffinum ok takit þar góðan grip. Brókabeltit var spent utan at brókunum. Tekr þá einn²⁰ ok slítr af honum

¹) tilf. b. ²) [mgl. b. ³) látir b. ⁴) þar tilf. b. ⁵) [hinn lengra veginn. b.

⁶) [saal. b; tapa þér B. ⁷) atfangsdag b. ⁸) sá b. ⁹) [mgl. b.

¹⁰) minnst b. ¹¹) [tilf. b. ¹²) Darziburt b. ¹³) [því frið fyrir guðs skyld b. ¹⁴) tilf. b. ¹⁵) [svá at ek megi standast þessa freistni b.

¹⁶) eptir þat b. ¹⁷) mgl. b. ¹⁸) nú b. ¹⁹) [vel ok b. ²⁰) til cinn þeirra b.

brókabeltit, ok mælti: Satt er þat, at þetta er hiu mesta gersimi. Ok síðan rak hann um höfuð honum. Þá varð Vilhjálmr reiðr: hann hafði ekki vápn, hann hleypr þá at öðrum asnanum ok sparn á fœti sínum, svá at [þegar féll.¹ Vilhjálmr rífr af² bógiun ok hleypr at þeim sem næstr honum var ok laust hann til heljar, ok þegar annau. Þeir snúa³ undan sem eptir eru ok þegar⁴ í skóginu. Þá gengr Vilhjálmr at asnanum ok mælti: Mikla illsku hefir ek drýgt við þessa guds skepnu, er kvalin er fyrir mfnar sakir. Hann legggr þá við bógiun, þar sem verit hafði, ok biðr til guds. En er hann lauk⁵ bæniuni, reis asninu heill upp. Hann fór nú heim til klaustrs. ok var þá mið nótt, [þá váru⁶ byrgðar dyrr. ok brýtr hann upp hurðir ok sá engan mann. Ábóti ok munkar höfðu byrgt sik ok hugðu, at þessi maðr mundi vera tröll. Vilhjálmr biðr þá sýna sik, en er hann finnr þá, hýðir hann hvern þar sem [hann finnr.⁷ Hann fann ábóta í kirkju fyrir altari ok hýddi hann þar, ok mælti: Aumr maðr er sá, er yðr þjónar. Þér erut dáðlausir⁸ ok ástlausir við gud. ok fœrit⁹ þessa ráðning til nytja yðr. Síðan hvarf hann í brott.¹⁰ ok spurði eugi maðr til hans.¹¹

3. Þá er Karlamagnús konungr spurði brautreið Vilhjálms, varð hann úglaðr, ok setti til [gisla, at hann féngi upp spurt, ok verðr¹² eugi viss. [dofnar yfir. Síð ok suemna spyrir hann eptir, ef hann féngi hann upp spurt, ok verðr þat eigi.¹³ Harmar [hann þat¹⁴ nú mjök, er kappar hans eru frá honum, Rollant fallinn ok þeir 12 jafningjar. Oddgeir danski á brott ok Othuel, [en hann sjálfr afgangall, Vilhjálmr horfinn. Þá¹⁵ sannast saman úvinir hans ok ætla at hefna sín [ok sinna frænda.¹⁶ Fyrir þessum her gerðist höfðingi Madul konungr, hann var bróðir Marsili konungs, er barðist við Rollant at Runzival: hann dregr saman her mikinn ok fór sunnan of¹⁷ lönd, hann braut borgir en brendi kastala, ok drap menn¹⁸ tyrir Karlamagnúsi konungi.¹⁹ Karlamagnús var þá orðinn svá ríkr, at þessum megin hafs hnigu til hans allir konungar. Ok nú er hann heyrir þessa hersögu, þá sendir hann orð öllum konungum ok her-tugum ok jörlum. [ok öllum²⁰ þeim er ríki héldu af honum. En í annan stað sendir hann menn at leita Vilhjálms bæði á sjó ok á landi, ok geta þeir hann aldri²¹ uppspurt hvárki lífs né liðinn. Sannast nú at konungi lið mart, ok stefnir hann her sínum²² í móti heiðingjum, ok hefir þó miklu minna lið [en þeir.²³

1) [hann féll þegar b. 2) honum tilf. b. 3) saal. b.; sneru B. 4) hlaupa b.

5) hafði lokit b. 6) [váru þar b. 7) [kominn var b. 8) við menn tilf. b.

9) Því fœrit nú b. 10) þaðan tilf. b. 11) langa hrið tilf. b. 12) [gislingar, ef

hann féngi hann upp spurt, ok verðr þess b. 13) [mgl. b. 14) konungrinn b.

15) [Vilhjálmr horfinn, en hann sjálfr mjök gamall. Fyrir þessa sök b.

16) [mgl. b. 17) um b. 18) mart fólk b. 19) keisara b. 20) [mgl. b.

21) hvergi b. 22) þessum b. 23) [mgl. b.

4. [Þat er upphaf at minni sögu,¹ at karl bjó ok átti sér konu, [þat var suðr í löndum,² hann hét Grimaldus, þat var við skóg [eigi langt³ frá öðrum mönnum., Hann var meiri vexti en aðrir menn, skeggjadr mjök ok kallaðr heldr blauthugaðr. Hann var vellauðigr at fé, hann átti [mart góðra⁴ hesta ok gnótt vápna, hann var vaur sjálfr at halda hjörð sinni til skógar. Ok einn dag er hann var á skóginum, kom at honum maðr. sá var í kuffi, ok var höfði hærri en Grimaldus. [Sá maðr⁵ mælti: Hverjum er hér at heilsa, segir hann, svá virðuligum? Grimaldus vatt upp⁶ skeggi ok sagði nafn sitt, ok spurði móti, hverr hann kveddi.⁷ Hann svarar: Viss mantu þess verða síðar, en eigi er mér lofat í dag at segja,⁸ en ek er nágranni þinn, ok er skamt í milli bygða okkarra, en⁹ hvat er tíðenda í landi? segir kufmaðr. [Jll eru tíðendi, segir Grimaldus, hræzla¹⁰ á öllu fólki, Karlamagnús konungr er með miklum ótta,¹¹ bregðast honum höfðingjar, ok þikkir líkligt, at hann muni fara¹² úsigr, ok er¹³ falls ván á fornu tré. Hann þreyr eptir Vilhjálmm korneis [ok spyr hann aldri upp,¹⁴ en vér erum kvaddir í flokk þenna, ok þikkir mönnum nú ekki gott at fara. Kufmaðr mælti: Nauðsyn er á at fara, en þó sé ek, at þér er mjök afhent at fara, en sœmd munu þeir hljóta [er fara.¹⁵ Grimaldus mælti: Þat mæla¹⁶ sumir menn, at konungr¹⁷ þori eigi at berjast, ok þat veit ek, at mér vex mjök í augu at berjast ok skilja¹⁸ við konu mína. Þá mælti kufmaðr: [Þat skipti megu vit gera; bú¹⁹ mik at berjast fyrir þik, en þú ger mér góðar búsisfar; [ok fúss em ek til þessar farar, svá²⁰ at varla má ek sofa fyrir. Grimaldus mælti: [Þat vil²¹ ek gjarna; því at ek vil²² lifa lengr. Kufmaðr mælti: Hefir þú góða hesta [? Hann svarar: Góða, segir hann. Kufmaðr mælti: Hefir þú²³ góð vápu? Góð²⁴ þikki mér, segir Grimaldus. Kufmaðr mælti: Al nú hestinn á korni hálfan mánað, ok hittumst í ákvedimm dag. Ok svá gerði Grimaldus, ok í ákvedinn²⁵ tíma hittast²⁶ þeir. Þá mælti kufmaðr: Nú man ek leysa líf þitt, en þú seg þetta engum manni. Síðan hleypr hann at honum ok bregðr honum á lopt, ok [nú spyr hann,²⁷ hvat er²⁸ títt um konunginn? Grimaldus svarar: Nú ætlar hann til bardaga. Þá sagði kufmaðr: Viltu hit

1) [Nú er þat greinanda þessu næst b. 2) [mgl. b. 3) [einn langt í brott b. 4) [marga góða b. 5) [Kufmaðr b. 6) við tilf. b. 7) svá vegliga tilf. b. 8) þér nafn mitt tilf. b. 9) eða b. 10) [Hræzla mikil er b. 11) því at tilf. b. 12) fá b. 13) þar tilf. b. 14) [því at hann getr hann hvergi upp spurt b. 15) [sem í þessarri ferð eru. b. 16) tala b. 17) Karlamagnús b. 18) skiljast b. 19) [Vit megum gera skipti með okkr. bú þú b. 20) [því at svá fúss em ek til þeirrar ferðar b. 21) [þau skipti tek b. 22) eun tilf. b. 23) [eða b. 24) Svá b. 25) nefndan b. 26) finnast b. 27) [mælti b. 28) nú tilf. b.

sama kaup okkart? Já, já, segir hann.¹ Hann gengr þá at hestinum. ok spyndi á fæti sínum, ok stakaði hann ekki.² Síðan kippir hann söðlinum, ok hélt söðulreiðit. Ok þá mælti hann: Þetta er góðr hestr. Síðan lét hann á sik³ svart skegg, hann setti [hjálmal á höfuð sér,⁴ ok var ekki bert [á hans andliti⁵ nema augun. hann gyrði sik sverði ok tók spjót í hönd sér ok steig á bak, ok var maðr hinn vígligsti. Þá mælti Grimaldus: Vel væri fengit, ef slíkir færi allir til konungs. Hann kemr⁶ nú til hers Karlamagnús konungs, ok ferr í þá fylking, sem Grimaldo var skipat. Keisarinn á þá þing við lið sitt, ok stóð upp á þinginu ok mælti:⁷ Kunnigr er góðum mönnum skaði sá ok manna missir, er vér höfum fengit af heiðingjum. ok hefir guð því svá vel skipat, at annarr hefir jafnan upp risit í stað annars, en Rollant höfum vér svá mist, at vér munum aldri bætr bíða. Nú er ok⁸ Vilhjálmr á brottu, er gildastr var⁹ af mínum köppum, ok nú er sú ván þrotin, at hann muni aprt koma, því at hans er hvervetna leit at ok sprst ekki til hans. Nú muna vér [berjast við heiðingja, ok snúm móti, þeim sem hardast,¹⁰ ok minnumst¹¹ á þat, at Krístr lér [oss jafnan hærra lut.¹² Ok ef nökkurr er [sá, at¹³ mér kunnir at segja til Vilhjálms,¹⁴ sá skal bera af mínum fundi byrði [sína gulls,¹⁵ ok sá er skaða veitir Madul konungi, sá skal þiggja af mér jarls nafn ok dóttur mína, en ef hann er áðr jarl eða hertogi, þá skal hann verð konungr. Dugit¹⁶ drengiliga, ok¹⁷ bíðit annathvært bót eðr bana. Ok þá fékk konunginum [mikils ok¹⁸ feldi tár. Sleit nú þingit ok var blásit í lúðra. ok bjó hverr sik [sem bezt mátti.¹⁹ Grimaldus var fremstr á hesti ok eggjaði mjök sína sveit til framgöngu. Þat undradust menn, at²⁰ hann lét svá framgjarnliga. því at hann var [ekki kallaðr framgjarn maðr.²¹ Hann snaraði fram²² sína sveit í þá fylking, er sjálfr konungrinn var fyrir. Þriðjungi meira höfðu heiðingjar lið. Grimaldus var miklu²³ meiri en aðrir menn, ok²⁴ hjálm hans bar upp or²⁵ flokkinum. En í móti merki Karlamagnús konungs lét heiðni konungr bera²⁶ sitt merki: fyrir [Karlamagnúsi konungi²⁷ fóru 9 kappar, þeir sem ruddu stig fyrir honum. Grimaldus var í öndverðri fylkingu. ok er saman kómu fylkingar, þá varð orrosta mikil; ok þá laust Grimaldus hest sinn sporum. [en hann hljóp við ok²⁸ fram, svá at tveggja vegna hrökk

1) Grimaldus b. 2) við tilf. b. 3) saal. b; líma B. 4) [á sik góðan hjálm b. 5) [tilf. b. 6) riðr b. 7) svá tilf. b. 8) tilf. b. 9) einn tilf. b. 10) [fara til móts við heiðingja ok berjast við þá b. 11) enn tilf. b. 12) [hefir oss hærra hlut gefit b. 13) maðr hér er b. 14) með sannindum tilf. b. 15) [tilf. b. 16) því dugit nú b. 17) tilf. b. 18) [svá mikils, at hann b. 19) [tilf. b. 20) er b. 21) [kallaðr ekki fullhugi b. 22) með tilf. b. 23) því b. 24) at b. 25) öllum tilf. b. 26) fram tilf. b. 27) [keisaranum b. 28) [ok hleypti b.

undan. Hann reið fram hjá konungi svá hart ok nær, at hestrinn stakaði,¹ en konungrinn hallaðist² á ba'i ok leit til hans, ok sá hvárr í augu öðrum. Grimaldus nam ekki staðar ok reið svá fram í fylking heiðingja, ok konungrinn brosti. Grimaldus hjó á tvær hendr ok gékk alt fram³ undir merki hins heiðna konungs ok drap merkismann⁴ ok ⁷5 riddara aðra, þá er beztir⁶ váru.⁷ Ok síðan átti hann vápnaskipti við konunginn heiðna, ok lagði þá hvárr til annars, konungrinn lagði til Grimaldum sterkliga, ok⁸ brast í sundr spjótskaptit, [ok þá lagði Grimaldus til konungs ok gegnum skjöldinn ok tvöfalda brynjuna, ok gékk utan rifja, er verr var, en spjótskaptit brast í sundr. En svá sátu þeir fast í sínum söðlum, at hvárgi gékk af sínum hesti.⁹ Ok þá víkr konungrinn frá ok höggr riddara einn,¹⁰ ok felr sverðit í brjósti honum ok höggr¹¹ hestinn í sundr. En Grimaldus hafði riðit fram lengra ok drepit tvá riddara, ok nú riðr hverr móti öðrum. [Ok er Grimaldus sér skaða sinna manna, víkr hann aþtr ok þar at, sem heiðni konungr var fyrir, ok höggr þegar til hans á háls honum,¹² svá at af tók höfuðit, ok hendi á lopti, ok kallar¹³ at þeir sé yfirkomuir hinir heiðuu. Ok því næst taka þeir at flýja, en konungr¹⁴ rekr flóttann. Síðan víkr hann aþtr, ok er hann kemr til valsins, þá er á brott höfuð [þess heiðna konungs,¹⁵ en bolrinn¹⁶ eptir. Hann lætr þera bolinn í landtjald sitt ok segist enda munu orð sín. Margir riddarar kómu þar [ok færðu¹⁷ konungi höfuð, ok sögðu þat fylgt hafa þeima bol, en konungr hlýðir ekki á þeirra orð ok kveðst¹⁸ munu kenna þann mann er drap konunginn.

5. En nú er [frá því at segja,¹⁹ at þeir finnast kuflmaðr ok Grimaldus. En er hann sér höfuðit, [þá spurði hann:²⁰ Hví hafðir þú þetta höfuð hingat. Kuflmaðr mælti: Hér fyrir skaltu fá mikinn sóma. Tak nú vápu þín ok rið á konungs fund ok bið hann gera þik jarl, ok²¹ unn konu þinni, ok ver búinn at fylgja mér, þá er ek kem [út eptir þér.²² Nú stígr hann á hestinn²³ ok riðr [í herinn ok til konungs²⁴ ok mælti: Guð signi yðr, herra; kenni þér höfuð þetta, er átt hefir Madul konungr. Karlamagnús konungr leit á

1) undir honum *tílf. b.* 2) við *tílf. b.* 3) *saal. b.*; undan *B.* 4) hans *tílf. b.* 5) *6 b.* 6) *fræknastir b.* 7) af líði heiðingja *tílf. b.* 8) svá at *b.* 9) [en svá sátu þeir í sínum söðlum fast, at hvárgi gékk af baki. Þá lagði Grimaldus til konungs gegnum skjöldinn ok tvöfalda brynjuna, ok gékk utan rifja, er verr var. *b.* 10) af Frankismönnum *tílf. b.* 11) tók *b.* 12). [Grimaldus höggr þegar, sem þeir mættust, á háls hins heiðna konungs *b.* 13) hátt *tílf. b.* 14) Karlamagnús *b.* 15) [konungsins heiðna *b.* 16) búkrinn lá *b.* 17) [færandi *b.* 18) segist *b.* 19) [þar til at taka *b.* 20) [bliknar hann fast ok mælti *b.* 21) en *b.* 22) [til þín: haf með þér höfuð þetta. *b.* 23) hest sinn *b.* 24) [á konungs fund *b.*

höfuðit ok setti við bolinn ok mælti: Þetta höfuð á hér at fylgja, eðr hverr er þessi riddari? Ek heitir Grimaldus, segir hann, ok drap niðr höfði. Konungr mælti: Eitt sinn sá ek hest þenna¹ ok góðan riddara á baki, en² hvar er sá nú? Grimaldus svarar: Aldri settist annarr riddari³ á þenna hest en ek, ok engi kom annarr⁴ í þenna söðul. En ek beiðumst þess af yðr, sem þér hétuð. Konungr mælti: Vitu þér nú at ek eldumst,⁵ ok mjök⁶ sígr elli í augu mér, ef þú ert sá,⁷ er ek stakaði fyrir, [ok laust tvá kapp.⁸ Ok fyrir lygi þína skaltu ríða á brott viðr riddara minn einn, eðr segja mér ella. hverr þetta þrekvirki vann. Þat hugðag⁹ um hrið, at ek mundi kenna Vilhjálmi. Þá svarar Grimaldus: Sama beiðumst ek, en eigi dóttur þinnar, því at ek er kvángaðr áðr. Konungr bað hann ganga fyrir sik ok leit á hann¹⁰ ok mælti: Hraeddr var ek, þá er mér litust¹¹ þessi augu augu Vilhjálms. Seg nú,¹² hverr þér fékk höfuðit. Hann svarar: Ek tók á lopti, þá er [af fauk¹³ bolnum. Konungr þagnaði um stund¹⁴ ok mælti síðan: Verða¹⁵ má at sá þikkist verðr [at ráða,¹⁶ er þér seldi¹⁷ höfuðit, eða hvers beiðist þú af mér. Grimaldus mælti: Jarls nafns ok þeirrar tignar er þar¹⁸ á at fylgja. Konungr svarar: [Ek skal gera þik jarl¹⁹ yfir einni borg. Síðan lét konungr taka upp landtjöld sín, ok ferr nú heim með ágætum sigri. Hann gaf Grimaldo jarls nafn, ok var úríkastr²⁰ jarla hans.

6. Nökkurum vetrum síðar bar þat til eina nótt, at Grimaldum dreymir, at maðr kom at honum, ok þóttist hann kenna kufmann. Sá biðr jarlinn upp standa ok fara til konungs²¹ ok segja honum, at þit skulut fara í þann sama skóg, er mit²² fundumst, ok í landsuðr, þar sem þykkastr er skógrinn, þar munu þér²³ finna lítinn stíg, ok er þú kemr²⁴ or skóginum, þá man vera slétta græn undir fjallshlíð ok skógr umhverfis, ok gnípa mikil gengr²⁵ af fjallgarginum ok dalr undir ok [í dalnum einn²⁶ hellisskúti, þar munu þér²⁷ finna lík mitt undir.²⁸ Þar hefir²⁹ búit hálfan þriðja tug vetra. En ek vil, at Karlamagnús láti gera kirkju,³⁰ ok fái þar til menn at þjóna. Þá ertu frjáls allra skulda við mik. Síðan hvarf hann á brott, en Grimaldus vaknaði ok segir konu sinni drauminn. Hon mælti: Rís upp skyndiliga ok seg konungi, úhæft er at dvelja, segir hon. Þú

1) fyrr tilf. b. 2) eðr b. 3) maðr b. 4) tilf. b. 5) mjök tilf. b. 6) fast b. 7) maðr tilf. b. 8) [mgl. b. 9) hugða ek b. 10) um stund tilf. b. 11) sýndust b. 12) mér b. 13) [þat fauk af b. 14) tíma b. 15) vera b. 16) því at ráða, sem ek hefir þar um heitit b. 17) fékk b. 18) því b. 19) [Gera man ek þik jarl víst b. 20) minzt háttar b. 21) Karlamagnús tilf. b. 22) vit b. 23) þit b. 24) fram tilf. b. 25) saal, b; gékk B. 26) [tilf. b. 27) þit b. 28) mgl. b. 29) hefir ek b. 30) í þeim stað tilf. b.

eggjar úvarliga, ef ek ber rangt upp fyrir konung,¹ segir hann, [ok man ek þá² rekinn af ríki. Hann sofnar í annat sinn, ok kemr at honum hinn sami maðr mjök reiðuligr ok mælti: Lítt minnst þú þess, at ek hefi þér gott gört, ok hér fyrir týnir þú lífinu, ef þú ferr eigi. Hann vaknar ok segir konu sinni. Hon biðr hann eigi dyljast við. Hann reiddist orðum³ hennar, ok sofnar it þriðja sinn. ok sýndist honum þessi maðr þegar,⁴ ok var þá allreiðuligr, [ok laust⁵ með sprota sínum í höfuð honum, ok mælti: Rís upp nú. vesæll maðr, ok er nú verra en fyrr, skaltu nú ok hafa nökkut fyrir þitt þrálæti, auga þitt annat skal út springa. Síðan hvarf hann í brott. [Ok síðan ríss hann⁶ upp skyndiliga ok ríðr með sína meun á konungs fund, ok segir honum greiniliga allan þenna fyrirburð.⁷ En konungr bregðr við skjótt, ok fara þeir eptir fyrirsögn⁸ jarls, ok fundu þar sem [til var⁹ vísat einn mann nýandaðan, ok horfði í austr. Þar var ilm̄r dýrligr, svá at hverr er þar var hugðist kominn¹⁰ í paradisum. Keisarinn kendi þar sinn kæra vin Vilhjálms korneis ok varð harðla feginn, lét hann þar grafa líkama hans í jörð með miklum veg. Hann lét þar kirkju reisa ok lagði [þar til¹¹ jarðir miklar ok mörg önnur gæði. Síðan tók hann af Grimaldo jarls nafn ok setti hann ráðsmann¹² at þessum stað, ok þjónaði hann þar guði ok hans kona, meðan þau lifðu,¹³ ok margir aðrir. En Karlamagnús, konungr¹⁴ fór heim í Frakkland meðr sínum mönnum.¹⁵

1) konunginum *b.* 2) [þá man ek vera *b.* 3) við orð *b.* 4) enn *b.*
 5) [hann sló *b.* 6) [En jarl ríss *b.* 7) atburð *b.* 8) forsögn *b.* 9) [þeim var til *b.* 10) vera *tilf. b.* 11) [til þeirrar kirkju *b.* 12) ráðamann *b.*
 13) bæði *tilf. b.* 14) keisari *b.* 15) ok stýrði sínu ríki með mikilli virðing ok sómasemd. Hann settist þá í þeim hálfum Frakklands. er Lotharingia heitir. *tilf. b.*

TIUNDI PARTR KARLAMAGNUS SÖGU UM KRAPTAVERK OK JARTEGNIR.



eðr engu móti er þat gleymanda eðr niðrfellanda, sem skrifat finnst í sannligum letrum af þeirri sœmd ok virðing, sem várr dróttinn Jesus Kristr veitti þessum frægðarfulla keisara Karlamagnúsi þegar hér í heimi fyrir þá armæðu sem hann þoldi fyrir hans kristni alla sína daga, heldr er þat skrifanda ok senniliga¹ segjanda, þó at þat sé eigi glöggliga greint, á hverjum tímum keisarans ríkis þessa hluti hefir til borit sem nú skal segja. Þann tíma sem stýrði guðs kristni herra Leo pávi hinn mikli á dögum Constantini Miklagarðs konungs, föður Leonis, ok á tímum Johannis patriarehe í Jórsölum, tók virðuligr herra Karolus keisara nafn yfir Romania. Sturlaðist mjök þar fyrir konungriinn í Miklagarði, at Romani höfðu tekit sér nýjan keisara, því at ævinliga þar til hafði hvergi verit í kristninni² keisaradóms sæti³ nema í Constantinopoli, þar til er Romani færðu sik undan oki Grekorum ok gáfu Karlamagnúsi Frakka konungi fyrstum keisara nafn. En alla þá sturlan sem Karolo [fluttist eða veittist af⁴ Miklagarðs konungi bar hann með heilagri þolinmæði. ok þat lagði⁵ hann yfir, at síðan er honum var sagt, at Miklagarðs konungr óttaðist nökkut at nývordinn keisari mundi vilja leggja undir sik hans ríki, gerir Karlamagnús sína sendiboða með blíðum bréfum ok stöddum friði. svá at alla þá hrœring, sem áðr var, læknadi hann með sinni góðvild, setti sætt millim londanna [með sönnum friði.⁶ En hversu guði líkaði,⁷ at Karlamagnús hafði keisari gerzt má lýsast⁸ í því sem eptir ferr. Nærri þeim tíma, sem þetta fór fram í Roma, géngu heiðnir menn [enir vestu⁹ með stórum herskap á várr dróttins jörð í Jórsölum með svá

¹) sannliga *b.* ²) í kristnum sið *b.* ³) stöðugt *tilf. b.* ⁴) [*saal. b.*; flutt er eptir *B.* ⁵) *saal. b.*; sagði *B.* ⁶) [*saal. b.*; ok var þat öllum friðum *B.* ⁷) virðist *b.* ⁸) *saal. b.*; þar saz *B.* ⁹) [enn um sinn *b.*

[miklu megni¹ framar en fyrr; at þeir höfðu nálíga fangat² landit ok jafnvel Jerusalem, svá at Johannes patriarcha mátti eigi viðhaldast ok flýði hingat yfir hafit til Miklagarðs. Fylgdu honum margir ágætir menn, en tveir af þeim eru nefndir, Johannes prestr af Neopoli ok David erchipsestr af Jórsölum. En því leitar patriarcha til Constantinopolin, at sá Constantinus, er þá ríkti hafði þá³ 7 sionum frelsat Jórsalaland af heiðnum mönnum,⁴ ok því þikkir herra Jóni þar⁵ enn vænast til uppreistar. Er hann tékinu ágæta vel af Garðskonunginum, en þá⁶ minkar því⁷ mjök þeirra fagnað, hversu hörmulig tíðendi váru at tala, því at svá sem konungrinn veit framar hvat fram hefir farit, skilr hann görla, at heiðingjar hafa þrifaldan styrk um þat fram sem fyrr, bæði [af fjölda manna⁸ ok vígvélum, því fær honum mikils áhuga, hvat⁹ líkast er fram at fara. Víkr hann nú þangat til trausts sem bezt sœmði,¹⁰ biðjandi várn dróttin fulltings ok tillögu. Því berr fyrir hann, eina nátt sem hann sefr, at frammi fyrir sænginni stendr¹¹ maðr ágætliga fagr, hann klappar á sængr¹² pílarinn, sem í þat mark, at konungr skyldi vaka ok heyra hvat er hann segir; því næst kastar hann blíðum orðum á konunginn svá talandi:¹³ Constantine, vel gerðir þú, leitar¹⁴ guðs fulltings í þinni þjáning;¹⁵ er ek nú ok sendr at segja guðs¹⁶ vilja. Þú skalt kalla Karolum Frakkakonung með þér at frelsa jörðina, því at hann er umfram aðra menn vígðr ok valinn af guði brjóst ok brynja fyrir heilagri kristni. Eptir svá talat leiðir hann fram fyrir konunginn einn forkunnlegan riddara, hann er með hníganda yfirbragði ok þó yfirbæriliga ljóss á sitt hörund, augu hafði hann svá fögr sem þá er leiptrar af bjartri stjörnu, skegg hefir hann hvítt ok sítt á bringu niðri,¹⁷ hár á höfði hans glóar fagrt með skínandi hæru, dubbaðr er hann bæði til handa ok fóta, uppi er hann skrýddr með snjóhvítri hringabrynju, en niðr með björtum brynhosum, skjöld hefir hann rauðan á hlið, ok gyrðr sverði með hjölt¹⁸ ok meðalkafla svá vænan, sem þat bæri purpuralit; stórliga sterkligr var þessi maðr, með miklum vexti til hæðar ok allra lima, því var hans spjótskapt bæði hátt ok digrt, ok út af spjótsoðdinum sér konungr optar en um sinn at flýgr bjartr eldslogi; annarri hendi heldr hann á¹⁹ gullroðnum hjálmi, en stendr fyrir konunginum með beru höfði. Hinn ungi maðr talar þá til konungsins: Sé hérna, þenna valdi guð ok vígði, ok virð með sjálfum þér, hvat hann mega

1) [saal. b; miklum megin B. 2) fangit b. 3) mgl. b. 4) tilf. b. 5) saal. b; þat B. 6) þó b. 7) þat b. 8) [at fjölmenni b. 9) saal. b; hvar B. 10) samdi b. 11) ungr tilf. b. 12) sængar b. 13) tilf. b. 14) er þú leitaðir b. 15) þrönging b. 16) þér hans b. 17) niðr b. 18) hjalt b. 19) saal. b; at B.

með síns herra fulltingi. Ok án dvöl er sýnin brott tekin, en konungrinn vaknaði ok veit gerla hvat hann skal gera: Því þakkar hann guði þessa vitran ok kynnir hana herra Jóni. Því eru¹ nú samin öll ráð, at þeir skuli² skrifa til Karlamagnúsi keisara.³ Biðr fyrst⁴ herra Jón, at konungrinn sjálf muni samsetja bréfit ok skrifa sinni hendi upp á þann málshátt, sem hann vissi vel gagna Romanis. Konungrinn gerir svá, setr í fyrstu alt í⁵ fögrum skilningi ok samblandinni brygð, hversu gröf lausnara várs ok hin heilaga borg Hierusalem er haldin af heiðnum dómi, ok sjálf patriarchinn á flótta kominn. Sem þess háttar efni er alt úti undir kvedjusending ok nafni Johannis, leggur konungr með undir sínu nafni við enda bréfsins alla þá vitran, sem áðr er lesin. ok eptir þat leggur hann til eina klausu ok fim versa með latínu:⁶ Fagna þú í dróttni ok staðfestz í hans lofi, haf þik frammi eptir hans boði. Því⁷ at jartegnir orðum æðri hefir hann sett fram fyrir þik; veri guð með þér ok sæmi þik makligri tign, gyrdandi lendar þínar með réttlætis linda, ok prýði höfuð þitt með eilífri kórónu. Svá er lyktat bréfit ok innsiglat, valdir síðan legatar til at bera þat Karolo konungi. Eru þeir legatar fyrrnefndir sira Jón Neopolites ok David Jerosolimites ok aðrir tveir með þeim Jsaach ok Samuel, báðir ebreskir. þeir verða vel reiðfara, létta eigi fyrr en þeir sinna Karolum konung í sjálfri Paris á Frakklandi. Ok sem hann hefir þat⁷ uppbotit ok yfirlesit, tárast hans háleit góðfýsi einkanliga fyrir gröf dróttins ok aðra merkisstaði hans hérvistar. Ferr hann svá með bréfit, at hann býðr Turpin erchibyskupi at skýra þat fyrir öllum lýð, á þá⁸ tungu sem hverjum [má verða⁹ skiljanligust. En er Franzeisa fólk heyrir þá hörmung, stendr alt um konunginn óp ok kall með einni bæn. at hann rétti sína hönd ok steypi guds úvinum. Þurfti þar ok eigi mikils við. Því at [konunginum var viljugra en nökkurum öðrum¹⁰ gott at gera.

2. Síðan sendir hann boð um alt sitt ríki með almenning, at hverr skal sik búa, sá er vápn má bera, en sá er sik dregr undan þessarri herferð, skal vera með sonum sínum sem þrælborinn maðr.¹¹ ok verða sekr við krúnuna fjórum skærum¹² peningum á hverju ári. Svá mikill herr kom hér saman með riddaraligri mekt ok almúga, at þvilkán styrk hafði Karolus aldri fengit fyrr í nökkurri för. Svá mikil guds miskunn gengr með þeim um torbreytan¹³ veg lands ok lagar, at engrar mótbáru getr bókin, fyrr en þeir koma yfir hafit ok upp í Jørsalaland. Verðr þá fyrir þeim skógr mikill, var

1) saal. b: er B. 2) skulu b. 3) konungi b. 4) mgl. b. 5) með b.
6) þat alt saman má svá norrœna tilf. b. 7) bréfit b. 8) saal. b: hverja B.
9) [yrði b. 10) [konungrinn var viljugri en nökkurr annarr b. 11) saal.
b: væri B. 12) saal. b: sketum B. 13) torbreyttan b.

Þat meinlig mörk með mörgum dýrum grimmum, sem eru gammar ok birnir, leones ok tigres ok önnur fleiri. Herrinn hefir engan vissan leiðsagara um skóginn, [ok hugsar konungr,¹ at þeim muni af taka sama dags. En þat ferr eigi svá, því at yfir mörkina er eigi miðr² en tvær dagleiðir. Náttar nú at þeim ok villast myrkrum,³ ok býðr konungr at setja [landtjöld sín,⁴ segir þá at hann vill eigi rekast í myrkrum. En herrinn liggur umbergis undir berum himni. Konungr vakir um náttina ok syngur psalma sína. Ok þann tíma sem hann las⁵ capitulum: Legem pone, ok þenna versa: Deduc me in semita mandatorum tuorum, klakar einn fugl undir tjaldstrénu,⁶ þar rétt upp⁷ yfir sem konungr liggur undir niðri. Hans rödd er svá hvell, at heyrir um allan herinn, ok hverr maðr vaknar við. Konungr heldr fram lestri sínum alt þar til sem⁸ líðandi psalmabókinni segir hann þenna versa: Educ de custodia [mandatorum tuorum⁹ animam meam ad confitendum nomini tuo. Sem hér [er komit, stendr¹⁰ mjök lýst af degi, tekr nú fuglinn til annat sinn ok æpir hátt, sem hann vekí allan herinn; heyrir nú hans rödd með skýrum orðum móti fugla náttúru. Hann segir svá tvisvar til konungs: Franseis, hvat segir¹¹ þú. Við þetta klæðist konungrinn. Ok sem herriun er búinn, sjá þeir allir, at sjá¹² litli fugl, sem klakat hafði, býðr sik til leiðsögu, flöktir hann fyrir forntroðinn stig, ok þar eptir ferr allr herrinn at boði konungs, þar til er þeir kómu¹³ á skýran þjóðveg. Eru þeir þá greiddir sem þurfti. En svá segja pílagrímar, at eptir þessa umferð Karlamagnús konungs sé fuglasöngur á þeirri mörk með skiljanligum orðum. Eigi greinir bókin hvílíkan styrk Grikkja¹⁴ konungr hafði¹⁵ til með honum at frjálssa Jórsalaland, en þat er vitat, at svá harðan hærskjöld bar Karlamagnús yfir landit, at hann hratt heid-ingjum¹⁶ frá herfangi til helvítis, drap ok deyddi þann auma lýð, svá at erfðajörð¹⁷ almáttigs guðs skipar hann aprt í bezta punet er verit hafði. Í þeirri ferð vitjar hann Hierusalem með [litilæti dýrkandi¹⁸ guð, þaðan snýr hann norðr um haf til Miklagarðs. Í¹⁹ því má þat vel skiljast, at Grikkir²⁰ hafi verit í sömu herferð,²¹ því at eigi mundi Karlamagnús konungr úboðinn fara til Miklagarðs; var þar herra patriarchinn²² fyrir. Leggjum vör þat fyrir lið at greina, hversu borgin þaut með hátíðligri gleði í því líks manns tilkvámu ok öllum fagnadi. Ok eptir nökkura daga sýnir sá blezaðr herra sína

1) [því konungr hugsar *b.* 2) minnr *b.* 3) vegarins *b.* 4) landtjald sitt *b.* 5) les *b.* 6) *saal. b;* tjaldstreen *B.* 7) uppi *b.* 8) í *tilf. b.* 9) [*myt. b.* 10) [*stendr, er b.* 11) sefir (!) *b.* 12) sú *b.* 13) koma *b.* 14) Grikkja *b.* 15) lagði *b.* 16) *saal. b;* höfðingjum *B.* 17) erfðarjörð *b.* 18) [litillætis dýrkan við *b.* 19) Ok *b.* 20) Grikkir *her og senere b.* 21) herför *b.* 22) patriarcha *b.*

hæversku, biðjandi herra patriarchann gefa sér orlof til heimferðar. Sem þat er gert, hefir Grikkja konungr stóran viðbúnað at leiða konunginn út, því at fram á eitt pláz er sett¹ fyrir hann svá mikil þessa heims dýrð, með gull ok dýra steina, klæðakyn ok allra handa hluta, sem elskarar² þessarrar veraldar [mundu vilja³ girnast lífi framar. En því [gerði hann⁴ svá, at Grikkjum var [hann úkunnigr,⁵ sem brátt prófast; því at þegar í stað sem gjafrnar váru⁶ framlátnar, víkr keisarinn⁷ frá þegjandi ok kallar sitt stórmenni sem á ráðagerð, svá til orðs⁸ takandi: Hvat leggi þér til ráða, góðir höfðingjar, hvárt mér⁹ skulum þiggja þessar gjafr? Þeir váru fljótir í andsvörum, því at þeir kunnu vel konungs skaplyudi, þó at hann spyrdi þá at: Þat er vart ráð, segja þeir, at mæða sú er vér frömdum fyrir guðs ást at eins, biði hans sjálfs en eigi dauðligns manns. Við þessa tillögu varð keisarinn harðla feginn, fyrirbjóðandi sínum mönnum at sjá þetta glyt. Hér af angrast Grikkja konungr ok öll hans hirð, ef útleiðsla keisarans vill ekki þiggja, ok hér kemr með ráði stöddu, at hann verðr þröngdr til með særing¹⁰ í nafni dróttins, at hann þiggi einshverja gratiam. Velr þá konungr þat sem honum sómdi bezt, at honum veittist heilagr dómr nökkurr af þíningartáknum dróttins. Sem þat er játat með fagnaði, skipar patriarcha þriggja daga föstu öllum Franzeisum: þar í móti eru¹¹ kosnir 12 virðuligir menn af Grikkjum at standa ok styrkja þjónostuna, ok þeir skyldu fasta með Franzeisum.

3. Á þriðja degi föstunnar gerir Karolus játning sína fyrir heimoligum skriptafedr sínum Ebrono¹² byskupi. Ok sem dagrinn kemr, skriptast allir virðingamenn í höfuðkirkju staðarins. Eru þá settir tvennir kórar at syngja letanias, svá at aldri falli lofit. meðan þjónostan gerist. Höfuðsmaðr fyrir embættinu, at taka út helgan dóm af sinni hirðslu, var dýrligr fadir Daniel byskup Neapolitanus,¹³ ok sem hann lýkr upp þá techam,¹⁴ sem þyrnikróna¹⁵ dróttins várs var geymd í, gengr svá mikill ilmr um musterit, at allir nærverandis menn hugðu sik vera í paradiso; þar með fór þat ljós, at allir þóttust hafa fengit himneskan klæðnað fyrir þá birti er á stóð. Sem lausnari várr hefir svá byrjat sér til sæmdar, fellr Karlamagnús flatr til jarðar, biðjandi várn herra at hann muni endrnýja stórmærki sinnar þínu, ok án dvöl eptir hans bæn kemr döggr af himni niðr yfir þyrnitréit, svá at þat vöknar alt ok klöknar í augabragði til nývordins ávaxtar, svá at þegar í stað blómgast þat með fögrum

1) fram tilf. b. 2) elskari b. 3) [mundi b. 4) [gerðist hér b. 5) [úkunnr Karlamagnús keisari b. 6) eru b. 7) hann b. 8) orða b. 9) vér b.

10) særingum b. 11) váru b. 12) Ebroino b. 13) Neapolitanus b.

14) thecam b. 15) þyrnikróna b.

flúrum. Tók þá byskup Daniel tilsamdan tesaur ok sniðr þau nýu flúrin¹ niðr í þat tréker, fagrfliga fóðrat innan, sem Karlamagnús hafði látit til búa. En meðan byskupinn fremr² þat blezaða verk, er þat greinanda, hversu dróttins dýrð fór þá æ ok æ vaxandi. Sem blómin spruttu, kom sá ilmr at nýju, at allir sjúkir menn urðu heilir í kirkjunni; var sá³ millum annarra, at um 20 ár⁴ ok fjóra mánaði var mállauss blindr ok daufr, en nú græðir dróttinn hann svá at heilu, at við fyrsta ilm, sem krúnan tókst út, fékk hann [fagra sýn; en þá er blómin spruttu, fékk hann⁵ málit; en þá er byskupinn bar járn á, þá hann glöggva heyrn. Því er dásamanda eigi lítt, hverr paradísus þá var⁶ á jarðríki, er svá geislaði guðs miskunn. Ok er byskupinn hefir sniðit flúrin niðr í kerit, fær hann þat sama Karolo konungi; hann hefir til reiðu drifhvítan dúk eðr glófa ok lætr flúrin⁷ þar í koma; fær hann byskupinum aprt kerit, því at nú skal hann þiggja af snið⁸ þyrnisins. Eu hann heldr meðan á öðrum glófanum með flúrunum, góðfúss í guði sem tárin váttuðu. Ok sem þyrnigjöfin réttist at keisaranum, hefir hann til reiðu annan glófan, en vill þann rýma láta undan, sem með flúrunum var, ok hyggst at fá hann Ebrono⁹ byskupi skriptafeðr sínum. Nú ferr svá í millum þeirra, at hvárgi sér annars gerð fyrir tárum; konungr lætr lausan glófan, en erchibyskupinn tekr eigi með, ok eigi því heldr fellr hann til jarðar, heldr stendr hann í lopti um eina stund dags. Prófast þat vel þann tíma sem konungr réttir annan glófan at erchibyskupinum, því at nú sér hann ok báðir þeir fyrra glófan, hversu [guð almáttigr¹⁰ heldr hann¹¹ upp. Þessu næst er þat greinanda,¹² at svá sem konungr lætr flúrin or glófanum niðr í þá hirðslu, sem fyrir¹³ var búin, snúast þau með himneskri dýrð ok blezan upp í mannam, þat köllum vér himnamjöl. Dýrð sé várum herra Jesu Kristo, er fyrir manna augum sýnir svá miklar jartegnir í lífligum ávexti; því at í fyrra stað greinir bókin, at þá er byskup sneið flúrin, blómgudust þau meir ok meir í staðinn, en nú þetta annat með allskyns heilsugjöfum, at þau snörust í mannam, sem áðr var¹⁴ sagt. Sem hér stendr, kemr gnýr mikill [yfir fólkít ok¹⁵ must-erit, því at almúgi staðarins er á ferð kominn sem með herópi fram at kirkjunni ok þessu orðtaki: Hér er nú páskadagrinn, hér er upprisa dróttins, því at sá ilmr er héðan gengr út. hefir inn leitit í hvert hús ok hreysi um allan staðinn, með þeirri heilsugjöf at 300 manna sjúkra renna nú kátir at lofa guð. Eum þiggir Karla-

1) flúr b. 2) framdi b. 3) einn tilf. b. 4) ok 3 ár b. 5) [tilf. b. 6) varð hér b. 7) flúrit b. 8) sjálfs tilf. b. 9) Ebroino b. 10) [guðs almátti b. 11) honum b. 12) dýrðarverk dróttins segjanda b. 13) tilf. b. 14) er b. 15) [undir b.

magnús blezaðr fleiri gjafir dróttins, því at nú lýkr Daniel upp þat alabastrum, er í geymdist nagli dróttinligrar pínu,¹ þann sama offrar hann keisaranum, þar með part af krossi dróttins, reifalinda hans, [þar til sveitadúk hans² ok sérk várrar frú³ guðs móður Marie; ok handlegg Simeonis er bar vörn dróttin. Nú kann vera, at nökkurum skýrum manni þikki ísjávert, hví bókin setr, at hiu dýrustu tákn lausnara várs herra⁴ væri geymd í Miklagarði, en eigi í Jórsalalandi. En þar er opinber skyusemi til, at heilagir dómar dróttins væri fluttir undan ágangi ok úfriði heiðinna þjóða. Leystist⁵ svá Karolus af Grecia, at margr mátti guð lofa fyrir hans þarkvámu, því at sá drakk nú kátr, er áðr syrgði í kör. En hversu margar jartegnir urðu í hans veg, er eigi vart at rita. því at í einum kastala er hann dvaldist um 6 mánaði urðu heilir 50 manna, ok einn reistr af dauða. En er hann kemr heim í Frans, velr hann sem optar til frábærra sœmda þann stað er heitir Aqvisgranum, þat kalla sumir menn Achis eðr Tachin. Í þenna stað flytr hann helga dóma.⁶ Urðu þá enu at nýju svá miklar heilsugjafir þar í staðnum, sem bókin greinir nökkut af, en sumt segir hon útalit, blindir menn ok riðsjúkir váru í sínum fjölda úrciknaðir, óðir menn 12, líkþráir menn 8, kararmenn 15, haltir menn 14, handlami 50, hryggknýttir 50 ok tveir, brotteldir 20.⁷ at frátöldum þeim er umbergis sátu af nálægum stöðum. Nú með því at várr dróttinn⁸ lýsti svá kristni sína fyrir þessa helga dóma, skipaði svá heilagr faðir Leo pávi með vild⁹ Karoli konungs ok samþykt Achillei Alexandrini byskups ok Theophili Antioeni, ok margra annarra byskupa, ábóta ok lærdra manna, at á síðasta Jdus dag Junii mánaðar á hverju ári skyldi [einkanliga ok hátíðliga¹⁰ sœmd veitast þessum helgum dómum. Styrkti svá dróttinn þessa setning, at á sama byskupaþingi reis maðr af dauða. Víkja svá bækr til, at Karolus konungr miðlaði ríki sínu af þessum guðs ástgjöfum, sem segir í Maríu jartegnum, at hann gaf serk várrar frú¹¹ í Carnotum, en himnanjölit er mér¹² gátum, gaf hann vin sínum Dionisio í Sendenis, ok hyggja margir þat vera tilkomit af því mauna, er dróttinn gaf Jsraelitis. Í Achis reisti Karlamagnús virðuliga Maríu kirkju, er hann kallaði Mariam rotundam. þat musteri er [undarliga með frábærum hætti¹³ smíðat, kringlótt í sínum vexti með folkunnligum¹⁴ hagleik.

4. Svá segir Speculum Historiale, at á dögum þessa Karoli blómgaðist [í kristni¹⁵ virðuligr byskup Sallinus at nafni, þeirrar

¹) píningar b. ²) [tilf. b. ³) frúr b. ⁴) mgl. b. ⁵) Leysti b. ⁶) dómama b. ⁷) 60 b. ⁸) Jesus tilf. b. ⁹) ráði b. ¹⁰) [einkanlig ok hátíðlig b. ¹¹) frúr b. ¹²) vér b. ¹³) [frábærlega b. ¹⁴) undarligum b. ¹⁵) [mgl. b.

borgar er Ambianis¹ heitir. Þá borg reisti forðum Antonius keisari, öðru nafni Pius, ok gaf henni² nafn af þeirri móðu er féll í nánd, ok kallaði hana Lambon. En síðan sem Gracianus son Valentiniani tók ríki, setti hann sitt öndvegi í þeirri borg, gefandi henni nafn annat af þeirri grein at rennandi vötn umkringdu staðinn, ok því kallaði hann hana Ambianis. Í þessarri borg var Sallinus byskup, kraptamaðr mikill, svá at hann gaf blindum sjón,³ heyrn daufum, en tungu mállausum. Honum samtíða var í Ambianis sá konungr er hét Hisperich, hann lézt vera kristinn maðr, en var einn Arianita reyndar, sem í því prófaðist, at hann tók upp eina nýjung, er hann hugði kristna menn eigi skyldu við sjá, at maðr skyldi játast at⁴ trúa á guð einn, en þat kvað hann þarfleysu at játa þrjár persónur [vera guð⁵ í heilagri þrenningu, föður ok son ok heilagan anda, ok þetta segir hann Sallino byskupi [sínnum munni munu⁶ samþykkja. En er þat flyzt af orðum hans,⁷ segir byskupinn⁸ því síðr samþykkja skulu, at ef hann náir því letri, sem þar er um gert, skal hann skera þat í sundr ok brenna í eldi, því at guðs maðr sá, at fundning⁹ þessi reis af gömlu grunni¹⁰ villunnar, því at Arianite starfa þat at minka várn græðara Jesum, ok kalla hann lægra í náttúru en guð föður ok helgan anda, ok¹¹ vildi hann vansignaðr konungr, at úgreindar væri þrjár persónur, at eigi sýndist guðs son makligr jafnri sœmd sem faðir ok heilagr andi.

En hversu afskaplig villa þat er, gerði ljóst byskup einn Amphilotus at nafni Jconiensis kristni, hann var á dögum þeirra feðga Theodosii ok Archadii konunga. Þessi byskup var skörungr mikill ok klerkr geysi¹² góðr, því at hann samsetti með latínu líf ok jartegnir hins heilaga Basilií Cesariensis episcopi. Mikit hatr ok heilagt hafði hann til Arianitas,¹³ svá at þeirra uppgang vildi hann mýggja eptir megni, ok þess eyrendis er lesit at hann fœri á fund Theodosii keisara, at hann lögtoeki fyrir alf Rómverja vald, at engi stórþing né breiðar stefnur héldi þess háttar villumenn, því at byskupinn flytr, at þeirra samkvámur eru eigi annat en meingerðir við guð. En sakir þess at með konunginum var þat í tvennu lagi, rétt trúa ok mikil hyggendi,¹⁴ sýndist honum í fyrstu sem þetta væri grimdarkyn at bægja¹⁵ þeim svá mjök, veittist eigi þat er bedit var, ok því snýr byskupinn brott þegjandi ok býst þegar til brottreiðar¹⁶ af hans¹⁷ garði. Sem hann er búinn, gengr hann í þat herbergi sem báðir samt konungarnir eru fyrir, ok þar kominn hneigir hann Theo-

1) Ambionis her og senere b. 2) saal. b; hans B. 3) sýn b. 4) mgl. b. 5) [mgl. b. 6) [muni [ljúft] at b. 7) konungs b. 8) hann b. 9) fund-ing b. 10) föður tilf. b. 11) því tilf. b. 12) mgl. b. 13) Arianita b. 14) hógvæð b. 15) saal. b; hegia B. 16) brottferðar b. 17) konungs b.

dosio konungi með allri hæversku, en lætr eigi sem hann sjái Archadium, snúandi svá til ferðar. Theodosius hugsar þat vorðit fyrir vangeymni byskupsins, ok kallar eptir honum, hví hann gengr svá. Byskupinn víkr aptr í sömu¹ sporum, ok spyrr hvat honum mislíkar. Konungr segir þá, at hann heilsaði eigi né kysti son hans. Byskupinn svarar: Ek sæmði yðr, ok þat vinnr honum þörf, því at [þú ert² faðir hans. Konungr kvað³ þann engan sæma sik, sem eigi virðir Archadium [konung með verðugri⁴ tign eptir hans skipan. Byskupinn lætr nú upp ganga hljóðin: Já, já, segir hann, [ef þér⁵ dauðligum manni þíkkir minkan í, at son þinn er eigi tignaðr konungligri tign sem sjálfr þú, hversu man þá [fara eðr⁶ líka eilífum guði feðr, ef hans eingetinn sou, honum samjafn í allri dýrð. skal missa sinnar virðingar í vantrú Arianorum. Við svá háleita skynsemd þagnar keisarinn,⁷ því at í eigit brjóst skildi hann, hversu röksemdin var rétt; gerir síðan boð um alt sitt ríki, at guðs úvinir Ariani skulu engar vegtyllur hafa, ok hvat annat í hverri grein sem byskupinn hafði flutt þeim til minkana.

En nú þessu næst skal aptr snúa til Sallinum byskups, því at honum stóð á aðra hönd Amphilotus byskup at fyrirliða ok fóttroða Arianos með sínum góðum lifnaði. Hafði Sallinus byskup heita góðfýsi at lýsa andir kristinna manna með sínu predicanarembætti, ok því fór hann víða lands um heruð at afla guði almátkum fagran ávöxt. Hvar af svá er lesit, at⁸ fyrsta páskadag var hann í þeim stað er Valent heitir, þat er konungsgarðr ok eign Karlamagnús konungs. Ok fyrir þá sök at konungr sat þar eigi utan á vísu⁹ tímum, skipar hann staðarins vald þeim riddara er Abbon hét. Þessi Abbon gerir aðra skipan út af sér, ok fær þeim manni forráð staðarins er Geirarð hét. Í þessum konungsgarði var vegligt musteri hins heilaga Martini, ok þar söng Sallinus messu á sjálfan páskadaginn. En af honum er þat einkanliga segjanda, at þannu skrúða sem [hann bar í¹⁰ guðs embætti, fágadi hann umfram aðra hluti,¹¹ því at hann var bæði drithvítr ok dreginn með gull, einkanliga þat eingulum sem byskupsins tign heyrir til at bera var alt ofit með rautt gull ok sett dýrum gimsteinum. Svá dýran skrúða bar hann með sér í hverja ferð, ok með þeim syngr hann á páskadaginn. En þó at þar kæmi saman margir í einn stað, váru eigi allir með einum hug, sem [síðar prófadi¹²; því at optliga berr svá til, at af því sem góðr batnar til betra, spillist vándr til áfellis hins verra. Sem úti er messan ok byskup afskrýðist, gengr til hans ræðismaðr

¹) sömum b. ²) [þér erut b. ³) segir b. ⁴) [með konungligri b. ⁵) [af því b. ⁶) [mgl. b. ⁷) konungrinn b. ⁸) á tilf. b. ⁹) vissum b. ¹⁰) saal. b: herberge B. ¹¹) byskupa b. ¹²) [síðan prófast b.

